ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 53

33. árgangur

20.8.2026

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

**2026/EES/53/01** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1753 frá 1. október 2021 um jafngildi eftirlits- og stjórnvaldskrafna tiltekinna þriðju landa og yfirráðasvæða að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ..... 1

**2026/EES/53/02** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/358 frá 29. september 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur um mat á lánshæfi hópfjármögnunarverkefna, verðlagningu hópfjármögnunarútboða og áhættustýringarstefnur og -ferla ..... 16

**2026/EES/53/03** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1618 frá 6. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ..... 30

**2026/EES/53/04** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni ..... 102

**2026/EES/53/05** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2864 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum tilskipunum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar ..... 124

**2026/EES/53/06** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2869 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum reglugerðum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar ..... 151

**2026/EES/53/07** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2246 frá 7. nóvember 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 að því er varðar lágmarkstíðni eftirlits ..... 179

**2026/EES/53/08** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/742 frá 30. mars 2026 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýflúfenamíð, fenasakín og nikótín í eða á tilteknum afurðum ..... 182

**2026/EES/53/09** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/751 frá 31. mars 2026 um leiðréttingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og kalíumfosfónat í eða á tilteknum afurðum ..... 215

**2026/EES/53/10** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/752 frá 31. mars 2026 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir *Allium fistulosum*, unnið, lýsat úr *Willaertia magna*, magnesíum-hýdroxíð E528, *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla og kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í eða á tilteknum afurðum ..... 230

**2026/EES/53/11** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/154 frá 23. janúar 2026 um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis, fráfærugrísi, tegundir svína til eldis, laxfiska og kjúklinga til eldis og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir laxfiska og eldiskjúklinga ..... 232

**2026/EES/53/12** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/155 frá 23. janúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir kýr (handhafi leyfis er Volac International Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 ..... 241

**2026/EES/53/13** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/164 frá 26. janúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir vatnslausn kólínklóríðs og blöndu með kólínklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013 ..... 244

**2026/EES/53/14** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/167 frá 26. janúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir klínoptílólíti sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 651/2013 ..... 251

**2026/EES/53/15** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/168 frá 26. janúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis, ung jórturdýr til eldis, að undanskildum eldislömbum, og jórturdýr til eldis, að undanskildu sauðfé til eldis (leyfishafi er All-Technology (Ireland) Limited [Alltech Ireland]) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1109/2014 ..... 255

**2026/EES/53/16** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/171 frá 26. janúar 2026 um endurnýjun á leyfi fyrir fúmarsýru sem fóðuraukefni fyrir allar landdýrategundir, um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1078/2013 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/56 ..... 258

**2026/EES/53/17** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/178 frá 23. janúar 2026 um leyfi fyrir gúmviðartinktúru úr *Eucalyptus globulus* Labill. sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir ..... 265

**2026/EES/53/18** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/108 frá 16. janúar 2026 um leyfi fyrir ponseau 4R sem fóðuraukefni til notkunar í beitu fyrir ferskvatnsfiska sem gefa af sér afurðir til manneldis ..... 271

**2026/EES/53/19** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/119 frá 20. janúar 2026 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með karvakróli sem fóðuraukefni í flokknum dýraræktaraukefni fyrir fráfærugrísi ..... 275

**2026/EES/53/20** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/180 frá 19. janúar 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/1426, (ESB) 2024/221, (ESB) 2023/1333, (ESB) 2024/1058, (ESB) 2023/1342, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/2177, (ESB) 2019/805, (ESB) 2020/163, (ESB) 2021/1431 og (ESB) 2025/161 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir fóðuraukefnum ..... 277

**2026/EES/53/21** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/348 frá 17. febrúar 2026 um leyfi fyrir blöndu með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ..... 282

**2026/EES/53/22** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/352 frá 18. febrúar 2026 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ..... 286

**2026/EES/53/23** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/353 frá 18. febrúar 2026 um leyfi fyrir L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ..... 290

**2026/EES/53/24** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/356 frá 18. febrúar 2026 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, sem fóðuraukefni fyrir gyltur á meðgöngu (leyfishafi er Puratos NV) ..... 298

**2026/EES/53/25** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/361 frá 19. febrúar 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum með innbyggðan vöktunarbúnað fyrir eldsneytis- og orkunotkun 302

**2026/EES/53/26** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/481 frá 3. mars 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1426 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu sjálfkeyrandi aksturskerfis (ADS) í ökutækjum sem eru sjálfkeyrandi að fullu ..... 309

**2026/EES/53/27** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/340 frá 16. febrúar 2026 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ..... 321

**2026/EES/53/28** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/854 frá 7. maí 2025 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2026, 2027 og 2028 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 ..... 322

**2026/EES/53/29** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/373 frá 20. febrúar 2026 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 11 og 13 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ..... 337

**2026/EES/53/30** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/385 frá 20. febrúar 2026 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ..... 347

**2026/EES/53/31** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/351 frá 18. febrúar 2026 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu spínósaði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 360

**2026/EES/53/32** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/355 frá 18. febrúar 2026 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýrimetaníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 368

**2026/EES/53/33** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/398 frá 18. febrúar 2026 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar að úthluta til aðildarríkjanna mati á metkónasóli og kínólín-8-óli í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun ..... 376

**2026/EES/53/34** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/747 frá 31. mars 2026 um samþykki fyrir virka efninu bixlósóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ..... 378

**2026/EES/53/35** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2293 frá 10. nóvember 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 að því er varðar kröfur sem gilda um fyrirtæki sem falla undir yfirlýsingu og um leiðréttingu á reglugerðum (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 139/2014, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) 2015/340 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 ..... 384

**2026/EES/53/36** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2335 frá 20. nóvember 2025 um að setja viðmiðunargildi fyrir koltvísýringslosun fyrir skýrslutímabil ársins 2019 ..... 395

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III ESB-STOFNANIR**

**1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1753** **2026/EES/53/01**

**frá 1. október 2021**

**um jafngildi eftirlits- og stjórnvaldskrafna tiltekinna þriðju landa og yfirráðasvæða að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 107. gr. (4. mgr.), 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.), 116. gr. (5. mgr.), 142. gr. (2. mgr.) og annarri undirgrein 391. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Stofnanir verða að uppfylla eiginfjárkröfur á þann hátt sem endurspeglar nægilega vel þá áhættu sem viðkomandi stofnanir hafa tekið á sig, þ.m.t. útlánaáhættu, með hliðsjón af mismunandi landfræðilegu samhengi sem þær starfa í. Sú útlánaáhætta sem stofnanir stofna til og tengist áhættuskuldbindingum gagnvart aðilum utan Sambandsins ræðst, að öðru óbreyttu, af gæðum viðkomandi regluramma og eftirliti sem þeir aðilar lúta í viðkomandi þriðja landi.

2) Stofnanir verða einnig að takmarka áhættu sína gagnvart einstökum viðskiptavinum til að forðast að verða fyrir óhóflegri samþjöppunaráhættu. Við útreikning á áhættuskuldbindingum gagnvart einstökum viðskiptavinum má heimila stofnunum að undanskilja ákveðnar gerðir áhættuskuldbindinga gagnvart stofnunum frá útreikningnum. Ef viðskiptavinir eru hins vegar staðsettir utan Sambandsins fer spurningin um hvort hægt sé að meðhöndla þá sem stofnanir eftir gæðum viðeigandi regluramma og eftirliti sem þær einingar lúta í viðkomandi þriðja landi.

3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/876 ([2]) var m.a. innleitt ákvæði í 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem veitir framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja framkvæmdarákvarðanir um það hvort þriðja land beiti varfærniseftirlits- og stjórnvaldskröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu með tilliti til ákvörðunar á meðferð áhættuskuldbindinga samkvæmt fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Því ætti að koma á lista yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem beitt er varfærniseftirlits- og stjórnvaldskröfum sem teljast jafngildar þeim kröfum sem beitt er í Sambandinu að því er varðar 391. gr. reglugerðarinnar. Í þágu réttarvissu og samkvæmni er nauðsynlegt að hafa öll ákvæði um jafngildi varfærniseftirlits- og stjórnvaldskrafna þriðju landa og yfirráðasvæða að því er varðar meðhöndlun á áhættuskuldbindingum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 í einni ákvörðun. Því er nauðsynlegt að fella framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB úr gildi og skipta henni út ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 349, 4.10.2021, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 94.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/908/ESB frá 12. desember 2014 um jafngildi krafna tiltekinna þriðju landa og yfirráðasvæða um eftirlit og reglur að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 359, 16.12.2014, bls. 155).

4) Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er stofnunum aðeins heimilt að meðhöndla áhættuskuldbindingar gagnvart verðbréfafyrirtækjum, lánastofnunum og kauphöllum þriðja lands ef þriðja landið beitir varfærnis- og eftirlitskröfum gagnvart þeim aðila sem eru a.m.k. jafngildar þeim kröfum sem Sambandið beitir.

5) Með 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.) og 116. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru tilgreindar sérstakar áhættuvogir sem beita skal á ríki, seðlabanka, héraðsstjórnir, staðaryfirvöld og opinbera aðila í þriðju löndum sem beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem er a.m.k. jafngilt því sem er beitt í Sambandinu.

6) Í 153. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er mælt fyrir um formúlu fyrir útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga gagnvart fyrirtækjum, stofnunum, ríkjum og seðlabönkum samkvæmt innramatsaðferð og tilgreindar þær breytur sem nota skal við útreikninginn, þ.m.t. fylgnistuðullinn. Í 2. mgr. 153. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er settur fylgnistuðull fyrir stóra aðila á fjármálamarkaði. Samkvæmt b-lið 4. töluliðar 1. mgr. 142. gr. þeirrar reglugerðar verður aðili á fjármálamarkaði eða eitt af dótturfyrirtækjum hans að heyra undir lög þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um varfærniseftirlit og beitt er í Sambandinu til að uppfylla skilyrði skilgreiningar á „stórum aðila á fjármálamarkaði.“

7) Samkvæmt 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er stofnunum með staðfestu í Sambandinu heimilt að meðhöndla áhættuskuldbindingu gagnvart einkafyrirtæki eða opinberu fyrirtæki þriðja lands sem áhættuskuldbindingu gagnvart stofnun með tilliti til fjórða hluta þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að fyrirtækið myndi teljast „stofnun“, eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, hefði það staðfestu í Sambandinu og að því tilskildu að það hafi fengið starfsleyfi í þriðja landi sem beitir varfærniseftirlits- og stjórnvaldskröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu.

8) Til að ákvarða viðeigandi áhættuvegnar áhættuskuldbindingar fyrir útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu sem tengist áhættuskuldbindingum gagnvart tilteknum flokkum aðila í þriðju löndum, sem og viðeigandi meðhöndlun á mótaðilum með tilliti til fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hefur framkvæmdastjórnin metið jafngildi eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulags þriðju landa gagnvart samsvarandi eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi í Sambandinu.

9) Jafngildið hefur verið ákvarðað með árangurstengdri greiningu á varfærniseftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi þriðja lands, sem metur getu þeirra til að ná fram sömu almennu markmiðum og varfærniseftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag Sambandsins. Markmiðin vísa einkum til stöðugleika og heilleika bæði innlenda og alþjóðlega fjármálakerfisins í heild sinni; hversu skilvirk og viðeigandi vernd innstæðueigenda og annarra neytenda fjármálaþjónustu er; samstarfs milli mismunandi aðila fjármálakerfisins, þ.m.t. stjórnvalda og eftirlitsaðila; óhæði og skilvirkni eftirlits; og skilvirkrar framkvæmdar og framfylgdar viðkomandi staðla sem hafa verið samþykktir á alþjóðavettvangi. Til að ná sömu almennu markmiðunum og varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag Sambandsins ætti varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag þriðja lands að uppfylla ýmsa rekstrar-, skipulags- og eftirlitsstaðla sem endurspegla nauðsynlega þætti í þeim eftirlits- og stjórnvaldskröfum Sambandsins sem gilda um viðeigandi flokka fjármálastofnana.

10) Að því er varðar ákvæði 114., 115. og 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal meta jafngildi með vísan í það eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem gildir fyrir lánastofnanir, þar sem þetta fyrirkomulag setur að jafnaði áhættuvogir fyrir útreikning á eiginfjárkröfum fyrir útlánaáhættu.

11) Að því er varðar 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ætti jafngildi að einskorðast við eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem gildir um skuldbindingar þriðja lands þar sem aðalstarfsemin er sambærileg starfsemi lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis, í samræmi við skilgreiningarnar í 27. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar og að teknu tilliti til skilgreiningarinnar í 3. lið 1. mgr. 4. gr.

12) Að því er varðar 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ætti jafngildi að einskorðast við það eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem gildir um fyrirtæki þriðja lands þar sem aðalstarfsemin er sambærileg starfsemi lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis í samræmi við skilgreininguna í 3. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Að teknu tilliti til óháðs mats alþjóðastofnana, eins og matsins sem Baselnefndin um bankaeftirlit, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði framkvæma, hefur framkvæmdastjórnin metið eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag tiltekinna þriðju landa sem gildir um lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og kauphallir. Þessi greining gerði framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB um upphaflegan lista yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem teljast vera jafngild með tilliti til eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulags, að því er varðar ákvörðun á meðferð á viðeigandi flokkum áhættuskuldbindinga sem um getur í 107., 114., 115., 116. og 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

14) Listanum yfir jafngild lönd í framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB var hvorki ætlað að vera tæmandi né endanlegur. Framkvæmdarákvörðunni var síðar breytt með framkvæmdarákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/230 ([4]), (ESB) 2016/2358 ([5]), (ESB) 2019/536 ([6]) og (ESB) 2019/2166 ([7]) á grundvelli reglubundins eftirlits með þróun á eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi þriðju landa og yfirráðasvæða til að meta jafngildi þeirra við fyrirkomulag Sambandsins. Með framangreindum ákvörðunum voru skrárnar yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem teljast jafngild stækkaðar, að teknu tilliti til tiltækra upplýsinga, þ.m.t. matsins sem alþjóðastofnanir, og síðar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, gera.

15) Allt frá því að framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/2166 var samþykkt hefur framkvæmdastjórnin haldið áfram að hafa eftirlit með viðeigandi þróun á varfærnis-, eftirlits- og reglurömmum þriðju landa, að teknu tilliti til tiltækra upplýsinga, þ.m.t. mats sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gerir. Í kjölfar slíks mats mælti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin með því að þeir varfærnis-, eftirlits- og reglurammar sem gilda um lánastofnanir í Bosníu og Hersegóvínu og Norður-Makedóníu eigi að teljast jafngildir lagaramma Sambandsins að því er varðar 107. gr. (4. mgr.), 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.), 116. gr. (5. mgr.), 142. gr. (2. mgr.) og 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

16) Framkvæmdastjórnin viðurkennir að mat Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á þeim varfærnis-, eftirlits- og reglurramma sem gildir um stofnanir í Bosníu og Hersegóvínu og Norður-Makedóníu nái eingöngu til lánastofnana sem hafa fengið starfsleyfi samkvæmt viðeigandi landslögum. Ákvörðun þessi ætti því ekki að gilda um aðra aðila með staðfestu í Bosníu og Hersegóvínu og Norður-Makedóníu.

17) Að teknu tilliti til tilmæla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og á grundvelli eigin mats hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að Bosnía og Hersegóvína og Norður-Makedónía séu með varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem uppfyllir röð rekstrar-, skipulags- og eftirlitsstaðla sem endurspegla nauðsynlega þætti þeirra varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldskrafna Sambandsins sem gilda um viðeigandi flokka lánastofnana.

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/230 frá 17. febrúar 2016 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 41, 18.2.2016, bls. 23).

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2358 frá 20. desember 2016 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð ESB L 348, 21.12.2016, bls. 75).

([6]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/536 frá 29. mars 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð ESB L 92, 1.4.2019, bls. 3).

([7]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2166 frá 16. desember 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB að því er varðar færslu Serbíu og Suður-Kóreu á skrárnar yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem kröfur um eftirlit og reglur eru taldar jafngildar að því er varðar meðhöndlun áhættuskuldbindinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 84).

Því þykir rétt að líta á þær varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldskröfur sem lagðar eru á lánastofnanir með staðfestu í Bosníu og Hersegóvínu og Norður-Makedóníu sem a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu að því er varðar 107. gr. (4. mgr.), 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.), 116. gr. (5. mgr.), 142. gr. (2. mgr.) og 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

18) Bosnía og Hersegóvína og Norður-Makedónía ættu því að vera á viðeigandi listum yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði þar sem varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldskröfur og -fyrirkomulag teljast jafngild reglum Sambandsins að því er varðar meðhöndlun á áhættuskuldbindingum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

19) Í kjölfarið á því mati sem hefur verið gert hingað til hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að Argentína, Ástralía, Bandaríkin, Bosnía og Hersegóvína, Brasilía, Færeyjar, Grænland, Guernsey, Hong Kong, Indland, Japan, Jersey, Kanada, Kína, Mexíkó, Mónakó, Mön, Norður-Makedónía, Nýja-Sjáland, Sádi-Arabía, Serbía, Singapúr, Suður-Afríka, Suður-Kórea, Sviss og Tyrkland séu með varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem uppfyllir röð rekstrar-, skipulags- og eftirlitsstaðla sem endurspegla nauðsynlega þætti í því varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi Sambandsins sem gildir um lánastofnanir. Því þykir rétt að líta á þær varfærnis-, eftirlits- og stjórnvaldskröfur sem lagðar eru á lánastofnanir með staðfestu í þessum löndum sem a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu að því er varðar 107. gr. (4. mgr.), 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.), 116. gr. (5. mgr.), 142. gr. (2. mgr.) og 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

20) Í kjölfarið á því mati sem hefur verið gert hingað til hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að Ástralía, Bandaríkin, Brasilía, Hong Kong, Indónesía, Japan (takmarkast við rekstraraðila fjármálagerninga af gerð I), Kanada, Kína, Mexíkó, Sádi-Arabía, Singapúr, Suður-Afríka og Suður-Kórea séu með eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem uppfyllir röð rekstrar-, skipulags- og eftirlitsstaðla sem endurspegla nauðsynlega þætti í því eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi Sambandsins sem gildir um verðbréfafyrirtæki. Því þykir rétt að líta á eftirlits- og stjórnvaldskröfur sem gilda um verðbréfafyrirtæki með staðfestu í þessum þriðju löndum sem a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu að því er varðar 107. gr. (4. mgr.), 114. gr. (7. mgr.), 115. gr. (4. mgr.), 116. gr. (5. mgr.), 142. gr. (2. mgr.) og 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

21) Í kjölfarið á því mati sem hefur verið gert hingað til hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að Ástralía, Bandaríkin, Brasilía, Indland, Indónesía, Japan, Kanada, Kína, Mexíkó, Sádi-Arabía, Singapúr, Suður-Afríka og Suður-Kórea séu með eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulag sem uppfyllir röð rekstrarstaðla sem endurspegla nauðsynlega þætti í því eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi Sambandsins sem gildir um kauphallir. Því þykir rétt að telja að eftirlits- og stjórnvaldskröfur í þessum þriðju löndum sem lagðar eru á kauphallir séu a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en aðeins fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart kauphöllum í þessum þriðju löndum.

22) Listarnir yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem teljast jafngild að því er varðar viðeigandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru ekki tæmandi. Með aðstoð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulags þriðju landa og yfirráðasvæða með það í huga að uppfæra, þegar við á og a.m.k. á fimm ára fresti, listana yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem eru sett fram í þessari ákvörðun, einkum þróun á eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi í Sambandinu og á heimsvísu, að teknu tilliti til nýrra tiltækra heimilda fyrir viðeigandi upplýsingum.

23) Regluleg endurskoðun á gildandi varfærnis- og eftirlitskröfum í þeim þriðju löndum og yfirráðasvæðum sem talin eru upp í I. til VI. viðauka við þessa ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun sem tengist einstöku þriðja landi eða yfirráðasvæði hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta viðurkenninguna sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti haft í för með sér afturköllun viðurkenningar á jafngildi.

24) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Jafngildi krafna sem gilda um lánastofnanir að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd og yfirráðasvæði sem eru talin upp í I. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi gagnvart lánastofnunum sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*2. gr.*

**Jafngildi krafna sem gilda um verðbréfafyrirtæki að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd sem eru talin upp í II. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi gagnvart verðbréfafyrirtækjum sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*3. gr.*

**Jafngildi krafna sem gilda um kauphallir að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 4. mgr. 107. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd sem eru talin upp í III. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi gagnvart kauphöllum sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*4. gr.*

**Jafngildi krafna sem gilda um áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórnum, seðlabönkum, héraðsstjórnum, staðaryfirvöldum og opinberum aðilum að því er varðar 114., 115. og 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 114. gr. (7. mgr.), 115 gr. (4. mgr.) og 116. gr. (5. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd og yfirráðasvæði sem eru talin upp í IV. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*5. gr.*

**Jafngildi krafna til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að því er varðar 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 2. mgr. 142. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd og yfirráðasvæði sem eru talin upp í V. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*6. gr.*

**Jafngildi krafna sem gilda um stofnanir að því er varðar 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Að því er varðar 391. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau þriðju lönd og yfirráðasvæði sem eru talin upp í VI. viðauka við þessa ákvörðun teljast beita eftirlits- og stjórnvaldsfyrirkomulagi sem jafngildir því sem er beitt í Sambandinu.

*7. gr.*

**Niðurfelling**

Framkvæmdarákvörðun 2014/908/ESB er felld úr gildi. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

*8. gr.*

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. október 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 1. GR. (LÁNASTOFNANIR)**

1) Argentína
2) Ástralía
3) Bosnía og Hersegóvína
4) Brasilía
5) Kanada
6) Kína
7) Færeyjar
8) Grænland
9) Guernsey
10) Hong Kong
11) Indland
12) Mön
13) Japan
14) Jersey
15) Mexíkó
16) Mónakó
17) Nýja-Sjáland
18) Norður-Makedónía
19) Sádi-Arabía
20) Serbía
21) Singapúr
22) Suður-Afríka
23) Suður-Kórea
24) Sviss
25) Tyrkland
26) Bandaríkin

———

*II. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 2. GR. (VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI)**

1) Ástralía
2) Brasilía
3) Kanada
4) Kína
5) Hong Kong
6) Indónesía
7) Japan (takmarkað við rekstraraðila fjármálagerninga af gerð I)
8) Mexíkó
9) Suður-Kórea
10) Sádi-Arabía
11) Singapúr
12) Suður-Afríka
13) Bandaríkin

———

*III. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND SEM UM GETUR Í 3. GR. (KAUPHALLIR)**

1) Ástralía
2) Brasilía
3) Kanada
4) Kína
5) Indland
6) Indónesía
7) Japan
8) Mexíkó
9) Suður-Kórea
10) Sádi-Arabía
11) Singapúr
12) Suður-Afríka
13) Bandaríkin

———

*IV. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 4. GR. (LÁNASTOFNANIR)**

1) Argentína
2) Ástralía
3) Bosnía og Hersegóvína
4) Brasilía
5) Kanada
6) Kína
7) Færeyjar
8) Grænland
9) Guernsey
10) Hong Kong
11) Indland
12) Mön
13) Japan
14) Jersey
15) Mexíkó
16) Mónakó
17) Nýja-Sjáland
18) Norður-Makedónía
19) Sádi-Arabía
20) Serbía
21) Singapúr
22) Suður-Afríka
23) Suður-Kórea
24) Sviss
25) Tyrkland
26) Bandaríkin

———

*V. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 5. GR. (LÁNASTOFNANIR OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI)**

Lánastofnanir:

1) Argentína
2) Ástralía
3) Bosnía og Hersegóvína
4) Brasilía
5) Kanada
6) Kína
7) Færeyjar
8) Grænland
9) Guernsey
10) Hong Kong
11) Indland
12) Mön
13) Japan
14) Jersey
15) Mexíkó
16) Mónakó
17) Nýja-Sjáland
18) Norður-Makedónía
19) Sádi-Arabía
20) Serbía
21) Singapúr
22) Suður-Afríka
23) Suður-Kórea
24) Sviss
25) Tyrkland
26) Bandaríkin

Verðbréfafyrirtæki jafngilda „stofnun“ eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

1) Ástralía
2) Brasilía
3) Kanada
4) Kína
5) Hong Kong
6) Indónesía
7) Japan (takmarkað við rekstraraðila fjármálagerninga af gerð I)
8) Mexíkó
9) Suður-Kórea

10) Sádi-Arabía

11) Singapúr

12) Suður-Afríka

13) Bandaríkin

———

*VI. VIÐAUKI*

**LISTI YFIR ÞRIÐJU LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 6. GR. (LÁNASTOFNANIR OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI)**

Lánastofnanir:

1) Argentína
2) Ástralía
3) Bosnía og Hersegóvína
4) Brasilía
5) Kanada
6) Kína
7) Færeyjar
8) Grænland
9) Guernsey
10) Hong Kong
11) Indland
12) Mön
13) Japan
14) Jersey
15) Mexíkó
16) Mónakó
17) Nýja-Sjáland
18) Norður-Makedónía
19) Sádi-Arabía
20) Serbía
21) Singapúr
22) Suður-Afríka
23) Suður-Kórea
24) Sviss
25) Tyrkland
26) Bandaríkin

Verðbréfafyrirtæki jafngilda „stofnun“ eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

1) Ástralía
2) Brasilía
3) Kanada
4) Kína
5) Hong Kong
6) Indónesía
7) Japan (takmarkað við rekstraraðila fjármálagerninga af gerð I)
8) Mexíkó
9) Suður-Kórea

10) Sádi-Arabía

11) Singapúr

12) Suður-Afríka

13) Bandaríkin

———

*VII. VIÐAUKI*

**SAMSVÖRUNARTAFLA**

| Þessi ákvörðun | Ákvörðun 2014/908/ESB |
|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. |
| 2. gr. | 2. gr. |
| 3. gr. | 3. gr. |
| 4. gr. | 4. gr. |
| 5. gr. | 5. gr. |
| 6. gr. | - |
| 7. gr. | - |
| 8. gr. | - |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/358 2026/EES/53/02**

**frá 29. september 2023**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru kröfur um mat á lánshæfi hópfjármögnunarverkefna, verðlagningu hópfjármögnunarútboða og áhættustýringarstefnur og -ferla** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 frá 7. október 2020 um evrópska þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937 ([1]), einkum 7. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 er þess krafist að þjónustuveitendur hópfjármögnunar veiti fullnægjandi upplýsingar til fjárfesta um gæði hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigendur, einkum með því að leggja fram lykilupplýsingablað fjárfestingar (KIIS) sem inniheldur upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun. Fjárfestar ættu hins vegar einnig að vera nægilega upplýstir um hvernig þjónustuveitendur hópfjármögnunar reikna út lánshæfiseinkunn hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigendur til að þeir geti betur skilið og borið saman undirliggjandi áhættur ólíkra hópfjármögnunarlána.

2) Á undanförnum árum hafa aðferðir við mat á greiðslufallsáhættu og útreikning á einkunn greiðslufallsáhættu, til viðbótar við hefðbundnari tölfræðilegar aðferðir, verið þróaðar með nýstárlegum aðferðum sem byggjast á gervigreind og vélrænu námi. Sem dæmi fyrir lítið og meðalstórt fyrirtæki með stutta lánasögu, geta nýstárlegar aðferðir sem byggjast á færslugögnum reynst gagnlegri en aðferðir sem byggjast á hefðbundnum gögnum efnahagsreiknings. Vegna þess hve flókin þau eru getur notkun þessarar tækni aukið á ósamræmi í upplýsingum milli fjárfesta og þjónustuveitenda hópfjármögnunar. Því ætti lýsing á aðferðinni sem þjónustuveitandi hópfjármögnunar notar til að reikna út lánshæfiseinkunn að gefa til kynna lánshæfislíkanið sem notað er til að styðja við slíkan útreikning, ásamt fullnægjandi upplýsingum um fjárhagslega þætti og þá sem ekki eru fjárhagslegir sem notaðir eru sem ílag í þessum lánshæfislíkönum og um útkomuna sem greiðslumatslíkönin veita.

3) Fjárfestar hafa mögulega ekki gert sér ljóst að fullu tilhögunina og þá ýmsu þætti sem koma inn í verðmyndun hópfjármögnunarútboða. Því ætti að auka gangsæi til að auðvelda samanburð milli ólíkra lána. Einkum ættu þjónustuveitendur hópfjármögnunar, þegar þeir leggja til verð hópfjármögnunarútboðs, að lýsa aðferðinni sem notuð er til að reikna út þau verð með nákvæmni. Sú lýsing ætti að taka tillit til þeirra þátta sem eru viðeigandi bæði á þeim tíma sem lánið er veitt og eftir þann tíma, einkum með tilliti til þóknana sem þjónustuveitandi hópfjármögnunar getur krafið fjárfesta og verkefniseigendur um fyrir þjónustu sem þeim er veitt.

4) Verð lána sem vettvangur þjónustuveitanda hópfjármögnunar hefur milligöngu um ætti að vera sanngjarnt og viðeigandi. Því ætti að tryggja að verðið endurspegli áhættusnið og hreint núvirði lánsins og að þjónustuveitandi hópfjármögnunar hafi tekið tillit til almennra markaðsskilyrða.

5) Þjónustuveitendur hópfjármögnunar ættu að framkvæma áreiðanlegt mat á greiðslufallsáhættu sem lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem hafa ekki nægilega fullnægjandi upplýsingar um lánstraust verkefniseigenda og um sjálfbærni hópfjármögnunarverkefna. Til að tryggja að þjónustuveitendur hópfjármögnunar meti greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigenda á traustan og áreiðanlegan hátt, ættu þeir að taka tillit til nægilegs magns upplýsinga um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/358, 22.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2024 frá 26. apríl 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 8.8.2024, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 1.

þá þætti sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og starfsstefnu verkefniseigenda og hópfjármögnunarverkefna. Enn fremur, þar sem heildarmat á greiðslufallsáhættu verður einnig að taka tillit til hvort sú áhætta er samjöfnuð með aðgengi að fyrirkomulagi útlánavarnar, ættu þjónustuveitendur hópfjármögnunar einnig að taka tillit til upplýsinga um tryggingar og ábyrgðir sem notaðar eru til að draga úr greiðslufallsáhættu.

6) Þjónustuveitendur hópfjármögnunar ættu að hafa aðgengi að viðeigandi upplýsingum í skjölunum sem tengjast mati á greiðslufallsáhættu til að hægt sé að gera viðeigandi greiningu á setningu viðmiðana um lánshæfi tilvonandi verkefniseigenda og bæta þau líkön og verkfæri sem notuð eru til að samþykkja verkefni sem verða fjármögnuð á vettvangi þeirra. Persónuupplýsingar sem felast í þeim upplýsingum ætti ekki að geyma lengur en til fimm ára og ætíð ætti fara með þær í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]).

7) Ferlið við að ákvarða verð hópfjármögnunarútboðs ætti einnig að fela í sér nákvæmt virðismat á hópfjármögnunarlánum. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar ættu því að tryggja að á líftíma lánsins sé slíkt virðismat byggt á nægilegum fjölda þátta sem endurspegla tekjur og kostnaðarsamsetningu lánsins ásamt áhættunni tengdu því.

8) Traust eftirlits- og stjórnunarkerfi eykur fjárfestavernd. Í því skyni ættu þjónustuveitendur hópfjármögnunar að hafa fyrirkomulag stjórnarhátta sem eru í samræmi við það hversu flóknir þeir eru, ásamt stefnum sem tilgreina þætti upplýsingagjafar sem tryggja að upplýsingarnar sem fjárfestum eru veittar sýni hópfjármögnunarverkefnið í réttu og ítarlegu ljósi. Einnig ætti að framkvæma áreiðanleikakönnun á hópfjármögnunarverkefnum og á verkefniseigendum. Ramminn um áhættustýringu sem um getur í f-lið 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 ætti því að auðkenna aðalhlutverk og starfssvið sem bera ábyrgð á mati á greiðslufallsáhættu og skipun lána í viðkomandi áhættuflokka. Slíkur rammi ætti að vera í samræmi við flækjustigið í viðskiptalíkani þjónustuveitenda hópfjármögnunar og tegund lána sem veitt eru og endurspegla verndarráðstafanirnar sem komið er á fót í reglugerð (ESB) 2020/1503 til að stýra hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hefur þróað og lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

11) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún áliti 10. janúar 2023.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**LÝSING Á AÐFERÐINNI SEM NOTUÐ ER TIL AÐ REIKNA ÚT LÁNSHÆFISEINKUNNIR FYRIR HÓPFJÁRMÖGNUNARVERKEFNI OG VERÐ HÓPFJÁRMÖGNUNARÚTBOÐA**

*1. gr.*

**Snið lýsingar á aðferðinni til að reikna út lánshæfiseinkunnir fyrir hópfjármögnunarverkefni og verð hópfjármögnunarútboða**

Þjónustuveitendur hópfjármögnunar sem beita lánshæfiseinkunn á hópfjármögnunarverkefni eða leggja til verðlagningu hópfjármögnunarútboða skulu tryggja að lýsing á aðferðum sem notaðar eru til að reikna út þessar lánshæfiseinkunnir eða verð sé rétt, áreiðanleg og uppfærð reglulega, og að hún uppfylli allt eftirfarandi:

a) lýsingin er skýrt auðgreinanleg frá markaðsefni,

b) lýsingin er sett fram á þann hátt að hún sé auðlæsileg og tjáð á þann hátt sem er auðskilinn.

*2. gr.*

**Þættir sem skulu vera í lýsingu aðferðarinnar sem notuð er til að reikna út lánshæfiseinkunn fyrir hópfjármögnunarverkefni**

1. Lýsingin á aðferðinni sem notuð er til að reikna út lánshæfiseinkunn fyrir hópfjármögnunarverkefni skal innihalda allt eftirfarandi:

a) hvert eftirfarandi lánshæfislíkana hefur verið notað:

   i. tölfræðilegt líkan,

   ii. líkan byggt á dómgreind, þar sem tölfræðilegar aðferðir eru samþættar við valkvæða þætti í ákvarðanatöku,

   iii. sjálfvirkt líkan,

   iv. annað líkan,

b) hvort viðeigandi stjórnarhættir séu fyrir hendi til útfærslu og notkunar líkansins,

c) lýsingu á rammanum sem beitt er til að tryggja að gæði útkomu úr líkaninu séu reglulega metin og vöktuð,

d) hvort líkanið sem var notað hafi verið þróað af þriðju aðilum.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., skal lýsingin á aðferðinni sem notuð er til að reikna út lánshæfiseinkunn fyrir hópfjármögnunarverkefni innihalda allt eftirfarandi:

a) upplýsingar um uppruna gagna sem notuð eru til að mata lánshæfislíkön og að einkum sé upplýst hvort upplýsingarnar:

   i. séu mótteknar frá verkefniseigandanum,

   ii. komi frá utanaðkomandi lánaskrám,

   iii. komi frá gagnalindum sem eru aðgengilegar öllum,

   iv. komi frá einhverjum öðrum gagnalindum,

b) útskýringu á því hvernig aðferðin tekur tillit til eftirfarandi fjárhagslegra þátta sem varða verkefniseigandann og hópfjármögnunarverkefnið og notar þá sem ílag í lánshæfislíkanið:

   i. arðsemi hópfjármögnunarverkefnis,

   ii. sjóðstreymi er myndast af hópfjármögnunarverkefninu,

iii. vogunar, stigs skuldsetningar og gjaldþol verkefniseigandans,

iv. lánasögu verkefniseigandans,

v. þess hvort veðtryggingar eða tryggingar séu fyrir hendi,

c) útskýringu á því hvernig aðferðin tekur tillit til eftirfarandi ófjárhagslegra þátta sem varða verkefniseigandann og notar þá sem ílag í lánshæfislíkanið:

i. þjóðhagslegra skilyrða í lögsögunni þar sem verkefnið mun fara fram,

ii. samkeppnisstigs í atvinnugreininni þar sem verkefnið verður þróað,

iii. þekkingar verkefniseiganda og reynslu af þeim tiltekna geira þar sem hann stundar viðskipti,

iv. orðspors verkefniseigandans,

d) vogir sem úthlutað er á fjárhagslega þætti og þætti sem ekki eru fjárhagslegir sem um getur í b- og c-lið,

e) viðkomandi mælikvarða sem tekið er tillit til í tengslum við fjárhagslega þætti og þætti sem ekki eru fjárhagslegir sem um getur í b- og c-lið,

f) útskýringu á hvernig tekið er tillit til áhættu sem stafar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þegar lánshæfiseinkunn er úthlutað,

g) lýsingu á útkomu úr lánshæfislíkaninu, þ.m.t. tafla sem lýsir þrepum lánshæfiseinkunna og gefur til kynna fyrir hvert þrep:

i. lánshæfismatið,

ii. líkur á vanefndum,

iii. eigindlega túlkun á þrepi lánshæfiseinkunnarinnar,

iv. samþykkt eða synjun þjónustuveitanda hópfjármögnunar á fjármögnun verkefnisins,

h) lýsingu á því hve oft lánshæfiseinkunnir og samsvarandi greiðslumat hópfjármögnunarverkefnis eru uppfærð á líftíma lánsins sem fjármagnar verkefnið,

i) vísbendingar um hvort hægt sé að laga handvirkt lánshæfiseinkunn sem fengin er með sjálfvirkum líkönum og við hvaða aðstæður slíkar handvirkar leiðréttingar eru gerðar,

j) tilgreining á hvernig útkoma samkvæmt aðferðinni er metin við ákvörðun á:

i. hámarkslánsfjárhæð sem boðin er væntanlegum verkefniseiganda,

ii. hámarksgildistíma láns sem boðið er væntanlegum verkefniseiganda.

3. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu upplýsa fjárfesta þegar breyting á aðferðinni sem notuð er til að ákvarða lánshæfiseinkunn leiðir til verulegra breytinga á niðurstöðu þeirrar aðferðar.

4. Að því er varðar i. lið a-liðar 2. mgr., þegar upplýsingarnar sem um getur í þeim lið byggja á óendurskoðuðum reikningsskilum, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar birta fjárfestum nægjanlegar upplýsingar um áreiðanleika upplýsinganna.

*3. gr.*

**Þættir sem skulu vera í lýsingu aðferðarinnar sem notuð er til að reikna út verð hópfjármögnunarútboða**

1. Lýsingin á aðferðinni sem notuð er til að reikna út verð fyrir hópfjármögnunarútboð skal útskýra hvernig tekið er tillit til allra eftirfarandi þátta lánsins í verðlagningarstefnunni:

a) höfuðstóls lánsins,

b) binditíma lánsins,

c) tímasniðs afborgana endurgreiðslu,

d) niðurstaðna lánshæfislíkansins.

2. Lýsing á aðferðinni sem um getur í 1. mgr. skal gefa til kynna hvernig tekið er tillit til allra eftirfarandi þátta þegar lánið er gefið út:

a) áhættulausra vaxta sem notaðir eru,

b) áhættuflokks verkefniseiganda sem honum er skipað í skv. 19. gr.,

c) tiltækileika veðtrygginga eða trygginga,

d) alls stjórnsýslu- og umsýslukostnaðar og gjalda sem þjónustuveitandi hópfjármögnunar leggur á fyrir þjónustu sem hann veitir í tengslum við lánið,

e) allri annarri áhættu í tengslum við lánið, þar sem við á.

3. Auk þáttanna sem um getur í 1. og 2. mgr., skal lýsing á aðferðinni sem um getur í 1. mgr. gefa til kynna hvernig tekið er tillit til allra eftirfarandi þátta eftir að lán er gefið út:

a) gjalda vegna lánaumsjónar og -eftirlits,

b) gjalda í tengslum við endurmat á veðtryggingu,

c) gjalda fyrir breytingar á skilmálum lánssamninga eða skilyrðum endurskipulagningar, þ.m.t. breytingar í kjölfar vanefnda verkefniseiganda,

d) gjalda fyrir sölu fjárfestis á láninu,

e) gjalda fyrir greiðslu láns fyrir gjalddaga,

f) gjalda fyrir varúðarsjóði eins og um getur í 5. og 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2020/1503.

II. KAFLI

**MAT Á GREIÐSLUFALLSÁHÆTTU OG VIRÐISMAT LÁNA**

*4. gr.*

**Aðferðir og upplýsingar fyrir mat á greiðslufallsáhættu og virðismat lána**

Að því er varðar þennan kafla skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar:

a) taka upp aðferðir og nálganir fyrir mat á greiðslufallsáhættu og virðismat lána sem eru í samræmi við stærð, tegund og binditíma lánsins og einkenni verkefniseigandans og hópfjármögnunarverkefnisins,

b) nota réttar, áreiðanlegar og uppfærðar upplýsingar og gögn.

*5. gr.*

**Almennar kröfur fyrir mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda**

1. Við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar meta núverandi og framtíðarmöguleika verkefniseiganda til að uppfylla fjárskuldbindingar sem settar eru fram í lánssamningnum.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu skjalfesta vel ákvarðanir um matið sem um getur í 1. mgr. og halda þau skjöl í 5 ár hið minnsta eftir greiðslu lokaafborgunar lánsins.

3. Að því er varðar 2. mgr. skulu engar persónuupplýsingar, eins og skilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, geymdar lengur en 5 ár frá greiðslu lokaafborgunar lánsins.

*6. gr.*

**Upplýsingar sem taka ber tillit til við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda**

Við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar hafa til hliðsjónar allar eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á hópfjármögnunarverkefninu,

b) tilgang lánsins,

c) skipulag eignarhalds á verkefniseiganda,

d) viðskiptaáætlun sem liggur til grundvallar hópfjármögnunarverkefninu,

e) tiltækileika veðtrygginga eða ábyrgða.

*7. gr.*

**Þættir sem taka ber til greina við mat á fjárhagsstöðu verkefniseigandans eða hópfjármögnunarverkefnisins.**

1. Við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til allra eftirfarandi þátta í tengslum við fjárhagsstöðu verkefniseigandans eða hópfjármögnunarverkefnisins:

a) tekna og sjóðstreymis frá hópfjármögnunarverkefninu næstliðin 2 ár, þegar unnt er,

b) væntra tekna og sjóðstreymis frá hópfjármögnunarverkefninu við ólíkar sviðsmyndir,

c) núverandi og væntrar fjárhagsstöðu verkefniseiganda, þ.m.t. öll önnur lán og skuldbindingar,

d) tiltækileika veðtrygginga eða annarra ábyrgða.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til eftirfarandi þátta við mat á öðrum lánum og skuldbindingum sem verkefniseigandinn kann að hafa þegar sótt er um lánið:

a) fjárhæð þessara annarra lána og skuldbindinga,

b) gjaldmiðilsins sem þau önnur lán eða skuldbindingar eru gefin út í,

c) binditíma þessara annarra lána eða skuldbindinga,

d) endurgreiðsluáætlun þessara annarra lána eða skuldbindinga,

e) vaxta eða annarra jöfnunargreiðslna sem kveðið er á um í þessum lána- og skuldbindingarsamningum.

3. Þegar matið sem um getur í 1. og 2. mgr. er framkvæmt skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til viðeigandi fjárhagslegra vísa, eða vísa sem eru sértækir fyrir eignaflokk eða afurðartegund, fyrir síðustu þrjú fjárhagsár, þegar við á, í samræmi við stefnurnar sem settar eru fram í IV. kafla. Reikna skal út þessa vísa í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) eða góðar reikningsskilavenjur (GAAP) í samræmi við stefnurnar sem settar eru fram í IV. kafla.

4. Viðkomandi fjárhagslegir vísar geta tekið til, en takmarkast ekki við, liðina sem taldir eru upp í viðaukanum.

5. Þegar fjárhagslegar spár eru notaðar til að meta greiðslufallsáhættu, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar tryggja að spárnar séu byggðar á traustum og varfærnum forsendum og séu í samræmi við söguleg gögn og raunhæfar væntingar á markaði.

*8. gr.*

**Upplýsingar sem taka ber tillit til við mat á viðskiptalíkani og starfsstefnu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda**

Við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til allra eftirfarandi upplýsinga í tengslum við viðskiptalíkan og starfsstefnu hópfjármögnunarverkefnisins:

a) þekkingar verkefniseigandans á fyrirtækjageiranum sem varðar hópfjármögnunarverkefnið og reynslu af áþekkum verkefnum,

b) framkvæmanleika og sjálfbærni viðskiptaáætlunar sem tengd er hópfjármögnunarverkefni,

c) greiningar á styrkleikum og veikleikum hópfjármögnunarverkefnis,

d) samkeppnisstigs í þeim fyrirtækjageira sem hópfjármögnunarverkefnið tilheyrir,

e) gerð viðskiptavina og landfræðileg staðsetning þeirra.

*9. gr.*

**Upplýsingar um fyrirkomulag útlánavarnar**

1. Þegar lán sem veitt er verkefniseiganda er tryggt með útlánaverndarfyrirkomulagi, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar gera allar eðlilegar ráðstafanir til að afla upplýsinga um:

a) áreiðanleika virðismats á veðtryggingum og ábyrgðum,

b) skilvirkni og fullnustuhæfi veðtrygginga og ábyrgða.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu reglulega meta og vakta virði veðtryggingar og ábyrgða og grípa til viðeigandi aðgerða ef virði veðtryggingar lækkar verulega.

*10. gr.*

**Upplýsingar um fjármagnaða útlánavörn**

1. Þegar lán er tryggt með veðtryggingu skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar tryggja að virðismat á veðinu taki tillit til allra eftirfarandi upplýsinga:

a) upplýsinga um binditíma veðtryggingarinnar,

b) fyrir fjárhagslega tryggingu, nýjasta verðs sem fæst fyrir veðtrygginguna og meðalverðs næstliðinna 12 mánaða á virkum markaði,

c) fyrir efnislega veðtryggingu, nýjasta tiltæka markaðsvirðis,

d) upplýsinga um að til staðar sé markaður til að selja veðtrygginguna með auðveldum hætti,

e) mælingar á flökti á virði veðtryggingarinnar.

2. Þegar markaður er ekki til staðar til að ákvarða á hlutlægan hátt verð eða markaðsvirði veðtryggingar skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til allra eftirfarandi upplýsinga:

a) forsendnanna sem notaðar eru til að meta virði veðtryggingarinnar,

b) hversu oft hægt er að nálgast virði með skjótum hætti, þ.m.t. mat sérfróðs matsaðila,

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar hafa til staðar stefnur og verklagsreglur til að vakta virði veðtryggingar.

*11. gr.*

**Upplýsingar um ófjármagnaða útlánavörn**

Þegar lán er tryggt með ábyrgð skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar tryggja að virðismat á ábyrgðartryggingu taki tillit til allra eftirfarandi upplýsinga:

a) nafns ábyrgðarveitanda,

b) tegund ábyrgðar,

c) fullnustuhæfis ábyrgðarinnar,

d) verndarstigs sem ábyrgðin veitir,

e) fjárhæðarinnar sem ábyrgðarveitandi hefur skuldbundið sig til að greiða ef verkefniseigandinn lendir í vanefndum eða vanskilum.

*12. gr.*

**Reikningsskilaupplýsingar**

Þegar endurskoðuð reikningsskil eru ekki tiltæk fyrir næstliðin tvö fjárhagsár skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar, að því er varðar i. lið b-liðar 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503, byggja matið á fjárhagsstöðu verkefniseiganda á skjölum útbúnum af skattaráðgjafa, löggiltum endurskoðanda eða öðrum löggiltum aðila sem fellur undir fagleg gæðatryggingarkerfi.

*13. gr.*

**Upplýsingar sem taka ber tillit til við virðismat á láni**

1. Við virðismat á hverju láni eins og um getur í i. lið e-liðar 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar:

a) framkvæma virðismat á lánum sem eru veitt verkefniseigendum með tilliti til nægjanlegra og uppfærðra upplýsinga,

b) framkvæma virðismatið innan þriggja mánaða áður en lán er veitt.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til alls eftirfarandi, þegar lánið er gefið út:

a) binditíma lánsins,

b) tíðni afborgana og vænts framtíðarsjóðstreymis,

c) hvort veitt sé uppgreiðsluheimild í lánssamningnum,

d) áhættulausra vaxta til að afvaxta greiðslur sem koma frá láninu,

e) vaxtanna sem settir eru fram í lánssamningnum,

f) líkna á vanefndum verkefniseiganda eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2115 ([5]),

g) virðis veðtryggingar, ef nokkurt, sem verkefniseigandi hefur notað sem hluta af lánssamningi,

h) allra ábyrgða og verndarstigsins sem þær ábyrgðir veita.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2115 frá 13. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðafræði við útreikning á vanskilahlutföllum lána sem eru í boði á hópfjármögnunarvettvangi (Stjtíð. ESB L 287, 8.11.2022, bls.33).

3. Að því er varðar 1. mgr., eftir að lán er gefið út, skal þjónustuveitandi hópfjármögnunar taka tillit til eftirfarandi þátta, við viðbótar við þættina sem um getur í 2. mgr.:

a) binditíma lánsins,

b) vænts framtíðartaps.

4. Þegar þjónustuveitendur hópfjármögnunar framkvæma virðismat á láni í kjölfar vanskila, skulu þeir, í samræmi við iii. lið e-liðar 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503, framkvæma mat á veðtryggingu og ábyrgðum á varfærinn hátt og taka til greina aðrar þóknanir og útgjöld sem tengjast innheimtu.

III. KAFLI

**SANNGJÖRN OG VIÐEIGANDI VERÐLAGNING LÁNA**

*14. gr.*

**Þættir til að tryggja sanngjarna og viðeigandi verðlagningu lána**

1. Við ákvörðun á verðlagningu lána sem þeir hafa milligöngu um ættu þjónustuveitendur hópfjármögnunar að taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

a) áhættusniðs verkefniseiganda eða hópfjármögnunarverkefnis eins og það er ákvarðað í áhættuflokkunum sem um getur í 19. gr.,

b) hreins núvirðis lánsins,

c) þeirra markaðsaðstæðna sem í gildi eru þegar lánið er gefið út og á líftíma lánsins,

d) starfsstefnu sinnar.

2. Við útreikning á hreinu núvirði sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

a) höfuðstóls lánsins,

b) binditíma lánsins,

c) tíðni afborgana af láninu,

d) viðeigandi vaxta til að afvaxta endurgreiðslur í framtíðinni.

IV. KAFLI

**STEFNUR OG VERKLAGSREGLUR TIL AÐ TRYGGJA NÆGJANLEGAR UPPLÝSINGAR TIL VIÐSKIPTAVINA OG TIL AÐ AUÐVELDA MAT Á GREIÐSLUFALLSÁHÆTTU, VIRÐISMAT OG VERÐLAGNINGU LÁNA**

*15. gr.*

**Fyrirkomulag stjórnarhátta fyrir upplýsingar til viðskiptavina**

1. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu hafa til staðar fullnægjandi regluramma um stjórnarhætti fyrir upplýsingar til viðskiptavina eins og um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 og hafa skriflega lýsingu um það.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar tryggja allt eftirfarandi:

a) að allar upplýsingar sem veittar eru viðskiptavinum séu tæmandi og uppfærðar,

b) að innra fyrirkomulag stjórnarhátta, ferlar og kerfi fyrir upplýsingagjöf til viðskiptavina sé í réttu hlutfalli við stærð og það hversu flókinn þjónustuveitandi hópfjármögnunar er.

3. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu tryggja að allri megindlegri upplýsingagjöf fylgi eigindlegar upplýsingar og aðrar viðbótarupplýsingar sem gætu verið nauðsynlegar viðskiptavinum til að öðlast fullan skilning á megindlegu upplýsingagjöfinni.

*16. gr.*

**Stefnur fyrir upplýsingagjöf til viðskiptavina**

1. Stefnur fyrir upplýsingagjöf til viðskiptavina eins og um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 skulu tryggja að allar upplýsingar til viðskiptavina séu settar fram á þann hátt að þær sé auðlæsilegar og tjáðar á þann hátt sem er auðskilinn, einkum fyrir væntanlega reynslulitla fjárfesta.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu tryggja að stefnur til að veita nægjanlegar upplýsingar til viðskiptavina innihaldi alla eftirfarandi þætti:

a) hversu oft upplýsingarnar sem veittar eru viðskiptavinum eru uppfærðar,

b) hlutverk og starfssvið sem ber ábyrgð á að taka saman upplýsingarnar fyrir viðskiptavini,

c) meðferð upplýsinga sem geta haft áhrif á verðlagningu láns (verðnæmar upplýsingar),

d) gildingarferli fyrir upplýsingar til viðskiptavina.

3. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda hópfjármögnunar skal samþykkja stefnur, verklagsreglur og skipulagsráðstafanir í tengslum við upplýsingagjöf til viðskiptavina og skulu þær stefnur vera skriflegar, uppfærðar og vel skjalfestar.

*17. gr.*

**Áhættustýringarramma komið á fót**

1. Áhættustýringarramminn sem um getur í f-lið 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2020/1503 skal vera:

a) samþættur við heildarskipulag við stjórnskipun og ákvarðanatöku,

b) í samræmi við hversu flókið rekstrarlíkan viðskipta hjá þjónustuveitanda hópfjármögnunar er.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu, innan áhættustýringarramma síns, tilgreina nánar hlutverk eða starfssvið sem er ábyrgt fyrir mati á greiðslufallsáhættu og framkvæmd eftirlits, samþykkisferli hópfjármögnunarverkefna sem leggja á til við fjárfesta og virðismati láns.

3. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu koma á gagnsæjum skýrslugjafarramma. Þessir skýrslugjafarrammar skulu tryggja að stjórn þjónustuveitenda hópfjármögnunar og hlutverk og starfssvið hafi nægjanlegar upplýsingar sem gera þeim kleift að mæla, meta og hafa eftirlit með greiðslufallsáhættu. Skýrslugjafarramminn skal vera nægjanlega ítarlegur og skjalfestur.

4. Stjórn þjónustuveitanda hópfjármögnunar skal hafa yfirsjón með innleiðingu stjórnarhátta og skipulagsráðstafnana í tengslum við áhættustýringarrammann, þ.m.t. að koma á fót, viðhalda og birta viðkomandi stefnur og verklagsreglur.

*18. gr.*

**Hlutverk og starfssvið sem komið er á fót í áhættustýringarrammanum**

1. Hlutverk og starfssvið sem komið er á innan áhættustýringarrammans skulu bera ábyrgð á eftirfarandi:

a) meta greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigenda fyrir greiðslumat í samræmi við III. kafla,

b) skipa lánum í viðeigandi áhættuflokka,

c) hanna viðeigandi ferla fyrir eftirlit með og skýrslugjöf um greiðslufallsáhættu,

d) koma á viðeigandi ferlum til að taka á aðstæðum þar sem verkefniseigandi getur ekki uppfyllt skyldur sínar eða er í vanskilum, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2115.

2. Þegar þjónustuveitendur hópfjármögnunar framkvæma einstaklingsmiðaða stýringu lánasafns að því er varðar 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/1503 skulu þeir hafa fyrir hendi nákvæmar og skjalfestar verklagsreglur til að ráðstafa fjárhæðum fjárfesta á hópfjármögnunarverkefni.

3. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar sem leggja til verðlagningu hópfjármögnunarútboða skulu gera tiltæk fullnægjandi verðlagningarramma, studdan viðeigandi skjölum, og eftirlits- og stjórnunarkerfi sem ber ábyrgð á ákvörðun verðlagningar.

*19. gr.*

**Áhættuflokkar**

1. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu tryggja að skipun lána í áhættuflokka í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. endurspegli:

a) áhættustig viðkomandi hópfjármögnunarverkefna eins og ákvarðað er með útkomu úr innra lánshæfislíkani í samræmi við I. kafla,

b) sérstaka þætti sem tengjast láninu, þ.m.t., en ekki takmarkað við, vexti, binditíma lánsins og tíðni afborgana.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu tryggja:

a) að áhættustýringarramminn innihaldi viðeigandi verklagsreglur fyrir endurskoðun á skipun lána í flokka og endurskipun í nýja áhættuflokka þegar breyting verður á mati á lánshæfi eða öðrum þáttum tengdum láninu,

b) að líkur á vanefndum séu tengdar hverjum áhættuflokki.

*20. gr.*

**Samþykki hópfjármögnunarverkefna**

1. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu koma á skriflegum og vandlega skrásettum stefnum til að samþykkja hópfjármögnunarverkefni sem kynna á fjárfestum, innan áhættustýringarrammans.

2. Í stefnunum sem komið er á með 1. mgr. skal setja fram ábyrgð viðkomandi hlutverka og starfssviða innan stjórnskipulags þjónustuveitanda hópfjármögnunar.

3. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu tryggja að starfsfólk sem getur samþykkt verkefni sem leggja á til við fjárfesta sé þjálfað á viðunandi hátt og að það hafi viðeigandi reynslu og sé nægilega hátt sett miðað við þær sérstöku heimildir sem þeim eru faldar.

*21. gr.*

**Notkun sjálfvirkra líkana**

1. Þegar sjálfvirk líkön eru notuð við mat á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna eða verkefniseigenda og við samþykkt hópfjármögnunarverkefna sem leggja á til við fjárfesta, skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar tryggja:

a) að viðkomandi hlutverk og starfssvið hafi góðan skilning á aðferðafræði þessara líkana, ílagsgögnum þeirra og forsendum og takmörkunum,

b) að stjórn og/eða framkvæmdastjórn hafi nægjanlegan skilning á notkun tæknivæddrar nýsköpunar sem beitt er á fjármálaafurðir,

c) að sjálfvirku líkönin séu nothæf og hentug og að notkun þeirra sé í samræmi við stærð og flækjustig starfsemi verkefniseigandans, hópfjármögnunarverkefnisins og fjárhæðar lánsins.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu þjónustuveitendur hópfjármögnunar hafa til staðar stefnur og verklagsreglur og setja fram viðeigandi fyrirkomulag stjórnarhátta fyrir hönnun og notkun þess háttar sjálfvirkra líkana.

3. Stefnur og verklagsreglur sem um getur í 2. mgr. skulu:

a) tryggja gæði gagna sem notuð eru sem ílag fyrir sjálfvirku líkönin,

b) tryggja að gæði útkomu úr sjálfvirku líkönunum séu metin reglulega,

c) ákvarða viðmiðanir fyrir hvenær hægt er að ógilda niðurstöður frá sjálfvirkum líkönum.

4. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu hafa til staðar fullnægjandi skjalahald sem nær yfir aðferðafræðina, gagnaílag og viðmiðanirnar sem sjálfvirku líkönin nota við mat á greiðslufallsáhættu, við eftirlit með greiðslufallsáhættu og til samþykktar hópfjármögnunarverkefna sem leggja á til við fjárfesta.

*22. gr.*

**Stefnur við mat á greiðslufallsáhættu**

1. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu, innan áhættustýringarramma síns, setja fram viðeigandi stefnur og verklagsreglur um greiðslufallsáhættu til ákvörðunar á viðmiðunum fyrir mat á greiðslufallsáhættu og eftirliti.

2. Þjónustuveitendur hópfjármögnunar skulu hafa til staðar stefnur og verklagsreglur um greiðslufallsáhættustýringu sem tilgreina allt eftirfarandi:

a) ferlið fyrir samþykkt hópfjármögnunarverkefna sem leggja á til við fjárfesta,

b) ferlið fyrir skipun hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigenda í áhættuflokka í samræmi við 19. gr.,

c) upplýsingarnar og þætti sem nota á til að meta lánshæfi hópfjármögnunarverkefna og verkefniseigenda í samræmi við II. kafla,

d) viðmiðun um samþykki og notkun á ráðstöfunum til að draga úr greiðslufallsáhættu,

e) skilyrðin fyrir notkun ákvörðunar með sjálfvirkum hætti við samþykktarferlið vegna hópfjármögnunarverkefna sem leggja á til við fjárfesta,

f) aðstæðurnar þar sem frávik frá stöðluðum verklagsreglum eru mögulegar,

g) ferlið til að vakta greiðslufallsáhættu eftir að lán er gefið út,

h) ferlin til að takast á við verkefniseigendur sem eru seinir að endurgreiða lán sín.

3. Stefnur og verklagsreglur um greiðslufallsáhættu sem um getur í 1. mgr. skulu:

a) vera í réttu hlutfalli við stærð og flækjustig hópfjármögnunarverkefnanna sem boðin eru á hópfjármögnunarvettvangnum,

b) auðkenna með skýrum hætti hlutverkin og/eða starfssviðin sem ber ábyrgð á framkvæmd viðkomandi verkefna,

c) vera skjalfestar og uppfærðar.

4. Stefna um greiðslufallsáhættu sem um getur í 1. mgr. skal tilgreina hvort og hvernig þjónustuveitendur hópfjármögnunar telja umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu með í mati á greiðslufallsáhættu hópfjármögnunarverkefna.

*23. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

**Viðkomandi efnahagsvísar sem taka skal tillit til við mat á fjárhagsstöðu, eins og um getur í 4. mgr. 7. gr.**

I) Arðsemisvísar:

a) árlegur hagnaður

b) hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA)

c) arðsemi eigin fjár (RoE) – RoE=EBIT-skattur-greiddir vextir)/(meðaltal eigin fjár)

d) arðsemi eigna (RoA) – RoA=EBIT-skattur)/(meðaltal heildareigna)

e) hreint hagnaðarhlutfall (NPM) –NPM=(EBIT-skattur)/(meðaltal heildareigna)

f) sala á móti heildareignum (STA) – STA = sala/(meðaltal heildareigna)

II) Vogunar- og skuldavísar:

a) hlutfall skulda og eigin fjár (DER) – DER=(skuld+virði leigusamninga)/eigið fé

b) skuldahlutfall (DR) – DR=(heildarskuld)/(heildareignir)

c) ávöxtun skulda (DY) – DY = hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA)/lánsfjárhæð

d) lán á móti kostnaði (LC) – LC=(lánsfjárhæð)/(byggingarkostnaður)

e) lán á móti virði (LV) – LV=(lánsfjárhæð)/(virði eignar)

III) Lausafjárvísar:

a) þekjuhlutfall vaxta (ICR) – ICR = EBIT/vaxtakostnaður

b) þekjuhlutfall greiðslubyrði (DSCR) – DSCR = EBITDA/(höfuðstóll+vaxtafjárhæð)

c) hlutfall sjóðstreymis og skuldar (CFD) – CFD=(sjóðstreymi)/skuld

d) hlutfall handbærs fjár (CR) – CR=(reiðufé+markaðshæf verðbréf)/(skammtímaskuldir)

e) hreint veltufé á móti heildareignum (NWCTA) – NWCTA=(veltufjármunir (reiðufé, skammtímakröfur, viðskiptakröfur, birgðir, aðrir veltufjármunir))/eignir

IV) Eiginfjárvísar:

a) hlutfall fjármögnunar (CR) – CR=(hreinar rekstrartekjur)/eigið fé

b) ávöxtun hagnaðar (PY) =(hreinar tekjur)/eigið fé

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1618** **2026/EES/53/03**

**frá 6. júní 2024**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum fimmtu undirgrein 7. mgr. 430. gr. og fimmtu undirgrein 434. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ([2]), einkum fimmtu undirgrein 5. mgr. 45. gr. i og fimmtu undirgrein 6. mgr. 45. gr. i,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2036 ([3]) var innleidd inn í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 krafan um að milliliðir í skilasamstæðu skuli draga eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum vegna hæfra skuldbindinga, sem notaðir eru til að fara að kröfunum sem settar eru fram í 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 („krafan um innra heildartapþol“ eða „innra TLAC“), eða kröfunni sem sett er fram í 45. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([4]) („innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar“ eða „innra MREL“), frá liðum vegna hæfra skuldbindinga ef þessir eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga eru gefnar út af einingum sem ekki eru sjálfar skilaaðilar og tilheyra sömu skilasamstæðu. Því er nauðsynlegt að endurspegla þessa kröfu um frádrátt í sniðmátum fyrir opinbera birtingu samræmdra upplýsinga um innra TLAC eða innra MREL sem sett eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 ([5]). Einnig skal þessi krafa um frádrátt koma fram í samræmdu upplýsingunum sem veittar eru lögbærum yfirvöldum og skilastjórnvöldum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1618, 7.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 24.7.2025, bls. 11.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/59/oj.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2036 frá 19. október 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar varfærnismeðferð á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu með margvíða skilastefnu og aðferðir fyrir óbeina áskrift að gerningum sem eru hæfir til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2036/oj)

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2014/59/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 frá 23. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtíð ESB L 168, 12.5.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/763/oj).

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1174 ([6]) um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að því er varðar tiltekna þætti lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar var kröfunni um frádrátt sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 breytt enn frekar með því að tilgreina í tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að milliliðir í skilasamstæðu skuli aðeins draga frá eignarhlutdeild sína í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð sem tilheyra sömu skilasamstæðu og eru ekki sjálfar skilaaðilar, með fyrirvara um tiltekin skilyrði sem varða mikilvægi eignarhlutdeildarinnar. Þessar breytingar skulu einnig endurspeglast í samræmdu upplýsingunum sem veittar eru í sniðmátum fyrir opinbera birtingu og skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda.

3) Einingar sem falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 92. gr. a eða 92. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 („TLAC-krafan“) eða kröfuna sem sett er fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB („MREL“) geta, að fenginni fyrirframheimild skilastjórnvalds þeirra, keypt, innleyst, endurgreitt eða endurkeypt gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðir sem falla undir slíka heimild draga úr getu einingarinnar til að uppfylla MREL- eða TLAC-kröfuna. Af þeim sökum þykir nauðsynlegt að tilgreina hvernig skuli endurspegla áhrifin af slíkri heimild við opinbera birtingu og skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763 til samræmis við það.

5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([7]).

7) Til að veita einingum sem falla undir skylduna til að leggja fyrir skýrslu eða birta upplýsingar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða tilskipun 2014/59/ESB nægan tíma til að aðlagast breytingum á sniðmátum og samræmdum upplýsingum ættu breytingarnar að öðlast gildi sex mánuðum eftir gildistökudag hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763 er breytt sem hér segir:

1) Sniðmát M 02.00 og M 03.00, sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, koma í stað sniðmáta M 02.00 og M 03.00 sem sett eru fram í I. viðauka.

2) Í stað II. viðauka kemur texti II. viðauka við þessa reglugerð.

3) Sniðmát EU TLAC1 og EU ILAC, sem sett eru fram í V. viðauka við þessa reglugerð, koma í stað sniðmáta EU TLAC1 og EU ILAC sem sett eru fram í III. viðauka.

4) Í stað VI. viðauka kemur texti IV. viðauka við þessa reglugerð.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1174 frá 11. apríl 2024 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014 að því er varðar tiltekna þætti lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtíð. ESB L, 2024/1174, 22.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1174/oj).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

*2. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

**SKÝRSLUGJÖF UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR**

| SNIÐMÁT FYRIR LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPÞOL | | | |
|---|---|---|---|
| **NÚMER SNIÐMÁTS** | **KÓÐI SNIÐMÁTS** | **HEITI SNIÐMÁTS/HÓPS SNIÐMÁTA** | **STYTT HEITI** |
| | | **FJÁRHÆÐIR: LYKILMÆLISTIKUR LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPÞOLS** | |
| 1 | M 01.00 | Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) | KM2 |
| | | **SAMSETNING OG LÍFTÍMI** | |
| 2 | M 02.00 | Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) | TLAC1 |
| 3 | M 03.00 | Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol | ILAC |
| 4 | M 04.00 | Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga | LIAB-MREL |
| | | **FORGANGSRÖÐUN LÁNARDROTTINS** | |
| 5 | M 05.00 | Forgangsröðun lánardrottins (aðili sem er ekki skilaaðili) | TLAC2 |
| 6 | M 06.00 | Forgangsröðun lánardrottins (skilaaðilar) | TLAC3 |
| | | **SÉRTÆKAR UPPLÝSINGAR FYRIR HVERN SAMNING** | |
| 7 | M 07.00 | Gerningar sem falla undir lög þriðja lands | MTCI |

**M 01.00 – Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) (KM2)**

| | | Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) | Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol) |
|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 |
| | **Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** | | |
| 0100 | **HEILDARÁHÆTTUGRUNNUR (TREA)** | | |
| 0110 | **HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR (TEM)** | | |
| | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** | | |
| 0200 | **EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR** | | |
| 0210 | Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir | | |
| 0220 | Þar af: sem falla undir lög þriðja lands | | |
| 0230 | Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB | | |
| | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar** | | |
| 0250 | **AÐRAR EFTIRGEFANLEGAR SKULDBINDINGAR** | | |
| 0260 | Þar af: sem falla undir lög þriðja lands | | |
| 0270 | Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB | | |
| 0280 | Eftirstöðvatími < 1 ár | | |
| 0285 | Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | | |
| 0290 | Eftirstöðvatími >= 2 ár | | |
| | **Hlutfallstölur og undanþágur frá forgangsröðun** | | |
| 0300 | **EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI** | | |
| 0310 | Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir | | |
| 0320 | **EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR SEM HLUTFALL AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR** | | |
| 0330 | Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir | | |
| 0340 | Gildir undanþágan frá forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013? (5% undanþága) | | |

| | | Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) | Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol) |
|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 |
| 0350 | Heildarfjárhæð heimilaðra gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, ef ákvörðunarrétti að því er varðar forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt (undanþága að hámarki 3,5%) | | |
| 0360 | Hlutur heildarskuldbindinga sem ekki eru víkjandi og teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar | | |

**M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) (TLAC1)**

| | | Lágmarks-krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) | Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC) | Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol |
|---|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 | 0030 |
| 0010 | **EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR** | | | |
| 0020 | **(Hæfur) eiginfjárgrunnur** | | | |
| 0030 | **Almennt eigið fé þáttar 1** | | | |
| 0040 | **(Hæft) viðbótareigiðfé þáttar 1** | | | |
| 0050 | **(Hæfur) eiginfjárþáttur 2** | | | |
| 0060 | **Hæfar skuldbindingar** | | | |
| 0070 | **Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar** | | | |
| 0080 | Þar af: hæfar skuldbindingar sem taldar eru skipulagslega víkjandi | | | |
| 0090 | Hæfar skuldbindingar sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum | | | |
| 0100 | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem skilaaðili gefur út beint (sem eldri reglur gilda ekki um) | | | |

| | | Lágmarks-krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) | Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC) | Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol |
|---|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 | 0030 |
| 0110 | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem aðrir aðilar innan skilasamstæðunnar gefa út (sem eldri reglur gilda ekki um) | | | |
| 0120 | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir voru út fyrir 27. júní 2019 | | | |
| 0130 | Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2 | | | |
| 0132 | (-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum | | | |
| 0135 | (-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda | | | |
| 0140 | Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum | | | |
| 0150 | Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks) | | | |
| 0160 | Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks) | | | |
| 0162 | (-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum | | | |
| 0165 | (-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda | | | |
| 0170 | Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (sem eldri reglur gilda ekki um) | | | |
| 0180 | Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstanda af liðum útgefnum fyrir 27. júní 2019 | | | |
| 0190 | **(-) Frádráttur** | | | |
| 0200 | (-) Áhættuskuldbindingar milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð | | | |
| 0211 | (-) Fjárfestingar í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga | | | |

| | | Lágmarks-krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) | Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC) | Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol |
|---|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 | 0030 |
| 0220 | **Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar (frádráttur frá þætti 2)** | | | |
| **MINNISATRIÐI** | | | | |
| 0400 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar** | | | |
| 0410 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)** | | | |
| 0420 | þar af: krafa um verndunarauka | | | |
| 0430 | þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka | | | |
| 0440 | þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu | | | |
| 0450 | þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII) | | | |
| 0460 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana** | | | |
| 0470 | Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu | | | |
| 0480 | Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana | | | |
| 0490 | Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana | | | |
| 0500 | **Undanþegnar skuldir** | | | |
| 0600 | **Sértæk heimild fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrir-framákvörðuð fjárhæð** | | | |
| 0610 | **Almennt fyrirframleyfi fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrir-framákvörðuð fjárhæð** | | | |

**M 03.00 – Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) og innra heildartapþol (ILAC)**

| | | Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar | Innra heildartapþol |
|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 |
| 0010 | **Beitingarstig** | | |
| | **Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** | | |
| 0100 | **Heildaráhættugrunnur** | | |
| 0110 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** | | |
| | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** | | |
| 0200 | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** | | |
| 0210 | **Hæfur eiginfjárgrunnur** | | |
| 0220 | Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) | | |
| 0230 | Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1 | | |
| 0240 | Hæfur eiginfjárþáttur 2 | | |
| 0250 | **Hæfar skuldbindingar og tryggingar** | | |
| 0260 | Hæfar skuldbindingar (að undanskildum tryggingum) | | |
| 0265 | (-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga: Ónotaðar fjárhæðir fyrirfram-samþykktra heimilda | | |
| 0270 | Tryggingar sem skilaaðili leggur fram og skilastjórnvaldið heimilar | | |
| 0280 | Minnisatriði: Veðsettur hluti tryggingarinnar | | |
| 0290 | (-) Eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar sömu skilasamstæðu | | |
| 0293 | (-) þar af: Eiginfjárgrunnsgerningar gefnir út af einingum í skiptameðferð | | |
| 0295 | Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar | | |
| | **Hlutfallstölur hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga** | | |
| 0400 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni** | | |
| 0410 | þar af: heimilaðar tryggingar | | |
| 0420 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar** | | |
| 0430 | þar af: heimilaðar tryggingar | | |

| | | Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar | Innra heildartapþol |
|---|---|---|---|
| | | 0010 | 0020 |
| 0440 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar** | | |
| | **Minnisatriði** | | |
| 0500 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)** | | |
| 0510 | þar af: krafa um verndunarauka | | |
| 0520 | þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka | | |
| 0530 | þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu | | |
| 0540 | þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII) | | |
| 0550 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar** | | |
| 0560 | þar af: sem falla undir lög þriðja lands | | |
| 0570 | þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB | | |
| 0580 | Eftirstöðvatími < 1 ár | | |
| 0590 | Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | | |
| 0600 | Eftirstöðvatími >= 2 ár | | |
| 0610 | **Undanþegnar skuldir** | | |
| 0620 | **Eiginfjárgrunnsgerningar sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasamstæðu** | | |
| 0630 | **Hlutfall eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð af hæfum eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum** | | |

**M 04.00 – Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga (LIAB MREL)**

| | | Hæf fjárhæð fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar |
|---|---|---|
| | | 0010 |
| **0100** | **HÆFAR SKULDBINDINGAR** | |
| **0200** | **Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi >= 1 ár** | |
| 0210 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0220 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0230 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |

| | | Hæf fjárhæð fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar / innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar |
|---|---|---|
| | | 0010 |
| **0300** | **Óveðsettar tryggðar skuldbindingar >= 1 ár** | |
| 0310 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0320 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0330 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |
| **0400** | **Samsettar skuldaviðurkenningar >= 1 ár** | |
| 0410 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0420 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0430 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |
| **0500** | **Ótryggðar forgangsskuldbindingar >= 1 ár** | |
| 0510 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0520 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0530 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |
| **0600** | **Víkjandi forgangsskuldbindingar >= 1 ár** | |
| 0610 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0620 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0630 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |
| **0700** | **Víkjandi skuldir (ekki færðar sem eiginfjárgrunnur) >= 1 ár** | |
| 0710 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0720 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0730 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |
| **0800** | **Aðrar hæfar skuldbindingar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar >= 1 ár** | |
| 0810 | þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár | |
| 0820 | þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár | |
| 0830 | þar af: útgefnar af dótturfélögum | |

**M 05.00 – Forgangsröðun lánardrottins (aðili sem er ekki skilaaðili) (TLAC2)**

| Rétthæð vegna ógjaldfærni | Tegund lánardrottins | Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni | Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur | | Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | þar af: undanþegnar skuldir | | þar af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar | þar af: með eftirstöðvatíma | | | | þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma |
| | | | | | | | ≥ 1 ár < 2 ár | ≥ 2 ár < 5 ár | ≥ 5 ár < 10 ár | ≥ 10 ár | |
| 0010 | 0020 | 0030 | 0040 | 0050 | 0060 | 0070 | 0080 | 0090 | 0100 | 0110 | 0120 |
| | | | | | | | | | | | |

**M 06.00 – Forgangsröðun lánardrottins (skilaaðilar) (TLAC3)**

| Rétthæð vegna ógjaldfærni | Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni | Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur | | Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | þar af: undanþegnar skuldir | | þar af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar | þar af: með eftirstöðvatíma | | | | þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma |
| | | | | | | ≥ 1 ár < 2 ár | ≥ 2 ár < 5 ár | ≥ 5 ár < 10 ár | ≥ 10 ár | |
| 0010 | 0020 | 0030 | 0040 | 0050 | 0060 | 0070 | 0080 | 0090 | 0100 | 0110 |
| | | | | | | | | | | |

**M 07.00 – Gerningar sem falla undir lög þriðja lands (MTCI)**

| Útgáfuaðili | | | Auðkenni samnings | Gildandi lög (þriðja land) | Samningsbundin viðurkenning niðurfærslu- og umbreytingarheim-ilda | Stjórnsýsluleg meðferð | | Fjárhæð | Réttmæt við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð | | Líftími | (Fyrsti) innlausn-ardagur | Stjórnvalds-leg innlausn (Já/Nei) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heiti | Kóði | Tegund kóða | | | | Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga | Tegund gernings | | Gildandi lög | Réttmæt vegna ógjaldfærni | | | |
| 0010 | 0020 | 0030 | 0040 | 0050 | 0060 | 0070 | 0080 | 0090 | 0100 | 0110 | 0120 | 0130 | 0140 |
| | | | | | | | | | | | | | |

*II. VIÐAUKI*

**SKÝRSLUGJÖF UM LÁGMARKSKRÖFUR UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR – LEIÐBEININGAR**

I. HLUTI

**ALMENNAR LEIÐBEININGAR**

1. Skipulag og venjur

1.1. Skipulag

1. Þessi skýrslugjafarammi um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol samanstendur af fjórum flokkum sniðmáta:

a) fjárhæðir: lykilmælistikur lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol,

b) samsetning og líftími,

c) forgangsröðun lánardrottins,

d) sértækar upplýsingar fyrir hvern samning.

2. Lagastoð er veitt fyrir hvert sniðmát. Nánari upplýsingar varðandi almenn atriði í skýrslugjöfinni um hvert mengi sniðmáta og leiðbeiningar að því er varðar tilteknar stöður eru í þessum hluta.

1.2. Tölusetning

3. Skjalið fylgir venju við merkingu sem sett er fram í a- til d-liðum, þegar vísað er til dálka, lína og reita sniðmátanna. Þessir talnakóðar eru notaðir í miklum mæli í sannprófunarreglunum sem skilgreindar eru í samræmi við III. viðauka.

a) eftirfarandi almennum táknum er fylgt: {Sniðmát; Lína; Dálkur},

b) tilvísanir inni í sniðmáti innihalda ekki upplýsingar um sniðmátið: {Lína; Dálkur},

c) ef um er að ræða sniðmát með eingöngu einum dálki er eingöngu vísað til lína: {Sniðmát; Lína},

d) stjörnumerki er notað til að sýna að tilvísunin nái yfir línurnar eða dálkana sem áður voru tilgreind.

1.3. Formerkjasetning

4. Sérhver fjárhæð sem hækkar eiginfjárgrunninn og hæfu skuldbindingarnar, áhættuvegnu fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, vogunarhlutfall mælistærðar áhættuskuldbindingarinnar eða kröfurnar skal tilgreind sem jákvæð tala. Aftur á móti skal sérhver fjárhæð sem lækkar eiginfjárgrunninn og hæfu skuldbindingarnar, áhættuvegnu fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, vogunarhlutfall mælistærðar áhættuskuldbindingarinnar eða kröfurnar vera tilgreind sem neikvæð tala. Ef neikvætt formerki (-) kemur á undan merkingu liðar, er ekki reiknað með að jákvæð tala sé tilgreind fyrir þann lið.

1.4. Skammstafanir og skilgreiningar

5. Eftirfarandi skammstafanir og skilgreiningar gilda að því er varðar viðaukana við þessa reglugerð:

a) „MREL“: lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

b) „TLAC“: vísar til krafnanna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SII) skv. 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) „Innra TLAC“: vísar til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) „Innri MREL“: vísar til lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beitt er á aðila sem eru ekki skilaaðilar sjálfir skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB,

e) „ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktrar heimildar“: fjárhæðin sem fellur undir fyrirframsamþykki um að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í þeirri reglugerð, að því marki sem sá skýrslugefandi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga. Ef heimildin er sértæk og vísar til innkallanlegra gerninga þar sem ekki er fullnægjandi vissa um að viðkomandi kaupréttur verði nýttur, skal ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktrar heimildar vera án slíkra gerninga,

f) „ónotuð fjárhæð sértækrar heimildar“: fjárhæðin sem fellur undir sértæka heimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 5. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 ([1]) eða tiltekna gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ásamt 2. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014, eftir því sem við á, að því marki sem sá skýrslugefandi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa þessa gerninga. Ef heimildin vísar til innkallanlegra gerninga þar sem ekki er fullnægjandi vissa um að viðkomandi kaupréttur verði nýttur, skal ónotuð fjárhæð fyrirframsamþykktrar heimildar vera án slíkra gerninga,

g) „ónotuð fjárhæð af almennri heimild“ eða „ónotuð fjárhæð af fyrirframsamþykktri heimild“: fjárhæðin sem fellur undir fyrirframheimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunns-gerninga í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. mgr. 28. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014 eða tiltekna gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. og 5. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014, eftir því sem við á, að því marki sem sá skýrslugefandi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa þessa gerninga.

II. HLUTI

**LEIÐBEININGAR SEM VARÐA SNIÐMÁT**

1. Fjárhæðir: M 01.00 – Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (KM2)

1.1. Almennar athugasemdir

1. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2014/241/oj).

1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)**<br>Ákvæði 45. gr. og 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB |
| 0020 | **Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol)**<br>Ákvæði 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0100–0120 | **Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** |
| 0100 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Ákvæði a-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildaráhættugrunnurinn sem tilgreindur er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0110 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Ákvæði 45. gr. (b-liðar 2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB, 429. gr. (4. mgr.) og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0200–0230 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** |
| 0200 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á:<br>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii. hæfum skuldbindingum eins og skilgreindar eru í lið 71a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol (TLAC)*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol) skal vera fjárhæðin sem um getur í 72. gr. l reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstendur af:<br>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii. hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0210 | **Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á:<br>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii. hæfum skuldbindingum sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar,<br>iii. skuldbindingum sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Að því er varðar undirskipaðar hæfar skuldbindingar skulu fjárhæðirnar sem tilkynnt er um vera fjárhæðirnar að frádreginni<br>i. eftir atvikum, eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og<br>ii. ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktrar heimildar, að því marki sem viðkomandi fyrirframsamþykki tekur til víkjandi skuldagerninga í almennum eða sértækum víkjandi skuldagerningi. |
| 0220 | **Þar af: sem falla undir lög þriðja lands**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni:<br>i. eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum, eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fellur undir lög þriðja lands og<br>ii. ónotuð fjárhæð sértækrar heimildar, að því marki sem fyrirframsamþykkið tekur til eiginfjárgrunnsgerninga eða tiltekinna gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem falla undir lög þriðja lands. |
| 0230 | **Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni:<br>i. eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum, eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fellur undir lög þriðja lands og inniheldur niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og<br>ii. ónotaðri fjárhæð sértækrar heimildar, að því marki sem viðkomandi heimild tekur til eiginfjárgrunnsgernings eða tiltekinna gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0250–0290 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Aðilar sem, á skiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingarnar í línum 0250 til 0290. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina þær upplýsingar í þessu sniðmáti.<br>Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktrar heimildar, að því marki sem heimildin tekur til gernings vegna hæfra skuldbindinga, teljast sem aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar að því er varðar þessar línur. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0250 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar, eins og skilgreint er í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ekki er tekin með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b þeirrar tilskipunar. |
| 0260 | **Þar af: sem falla undir lög þriðja lands**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0270 | **Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0280–0290 | **Sundurliðun annarra eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt eftirstöðvatíma** |
| 0280 | Eftirstöðvatími < 1 ár |
| 0285 | Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár |
| 0290 | Eftirstöðvatími >= 2 ár |
| 0300–0360 | **Hlutfallstölur og undanþágur frá forgangsröðun** |
| 0300 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0200, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, reiknað út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0310 | **Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0210, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, reiknaður út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0320 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í línu 0200 gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0330 | **Þar af: eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem tilgreind er í línu 0210, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0340 | **Gildir undanþágan frá forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013? (5% undanþága)**<br>Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu fylla út þessa línu.<br>Ef skilastjórnvaldið heimilar að skuldbindingar teljist vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal gagnaskilaaðilinn setja „já“ í dálk 0020.<br>Ef skilastjórnvaldið heimilar ekki að skuldbindingar teljist vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal gagnaskilaaðilinn setja „nei“ í dálk 0020.<br>Þar sem undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru gagnkvæmt útilokandi skal ekkert sett í þessa línu ef gagnaskilaaðilinn hefur fyllt út í {r0350}. |
| 0350 | **Heildarfjárhæð heimilaðra gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, ef ákvörðunarrétti að því er varðar forgangsröðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt (undanþága að hámarki 3,5%)**<br>Heildarfjárhæð skulda sem ekki eru víkjandi og skilastjórnvaldið hefur heimilað að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga að því er varðar kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol) í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða sem teljast hæfir skv. 3. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar.<br>Þar sem undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru gagnkvæmt útilokandi skal ekkert sett í þessa línu ef gagnaaðilinn setur „já“ í {r0340,c0020}. |
| 0360 | **Hlutur heildarskuldbindinga sem ekki eru víkjandi og teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu fylla út þessa línu.<br>Ef þak er á undanþágu frá forgangsröðun, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðilar tilgreina:<br>i. fjárhæðina fyrir útgefnar skuldbindingar sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tekin með í fjárhæðina sem tilgreind er í línu 0200 (eftir beitingu þaksins),<br>ii. deilt með fjárhæðinni fyrir útgefnar skuldbindingar sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og færð væri undir línu 0200 ef engu þaki væri beitt. |

2. Samsetning og líftími

2.1. M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður og aðilar í skilameðferð) (TLAC1)

2.1.1. Almennar athugasemdir

2. Sniðmát M 02.00 – Geta og samsetning lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður og aðilar í skilameðferð) (TLAC1) veitir nánari upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga.

3. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

2.1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)**<br>Ákvæði 45. gr. og 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0020 | **Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol)**<br>Ákvæði 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0030 | **Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol**<br>Eingöngu aðilar sem falla undir kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (kröfu um heildartapþol) skulu færa inn í þennan dálk.<br>Þessi dálkur skal endurspegla mismuninn á milli fjárhæða eiginfjárgrunns og skuldbindinga sem hæfar eru til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, og fjárhæðarinnar fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem hæfar eru til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar 45. gr. e tilskipunar 2014/59/ESB og 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreind sem samtalan á:<br>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii. hæfum skuldbindingum eins og skilgreindar eru í lið 71a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (heildartapþol) skal vera fjárhæðin sem um getur í 72. gr. l reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstendur af:<br>i. eiginfjárgrunni eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii. hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0020 | **(Hæfur) eiginfjárgrunnur**<br>Ákvæði 118. liðar 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>Þegar um er að ræða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem falla undir lög þriðja lands eingöngu teknir með í þessa línu og í línurnar 0040 og 0050 ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0030 | **Almennt eigið fé þáttar 1**<br>Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0040 | **(Hæft) viðbótareigiðfé þáttar 1**<br>Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0050 | **(Hæfur) eiginfjárþáttur 2**<br>Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0060 | **Hæfar skuldbindingar**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar eins og skilgreint er í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0070 | **Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar eins og skilgreint er í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.<br>*Heildartapþol*<br>Tilkynna skal um hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga. |
| 0080 | **Þar af: hæfar skuldbindingar sem taldar eru skipulagslega víkjandi**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, vegna þess að þær eru gefnar út af skilaaðila sem er eignarhaldsfélag og vegna þess að ekki eru neinar undanþegnar skuldir, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem flokkast jafngildar eða lægra en gerningar vegna hæfra skuldbindinga.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Þessi lína skal einnig innihalda hæfar skuldbindingar sem teljast hæfar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem uppfylla viðmiðin sem tilgreind eru í fyrstu, annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.<br>*Heildartapþol*<br>Skuldbindingar sem:<br>a) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og einkum kröfuna sem mælt er fyrir um í iii. lið d-liðar 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, en ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í i. eða ii. lið d-liðar þeirrar málsgreinar, eða<br>b) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og sem skilastjórnvöld hafa heimilað að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Þessi lína skal einnig innihalda hæfar skuldbindingar sem teljast hæfar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem uppfylla viðmiðin sem tilgreind eru í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar. |
| 0090 | **Hæfar skuldbindingar sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, og skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. |
| 0100 | **Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem skilaaðili gefur út beint (sem eldri reglur gilda ekki um)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar og sem skilaaðili gefur út beint. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru beint út af skilaaðilanum sem ekki falla undir eldri reglur.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar og sem skilaaðili gefur út beint. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru beint út af skilaaðilanum sem ekki falla undir eldri reglur.<br>Þessi lína skal hvorki innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013) né hæfar skuldbindingar sem eldri reglur gilda um skv. 494. gr. b þeirrar reglugerðar. |
| 0110 | **Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem aðrir aðilar innan skilasamstæðunnar gefa út (sem eldri reglur gilda ekki um)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem dótturfélög gefa út og teknar eru með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af öðrum einingum innan skilasamstæðu sem ekki falla undir eldri reglur. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | *Heildartappol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist gerningar vegna hæfra skuldbindinga skv. 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, sem dótturfélög gefa út og teknir eru með í samanlagða gerninga aðila vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 88. gr. a þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af öðrum einingum innan skilasamstæðu sem ekki falla undir eldri reglur.<br>Þessi lína skal hvorki innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013) né hæfar skuldbindingar sem eldri reglur gilda um skv. 494. gr. b þeirrar reglugerðar. |
| 0120 | **Liðir hæfra skuldbindinga sem gefnir voru út fyrir 27. júní 2019**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) þær eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreindir eru í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,<br>c) þær eru teknar með í eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>d) ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands, skulu þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019.<br>*Heildartappol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) fara að ákvæðum d-liðar 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019. |
| 0130 | **Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2**<br>Ákvæði b-liðar 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>Þessi lína skal innihalda afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2, þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár. Einungis fjárhæðin sem ekki er færð í eiginfjárgrunn, en uppfyllir allar hæfisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal tilgreind í þessari línu.<br>Ef um er að ræða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem falla undir lög þriðja lands eingöngu teknir með í þessa línu ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0132 | **(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Ákvæði 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014<br>Í þessari línu skal setja fram ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. Fjárhæðin í þessari línu skal vera jöfn fjárhæðinni í línu 0135 fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | *Heildartapþol*<br>Ákvæði a-liðar 1. mgr. 72. gr. e og 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014<br>Þessi lína skal innihalda:<br>i. eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og<br>ii. ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. |
| 0135 | **(-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (MREL og TLAC)*<br>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:<br>i. ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum,<br>ii. ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.<br>Ef almennt fyrirframsamþykki eins og um getur í ii. lið tilgreinir ekki röðun gerninganna sem má kaupa, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa skal setja fram fulla ónýtta fyrirframsamþykkta fjárhæð í þessari línu. |
| 0140 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og færðar eru sem hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gildir skal fjárhæðin sem tilgreind er vera fjárhæðin eftir beitingu þaksins sem mælt er fyrir um í þeirri grein. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir að frádreginni eignarhlutdeild í eigin gerningum vegna hæfra skuldbindinga og að frádregnum ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. |
| 0150 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og falla ekki undir eldri reglur. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | *Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar. Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og falla ekki undir eldri reglur.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á.<br>Þessi lína skal ekki innihalda neinar fjárhæðir sem færðar eru inn á grundvelli umbreytingarákvæðis í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0160 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og voru gefnar út fyrir 27. júní 2019.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast gerningar vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum og voru gefnar út fyrir 27. júní 2019. Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við, skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á. |
| 0162 | **(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Ákvæði 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014<br>Í þessari línu skal setja fram ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. Fjárhæðin í þessari línu skal vera jöfn fjárhæðinni í línu 0165 fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | *Heildartapþol*<br>Ákvæði a-liðar 1. mgr. 72. gr. e og 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 2., 3. og 5. mgr. 32. gr. b framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014<br>Þessi lína skal innihalda:<br>i. eignarhlutdeild í eigin undirskipuðum gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við a-lið 1. mgr. 72. gr. e í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og<br>ii. ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum. |
| 0165 | **(-) þar af: ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (MREL og TLAC)*<br>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:<br>i. ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum,<br>ii. ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem eru ekki víkjandi gagnvart undanskildum skuldbindingum.<br>Ef almennt fyrirframsamþykki eins og um getur í ii. lið tilgreinir ekki röðun gerninganna sem má kaupa, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa skal setja fram fulla ónýtta fyrirframsamþykkta fjárhæð í línu 0135, en ekki í þessari línu. |
| 0170 | **Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (sem eldri reglur gilda ekki um)**<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, að undanskildum skuldbindingum sem færðar eru samkvæmt eldri reglum og settar eru fram í 3. mgr. 494. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæða 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak). |
| 0180 | **Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstanda af liðum útgefnum fyrir 27. júní 2019**<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) þær uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæða 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak). |
| 0190 | **(-) Frádráttur** |
| 0200 | **(-) Áhættuskuldbindingar milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð**<br>*Heildartapþol*<br>Þessi lína á að endurspegla frádráttinn af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð (e: *multiple point of entry (MPE)*) sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, sem samsvarar beinum, óbeinum eða tilbúnum eignarhlut (e. *synthetic holdings*) í eiginfjárgrunnsgerningum eða gerningum vegna hæfra skuldbindinga eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki tilheyra sömu skilasamstæðu og skilaaðilinn, í samræmi við 4. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0211 | **(-) Fjárfestingar í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga**<br>*Heildartapþol*<br>Aðilar skulu tilgreina frádráttinn af fjárfestingum í öðrum gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 72. gr. e (b-, c- og d-liður 1. mgr.), 72. gr. e (2. og 3. mgr.) og 72. gr. g til 72. gr. j reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem fjárhæðin sem draga á frá liðum hæfra skuldbindinga er ákvörðuð í samræmi við 2. þátt 5. kafla a I. bálks í öðrum hluta þeirrar reglugerðar. |
| 0220 | **Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar**<br>Hæfar skuldbindingar geta ekki verið neikvæðar en mögulegt er að fjárhæð frádráttar frá hæfum skuldbindingum fari umfram fjárhæð hæfra skuldbindinga. Þegar það gerist skulu hæfu skuldbindingarnar vera jafnt og núll og umframfrádrátturinn dragast frá þætti 2 í samræmi við e-lið 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Með þessum lið næst fram að hæfu skuldbindingarnar eins og tilgreindar í línu 0060 eru aldrei lægri en núll. |
| 0400–0500 | **Minnisatriði** |
| 0400 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB ([2]) hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (krafa um heildartapþol), þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 1. mgr. þeirrar greinar,<br>b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunnsfjárhæðinni eins og hún er tilgreind í línu 0100 í sniðmáti M 01.00.<br>Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþolsdálknum.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| 0410 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)**<br>Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB<br>Samanlagða eiginfjáraukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni. |
| 0420 | **þar af: krafa um verndunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka. |
| 0430 | **þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka. |

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj).

| Dálkur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0440 | **þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu. |
| 0450 | **þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun. |
| 0460 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana**<br>Stöðurnar sem tilkynntar eru í þessari línu og í línum 0470 til 0490 skulu ákvarðaðar að teknu tilliti til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 72. gr. h reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (hreinar gnóttstöður, gegnsæisaðferð). |
| 0470 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu**<br>Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum gerningum skv. 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu gefa út. |
| 0480 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana**<br>Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út.<br>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana sem á sama tíma eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu ekki tilgreindar í þessari línu, heldur eingöngu í línu 0470. |
| 0490 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana**<br>Fjárhæð eignarhluta í gerningum vegna hæfra skuldbindinga, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem stofnanir sem hvorki eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út. |
| 0500 | **Undanþegnar skuldir**<br>Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 |
| 0600 | **Sértæk heimild fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirframákvörðuð fjárhæð**<br>Fjárhæðir sem falla undir sértæka fyrirframheimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa tiltekna eiginfjárgrunnsgerninga í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 2. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 skulu settar fram í þessari línu. Þær skulu innihalda bæði nýttar og ónýttar fjárhæðir. |
| 0610 | **Almennt fyrirframleyfi fyrir liði hæfra skuldbindinga: Fyrirframákvörðuð fjárhæð**<br>Fjárhæðir sem falla undir almennt fyrirframsamþykki til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ásamt 3. og 5. mgr. 32. gr. b í framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 skulu settar fram í þessari línu. Þær skulu innihalda bæði nýttar og ónýttar fjárhæðir. |

2.2. M 03.00 – Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol (ILAC)

2.2.1. Almennar athugasemdir

4. Með sniðmáti M 03.00 eru eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sett fram að því er varðar:

a) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB (innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar), og

b) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins sem gildir um mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í þriðja landi skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (innra heildartapþol).

5. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna sem mælt er fyrir um í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

2.2.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Ákvæði 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0020 | **Innra heildartapþol**<br>Ákvæði 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Beitingarstig**<br>Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og eftir atvikum innra heildartapþol, á einingargrunni, skal hann tilgreina „einstök“.<br>Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar , og eftir atvikum innra heildartapþol, á samstæðugrunni, skal hann tilgreina „samsteypt“. |
| 0100–0110 | **Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** |
| 0100 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Ákvæði a-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildaráhættugrunnurinn sem tilgreindur er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0110 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Ákvæði 45. gr. (b-liðar 2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB, 429. gr. (4. mgr.) og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0200–0295 | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0200 | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Samtala hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og trygginga sem heimilað er að telja með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar þeirrar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðin sem sett er fram í þessari línu skal vera fjárhæðin eftir frádráttinn í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>*Innra heildartapþol*<br>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem heimilað er að telja með í innra heildartapþol í samræmi við 2. og 3. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæðin sem sett er fram í þessari línu skal vera fjárhæðin eftir frádráttinn í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0210 | **Hæfur eiginfjárgrunnur**<br>Samtalan á almennu eigin fé þáttar 1, hæfu viðbótareiginfé þáttar 1 og hæfum eiginfjárþætti 2<br>Ef um er að ræða innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 89. gr. tilskipunar 2014/59/ESB teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240, eftir því sem við á.<br>Gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu eingöngu teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240 ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. |
| 0220 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)**<br>Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0230 | **Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1**<br>Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0240 | **Hæfur eiginfjárþáttur 2**<br>Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0250 | **Hæfar skuldbindingar og tryggingar** |
| 0260 | **Hæfar skuldbindingar (að undanskildum tryggingum)**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga.<br>*Innra heildartappol*<br>Reikna skal út fjárhæð hæfra skuldbindinga í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar þessar skuldbindingar uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Fjárhæðirnar sem tilkynnt er um skulu vera fjárhæðir fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga. |
| 0265 | **(-) Eigin gerningar vegna hæfra skuldbindinga: Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda**<br>Eftirfarandi fjárhæðir skulu settar fram í þessari línu:<br>i. ónotaðar fjárhæðir sértækrar heimildar, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga,<br>ii. ónotaðar fyrirframsamþykktar fjárhæðir, að því marki sem samþykkið tekur til gerninga vegna hæfra skuldbindinga. |
| 0270 | **Tryggingar sem skilaaðili leggur fram og skilastjórnvaldið heimilar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar gagnaskilaaðilanum að uppfylla kröfuna um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, skal tilgreina tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0280 | **Minnisatriði: Veðsettur hluti tryggingarinnar**<br>Sá hluti tryggingarinnar sem tilgreindur er í línu 0270 sem er veðsettur í gegnum fjárhagslega tryggingarráðstöfun eins og um getur í c-lið 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0290 | **(-) Eiginfjárgrunnsgerningar og gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar sömu skilasamstæðu**<br>Eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB skal setja fram í þessari línu.<br>Nota skal hlutfallið sem sett er fram í línu 0630 að því er varðar útreikninginn á frádrætti skv. 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0293 | **(-) þar af: Eiginfjárgrunnsgerningar gefnir út af einingum í skiptameðferð**<br>Tilkynna skal um fjárfestingar í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasamstæðu, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem skal draga frá í samræmi við fimmtu undirgrein 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.<br>Nota skal hlutfallið sem sett er fram í línu 0630 að því er varðar útreikninginn á frádrætti skv. 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB. |
| 0295 | **Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar**<br>Hæfar skuldbindingar geta ekki verið neikvæðar en mögulegt er að fjárhæð frádráttar frá hæfum skuldbindingum fari umfram fjárhæð hæfra skuldbindinga. Þegar það gerist skulu hæfu skuldbindingarnar vera jafnt og núll og umframfrádrátturinn dragast frá þætti 2 í samræmi við e-lið 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Með þessum lið næst fram að hæfu skuldbindingarnar eins og tilgreindar í línu 0251 eru aldrei lægri en núll. |
| 0400–0440 | **Hlutfallstölur hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga** |
| 0400 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0410 | **þar af: heimilaðar tryggingar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0420 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþoli, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a þeirrar reglugerðar. |
| 0430 | **þar af: heimilaðar tryggingar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0440 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar-** Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um innra heildartapþol skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar sem 90% af kröfunni í a-lið 1. mgr. 92. gr. a þeirrar reglugerðar,<br>b) kröfunni um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, þegar reiknuð er út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunni eins og tilgreindur er í línu 0100.<br>Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og dálknum fyrir innra heildartapþol.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| 0500–0550 | **Minnisatriði** |
| 0500 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)**<br>Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB<br>Samanlagða eiginfjáraukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni. |
| 0510 | **þar af: krafa um verndunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka. |
| 0520 | **þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka. |
| 0530 | **þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu. |
| 0540 | **þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0550–0600 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Aðilar sem, á skiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingarnar í línum 0550 til 0600. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina þær upplýsingar í þessu sniðmáti.<br>Ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktrar heimildar, að því marki sem heimildin tekur til gernings vegna hæfra skuldbindinga, teljast sem aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar að því er varðar þessar línur. |
| 0550 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar, eins og skilgreind er í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ekki er hæf til að uppfylla kröfurnar í 45. gr. og 45. gr. f þeirrar tilskipunar. |
| 0560 | **Þar af: sem falla undir lög þriðja lands**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0570 | **Þar af: sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0580–0600 | **Sundurliðun annarra eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt eftirstöðvatíma** |
| 0580 | Eftirstöðvatími < 1 ár |
| 0590 | Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár |
| 0600 | Eftirstöðvatími >= 2 ár |
| 0610 | **Undanþegnar skuldir**<br>Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0620 | **Eiginfjárgrunnsgerningar sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð innan sömu skilasamstæðu**<br>Eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar en eru í skiptameðferð, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Þessa fjárhæð skal setja fram í þessari línu án tillits til þess hvort skilyrðin sem mælt er fyrir um í fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB eru uppfyllt. |
| 0630 | **Hlutfall eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum sem gefnir eru út af einingum í skiptameðferð af hæfum eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum**<br>Ákvæði 2. mgr. a 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.<br>Hlutfallið skal eingöngu reiknað fyrir skiladagsetninguna 31. desember. Að því er varðar aðrar viðmiðunardagsetningar skal setja fram hlutfallið sem er reiknað frá og með 31. desember næstliðins árs. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Hlutfallið skal sett fram með eftirfarandi hætti:<br>— Teljari: Meðaltal tólf mánaðarlegra verðgilda eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunnsgerningum á viðkomandi almanaksári sem gefnir eru út af einingum sem eru ekki skilaaðilar en eru í skiptameðferð, sem skilastjórnvaldið ákvarðaði ekki lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>— Nefnari: Meðaltal tólf mánaðarlegra verðgilda eignarhlutdeildar í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum á viðkomandi almanaksári reiknað út án tillits til frádráttar á eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum skv. fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB. |

2.3. M 04.00 – Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga (LIAB-MREL)

2.3.1. Almennar athugasemdir

6. Í þessu sniðmáti þarf að fylla út upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga aðila sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Hæfar skuldbindingarnar eru sundurliðaðar eftir tegund skuldbindingar og líftíma.

7. Aðilar skulu einungis tilgreina skuldbindingar sem hæfar eru til að uppfylla lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB (MREL /innri MREL) í þessu sniðmáti.

8. Ef gagnaskilaaðilinn er skilaaðili skal tilgreina hæfar skuldbindingar eins og skilgreindar eru í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda. Ef um er að ræða hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands skal einungis taka með þær skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar í 55. gr. þeirrar tilskipunar.

9. Ef gagnaskilaaðilinn er annar aðili en skilaaðili skal hann tilgreina hæfar skuldbindingar eins og um getur í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB í þessu sniðmáti, og einnig taka, eftir atvikum, tillit til fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar.

10. Sundurliðunin eftir tegund skuldbindingar byggist á sama mengi skuldbindingategunda sem notað er í skýrslugjöf um gerð áætlana um skilameðferð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624. Tilvísanir til þeirrar framkvæmdarreglugerðar eru veittar til að skilgreina mismunandi tegundir skuldbindinga.

11. Ef krafist er sundurliðunar líftíma skal eftirstöðvatíminn vera tíminn fram að samningsbundna gjalddaganum eða, í samræmi við skilyrðin í 2. eða 3. mgr. 72. gr. c reglugerð (ESB) nr. 575/2013, dagsetningin sem fyrst er mögulegt að nýta valréttinn. Ef um er að ræða áfangagreiðslur á höfuðstól, skal höfuðstólnum skipt upp og úthlutað á samsvarandi líftímabil. Eftir atvikum skal taka tillit til líftímans, aðskilið fyrir bæði höfuðstól og áfallna vexti.

2.3.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0100 | **HÆFAR SKULDBINDINGAR** |
| 0200 | **Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi >= 1 ár**<br>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0320 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0210 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0220 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0230 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0300 | **Óveðsettar tryggðar skuldbindingar >= 1 ár**<br>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreint er að því er varðar línu 0340 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0310 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0320 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0330 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0400 | **Samsettar skuldaviðurkenningar >= 1 ár**<br>Samsettar skuldaviðurkenningar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0350 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0410 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0420 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0430 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0500 | **Ótryggðar forgangsskuldbindingar >= 1 ár**<br>Ótryggðar forgangsskuldbindingar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0360 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0510 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0520 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0530 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0600 | **Víkjandi forgangsskuldbindingar >= 1 ár**<br>Víkjandi forgangsskuldbindingar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0365 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0610 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0620 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0630 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0700 | **Víkjandi skuldir (ekki færðar sem eiginfjárgrunnur) >= 1 ár**<br>Víkjandi skuldir, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0370 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0710 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0720 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0730 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0800 | **Aðrar hæfar skuldbindingar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar >= 1 ár**<br>Allir aðrir gerningar sem eru hæfir skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0810 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0820 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0830 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |

3. Forgangsröðun lánardrottins

12. Í sniðmátunum M 05.00 og M 06.00 er gerð grein fyrir röðunarflokkun hæfra skuldbindinga í skuldaröð lánardrottins. Bæði sniðmátin eru ætíð sett fram á einingastigi.

13. Ef um er að ræða aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar er fjárhæðin sem úthlutað er í hvern röðunarflokk sundurliðuð enn frekar niður á fjárhæðir sem skuldaðar eru aðilanum í skilameðferð og aðrar fjárhæðir sem ekki eru skuldaðar aðilanum í skilameðferð, eftir atvikum.

14. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta skal við línum fyrir forgangsröðunina þar til hæfasti gerningurinn með mestum forgangi og allar skuldbindingar sem flokkast jafngildar honum hafa verið tilgreind.

3.1. M 05.00 – Forgangsröðun lánardrottins (aðili sem ekki er skilaaðili)

3.1.1. Almennar athugasemdir

15. Einingar sem falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu í þessu sniðmáti setja fram:

a) almennt eigið fé þáttar 1 eins og um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) viðbótareigiðfé þáttar 1 eins og um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) gerninga undir þætti 2 og tengt yfirverð á hlutafé, eins og um getur í a- og b-lið 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. afskrifaðan hluta gerningsins sem ekki er færður í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 92. gr. eða 92. gr. b þeirrar reglugerðar eða 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og

d) skuldagerninga sem eru hæfir til að uppfylla innri lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar,

e) aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar,

f) skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf skulu teknar með, að því marki sem þær eru flokkaðar jafngildar eða fyrir neðan gerning í forgangsröð sem tekinn er með í fjárhæðina fyrir hæfar skuldbindingar, að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

16. Fjárhæðir gerninga sem eru hæfir til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 92. gr. eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við viðeigandi umbreytingarákvæði skulu einnig teljast innan gildissviðs gerninganna og liðanna sem taldir eru upp í 20. gr.

17. Fjárhæðir gerninganna sem um getur í a-, b- og c-lið 20. mgr. skal vera fjárhæðin eftir frádrátt eignarhlutdeildar í eigin gerningum eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

18. Fjárhæðir gerninganna sem um getur í a- til d-lið 20. mgr. skulu vera fjárhæðin fyrir frádrátt á ónotuðum fyrirframsamþykktum fjárhæðum.

19. Aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, skulu tilgreina í þessu sniðmáti gerningana og liðina sem tilgreindir eru í 20. mgr. þessa þáttar, að undanskildum skuldbindingum sem undanskildar eru eftirgjöf sem um getur í f-lið þeirrar málsgreinar.

20. Þrátt fyrir 24. mgr. geta aðilar valið að gefa upp sama umfang eiginfjárgrunns og skuldbindinga og tilgreint er í 20. mgr.

21. Aðilar sem, á gagnaskiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar í þessu sniðmáti.

22. Samsetning dálka 0010 og 0020 er auðkenni línu sem skal vera einkvæmt fyrir allar línur í sniðmátinu.

3.1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Rétthæð vegna ógjaldfærni í skuldaröð lánardrottins fyrir gagnaskilaaðilann skal tilgreind og byrja á þeim sem er í minnstum forgangi.<br>Rétthæð vegna ógjaldfærni skal falla undir einn af flokkum rétthæðar vegna ógjaldfærni sem birtur hefur verið af skilastjórnvaldinu í þeirri lögsögu. |
| 0020 | **Tegund lánardrottins**<br>Tegund lánardrottins skal vera annað af eftirfarandi:<br>— „skilaaðili“<br>Velja skal þessa skráningu til að tilgreina fjárhæðirnar sem skilaaðili skuldar beint eða óbeint í gegnum aðila sem tilheyra eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum.<br>— „Aðrir aðilar en skilaaðilar“<br>Velja skal þessa skráningu til að tilgreina fjárhæðirnar sem aðrir lánardrottnar skulda, eftir atvikum. |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0030 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Lýsingin sem fylgir rétthæð vegna ógjaldfærni sem birt hefur verið af skilastjórnvaldinu í lögsögu þess, þegar stöðluð skrá sem inniheldur slíka lýsingu er tiltæk. Að öðrum kosti, eigin lýsing stofnunarinnar á rétthæð vegna ógjaldfærni, þar sem a.m.k. er getið megintegundar gernings með viðkomandi rétthæð vegna ógjaldfærni. |
| 0040 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn, hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem úthlutað er rétthæð vegna ógjaldfærni sem gefin er upp í dálki 0010 skal tilgreind.<br>Eftir atvikum skal þessi dálkur einnig ná yfir skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf, að því marki sem forgangsröðun þeirra er lægri en eða jafngild eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í 24. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í 25. mgr. |
| 0050 | **Þar af: undanþegnar skuldir**<br>Fjárhæðin fyrir skuldbindingar sem undanþegnar eru í samræmi við 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ef skilastjórnvaldið ákveður að undanskilja skuldir í samræmi við 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar skulu þær undanþegnu skuldir tilgreindar í þessum dálki einnig.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í 24. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í 25. mgr. |
| 0060 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Þegar einingar fylla í dálk 0040 skal fjárhæðin fyrir skuldbindingar og eiginfjárgrunn, eins og gefin er upp í dálki 0040, tilgreind, lækkuð með fjárhæðinni á undanþegnum skuldum sem gefin er upp í dálki 0050.<br>Þegar einingar fylla ekki í dálk 0040 skulu þær tilkynna eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar í tilgangi innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í þessum dálki. Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar skulu settar fram í þessum dálki með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru í 26. mgr. |
| 0070 | **þar af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB skal tilgreind. |
| 0080–0110 | **þar af: með eftirstöðvatíma**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, eins og tilgreind er í dálki 0070, skal sundurliðuð samkvæmt eftirstöðvatíma hinna mismunandi gerninga og liða. Gerningar og liðir með ótakmarkaðan gildistíma skulu ekki teknir með í þessa sundurliðun heldur tilgreindir sérstaklega í dálki 0120. |
| 0080 | **≥ 1 ár < 2 ár** |
| 0090 | **≥ 2 ár < 5 ár** |
| 0100 | **≥ 5 ár < 10 ár** |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0110 | **≥ 10 ár** |
| 0120 | **Þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Færa skal verðbréf með ótakmarkaðan gildistíma og almennt eigið fé þáttar 1 og yfirverð viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2 sem eru innan gildissviðs þessa sniðmáts í þennan dálk. |

3.2. M 06.00 – Forgangsröðun lánardrottins (skilaaðili) (RANK)

3.2.1. Almennar athugasemdir

23. Einingar sem falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu í þessu sniðmáti setja fram

a) almennt eigið fé þáttar 1 eins og um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) viðbótareigiðfé þáttar 1 eins og um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) gerninga undir þætti 2 og tengt yfirverð á hlutafé, eins og um getur í a- og b-lið 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. afskrifaðan hluta gerningsins sem ekki er færður í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 92. gr. eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

d) skuldagerninga sem eru hæfir til að uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar,

e) aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar,

f) skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf skulu teknar með, að því marki sem þær eru flokkaðar *jafngildar* eða fyrir neðan gerning í forgangsröð sem tekinn er með í fjárhæðina fyrir hæfar skuldbindingar, að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

24. Fjárhæðir gerninga sem eru hæfir til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 92. gr. eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við viðeigandi umbreytingarákvæði skulu einnig teljast innan gildissviðs gerninganna og liðanna sem taldir eru upp í 28. gr.

25. Aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna sem sett er fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, skulu tilgreina í þessu sniðmáti gerningana og liðina sem tilgreindir eru í 28. mgr. þessa þáttar, að undanskildum skuldbindingum sem undanskildar eru eftirgjöf sem um getur í f-lið þeirrar málsgreinar.

26. Þrátt fyrir 30. mgr. geta aðilar valið að gefa upp sama umfang eiginfjárgrunns og skuldbindinga og tilgreint er í 28. mgr.

27. Fjárhæðir gerninganna sem um getur í a-, b- og c-lið 28. mgr. skal vera fjárhæðin eftir frádrátt eignarhlutdeildar í eigin gerningum eins og um getur í 36. gr. (f-liður 1. mgr.), 56. gr. (a-liður) og 66. gr. (a-liður) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

28. Fjárhæðir gerninganna sem um getur í a- til d-lið 28. mgr. skulu vera fjárhæðin fyrir frádrátt á ónotuðum fjárhæðum fyrirframsamþykktra heimilda.

29. Aðilar sem, á gagnaskiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar í þessu sniðmáti.

3.2.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Sjá leiðbeiningar um dálk 0010 í sniðmáti M 05.00<br>Þessi dálkur er auðkenni línu sem skal vera einkvæmt fyrir allar línur í sniðmátinu. |
| 0020 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Sjá leiðbeiningar um dálk 0030 í sniðmáti M 05.00 |
| 0030 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn, hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem úthlutað er rétthæð vegna ógjaldfærni sem gefin er upp í dálki 0010 skal tilgreind.<br>Eftir atvikum skal þessi dálkur einnig ná yfir skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf, að því marki sem rétthæð þeirra er lægri en eða jafngild hæfum skuldbindingum.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í 30. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í 31. mgr. |
| 0040 | **Þar af: undanþegnar skuldir**<br>Fjárhæð fyrir skuldbindingar sem undanþegnar eru skv. 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í 30. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í 31. mgr. |
| 0050 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Þegar einingar fylla í dálk 0030 skal fjárhæðin fyrir skuldbindingar og eiginfjárgrunn, eins og gefin er upp í dálki 0030, tilgreind, lækkuð með fjárhæðinni á undanþegnum skuldum sem gefin er upp í dálki 0040.<br>Þegar einingar fylla ekki í dálk 0030 skulu þær tilkynna eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar í tilgangi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í þessum dálki. Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar skulu settar fram í þessum dálki með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru í 34. mgr. |
| 0060 | **þar af: eiginfjárgrunnur og skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar að því er varðar að uppfylla kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar. |
| 0070–0100 | **þar af: með eftirstöðvatíma**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar að því er varðar að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, eins og tilgreint er í dálki 0060, skal sundurliðuð samkvæmt eftirstöðvatíma hinna mismunandi gerninga og liða. Gerningar og liðir með ótakmarkaðan gildistíma skulu ekki teknir með í þessa sundurliðun heldur tilgreindir sérstaklega í dálki 0110. |
| 0070 | **≥ 1 ár < 2 ár** |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0080 | **≥ 2 ár < 5 ár** |
| 0090 | **≥ 5 ár < 10 ár** |
| 0100 | **≥ 10 ár** |
| 0110 | **Þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Færa skal verðbréf með ótakmarkaðan gildistíma og almennt eigið fé þáttar 1 og yfirverð viðbótareigin-fjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2 sem eru innan gildissviðs þessa sniðmáts í þennan dálk. |

4. M 07.00 – Gerningar sem falla undir lög þriðja lands (MTCI)

4.1. Almennar athugasemdir

30. Í sniðmáti M 07.00 er sett fram, eftir hverjum og einum samningi fyrir sig, sundurliðun á gerningum sem eru hæfir sem eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Eingöngu gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu tilgreindir í sniðmátinu.

31. Í tengslum við hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, skulu aðilar eingöngu tilgreina skuldabréf sem eru jafngeng framseljanlegum fjármálagerningum, að undanskildum lánum og innstæðum.

32. Ef um er að ræða gerninga sem að hluta til eru hæfir fyrir tvo mismunandi flokka eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga skal gerningurinn tilgreindur tvisvar til að endurspegla fjárhæðirnar sem úthlutað er á hina mismunandi fjármagnsflokka sérstaklega.

33. Samsetning dálka 0020 (Kóði útgáfuaðila), 0040 (Samningsauðkenni) og 0070 (Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga) mynda auðkenni línu sem verður að vera einkvæmt fyrir hverja línu sem tilgreind er í sniðmátinu.

4.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010–0030 | **Útgáfuaðili**<br>Þegar upplýsingarnar eru tilgreindar með tilvísun til skilasamstæðu skal gefa upp þann aðila í samstæðunni sem gaf út viðkomandi gerning. Þegar upplýsingarnar eru tilgreindar með tilvísun til einstaks skilaaðila skal útgáfuaðilinn vera gagnaskilaaðilinn sjálfur. |
| 0010 | **Heiti**<br>Heiti aðilans sem gaf út eiginfjárgrunnsgerninginn eða hæfa skuldagerninginn. |
| 0020 | **Kóði**<br>Kóði aðilans sem gaf út eiginfjárgrunnsgerninginn eða hæfa skuldagerninginn.<br>Kóðinn sem hluti af auðkenni línu verður að vera einkvæmur fyrir hvern tilgreindan aðila. Fyrir stofnanir skal kóðinn vera LEI-kóðinn. Fyrir aðra aðila skal kóðinn vera LEI-kóðinn, eða ef hann er ekki tiltækur, landsbundinn kóði. Kóðinn skal vera einkvæmur og notaður með samræmdum hætti í öllum sniðmátunum og á öllum tímum. Kóðinn skal ætíð hafa gildi. |
| 0030 | **Tegund kóða**<br>Stofnanirnar skulu auðkenna tegund kóða sem tilgreindur er í dálki 0020 sem „LEI-kóða“ eða „ekki LEI-kóða“. Alltaf skal tilgreina tegund kóða. |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0040 | **Auðkenni samnings**<br>Auðkenni samnings fyrir gerninginn, s.s. CUSIP-númer, ISIN-númer eða Bloombergs-auðkenni fyrir lokuð útboð, skulu tilgreind.<br>Þessi liður er hluti af auðkenni línu. |
| 0050 | **Gildandi lög (þriðja land)**<br>Þriðja landið (önnur lönd en löndin á Evrópska efnahagssvæðinu) þar sem lög gilda um samninginn, eða hluta samningsins, skal gefið upp. |
| 0060 | **Samningsbundin viðurkenning niðurfærslu- og umbreytingarheimilda**<br>Gefa skal upp hvort samningurinn innihaldi samningsskilmálana sem um getur í 55. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB, 52. gr. (p- og q-lið 1. mgr.) og 63. gr. (n- og o-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0070–0080 | **Stjórnsýsluleg meðferð** |
| 0070 | **Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga**<br>Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga, eftir hæfi gerningsins á viðmiðunardagsetningunni. Taka skal tillit til umbreytingarákvæða fyrir hæfi gerninga. Gerningar sem teljast hæfir fyrir marga fjármagnsflokka skulu tilgreindir einu sinni fyrir gildandi fjármagnsflokk.<br>Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga skal vera ein af eftirfarandi:<br>— CET1<br>— Viðbótareigiðfé þáttar 1<br>— Þáttur 2<br>— Hæfar skuldbindingar |
| 0080 | **Tegund gernings**<br>Tegund gerningsins sem gera á grein fyrir ræðst af þeim lögum sem gilda um hann við útgáfu.<br>Ef um er að ræða almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skal velja tegund gernings af listanum yfir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur birt skv. 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða annan eiginfjárgrunn en almennt eigið fé þáttar 1, og hæfar skuldbindingar, skal velja tegund gernings af lista yfir samsvarandi gerninga sem birtur hefur verið af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, lögbærum yfirvöldum eða skilastjórnvöldum, þegar slíkur listi er tiltækur. Ef enginn listi er tiltækur skal gagnaskilaaðilinn sjálfur tilgreina tegundina á gerningunum. |
| 0090 | **Fjárhæð**<br>Fjárhæðin sem er færð í eiginfjárgrunn eða hæfar skuldbindingar skal tilgreind að teknu tilliti til stigsins sem skýrslan miðast við, ef um er að ræða gerninga sem teknir eru með á mörgum stigum. Fjárhæðin skal vera fjárhæðin sem á við á viðmiðunardagsetningunni, að teknu tilliti til áhrifanna af umbreytingarákvæðum. |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0100–0110 | **Rétthæð við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð**<br>Gefa skal upp rétthæð gerningsins við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð.<br>Hún skal samanstanda af tveggja bókstafa ISO-kóða þess lands sem sett hefur lögin sem samningurinn fellur undir (dálkur 0100), sem skulu vera lög aðildarríkis, og tölunni fyrir viðkomandi rétthæð vegna ógjaldfærni (dálkur 0110).<br>Ákvörðun um viðkomandi rétthæð vegna ógjaldfærni skal byggjast á þeirri rétthæð vegna ógjaldfærni sem skilastjórnvöld eða önnur stjórnvöld hafa birt, þegar slíkur staðlaður listi er tiltækur. |
| 0120 | **Líftími**<br>Líftími gerningsins skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá. Ef um er að ræða gerninga með ótakmarkaðan gildistíma skal skilja reitinn eftir auðan. |
| 0130 | **(Fyrsti) innlausnardagur**<br>Þegar útgefandi er handhafi kaupréttar skal tilgreina fyrstu dagsetninguna sem hægt er að nýta réttinn.<br>Ef fyrsti innlausnardagur er fyrir viðmiðunardagsetninguna skal tilgreina þann dag ef ennþá er hægt að nýta réttinn. Ef ekki er lengur hægt að nýta hann skal tilgreina næstu dagsetningu sem hægt er að nýta réttinn á.<br>Ef um er að ræða kauprétt útgefanda með ótiltekinn nýtingardag eða ef kaupréttur virkjast við tiltekna atburði skal tilgreina líklegan innlausnardag út frá varfærnu mati.<br>Ekki skal taka tillit til kauprétta sem koma til vegna stjórnvaldskröfu eða af skattalegum ástæðum að því er varðar þennan dálk. |
| 0140 | **Stjórnvaldsleg innlausn (Já/Nei)**<br>Gefa skal upp hvort útgefandinn er handhafi kaupréttar sem nýtanlegur er þegar stjórnvaldsatburður á sér stað sem áhrif hefur á hæfi samningsins að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. |

*III. VIÐAUKI*

**BIRTING UPPLÝSINGA UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR**

| Kóði sniðmáts | Heiti sniðmáts |
|---|---|
| EU KM2 | Lykilmælistikur – lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu |
| EU TLAC1 | Samsetning – lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu |
| EU iLAC | Innra tapþol: innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægrar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins |
| EU TLAC2 | Forgangsröðun lánardrottins - aðili sem ekki er skilaaðili |
| EU TLAC3 | Forgangsröðun lánardrottins - skilaaðili |

**EU KM2: Lykilmælistikur – lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu**

| | | a | b | c | d | e | f |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)** | **Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)** | | | | |
| | | **T** | **T** | **T-1** | **T-2** | **T-3** | **T-4** |
| **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar, hlutföll og efnisþættir** | | | | | | | |
| 1 | Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar | | | | | | |
| EU-1a | Þar af eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir | | | | | | |
| 2 | Heildaráhættugrunnur skilasamstæðunnar | | | | | | |
| 3 | Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni | | | | | | |
| EU-3a | Þar af eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir | | | | | | |
| 4 | Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar skilasamstæðunnar | | | | | | |
| 5 | Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hundraðshluti af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (TEM) | | | | | | |
| EU-5a | Þar af eiginfjárgrunnur eða víkjandi skuldir | | | | | | |
| 6a | Gildir undanþágan frá forgangsröðun í 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013? (5% undanþága) | | | | | | |
| 6b | Heildarfjárhæð heimilaðra gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, ef ákvörðunarrétti að því er varðar forgangsröðun í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt (undanþága að hámarki 3,5%) | | | | | | |

| | | a | b | c | d | e | f |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)** | **Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)** | | | | |
| | | **T** | **T** | **T-1** | **T-2** | **T-3** | **T-4** |
| 6c | Ef þak er á undanþágu frá forgangsröðun, í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, útgefna fjármögnunar-fjárhæðin sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum og færð er í línu 1, deilt með útgefinni fjármögnun sem flokkast jafngild undanþegnum skuldum og sem myndi vera færð í línu 1 ef engu þaki væri beitt (%) | | | | | | |
| **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)** | | | | | | | |
| EU-7 | Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni | | | | | | |
| EU-8 | Þar af sem uppfylla á með eiginfjárgrunni eða víkjandi skuldum | | | | | | |
| EU-9 | Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar | | | | | | |
| EU-10 | Þar af sem uppfylla á með eiginfjárgrunni eða víkjandi skuldum | | | | | | |

**ESB TLAC1 - Samsetning - Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu**

| | | a | b | c |
|---|---|---|---|---|
| | | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)** | **Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)** | **Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol** |
| **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar og leiðréttingar** | | | | |
| 1 | Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) | | | |
| 2 | Viðbótareigiðfé þáttar 1 (AT1) | | | |
| 3 | Autt mengi í ESB | | | |
| 4 | Autt mengi í ESB | | | |
| 5 | Autt mengi í ESB | | | |
| 6 | Eiginfjárþáttur 2 | | | |
| 7 | Autt mengi í ESB | | | |
| 8 | Autt mengi í ESB | | | |

| | | a | b | c |
|---|---|---|---|---|
| | | **Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)** | **Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (TLAC)** | **Minnisatriði: Hæfar fjárhæðir að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en ekki heildartapþol** |
| 11 | Eiginfjárgrunnur að því er varðar 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB | | | |
| **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar: Ólögbundnir eiginfjárþættir** | | | | |
| 12 | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem skilaaðili gefur út beint, sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um) | | | |
| EU-12a | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem aðrir aðilar innan skilasamstæðunnar gefa út og eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um) | | | |
| EU-12b | Gerningar vegna hæfra skuldbindinga sem eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (víkjandi, sem eldri reglur gilda um) | | | |
| EU-12c | Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2 | | | |
| 13 | Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks) | | | |
| EU-13a | Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks) | | | |
| 14 | Fjárhæð gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem ekki eru víkjandi, þegar við á eftir beitingu ákvæða 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar um eiginfjárkröfur (CRR) | | | |
| 15 | Autt mengi í ESB | | | |
| 16 | Autt mengi í ESB | | | |
| 17 | Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar | | | |
| EU-17a | Þar af víkjandi skuldaliðir | | | |
| EU-7 | **Hæfar skuldbindingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, skal einnig taka með í þessa línu tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Reikna skal út fjárhæðina á hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar þessar skuldbindingar uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar. |
| EU-8 | **Hæfar skuldbindingar – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-9a | **(Leiðréttingar)**<br>Neikvæð fjárhæð<br>Eftirfarandi leiðréttingar skulu settar fram í þessari línu:<br>— eignarhlutdeild í eiginfjárgrunnsgerningum og gerningum vegna hæfra skuldbindinga sem skal draga frá í samræmi við 5. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða fimmtu undirgrein 2. mgr. a í 45. gr. c tilskipunar 2014/59/ESB,<br>— fjárhæðir sem falla undir heimild til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga vegna hæfra skuldbindinga í samræmi við 78. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því marki sem sá skýrslugefandi aðili hefur enn ekki fullnýtt þá fjárhæð til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga („ónotaðar fjárhæðir fyrirframsamþykktra heimilda“) |
| EU-9b | **Eiginfjárgrunnur og liðir hæfra skuldbindinga eftir leiðréttingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga aðilans, að frádregnum leiðréttingum, sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og sett er fram í 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Skal reiknað út sem lína EU-6, plús lína EU-7, plús lína EU-9a.<br>*Innra heildartapþol*<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem reiknuð eru með í kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins, eins og sett er fram í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Skal reiknað út sem lína EU-6, plús lína EU-7. |
| EU-10 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Heildaráhættugrunnur einstakra aðila eða samstæðunnar á því stigi sem kröfurnar hafa verið ákvarðar, eftir því sem við á, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-11 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar (nefnari fyrir vogunarhlutfall) einstakra aðila eða samstæðunnar á því stigi sem kröfurnar hafa verið ákvarðar, eftir því sem við á, í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| EU-12 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni.<br>Skal reiknað út sem lína EU-9b, deilt með línu EU-10. |
| EU-13 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem hlutfall af heildaráhættugrunni.<br>Skal reiknað út sem lína EU-8, deilt með línu EU-10. |
| EU-14 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar-innar**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.<br>Skal reiknað út sem lína EU-9b, deilt með línu EU-11. |
| EU-15 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar-innar – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.<br>Skal reiknað út sem lína EU-8, deilt með línu EU-11. |
| EU-16 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tiltækt er eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem 90% af kröfunni í a-lið 1. mgr. 92. gr. a þeirrar reglugerðar og<br>b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Talan sem birt er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og dálknum fyrir heildartapþol.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu málsgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| EU-17 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun**<br>Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun sem skilgreind er í 6. lið fyrstu málsgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, sem gildir um eininguna í samræmi við 6. lið fyrstu málsgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. |
| EU-18 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um aðilann í samræmi við 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni (á eininga- eða samstæðustigi, eftir því sem við á).<br>*Innra heildartapþol*<br>Krafa sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gefin upp sem hlutfall af heildar-áhættugrunnsfjárhæðinni (á einingar- eða samstæðustigi, eftir því sem við á). |
| EU-19 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni – þar af hluti kröfunnar sem hægt er að uppfylla með tryggingu**<br>Eftir atvikum, hluti kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, sem skilaaðili getur uppfyllt með tryggingu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-20 | **Krafa gefin upp sem hundraðshluti af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um aðilann í samræmi við 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (á einingarstigi eða samstæðustigi móðurfélags í Sambandinu, eftir því sem við á).<br>*Innra heildartapþol*<br>Krafa sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (á einingar- eða samstæðustigi, eftir því sem við á). |
| EU-21 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (TEM) – þar af hluti kröfunnar sem hægt er að uppfylla með tryggingu**<br>Eftir atvikum, hluti kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, sem skilaaðili getur uppfyllt með tryggingu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-22 | **Heildarfjárhæð undanþeginna skulda sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013** |

5. **EU TLAC2: Forgangsröðun lánardrottins – aðilar sem sjálfir eru ekki skilaaðilar**

8. Upplýsingarnar í þessu sniðmáti EU TLAC2 eru birtar á stigi einstakra aðila.

9. Sniðmátið EU TLAC2 er til í tveim útgáfum, EU TLAC2a og EU TLAC2b. TLAC2a nær yfir alla fjármögnun sem er jafngild eða lægra sett en hæfir gerningar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t. eiginfjárgrunnur og aðrir fjármagnsgerningar. EU TLAC2b nær eingöngu yfir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar til að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar.

10. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar, geta aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, valið hvort þeir nota EU TLAC2a eða EU TLAC2b til að uppfylla birtingarkröfuna sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

11. Frá dagsetningunni þegar ákvæði 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB kemur til framkvæmda skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar í sniðmáti TLAC2a um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfurnar um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol. Fyrir þá dagsetningu skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfuna um innra heildartapþol.

12. Útistandandi fjárhæðir sem um getur í línunum verður að skipta upp í rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni á grundvelli laga um ógjaldfærni fyrir útgáfuaðilann, án tillits til þeirra laga sem gilda um gerninginn.

13. Forgangsröðunin á ógjaldfærni skal vera sú sem lögbæra skilastjórnvaldið hefur tilkynnt um í samræmi við stöðluðu framsetninguna sem tilgreind er í 8. gr. þessarar reglugerðar.

14. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta verður við dálkum fyrir röðunina þar til hinir mögulega hæfu gerningar með mestum forgangi hafa verið birtir.

15. Fjárhæðin, sem úthlutað er í hvern röðunarflokk, er sundurliðuð frekar niður á fjárhæðir í eigu skilaaðila, þ.m.t. fjárhæðir í beinni eða óbeinni eigu skilaaðila í gegnum aðila í eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum, og aðrar fjárhæðir sem ekki eru í eigu skilaaðila, eftir atvikum. Heildarfjárhæðin fyrir hverja línu er sett inn í síðasta dálk hverrar línu.

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 1 | **Autt mengi í ESB** |
| 2 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni (eigin texti)**<br>Fjöldi rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (n) í skuldaröð lánardrottins er háður skuldbindingamengi útgáfuaðilans. Lýsingin ætti að innihalda nánari skýringu á tegundum krafna sem eru innan þeirra rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (t.d. almennt eigið fé þáttar 1, gerningar undir þætti 2).<br>Einn dálkur er fyrir hvern rétthæðarflokk vegna ógjaldfærni þar sem fjárhæðin er alfarið í eigu skilaaðila, þ.m.t. fjárhæðir í beinni eða óbeinni eigu skilaaðila í gegnum aðila sem tilheyra eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum, og annar dálkur þar sem hluti fjárhæðarinnar í röðunarflokki er einnig í eigu eigenda sem sjálfir eru ekki skilaaðilar. |
| 3 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðir eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og skuldbindinga sem flokkast lægra en eða jafngildar eiginfjárgrunni eða hæfum skuldbindingum.<br>Þetta skal einnig innihalda skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf. |

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 4 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur – þar af undanþegnar skuldir**<br>Sundurliðun skulda sem undanþegnar eru skv. 72. gr. a (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 44. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB og, eftir atvikum, 44. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 5 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 6 | **Hlutmengi skuldbindinga og eiginfjárgrunns að frádregnum undanþegnum skuldum sem eru eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar/innra heildartapþol**<br>Sundurliðun fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða að því er varðar innra heildartapþol, eftir því sem við á, í samræmi við 11. mgr. hér að ofan. |
| 7 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 1 ár < 2 ár**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 8 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 2 ár < 5 ár**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 9 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 5 ár < 10 ár**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 10 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 10 ár, en að undanskildum skuldabréfum með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 11 | **Þar af skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 6 sem er með ótakmarkaðan gildistíma. |

6. **EU TLAC3: Forgangsröðun lánardrottins - skilaaðili**

16. Upplýsingarnar í þessu sniðmáti EU TLAC3 eru birtar á stigi einstakra aðila.

17. Sniðmátið EU TLAC3 er til í tveim útgáfum, EU TLAC3a og EU TLAC3b. EU TLAC3a nær yfir alla fjármögnun sem er jafngild eða lægra sett en mögulega hæfir gerningar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t. eiginfjárgrunnur og aðrir fjármagnsgerningar. Fjárhæðir sem eru óhæfar eingöngu vegna krafna um undirskipun skulu teknar með að fullu í línuna sem samsvarar viðkomandi rétthæðarflokki vegna ógjaldfærni, þ.e. án beitingar þaks. EU TLAC3b nær eingöngu yfir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar til að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar.

18. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar, geta aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, valið hvort þeir nota EU TLAC3a eða EU TLAC3b til að uppfylla birtingarkröfuna sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

19. Frá dagsetningunni þegar ákvæði 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB kemur til framkvæmda skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar í sniðmáti EU TLAC3a um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfurnar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol. Fyrir þá dagsetningu skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfuna um innra heildartapþol.

20. Útistandandi fjárhæðir sem um getur í línum 2 til 10 verður að skipta upp í rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni á grundvelli laga um ógjaldfærni fyrir útgáfuaðilann, án tillits til þeirra laga sem gilda um gerninginn.

21. Rétthæðarflokkar vegna ógjaldfærni skulu vera þeir sem lögbæra skilastjórnvaldið hefur tilkynnt um í samræmi við stöðluðu framsetninguna sem tilgreind er í viðkomandi sniðmáti fyrir skýrslugjöf.

22. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta verður við dálkum fyrir röðunina þar til hinir mögulega hæfu gerningar með mestum forgangi hafa verið birtir.

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 1 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni (eigin texti)**<br>Fjöldi rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (n) í skuldaröð lánardrottins er háður skuldbindingamengi aðilans. Einn dálkur er fyrir hvern flokk rétthæðar vegna ógjaldfærni. Lýsingin ætti að innihalda nánari skýringu á tegundum krafna sem eru innan þeirra rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (t.d. almennt eigið fé þáttar 1, gerningar undir þætti 2). |
| 2 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðir eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og skuldbindinga sem flokkast lægra en eða jafngildar eiginfjárgrunni eða hæfum skuldbindingum.<br>Þetta skal einnig innihalda skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 3 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur – þar af undanþegnar skuldir**<br>Sundurliðun skulda sem undanþegnar eru skv. 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og, eftir atvikum, 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 4 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 5 | **Hlutmengi skuldbindinga og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum sem eru eiginfjárgrunnur og skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar/heildartapþol**<br>Sundurliðun fjárhæðar eiginfjárgrunns og skuldbindinga sem hæfar eru að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða að því er varðar heildartapþol, eftir því sem við á, í samræmi við 19. mgr. hér að ofan, án beitingar þaksins við færsluna á skuldum sem ekki eru víkjandi. |
| 6 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 1 ár < 2 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 7 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 2 ár < 5 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 8 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 5 ár < 10 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 9 | **þar af eftirstöðvatími ≥ 10 ár, en að undanskildum skuldabréfum með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 10 | **Þar af skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 5 sem er með ótakmarkaðan gildistíma. |

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/2859** **2026/EES/53/04**

**frá 13. desember 2023**

**um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Auðveldur og skipulegur aðgangur að gögnum er mikilvægur til að einstaklingar sem taka ákvarðanir, fagfjárfestar og almennir fjárfestar, frjáls félagasamtök, borgaraleg samtök, félagsmála- og umhverfissamtök, sem og aðrir hagsmunaaðilar í hagkerfinu og samfélaginu, geti tekið traustar, upplýstar og umhverfislega og félagslega ábyrgar fjárfestingarákvarðanir sem þjóna skilvirkri starfsemi markaðarins. Sömuleiðis er sérstaklega mikilvægt að sjá vísindamönnum og fræðimönnum í háskólum, sem stunda fræðilegar rannsóknir eða rannsóknir sem byggjast á reynslu á fjármálamörkuðum, fyrir áreiðanlegum og kerfisbundnum upplýsingaveitum. Einnig er nauðsynlegt að tryggja auðveldari aðgang að upplýsingum til almennings, þ.m.t. upplýsingum sem valfrjálst er að veita, til að auka tækifæri lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að vaxa og vera sýnileg og til nýsköpunar. Innleiðing á sameiginlegu gagnasvæði í Sambandinu í mikilvægum geirum, þ.m.t. í fjármálageiranum, þjónar þeim tilgangi að veita greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum í þessum geirum.

2) Í orðsendingu sinni frá 24. september 2020 undir heitinu „Samband fjármagnsmarkaða fyrir fólk og fyrirtæki – ný aðgerðaáætlun („aðgerðaáætlun sambands fjármagnsmarkaða“ (e. *CMU Action Plan*))“ lagði framkvæmdastjórnin til að bæta ætti almennan aðgang að fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum frá aðilum með því að koma á einum evrópskum aðgangsstað. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2020 með fyrirsögninni „Áætlun ESB um stafræn fjármál („Áætlun um stafræn fjármál“ (e. *digital finance strategy*)) var sett fram í almennum orðum hvernig Sambandið gæti stuðlað að stafrænni umbreytingu fjármála á næstu árum, einkum hvernig ætti að efla gagnadrifin fjármál. Í orðsendingu sinni frá 6. júlí 2021 sem ber heitið „Áætlun um fjármögnun umskipta yfir í sjálfbært hagkerfi“, lagði framkvæmdastjórnin síðan megináherslu á sjálfbær fjármál innan fjármálakerfisins sem lykilatriði til að ná fram grænum umskiptum á hagkerfi Sambandsins, sem hluta af Grænu samkomulagi í Evrópu sem sett var fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019.

3) Til að græn umbreyting á hagkerfi Sambandsins geti tekist með sjálfbærum fjármálum er mikilvægt að fjárfestar hafi greiðan aðgang að upplýsingum sem tengjast sjálfbærni fyrirtækja svo að þeir séu betur upplýstir þegar þeir taka ákvarðanir um fjárfestingar. Í þessu skyni þarf að bæta almennan aðgang að fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum um aðila, s.s. fyrirtæki og fjármálastofnanir. Skilvirk leið til að ná þessu fram á vettvangi Sambandsins er að koma á fót miðlægum vettvangi, einum evrópskum aðgangsstað, sem veitir rafrænan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 303/2025 frá 5. desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 16.4.2026, bls. 85.

([1]) Stjtíð. ESB C 290, 29.7.2022, bls. 58.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. nóvember 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. nóvember 2023.

4) Einn evrópskur aðgangsstaður ætti að veita almenningi auðveldan, miðlægan aðgang að upplýsingum um aðila og afurðir þeirra sem eru gerðar opinberar og eru mikilvægar fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði, sjálfbærni og fjölbreytileika, en ætti ekki að taka til markaðsupplýsinga. Þörf er á slíkum aðgangi til að mæta vaxandi eftirspurn eftir fjárfestingarhæfum og fjölbreyttum fjármálaafurðum sem falla undir regnhlíf umhverfis-, samfélags- og stjórnunarþátta og til að beina fjármagni til þessara afurða. Einum evrópskum aðgangsstað er ætlað að vera framsýnn vettvangur sem ætti að gera ráð fyrir upplýsingum til almennings sem varða fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði, sjálfbærni og fjölbreytileika sem rekja má til framtíðarlagagerða Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um könnun á áreiðanleika fyrirtækja og breytingu á tilskipun (ESB) 2019/1937.

5) Fjárfestar, markaðsaðilar, ráðgjafar, fræðasamfélagið og allur almenningur geta haft hag af því að nálgast upplýsingar sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði, sjálfbærni og fjölbreytileika, aðrar en þær sem krafist er að verði birtar opinberlega samkvæmt lögum Sambandsins, ef aðili gerir upplýsingarnar aðgengilegar almenningi. Einkum kunna lítil og meðalstór fyrirtæki að vilja gera meira af upplýsingum sínum aðgengilegar almenningi til að þær verði sýnilegri fyrir hugsanlega fjárfesta og fjölga þannig fjármögnunartækifærum og ýta undir fjölbreytni þeirra. Markaðsaðilar gætu einnig viljað veita meiri upplýsingar en krafist er samkvæmt lögum Sambandsins. Því ætti einn evrópskur aðgangsstaður að veita aðgang að upplýsingum sem varða fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði, sjálfbærni og fjölbreytileika sem aðili sem fellur undir lög aðildarríkis birtir opinberlega að eigin frumkvæði, ef slíkur aðili kýs að gera upplýsingarnar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Slíkar upplýsingar mætti leggja fram að eigin frumkvæði þegar rekstrarlegt heilbrigði og skilvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar hafa verið tryggð, sem myndi í öllum tilvikum vera eftir að skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd, starfshætti og skilvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar hefur verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið. Upplýsingar sem lagðar eru fram að eigin frumkvæði skulu vera skýrt auðkenndar sem slíkar.

6) Upplýsingar sem lagðar eru fram að eigin frumkvæði ættu að miða að því að vera samræmdar að formi til og samanburðarhæfar hvað varðar efni, gildi, gagnsemi og áreiðanleika við þær upplýsingar sem skylt er að leggja fram. Til að tryggja aukið samanburðarhæfi og nothæfi upplýsinga sem eru gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað að eigin frumkvæði ættu evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]), evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([4]) og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]) (sameiginlega „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), í gegnum sameiginlegu nefndina, að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina þau lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum og, eftir atvikum, snið eða sniðmát sem nota á til að útbúa slíkar upplýsingar. Sameiginlega nefndin ætti einnig að taka tillit til allra fyrirliggjandi staðla í samsvarandi sérlögum Sambandsins, einkum allra staðla sem sérstaklega eru hannaðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

7) Einn evrópskur aðgangsstaður ætti ekki að skapa nýjar birtingarkröfur að því er varðar efni, heldur ætti hann að byggjast á fyrirliggjandi kröfum sem mælt er fyrir um í lagagerðum Sambandsins og taldar eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð. Mikilvægt er að forðast tvöfalda skýrslugjöf til að koma í veg fyrir að aukið stjórnsýsluálag og fjárhagslegar byrðar séu lögð á aðila, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

8) Einnig ætti að vera hægt að innifela sögulegar upplýsingar í einum evrópskum aðgangsstað til að auka tiltækileika og samanburðarhæfi upplýsinga. Sögulegar upplýsingar ættu að taka til upplýsinga sem voru birtar í fyrsta lagi fimm árum áður en þess var krafist að þær væru lagðar fram á einn evrópskan aðgangsstað. Til að tryggja samræmdar og heildstæðar sögulegar upplýsingar ætti möguleikinn á að gera sögulegar upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað áfram að vera í höndum þeirra söfnunaraðila sem eru stofnanir, skrifstofur eða fagstofnanir Sambandsins.

9) Einum evrópskum aðgangsstað ætti að koma á fót með metnaðarfullum tímaramma, jafnframt því að taka milliþrep til að tryggja rekstrarlegt heilbrigði hans og skilvirkni. Einkum ætti að veita nægan tíma fyrir tæknilega framkvæmd á einum evrópskum aðgangsstað og til að safna upplýsingum sem komið verður á í aðildarríkjunum. Þróun eins evrópsks aðgangsstaðar ætti að vera með 12 mánaða upphafsáfanga til að veita aðildarríkjum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nægan tíma til að koma á innviðum í upplýsingatækni og prófa þá á grundvelli söfnunar á takmörkuðu upplýsingaflæði. Í framhaldi af því ætti þróun eins evrópsks aðgangsstaðar með tímanum smám saman að taka til aukins upplýsingaflæðis og virkni á þeim hraða sem gerir ráð fyrir heilbrigðri og skilvirkri þróun eins evrópsks aðgangsstaðar. Meta ætti starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar reglulega á innleiðingar- og starfrækslutímabili hans til að hægt sé að gera breytingar til að uppfylla þarfir notenda hans og tryggja tæknilega skilvirkni.

10) Upplýsingunum, sem gera á aðgengilegar almenningi á einum evrópskum aðgangsstað, ætti að vera safnað af söfnunaraðilum sem tilnefndir eru til að safna þeim upplýsingum sem aðilum er skylt að birta opinberlega eða söfnunaraðilum sem tilnefndir eru til að safna upplýsingum sem aðilar leggja fram að eigin frumkvæði. Til að tryggja fulla og kostnaðarhagkvæma starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar ættu söfnunaraðilarnir að gera upplýsingarnar aðgengilegar eina evrópska aðgangsstaðnum á sjálfvirkan hátt í gegnum ein forritaskil. Söfnunaraðilarnir ættu, að því marki sem mögulegt er, að nýta sér fyrirliggjandi tilhögun og innviði upplýsingasöfnunar á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að senda upplýsingar til eins evrópsks aðgangsstaðar án ótilhlýðilegrar tafar. Ekki ætti að vera skylda að gera upplýsingarnar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað áður en þær eru gerðar opinberar samkvæmt gildandi sérlögum Sambandsins. Í þeim tilgangi að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað ættu söfnunaraðilar að geyma upplýsingar sem aðilar leggja fram eða söfnunaraðilarnir sjálfir afla, nema þegar kveðið er á um önnur viðeigandi geymslukerfi samkvæmt lögum Sambandsins. Ekki ætti að skylda söfnunaraðilana til að koma á fót nýjum geymslukerfum ef unnt er að treysta á fyrirliggjandi fyrirkomulag Sambandsins eða landsbundið fyrirkomulag fyrir geymslu upplýsinga. Aðildarríki ættu að tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila til að safna saman upplýsingum sem aðilar leggja fram að eigin frumkvæði, sem gæti verið sá sami og aðilinn sem safnar upplýsingum sem aðilum er skylt að leggja fram.

11) Til að ná fram kostnaðarhagkvæmni í starfsháttum ættu söfnunaraðilarnir að geta falið þriðja aðila verkefni sín. Slíkt framsal ætti að vera með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir og ekki framkvæmd í þeim mæli að söfnunaraðilinn verði aðeins „póstkassafyrirtæki“. Ekki ætti að vera mögulegt að framselja það verkefni að taka ákvörðun að eigin geðþótta um að hafna eða fjarlægja upplýsingar sem eru augljóslega óviðeigandi, móðgandi eða falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Það kemur þó ekki í veg fyrir að verkefnistaki geti framkvæmt slíka höfnun eða fjarlægingu í samræmi við slíka ákvörðun söfnunaraðilans að eigin geðþótta.

12) Til að upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að á einum evrópskum aðgangsstað séu stafrænt nothæfar ættu aðilar að gera upplýsingarnar aðgengilegar á gagnaútdráttarsniði eða, krefjist lög Sambandsins þess, á tölvulæsilegu sniði. Gagnaútdráttarsnið krefjast þess ekki endilega að upplýsingar sé uppbyggðar á þann hátt að þær séu tölvulæsilegar, en tölvulæsileg snið eru aftur á móti skráasnið sem eru skipulögð þannig að notkunarhugbúnaður geti auðveldlega borið kennsl á, þekkt aftur og dregið sértæk gögn úr þeim, þ.m.t. einstakar upplýsingar og innra skipulag þeirra gagna. Bæði sniðin ættu að vera opin til að hægt sé að nota þau eins víða og hægt er. Opin snið ættu að skiljast sem óháð verkvangi og aðgengileg almenningi án nokkurra takmarkana sem hefta endurnotkun þeirra upplýsinga sem þar er að finna. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina og tilgreina eiginleika tölvulæsilegra sniða og gagnaútdráttarsniða og taka tillit til hvers kyns þróunar í tækni eða stöðlum. Til að tryggja að aðilar leggi upplýsingarnar fram á réttu sniði og til að bregðast við hugsanlegum tæknilegum vandamálum sem aðilar kunna að lenda í ættu söfnunaraðilar að framkvæma sjálfvirkar staðfestingar í samræmi við þessa reglugerð og veita þeim aðilum sem leggja fram upplýsingar aðstoð þegar þörf krefur.

13) Aðilar sem láta söfnunaraðila í té upplýsingar og lýsigögn ættu áfram að bera ábyrgð á áreiðanleika og heildstæðni upplýsinganna á því tungumáli sem þær eru lagðar fram og á áreiðanleika þeirra upplýsinga og lýsigagna. Samkvæmt meginreglunum um lágmörkun gagna og persónuvernd ættu aðilar að tryggja að engar persónuupplýsingar felist í þeim upplýsingum sem lagðar eru fram, nema þegar þær eru nauðsynlegur þáttur upplýsinga um atvinnustarfsemi aðilanna, þ.m.t. þegar nafn aðila samsvarar nafni eiganda. Ef upplýsingarnar sem lagðar eru fram innihalda persónuupplýsingar ættu aðilar að tryggja að þær geti, vegna birtingar persónuupplýsinganna, treyst á eina þeirra lögmætu ástæðna fyrir vinnslunni sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([6]).

14) Markmið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal vera að vernda hagsmuni almennings með því að stuðla að stöðugleika og skilvirkni fjármálakerfisins fyrir hagkerfi Sambandsins, borgara þess og fyrirtæki. Einkum leggur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sitt af mörkum í því samhengi til að tryggja heilleika, gagnsæi, skilvirkni og skipulega starfsemi fjármálamarkaða. Hún hefur m.a. það verkefni að bæta fjárfestavernd. Til samræmis við það ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að fá það verkefni að koma á fót og starfrækja einn evrópskan aðgangsstað.

15) Til að gera aðilum og almenningi kleift að tilgreina söfnunaraðila sem láta einum evrópskum aðgangsstað í té upplýsingar ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að birta á vefsetri sínu lista yfir söfnunaraðila og halda honum uppfærðum. Ef nauðsynlegt reynist að gera breytingar á listanum ætti að gera þær eins fljótt og unnt er.

16) Einn evrópskur aðgangsstaður gæti orðið fyrir brotum á trúnaði, að heilleika gagna sé stefnt í hættu og staðið frammi fyrir áhættu sem tengist eigin tiltækileika og tiltækileika upplýsinganna sem unnið er með þar. Þessi áhætta tekur til slysa, mistaka, vísvitandi árása og náttúruatburða og hana þarf að viðurkenna sem rekstraráhættu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og söfnunaraðilar ættu að innleiða viðeigandi og hóflegar stefnur, þ.m.t. reglulega endurskoðun, til að tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður verndi upplýsingarnar sem unnið er með og starfsemina í samræmi við hæsta viðeigandi staðal.

17) Til að auðvelda notendum að leita, finna, sækja og nota gögn ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður bjóði upp á ýmsa virkni, þ.m.t. leitarvirkni, vélþýðingarþjónustu og að hægt sé að draga út upplýsingar, sem og rafræna aðgengisþætti sem eru hannaðir fyrir sjónskerta og fatlaða einstaklinga með aðgengisþarfir. Leitarvirkni ætti að vera í boði á öllum opinberum tungumálum Sambandsins og byggja a.m.k. á þeim lýsigögnum sem veitt eru samkvæmt lagagerðum Sambandsins sem tilgreindar eru í viðaukanum við þessa reglugerð. Notendaviðmótið og leitarvirknin á einum evrópskum aðgangsstað ættu að vera hönnuð á eins notendavænan hátt og unnt er, með mikið samanburðarhæfi gagna og gera kleift að ná til fjölbreytts hóps hugsanlegra notenda, s.s. fagfjárfesta og almennra fjárfesta, háskólastofnana og borgaralegra samtaka.

18) Notkun og endurnotkun upplýsinga sem eru aðgengilegar öllum á einum evrópskum aðgangsstað getur bætt starfsemi innri markaðarins og stuðlað að þróun nýrrar þjónustu sem sameinar og nýtir slíkar upplýsingar. Því er nauðsynlegt, þar sem það er réttlætanlegt á grundvelli almannahagsmuna, að heimila notkun og endurnotkun upplýsinganna sem eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í öðrum tilgangi en þeim sem lá að baki þess að upplýsingarnar voru teknar saman. Slík notkun og endurnotkun upplýsinga ætti þó að vera háð hlutlægum skilyrðum án mismununar. Enn fremur ættu að gilda eftir því sem við á skilyrði, sem samsvara þeim sem mælt er fyrir um í opnum stöðluðum leyfum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 ([7]) og heimila frjálsan aðgang að gögnum og efni svo að hver sem er geti notað, breytt og deilt með öðrum í hvaða tilgangi sem er. Aðilar sem láta söfnunaraðila í té upplýsingar sínar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað ættu ekki að takmarka notkun og endurnotkun upplýsinganna í eftirlitsskyni eða í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis á grundvelli sinnar tegundar réttar, með fyrirvara um lög Sambandsins um höfundarrétt og önnur skyld réttindi. Hvorki Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin né söfnunaraðilarnir ættu að bera neina bótaábyrgð vegna aðgangs að, notkunar eða endurnotkunar upplýsinga sem aðgengilegar eru á einum evrópskum aðgangsstað, með fyrirvara um meginreglur skaðabótaábyrgðar utan samninga sem mælt er fyrir um í 340. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 56).

19) Gera ætti upplýsingarnar, sem eru tiltækar einum evrópskum aðgangsstað, tímanlega aðgengilegar almenningi. Þess vegna ætti að gera upplýsingarnar, sem söfnunaraðilar veita einum evrópskum aðgangsstað, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli eins fljótt og hægt er. Til að tryggja samræmd gæði upplýsinga ættu söfnunaraðilar að framkvæma sjálfvirkar staðfestingar og hafna framlögðum upplýsingum ef þær uppfylla ekki nauðsynlegar kröfur. Sjálfvirkar staðfestingar ættu ekki að tengjast innihaldi upplýsinganna. Auk sjálfvirkra staðfestinga ættu söfnunaraðilar að hafna eða fjarlægja upplýsingar ef þeir telja, t.d. eftir móttöku upplýsinga frá hagsmunaaðila, að þær falli utan gildissviðs þessarar reglugerðar eða að þær feli í sér efni sem er augljóslega óviðeigandi eða móðgandi. Söfnunaraðilar þurfa ekki að skoða handvirkt eða sjálfvirkt hvort upplýsingar falli utan gildissviðs þessarar reglugerðar eða hvort þær séu augljóslega óviðeigandi eða móðgandi. Aðilarnir ættu áfram að bera ábyrgð á efninu. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á aðrar skyldur sem söfnunaraðilar kunna að hafa samkvæmt öðrum ákvæðum landslaga eða laga Sambandsins.

20) Einn evrópskur aðgangsstaður ætti að veita notendum aðgang að upplýsingum án endurgjalds og án mismununar og ætti að gera notendum kleift að leita að, fá aðgang að og hala niður upplýsingum frá einum evrópskum aðgangsstað. Til að vernda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina fyrir óhóflegri fjárhagslegri byrði í tengslum við kostnað sem stofnað er til við að þjóna þörfum stórnotenda hennar ætti henni þó að vera heimilt að afla tekna. Þrátt fyrir þá almennu meginreglu að upplýsingar eigi að vera aðgengilegar án endurgjalds ætti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni því að vera heimilt að leggja gjöld á tiltekna þjónustu, þ.m.t. þjónustu með miklum viðhalds- eða stuðningskostnaði vegna leitar og niðurhals á afar miklu magni upplýsinga eða vegna mjög tíðrar notkunar á upplýsingum sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, einkum ef notkun slíkra upplýsinga er í viðskiptalegum tilgangi. Þó ættu álögð gjöld ekki að vera hærri en kostnaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar af því að veita þessa tilteknu þjónustu. Úthluta ætti öllum innheimtum gjöldum til heildarvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar. Sumir notendur, þ.m.t. fræðasamfélagið og borgaraleg samtök, ættu ekki að sæta neinum gjöldum. Útreikningur á gjöldum skal vera gagnsær og byggður á skýrum meginreglum.

21) Til að stuðla að gagnadrifinni nýsköpun í fjármálum, aðstoða við að samþætta fjármagnsmarkaði í Sambandinu, beina fjárfestingum í sjálfbæra starfsemi og koma á skilvirkni fyrir neytendur og fyrirtæki ætti einn evrópskur aðgangsstaður að bæta aðgengi að opinberum upplýsingum sem gætu innihaldið persónuupplýsingar. Einn evrópskur aðgangsstaður ætti þó aðeins að bæta aðgengi að þeim persónuupplýsingum sem felast í upplýsingum sem gerðar eru opinberar samkvæmt lagaskyldu eða, ef þær eru gerðar opinberar að eigin frumkvæði, að þeim persónuupplýsingum sem unnar eru á lögmætum grundvelli samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Við hvers kyns vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, sem ábyrgðaraðili gagna á einum evrópskum aðgangsstað, og söfnunaraðilar að tryggja að farið sé að reglugerð (ESB) 2016/679 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([8]). Aðilar sem láta í té gögn ættu að bera ábyrgð á að greina hvort einhverjar persónuupplýsingar sé að finna í framlögðum upplýsingum og á vinnslu slíkra persónuupplýsinga á grundvelli einnar af lögmætum ástæðunum fyrir vinnslu samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Upplýsingar, ásamt lýsigögnum sem tilgreina að þær innihaldi persónuupplýsingar, ættu ekki að vera varðveittar hjá söfnunaraðilum eða einum evrópskum aðgangsstað lengur en nauðsynlegt er og aldrei lengur en í fimm ár, nema kveðið sé á um annað í lagagerðum Sambandsins sem taldar eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

22) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og hún skilaði formlegum athugasemdum sínum 19. janúar 2022.

23) Seðlabanki Evrópu veitti álit sitt 7. júní 2022 ([9]).

24) Til að byggja upp og viðhalda trausti almennings á einum evrópskum aðgangsstað og vernda hvern aðila fyrir ótilhlýðilegum breytingum á upplýsingum sínum ættu söfnunaraðilar að tryggja heilleika gagna og trúverðugleika uppruna upplýsinganna sem aðilar leggja fram. Nánar tiltekið ættu söfnunaraðilar að tryggja viðeigandi stig sannvottaðaðs uppruna, aðgengileika, heilleika og óhrekjanleika upplýsinganna sem aðilar leggja fram og gera á

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([9]) Stjtíð. ESB C 307, 12.8.2022, bls. 3.

aðgengileg á einum evrópskum aðgangsstað. Óhrekjanleiki upplýsinga þýðir að veita ætti aðila fullnægjandi vissu fyrir því að þær hafi verið veittar og að viðtakandinn hafi sönnun fyrir því hver aðilinn er. Hægt er að nota fullgilt rafrænt innsigli eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([10]) til að uppfylla þessi markmið. Sértækt auðkenni lögaðila, ef það er til staðar, ætti að vera skyldubundinn þáttur framlagðra upplýsinga.

25) Til að upplýsingar um einn evrópskan aðgangsstað séu samanburðarhæfar yfir lengri tíma ættu notendur einnig að hafa aðgang að eldri upplýsingum, þ.m.t. sögulegum upplýsingum. Ef ekki er kveðið á um annað í lagagerðum Sambandsins, sem taldar eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð, ætti einn evrópskur aðgangsstaður að veita aðgang að upplýsingum í hæfilegan tíma. Í þeim tilgangi ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tryggja að persónuupplýsingar séu hvorki varðveittar né gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað lengur en lög Sambandsins kveða á um og, í öllu falli, ekki lengur en í fimm ár, nema kveðið sé á um annað í lagagerðum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

26) Söfnunaraðilar ættu að upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um hvers kyns verulega erfiðleika sem greinast í tengslum við framkvæmd á verkefnum þeirra. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, að fylgjast með starfsháttum eins evrópsks aðgangsstaðar og birta ársskýrslu um hann, með það að markmiði að tryggja að hugsanleg vandamál séu gerð gagnsæ og að hægt sé að grípa til viðeigandi aðgerða ef nauðsyn krefur. Það að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geri ársskýrslu um starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, stuðlar einnig að því að tryggja að lögbær yfirvöld taki þátt og að haft sé samráð við aðra hagsmunaaðila í gegnum sérstakan starfshóp, hóp eða nefnd, eins og við á, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mun koma á fót.

27) Í ljósi gildis skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd, starfshætti og skilvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar vegna hugsanlegrar samþykktar á framseldri gerð um að fresta skráningu upplýsinga á einn evrópskan aðgangsstað, sem ekki er enn skylda að láta söfnunaraðilum í té samkvæmt þessari reglugerð við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2864 ([11]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2869 ([12]), er mikilvægt að framkvæmdastjórnin nýti sér ársskýrslur um starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur saman og hafi viðeigandi samráð við söfnunaraðila og viðeigandi sérfræðingahópa, einkum sérfræðingahóp evrópsku verðbréfanefndarinnar. Evrópuþingið og ráðið ættu, telji þau það viðeigandi, að fá næg tækifæri til að ræða skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

28) Til að fresta því, þar sem nauðsyn krefur, að tilteknar upplýsingar, sem gera ætti aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, verði færðar inn á einn evrópskan aðgangsstað ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. Sáttmála um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar frá hvaða degi leggja ætti upplýsingarnar fram til að vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([13]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skulu Evrópuþingið og ráðið fá öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2864 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum tilskipunum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar (Stjtíð. ESB L, 2023/2864, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2023/2864/oj).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2869 frá 13. desember 2023 um breytingu á ákveðnum reglugerðum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar (Stjtíð. ESB L, 2023/2869, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2869/oj).

([13]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

29) Til að tryggja snurðulausa vinnslu upplýsinga, sem söfnunaraðilar hafa tekið við eða tekið saman og gert aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, er nauðsynlegt að mæla fyrir um tilteknar skýrar og ítarlegar kröfur sem tilgreina snið og lýsigögn þessara upplýsinga og hvaða söfnunaraðilar ættu að safna þeim. Til að tryggja gæði upplýsinga sem söfnunaraðilar leggja fram á einum evrópskum aðgangsstað er einnig nauðsynlegt að skilgreina einkenni þeirra sjálfvirku staðfestinga sem á að framkvæma að því er varðar hvern upplýsingalið sem aðilar láta söfnunaraðila í té, þ.m.t. einkenni fullgilda rafræna innsiglisins sem á að fylgja upplýsingunum, ef söfnunaraðilarnir krefjast þess. Til að tryggja notkun og endurnotkun gagna á einum evrópskum aðgangsstað þarf að koma upp lista yfir tilnefnd opin stöðluð leyfi. Til að hægt sé að leita, finna og sækja gögn tímanlega þarf einnig að ákvarða einkenni forritaskila og lýsigagna sem nota á. Einnig ætti að innleiða viðbótarkröfur að því er varðar skilvirka leitarvirkni, s.s. tiltekið auðkenni lögaðila hjá aðilanum, flokkun á þeim gerðum upplýsinga sem aðilinn leggur fram og stærð aðila eftir flokkum. Í því skyni ættu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir milligöngu sameiginlegrar nefndar, að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum. Þegar evrópsku eftirlitsstofnanirnar semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum ættu þær, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, að ráðfæra sig við söfnunaraðilana fyrirfram og greina sérstaklega hugsanlegan kostnað og ávinning í tengslum við það. Að auki ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að geta samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða eðli og umfang þeirrar tilteknu þjónustu sem heimilt er að innheimta gjöld fyrir og fyrirkomulag tengdra gjalda. Slík drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum gera kleift að fá hnattrænan og samvirkandi aðgang að upplýsingum um aðila. Að því er varðar tæknilegan framkvæmdarstaðal um sjálfbærniupplýsingar ættu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í gegnum sameiginlegu nefndina, að vinna með evrópskri ráðgjafarnefnd um reikningsskil að þróun þessara draga að stöðlum. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum, skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að stuðla að samþættingu fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða í Sambandinu með því að veita auðveldan, miðlægan aðgang að upplýsingum til almennings um aðila og vörur þeirra, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

31) Einn evrópskur aðgangsstaður er fyrsta aðgerðin í hinni nýju aðgerðaáætlun sambands fjármagnsmarkaða og áþreifanleg raungerving áætlunarinnar um stafræn fjármál. Einn evrópskur aðgangsstaður er því stórt verkefni sem varðar sameiginlega evrópska hagsmuni á sviði stafrænna fjármála. Af þessum sökum ætti að leita eftir eins mikilli fjármögnun og unnt er innan ramma áætlunarinnar um stafræna Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 ([14]), einkum á fyrstu þróunarstigum eins evrópsks aðgangsstaðar, í samræmi við fjárhæðirnar sem settar eru fram í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk frá 25. nóvember 2021. Fjármununum er úthlutað til framkvæmdastjórnarinnar á fyrstu þróunarstigum eins evrópsks aðgangsstaðar, í því skyni að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sé endanlegur eigandi allra eigna sem af henni hljótast. Þegar framlag áætlunarinnar um stafræna Evrópu hefur verið fullnýtt ætti fjármögnun eins evrópsks aðgangsstaðar að fylgja fyrirmyndinni sem kveðið er á um vegna fjármögnunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar fram til 31. desember 2027. Framlag lögbærra yfirvalda samkvæmt því fjármögnunarlíkani ættu ekki að fara yfir 6 968 000 evrur samtals. Fjárveiting aðildarríkjanna er þó ekki háð því að hugsanlega sé farið fram úr kostnaðaráætluninni sem sett er fram í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 2021. Fjalla ætti um fjármögnun eins evrópsks aðgangsstaðar eftir desember 2027 í viðeigandi fjárlagagerð í tengslum við næsta fjárhagsramma til margra ára við mat á því hvort heppilegt væri að veita hærra framlag af fjárlögum Sambandsins,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Einn evrópskur aðgangsstaður**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 10. júlí 2027, koma á fót og reka einn evrópskan aðgangsstað sem veitir miðlægan, rafrænan aðgang að eftirfarandi upplýsingum:

a) upplýsingum sem eru gerðar opinberar samkvæmt þeim lagagerðum Sambandsins sem tilgreindar eru í viðaukanum eða samkvæmt öðrum lagalega bindandi gerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan rafrænan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað,

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um stafræna Evrópu og um niðurfellingu á ákvörðun (ESB) 2015/2240 (Stjtíð. ESB L 166, 11.5.2021, bls. 1).

b) upplýsingum sem sérhver aðili sem fellur undir lög aðildarríkis kýs að gera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað að eigin frumkvæði, í samræmi við 1. mgr. 3. gr., og sem vísað er til í þeim lagagerðum Sambandsins sem taldar eru upp í viðaukanum eða í öðrum lagalega bindandi gerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan rafrænan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu ekki lagðar fram hjá söfnunaraðilum í þeim tilgangi að þær verði gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað fyrr en daginn sem krafan um að leggja upplýsingarnar fram kemur til framkvæmda, eins og kveðið er á um í þeim lagagerðum Sambandsins sem skráðar eru í viðaukann eða í öðrum lagalega bindandi gerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan rafrænan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað.

3. Söfnunaraðilum sem eru stofnanir, skrifstofur eða fagstofnanir Sambandsins er heimilt að gera sögulegar upplýsingar tiltækar á einum evrópskum aðgangsstað frá og með deginum sem krafan um að leggja upplýsingarnar fyrir einn evrópskan aðgangsstað kemur til framkvæmda, eins og kveðið er á um í þeim lagagerðum Sambandsins sem skráðar eru í viðaukann eða í öðrum lagalega bindandi gerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan rafrænan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,

   a) sem er skylt að láta söfnunaraðila í té þær upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., eða

   b) sem lætur söfnunaraðila í té upplýsingar að eigin frumkvæði skv. b-lið 1. mgr. 1. gr. til að gera megi þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað,

2) „söfnunaraðili“: stofnun, skrifstofa eða fagstofnun eða landsbundinn aðili, yfirvald eða skrá sem er tilgreindur sem slíkur í einhverri af lagagerðum Sambandsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. eða sem aðildarríki tilgreinir sem slíkan í samræmi við 2. mgr. 3. gr.,

3) „gagnaútdráttarsnið“: opið snið, eins og það er skilgreint í 14. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/1024, sem er almennt notað eða lögboðið, sem gerir vél kleift að draga út gögn og sem er læsilegt mönnum,

4) „tölvulæsilegt snið“: tölvulæsilegt snið eins og það er skilgreint í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/1024,

5) „fullgilt rafrænt innsigli“: fullgilt rafrænt innsigli eins og það er skilgreint í 27. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,

6) „forritaskil“ eða „API“: safn af aðgerðum, aðferðum, skilgreiningum og samskiptareglum fyrir samskipti milli véla og hnökralaus gagnaskipti,

7) „lýsigögn“: formfastar upplýsingar sem gera það auðveldara að sækja, nota eða stjórna upplýsingum, þ.m.t. með því að lýsa þeim, útskýra þær eða staðsetja uppruna þeirra,

8) „persónuupplýsingar“: persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

9) „sögulegar upplýsingar“: upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., sem gerðar voru opinberar í fyrsta lagi fimm árum fyrir daginn þegar krafan um að leggja fram upplýsingarnar á einum evrópskum aðgangsstað kom til framkvæmda,

10) „sameiginleg nefnd“: nefndin sem um getur í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

*3. gr.*

**Framlagning upplýsinga að eigin frumkvæði**

1. Frá og með 10. janúar 2030 getur aðili látið upplýsingarnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., í té söfnunaraðila í aðildarríkinu þar sem aðilinn er með skráða skrifstofu í þeim tilgangi að gera upplýsingarnar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað.

Þegar aðili lætur söfnunaraðila í té slíkar upplýsingar skal hann:

a) tryggja að upplýsingunum fylgi lýsigögn sem tilgreina að þær séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað að eigin frumkvæði,

b) tryggja að upplýsingunum fylgi lýsigögn sem tilgreina hvort þær innihalda persónuupplýsingar,

c) tryggja að upplýsingunum fylgi þau lýsigögn sem nauðsynleg eru fyrir leitarvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar eins og um getur í 3. mgr. 7. gr.,

d) nota gagnaútdráttarsnið við að leggja fram upplýsingarnar,

e) tryggja að upplýsingar sem lagðar eru fram falli undir gildissvið b-liðar 1. mgr. 1. gr.,

f) tryggja að engar persónuupplýsingar sé að finna í upplýsingunum, nema gerð sé krafa um persónuupplýsingar í lögum Sambandsins eða landslögum eða þær séu nauðsynlegur hluti af upplýsingum um atvinnustarfsemi aðilans.

2. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skal hvert aðildarríki tilgreina a.m.k. einn söfnunaraðila til að safna upplýsingum sem lagðar eru fram að eigin frumkvæði og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, sem komið var á fót með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 (í heild sinni „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) lýsigögnin sem skulu fylgja upplýsingunum sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr.,

b) eftir atvikum, sérstök snið eða sniðmát sem nota á til að leggja upplýsingar fram í samræmi við 1. mgr.

4. Þegar evrópsku eftirlitsstofnanirnar semja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í 3. mgr., skulu þær taka tillit til allra staðla sem þegar eru til í samsvarandi sérlögum Sambandsins, einkum staðla sem sérstaklega eru hannaðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2028.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, samþykkja viðmiðunarreglur fyrir aðila til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram séu rétt, þ.m.t. skilyrðin fyrir að hafa persónuupplýsingar í gögnum sem lögð eru fram að eigin frumkvæði.

5. Ef upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. innihalda persónuupplýsingar skulu aðilar tryggja að öll vinnsla á þeim upplýsingum sé byggð á einum af þeim lögmætu ástæðum fyrir vinnslunni sem taldar eru upp í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þessi reglugerð skapar ekki lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

*4. gr.*

**Listi yfir söfnunaraðila**

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta lista yfir söfnunaraðila, sem inniheldur vefslóð sérhvers söfnunaraðila, í vefgáttinni sem um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að listanum sé haldið uppfærðum og tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar þar á.

*5. gr.*

**Verkefni söfnunaraðila og ábyrgð aðila**

1. Söfnunaraðilar skulu gera eftirfarandi:

a) safna upplýsingunum sem aðilar leggja fram,

b) geyma upplýsingarnar sem aðilar leggja fram eða sem söfnunaraðilarnir sjálfir afla og, þar sem við á, treysta á fyrirliggjandi verklagsreglur og innviði til að geyma upplýsingar,

c) framkvæma tæknilegar sjálfvirkar staðfestingar að því er varðar upplýsingarnar sem aðilar leggja fram til að sannprófa hvort upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi:

   i. þær séu lagðar fram á gagnaútdráttarsniði eða, eftir því sem við á, tölvulæsilegu sniði sem er tilgreint í einhverri af lagagerðum Sambandsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr., og sem upplýsingarnar eru lagðar fram samkvæmt,

   ii. lýsigögn upplýsinganna, eins og tilgreint er í e-lið 10. mgr. þessarar greinar og, eftir atvikum, a-lið 1. mgr. 3. gr., séu aðgengileg og heildstæð,

   iii. þeim fylgi fullgilt rafrænt innsigli, sé þess krafist,

d) ekki setja skilyrði fyrir notkun og endurnotkun upplýsinga sem eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, önnur en skilyrðin sem samsvara þeim sem mælt er fyrir um í opnum stöðluðum leyfum, eins og um getur í 9. gr.,

e) taka forritaskil í notkun og veita einum evrópskum aðgangsstað upplýsingar, lýsigögn fyrir upplýsingarnar og, sé þess krafist, fullgilt rafrænt innsigli, án endurgjalds og innan viðeigandi tímamarka,

f) veita aðilunum sem leggja upplýsingarnar fram aðstoð, falli hún undir tæknilega færni söfnunaraðila, a.m.k. í tengslum við ferli framlagningar, synjunar og endurframlagningar,

g) tryggja að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. séu aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í a.m.k. 10 ár, nema kveðið sé á um annað í lagagerðum Sambandsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr.

Að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar og í samræmi við reglugerðir (ESB) 2016/679 og (ESB) nr. 2018/1725 skulu söfnunaraðilar gera viðeigandi tækni- og skipulagsráðstafanir til að tryggja að ef lýsigögnin sem fylgja framlögðum upplýsingum vísa til persónuupplýsinga séu þær hvorki varðveittar í því skyni að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað né gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað lengur en í fimm ár, nema kveðið sé á um annað í lagagerðum Sambandsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.

2. Söfnunaraðilar geta hafnað upplýsingum sem aðilar leggja fram ef þær eru augljóslega óviðeigandi, móðgandi eða falla utan gildissviðs upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

Söfnunaraðilar skulu fjarlægja upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og þær telja að séu augljóslega óviðeigandi, móðgandi eða falli utan gildissviðs upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 1. gr.

3. Söfnunaraðilar skulu hafna upplýsingum sem aðilar leggja fram ef sjálfvirkar staðfestingar, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að upplýsingarnar séu ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim lið eða, ef við á, á grundvelli tilkynninga sem berast skv. 2. mgr. 10. gr.

4. Söfnunaraðilar skulu tilkynna aðilum um að upplýsingum hafi verið hafnað eða þær fjarlægðar og um ástæður þess, innan hæfilegs frests.

5. Ef söfnunaraðili hafnar eða fjarlægir upplýsingarnar, sem aðili leggur fram skv. a-lið 1. mgr. 1. gr., skal aðilinn leiðrétta upplýsingarnar og leggja þær aftur fram án ótilhlýðilegrar tafar. Söfnunaraðilinn skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ef upplýsingum er hafnað, þær fjarlægðar eða þeim skipt út skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Aðilar geta valið að leggja upplýsingar aðeins fram einu sinni og aðeins hjá einum söfnunaraðila. Framlagning og endurframlagning upplýsinga, ásamt viðeigandi meðfylgjandi lýsigögnum, skal vera hjá sama söfnunaraðilanum.

6. Aðilar skulu bera ábyrgð á heildstæðni og áreiðanleika upplýsinga á því tungumáli sem þær eru lagðar fram sem og viðeigandi meðfylgjandi lýsigagna sem þeir láta söfnunaraðilunum í té. Einkum skulu aðilar bera ábyrgð á að auðkenna að upplýsingarnar sem þeir leggja fram hjá söfnunaraðilanum innihaldi persónuupplýsingar, ásamt viðeigandi meðfylgjandi lýsigögnum sem gefa til kynna hvort þær innihaldi persónuupplýsingar.

7. Að því er varðar upplýsingar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar skulu söfnunaraðilar ekki nýta sér rétt höfundar gagnagrunns, sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB ([15]), eða annars hugverkaréttar með þeim hætti að það hindri eða takmarki notkun og endurnotkun á efni gagnagrunnsins skv. 9. gr. þessarar reglugerðar.

8. Söfnunaraðili getur falið lögaðila sem heyrir undir lög aðildarríkis eða stofnun, skrifstofu eða fagstofnun Sambandsins („verkefnistaki“) verkefni sem um getur í a-, b-, c-, e-, f-, g-lið 1. mgr. og 3. og 4. mgr. Allt framsal verkefna skal vera á formi skriflegs samnings þar sem tilgreind eru þau verkefni sem úthluta á og skilyrðin fyrir framkvæmd þeirra („framsalssamningur“).

Skilyrðin sem sett eru fram í framsalssamningnum skulu tryggja að:

a) ekki séu til staðar hagsmunaárekstrar hjá verkefnistaka,

b) verkefnistakinn noti ekki fengnar upplýsingar á óviðeigandi eða samkeppnishamlandi hátt eða í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í framsalssamningnum,

c) verkefnistakinn tryggi vernd upplýsinganna í samræmi við 6. gr. í tengslum við þau verkefni sem honum eru falin,

d) verkefnistakinn tilkynni söfnunaraðilanum reglulega um heildarframmistöðu sína í tengslum við þau verkefni sem honum eru falin,

e) verkefnistakinn tilkynni söfnunaraðilanum án ástæðulausrar tafar um hvers kyns vanrækslu við framkvæmd framseldra verkefna.

Söfnunaraðilinn skal áfram bera ábyrgð á öllum verkefnum sem hún felur öðrum, þ.m.t. að gera aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina allar upplýsingar sem stofnunin þarf á að halda varðandi framseld verkefni.

Þótt söfnunaraðili hafi falið þriðja aðila verkefni breytir það ekki ábyrgð hans. Söfnunaraðili skal ekki fela öðrum verkefni sín að því marki að hann geti ekki lengur talist söfnunaraðili.

Söfnunaraðili skal tryggja að allt framsal verkefna fari fram á kostnaðarhagkvæman hátt og að það sé, eftir því sem unnt er, notað til að fyrirliggjandi verklagsreglur og innviðir gagnasöfnunar geti átt við áfram að því er varðar einn evrópskan aðgangsstað.

Söfnunaraðilinn skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um alla framsalssamninga sem hann gerir.

9. Söfnunaraðilar skulu tryggja viðeigandi stig sannvottaðs uppruna, aðgengileika, heilleika og óhrekjanleika upplýsinganna sem aðilar gera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Til að tryggja að þau stig geta aðildarríki heimilað söfnunaraðilum að krefjast þess að upplýsingunum sem aðilar leggja fram til að gera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, fylgi fullgilt rafrænt innsigli.

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

10. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) hvernig framkvæma eigi tæknilega sjálfvirku staðfestinguna, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, fyrir hverja tegund upplýsinga sem aðilar leggja fram,

b) einkenni fullgilda rafræna innsiglisins, sem um getur í iii. lið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar og í 9. mgr. þessarar greinar,

c) opnu stöðluðu leyfin, sem um getur í d-lið 1. mgr. þessarar greinar,

d) einkenni forritaskilanna sem á að taka upp skv. e-lið 1. mgr. þessarar greinar,

e) einkenni lýsigagnanna sem nauðsynleg eru fyrir leitarvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar og um getur í 3. mgr. 7. gr., lýsigagnanna sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar og allra annarra lýsigagna sem nauðsynleg eru fyrir virkni eins evrópsks aðgangsstaðar,

f) tímafrestina sem um getur í e-lið 1. mgr. þessarar greinar,

g) viðmiðunarskrá og einkenni sniða sem samþykkja má sem gagnaútdráttarsnið og sem tölvulæsileg snið eins og um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

11. Þegar evrópsku eftirlitsstofnanirnar semja drögin að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, sem um getur í 10. mgr. skulu þær taka tillit til allra staðla sem þegar eru til í samsvarandi sérlögum Sambandsins, einkum staðla sem sérstaklega eru hannaðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. september 2024.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

12. Söfnunaraðilar, sem eru stofnanir, skrifstofur eða fagstofnanir Sambandsins og gera sögulegar upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í samræmi við 3. mgr. 1. gr., skulu gera eftirfarandi:

a) taka upplýsingarnar saman á gagnaútdráttarsniði,

b) láta lýsigögn fylgja upplýsingunum, sem tilgreina eftirfarandi:

   i. heiti aðila,

   ii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr.,

   iii. auðkenni lögaðila aðilans, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr., ef það liggur fyrir,

c) tilgreina að um sögulegar upplýsingar sé að ræða.

Þrátt fyrir g-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu sögulegar upplýsingar ekki vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað lengur en í fimm ár.

*6. gr.*

**Netöryggi**

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á skilvirkri og hóflegri upplýsingatækniöryggisstefnu fyrir einn evrópskan aðgangsstað og tryggja viðeigandi stig sannvottaðs uppruna, aðgengileika, heilleika og óhrekjanleika upplýsinganna sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem og vernd persónuupplýsinga. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur framkvæmt reglubundna endurskoðun á öryggisstefnu fyrir upplýsingatækni og netöryggisstöðu eins evrópsks aðgangsstaðar í ljósi þróunar á sviði netöryggis á alþjóðavísu og innan Sambandsins og nýjustu þróunar.

*7. gr.*

**Virkni eins evrópsks aðgangsstaðar**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður hafi a.m.k. eftirfarandi virkni:

a) vefgátt með notendavænu viðmóti, sem tekur tillit til aðgengisþarfa fatlaðs fólks, til að veita aðgang að upplýsingunum á einum evrópskum aðgangsstað á öllum opinberum tungumálum Sambandsins,

b) forritaskil til að auðvelda aðgang að upplýsingunum á einum evrópskum aðgangsstað,

c) leitarvirkni á öllum opinberum tungumálum Sambandsins,

d) upplýsingaskoðara,

e) vélþýðingaþjónustu fyrir sóttar upplýsingar,

f) niðurhalsþjónustu, þ.m.t. niðurhal á miklu gagnamagni,

g) tilkynningarþjónustu sem upplýsir notendur um allar nýjar upplýsingar á einum evrópskum aðgangsstað,

h) framsetningu upplýsinga sem lagðar eru fram að eigin frumkvæði, skv. b-lið 1. mgr. 1. gr., með þeim hætti að:

   i. þær séu skýrt aðgreindar frá upplýsingunum sem skylt er að leggja fram skv. a-lið 1. mgr. 1. gr.,

   ii. notendur séu, eftir atvikum, upplýstir um að upplýsingarnar uppfylli hugsanlega ekki allar kröfur um upplýsingar sem skylt er að leggja fram skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. og að þær verði hugsanlega ekki uppfærðar með tímanum.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður hafi yfir að ráða virkninni sem um getur í e- og g-lið 1. mgr. eigi síðar en 10. júlí 2028. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður hafi yfir að ráða virkninni sem um getur í h-lið 1. mgr. eigi síðar en 9. janúar 2030.

3. Með leitarvirkninni, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, skal vera hægt að leita á grundvelli eftirfarandi lýsigagna:

a) nafna aðilans sem lagði upplýsingarnar fram og einstaklings eða lögaðila sem upplýsingarnar varða,

b) auðkennis lögaðila aðila sem lagði upplýsingarnar fram og lögaðila sem upplýsingarnar varða,

c) tegundar upplýsinga sem aðili lagði fram, eins og um getur í 1. mgr. 1. gr., og hvort slíkar upplýsingar hafi verið lagðar fram á skyldubundnum grundvelli skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. eða að eigin frumkvæði skv. b-lið þeirrar málsgreinar,

d) dagsetningar og tíma þegar aðili lagði upplýsingarnar fram hjá söfnunaraðila,

e) dagsetningar eða tímabils sem upplýsingarnar eiga við um,

f) stærðar aðila eftir flokki sem lagði upplýsingarnar fram og lögaðila sem upplýsingarnar varða,

g) landsins þar sem skrifstofa lögaðila sem upplýsingarnar varða er skráð,

h) atvinnugreinar eða atvinnugreina sem starfsemi einstaklings eða lögaðila sem upplýsingarnar varða tilheyrir,

i) söfnunaraðila sem ber ábyrgð á söfnun upplýsinganna,

j) tungumáls sem upplýsingarnar voru lagðar fram á.

4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) einkenni forritaskilanna sem um getur í b-lið 1. mgr.,

b) sértækt auðkenni lögaðila sem um getur í b-lið 3. mgr.,

c) flokkun á tegundum upplýsinganna sem um getur í c. lið 3. gr.,

d) stærðarflokka aðilanna sem um getur í f-lið 3. mgr.,

e) greiningu á eiginleikum atvinnugreinanna sem um getur í h-lið 3. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. september 2024.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

*8. gr.*

**Aðgangur að upplýsingum um einn evrópskan aðgangsstað**

1. Til að stuðla að gagnsæi og snurðulausri starfsemi fjármagnsmarkaða í Sambandinu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja að aðgangur að upplýsingum um einn evrópskan aðgangsstað sé veittur án mismununar og að notendur hafi beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum um hann án endurgjalds.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal þó innheimta gjöld fyrir tiltekna þjónustu sem fylgir mikill kostnaður vegna viðhalds og stuðnings eða sem felur í sér leit að og niðurhal á miklu magni upplýsinga. Þessi gjöld skulu ekki vera hærri en sá beini kostnaður sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stofnar til við veitingu þessarar þjónustu. Innheimt gjöld skulu notuð til heildarstarfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur krafist þess að notendur þeirrar þjónustu sem hún innheimtir gjöld fyrir, eins og um getur í 2. mgr., fylli út stafræna yfirlýsingu.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin heimila eftirfarandi aðilum beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað án endurgjalds, að því marki sem nauðsynlegt er til að aðilarnir geti uppfyllt skyldur sínar, umboð og skyldur hvers um sig:

a) meginstofnunum, stofnunum, skrifstofum eða fagstofnunum Sambandsins,

b) sérhverju lögbæru yfirvaldi sem aðildarríki tilnefnir samkvæmt lagagerð Sambandsins,

c) aðila evrópska hagskýrslukerfisins, eins og skilgreint er í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([16]),

d) aðilum að seðlabankakerfi Evrópu,

e) skilastjórnvöldunum sem tilnefnd eru skv. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([17]),

f) ríkisstofnunum, stofnunum eða fagstofnunum aðildarríkis,

g) mennta- og þjálfunarstofnunum sem einungis starfa á sviði rannsókna, fræðasamfélagsins, fréttastofum og frjálsum félagasamtökum, að því marki sem aðgangur að upplýsingum er nauðsynlegur til að þær geti sinnt verkefnum sínum,

h) aðilum sem veita og nota upplýsingar á einum evrópskum aðgangsstað til að uppfylla eftirlitsskyldur sínar.

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

5. Að því er 2. mgr. varðar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða eðli og umfang þeirrar tilteknu þjónustu sem heimilt er að innheimta gjöld fyrir og ákvarða fyrirkomulag tengdra gjalda.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta og gera aðgengilegt á vefsetri eins evrópsks aðgangsstaðar fyrirkomulag gjalda, magntakmarkanir, ef við á, og gjaldskrá. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða takmarkanir á magni og gjaldskrá árlega.

*9. gr.*

**Notkun og endurnotkun upplýsinga sem eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Hvorki Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin né söfnunaraðilar skulu bera neina bótaábyrgð vegna aðgangs að, notkunar eða endurnotkunar upplýsinga sem aðilar láta söfnunaraðilum í té og gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað.

2. Persónuupplýsingar sem eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skulu notaðar og endurnotaðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679. Persónuupplýsingar sem eru endurnotaðar skulu ekki varðveittar lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en í fimm ár, nema kveðið sé á um annað í lagagerðum Sambandsins skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að notkun og endurnotkun upplýsinga sem aðgengilegar eru á einum evrópskum aðgangsstað sé ekki háð neinum skilyrðum nema þau skilyrði uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þau séu hlutlæg og án mismununar,

b) þau séu réttlætanleg með vísan til almannahagsmuna,

c) eftir því sem við á, með hliðsjón af tegund upplýsinganna, að þau séu í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í opnum stöðluðum leyfum, í skilningi 5. liðar 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/1024, og heimili hverjum sem er frjálsa notkun, breytingar og miðlun upplýsinganna í hvaða tilgangi sem er.

4. Notkun og endurnotkun upplýsinganna, sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, í eftirlitsskyni og tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, skal ekki takmörkuð af aðilum sem leggja fram upplýsingar til birtingar á grundvelli sinnar tegundar réttar sem um getur í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 96/9/EB.

*10. gr.*

**Gæði upplýsinga**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal framkvæma sjálfvirkar staðfestingar til að sannprófa hvort allar upplýsingar sem söfnunaraðilar veita einum evrópskum aðgangsstað uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 5. gr.

Ef aðili lagði fram upplýsingarnar sem söfnunaraðili veitti getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gert sjálfvirkar staðfestingar á grundvelli úrtaka. Slíkar sjálfvirkar staðfestingar skulu ekki vera frábrugðnar þeim sem söfnunaraðilar framkvæma skv. c-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á viðeigandi tæknilegu ferli til að tilkynna söfnunaraðila með sjálfvirkum hætti ef veittar upplýsingar uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 5. gr. Ef ekki er farið að þessum kröfum skulu aðilar bera ábyrgð á upplýsingunum. Söfnunaraðilinn skal tilkynna aðilanum um það ef upplýsingunum hefur verið hafnað og um ástæður fyrir höfnuninni í samræmi við 4. mgr. 5. gr.

3. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að gera frekari athuganir á gæðum, heilleika og sönnun á uppruna. Á grundvelli niðurstaðna úr þessum athugunum getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynnt söfnunaraðilunum um greinda annmarka og stöðvað tímabundið birtingu upplýsinga á einum evrópskum aðgangsstað.

*11. gr.*

**Verkefni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, gera eftirfarandi:

a) tryggja að upplýsingarnar sem söfnunaraðilar veita, eftir að aðilar hafa lagt þær fram, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað án ótilhlýðilegrar tafar,

b) veita söfnunaraðilum þjónustustuðning,

c) tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður sé aðgengilegur a.m.k. 97% hvers mánaðar, að undanskildum þeim tilvikum þegar um er að ræða reglubundið viðhald, uppfærslur á efni og uppfærslur á blaðsíðum, en þá skal veita notendum skýra tilkynningu þar sem fram kemur líkleg tímalengd truflunar á þeirri þjónustu sem einn evrópskur aðgangsstaður veitir,

d) hafa samráð, eftir því sem við á, við söfnunaraðila til að fjalla um sameiginleg málefni og almennar hátternisreglur, einkum til að ræða:

   i. daglega stjórnun eins evrópsks aðgangsstaðar,

   ii. þróun og innleiðingu gæðastefnu og, eftir því sem við á, þjónustusamninga milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og söfnunaraðilanna,

   iii. aðstæður eins evrópsks aðgangsstaðar til fjármögnunar, þ.m.t. við hvaða aðstæður megi innheimta gjöld og útreikning á gjöldunum,

   iv. yfirstandandi og hugsanlegar ógnir í tengslum við netöryggi,

   v. innleiðingu og starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar í tengslum við allt framsal verkefna í samræmi við 8. mgr. 5. gr.,

e) hafa eftirlit með innleiðingu og starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári, eins og tilgreint er í 12. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja, með því að koma á fót sérstökum starfshópi, hópi eða nefnd, eftir því sem við á, að haft sé samráð við sérfræðinga og viðkomandi hagsmunaaðila til að veita ráðgjöf og stuðning við tæknilega framkvæmd eins evrópsks aðgangsstaðar. Þar að auki getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin haft samráð við hagsmunahóp á verðbréfamarkaði, sem um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Nema þess þurfi til að auðvelda aðgang að upplýsingum sem söfnunaraðilar veita og innleiða kröfurnar í þessari reglugerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki geyma upplýsingar sem innihalda persónuupplýsingar nema um sé að ræða sjálfvirka, millistigsvinnslu og tímabundna vinnslu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í gegnum einn evrópskan aðgangsstað fari fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725 og að upplýsingum sem innihalda persónuupplýsingar sé ekki haldið eftir eða þær gerðar aðgengilegar lengur en kveðið er á um í g-lið 1. mgr. 5. gr.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fylgi lagaramma um vernd persónuupplýsinga sem meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins vinna.

*12. gr.*

**Eftirlit með innleiðingu og starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar**

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, hafa eftirlit með starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar, sem byggist a.m.k. á þeim eigindlegu og megindlegu vísum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., og birta og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið ársskýrslu um starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar.

2. Eigindlegir og megindlegir vísar, sem um getur í 1. mgr., eru sem hér segir:

a) fjöldi gesta, leita og niðurhals,

b) tegundir upplýsinga sem eru skoðaðar og halað niður í prósentum,

c) gjöldin, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., og fjárhæðir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir,

d) hlutfall leita sem leiða til skoðunar eða niðurhals eftir tegund upplýsinga og aðgangi,

e) fjöldi og hlutfall tölvulæsilegra upplýsinga sem eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og fjölda og hlutfall tölvulæsilegrar skoðunar og niðurhals,

f) hlutfall tilkynninga samkvæmt sjálfvirku staðfestingunum, sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

g) hvers kyns umtalsverðar bilanir eða atvik sem hafa áhrif á starfrækslu eða heildarframmistöðu eins evrópsks aðgangsstaðar,

h) mat á aðgengi, gæðum, nothæfi, áreiðanleika og tímanleika upplýsinga á einum evrópskum aðgangsstað,

i) mat á því hvort einn evrópskur aðgangsstaður uppfylli markmið, að teknu tilliti til þróunar á notkun hans og upplýsingaflæði innan Sambandsins,

j) mat á ánægju endanlegra notenda,

k) samanburður við svipuð kerfi í þriðju löndum.

3. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram skýrsluna, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal hún hafa samráð við sérstakan starfshóp, hóp eða nefnd sem koma skal á fót skv. 2. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar og henni er heimilt að hafa samráð við hagsmunahóp á verðbréfamarkaði, eins og um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

*13. gr.*

**Endurskoðun**

1. Eigi síðar en 10. janúar 2029 skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og með tilliti til ársskýrslnanna sem um getur í 12. gr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um innleiðingu, starfsemi og skilvirkni eins evrópsks aðgangsstaðar.

2. Skýrslan, sem um getur í 1. mgr., skal fjalla um eftirfarandi:

a) tæknilegar áskoranir sem aðilar og söfnunaraðilar standa frammi fyrir við innleiðingu eins evrópsks aðgangsstaðar,

b) skilvirkni upplýsingasöfnunar- og flutningskerfis fyrir einn evrópskan aðgangsstað,

c) rekstrarlegan viðnámsþrótt eins evrópsks aðgangsstaðar gagnvart upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og áreiðanleika upplýsinga sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, þ.m.t. með fullgildum rafrænum innsiglum,

d) kostnað sem aðilar og söfnunaraðilar stofna til, þ.m.t. mat á því hvort söfnunaraðilar sem eru lögbær yfirvöld hafi hækkað eftirlitsgjöld vegna kostnaðar sem stofnað var til vegna eins evrópsks aðgangsstaðar,

e) kostnað sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stofnar til sem rekstraraðili eins evrópsks aðgangsstaðar og fjármögnunaráætlun eins evrópsks aðgangsstaðar,

f) áhrif eins evrópsks aðgangsstaðar á almennan aðgang að upplýsingum aðila á sviði fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaða og sjálfbærni,

g) áhrif eins evrópsks aðgangsstaðar á sýnileika aðila gagnvart fjárfestum yfir landamæri, þ.m.t. sýnileika lítilla og meðalstórra fyrirtækja,

h) áhrif eins evrópsks aðgangsstaðar á markaðsstöðu einkarekinna gagnaveitenda í Sambandinu,

i) rekstrarsamhæfi eins evrópsks aðgangsstaðar við sambærilega hnattræna vettvanga,

j) innleiðingu og starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar í tengslum við úthlutun verkefna í samræmi við 8. mgr. 5. gr.

3. Að teknu tilliti til virðisauka, tæknilegra áskorana og áætlaðs kostnaðar skal skýrslan sem um getur í 1. mgr. innihalda kostnaðar- og ábatagreiningu sem tengist því að hugsanlega mikilvægar upplýsingar, sem hafa ekki verið gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað þegar skýrslan er samin, verði felldar inn í þessa reglugerð í framtíðinni og leiða þannig til eyðu í gögnum.

Skýrslan skal einnig fela í sér tilmæli um framtíðarþróun eins evrópsks aðgangsstaðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 14. gr., til að breyta lagagerðum Sambandsins, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, til að fresta því að færa inn á einn evrópskan aðgangsstað upplýsingar sem ekki hefur verið krafist eða heimilað að leggja fram á einum evrópskum aðgangsstað, skv. a-lið 1. mgr. 1. gr., um allt að 36 mánuði ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að vísbendingar séu um alvarlega og yfirgripsmikla erfiðleika að því er varðar þættina sem tilgreindir eru í a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

Lagagerðir Sambandsins, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu vera eftirfarandi:

— Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (434. gr. b),

— Reglugerð (ESB) nr. 537/2014 (13. gr. a),

— Reglugerð (ESB) nr. 600/2014 (23. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2015/760 (25. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2015/2365 (32. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2017/1131 (37. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2019/2033 (46. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2023/1114 (110. gr. a),

— Reglugerð (ESB) 2023/2631 (15. gr. a),

— Tilskipun 2002/87/EB (30. gr. b),

— Tilskipun 2004/25/EB (16. gr. a),

— Tilskipun 2006/43/EB (20. gr. a),

— Tilskipun 2007/36/EB (14. gr. c),

— Tilskipun 2009/138/EB (304. gr. b),

— Tilskipun 2011/61/ESB (69. gr. b),

— Tilskipun 2013/36/ESB (116. gr. a),

— Tilskipun 2014/59/ESB (128. gr. a),

— Tilskipun 2014/65/ESB (87. gr. a),

— Tilskipun (ESB) 2016/97 (40. gr. a),

— Tilskipun (ESB) 2016/2341 (63. gr. a),

— Tilskipun (ESB) 2019/2034 (44. gr. a),

— Tilskipun (ESB) 2019/2162 (29. gr. a).

*14. gr.*

**Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framselda gerð sem um getur í 4. mgr. 13. gr. í 12 mánuði frá útgáfu skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 13. gr.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 4. mgr. 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum, áður en fresturinn er liðinn. Fresturinn skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

*15. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. desember 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | P. NAVARRO RÍOS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

**Listi yfir lagagerðir Sambandsins, skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar**

A-HLUTI — REGLUGERÐIR

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

5. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

7. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

8. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

9. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

10. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

11. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

12. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1).

13. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

14. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8).

15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

16. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

17. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

18. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).

19. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

B-HLUTI — TILSKIPANIR

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17).

6. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfða sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu vátrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

15. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).

16. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

_____

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/2864** **2026/EES/53/05**

**frá 13. desember 2023**

**um breytingu á ákveðnum tilskipunum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr., 53. gr., 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Auðveldur og skipulegur aðgangur að gögnum, þ.m.t. að upplýsingum sem veittar eru að eigin frumkvæði, er mikilvægur til að gera þeim sem taka ákvarðanir í hagkerfinu og samfélaginu kleift að taka traustar ákvarðanir sem þjóna skilvirkri starfsemi markaðarins. Slíkur aðgangur er einnig nauðsynlegur til að auka tækifæri lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að vaxa og vera sýnileg og til nýsköpunar. Innleiðing á sameiginlegu evrópsku gagnasvæði í mikilvægum geirum, þ.m.t. í fjármálageiranum, þjónar þeim tilgangi að veita greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum í þessum geirum. Búist er við að fjármálageirinn sjálfur gangist undir stafræna umbreytingu á næstu árum og Sambandið ætti að styðja þessa umbreytingu, einkum með því að efla gagnadrifin fjármál. Einnig er lykilatriði að leggja megináherslu á sjálfbær fjármál í fjármálakerfinu til að koma á grænum umskiptum í hagkerfi Sambandsins. Til að þessi græna umbreyting geti tekist er mikilvægt að fjárfestar hafi greiðan aðgang að upplýsingum sem tengjast sjálfbærni og félagslegum stjórnunarháttum fyrirtækja, svo að þeir séu betur upplýstir þegar þeir taka ákvarðanir um fjárfestingar. Í þeim tilgangi þarf að bæta aðgang almennings að fjárhagslegum, ófjárhagslegum og umhverfis-, félags- og stjórnunartengdum upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila („aðilar“) sem ber sjálfum skylda til að birta slíkar upplýsingar, eða miðla slíkum upplýsingum til söfnunaraðila að eigin frumkvæði. Skilvirk leið til að ná þessu fram á vettvangi Sambandsins er að koma á fót miðlægum vettvangi sem veitir rafrænan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum.

2) Í orðsendingu sinni frá 24. september 2020 undir heitinu „Samband fjármagnsmarkaða fyrir fólk og fyrirtæki – ný aðgerðaáætlun“ lagði framkvæmdastjórnin til að bæta ætti almennan aðgang að fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum frá aðilum með því að koma á einum evrópskum aðgangsstað. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2020 með fyrirsögninni „Áætlun ESB um stafræn fjármál“ var sett fram almennt orðalag um hvernig Sambandið gæti stuðlað að stafrænni umbreytingu fjármögnunar á næstu árum, einkum hvernig ætti að efla gagnadrifið fjármagn. Í orðsendingu sinni frá 6. júlí 2021 sem ber heitið „Áætlun um fjármögnun umskipta yfir í sjálfbært hagkerfi“, lagði framkvæmdastjórnin síðan megináherslu á sjálfbær fjármál innan fjármálakerfisins sem lykilatriði til að ná fram grænum umskiptum á hagkerfi Sambandsins, sem hluta af Grænu samkomulagi í Evrópu sem sett var fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2864, 20.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 16.4.2026, bls. 87.

([1]) Stjtíð. ESB C 290, 29.7.2022, bls. 58.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. nóvember 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. nóvember 2023.

3) Einum evrópskum aðgangsstað er komið á fót í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 ([3]) til að veita almenningi auðveldan miðlægan aðgang að upplýsingum um aðila og afurðir þeirra sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni, sem yfirvöldum og aðilum er skylt að birta samkvæmt lagagerðum Sambandsins á þessum sviðum. Slík birting ætti að vera í samræmi við meginregluna um að „ skila gögnum einu sinni“ án þess að það feli í sér viðbótarkröfur um birtingu upplýsinga umfram þær sem tilgreindar eru í lögum. Að auki ætti sérhver aðili sem fellur undir lög aðildarríkis að geta lagt fram, að eigin frumkvæði, hjá söfnunaraðila upplýsingar um atvinnustarfsemi sína sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu eða fjármagnsmarkaði, eða sem varða sjálfbærni, með það fyrir augum að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/2859.

4) Breyta ætti fjölda tilskipana á sviði fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaða og sjálfbærni til þess að einn evrópskur aðgangsstaður geti starfað. Til að einn evrópskur aðgangsstaður geti starfað á traustan, skilvirkan og hóflegan hátt þarf að auka söfnun og afhendingu upplýsinga smám saman. Stefnt er að því að krafan um að gera upplýsingar aðgengilegar einum evrópskum aðgangsstað sé óaðskiljanlegur hluti af þeim sérlögum Sambandsins sem eru talin upp í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/2859 og öðrum lagagerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan aðgang að upplýsingum um einn evrópskan aðgangsstað. Upplýsingarnar, sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og söfnunaraðila sem tilnefndir eru til að safna þeim upplýsingum mætti endurskoða sem hluta af endurskoðun á þessum sérlögum Sambandsins, til að tryggja að eini evrópski aðgangsstaðurinn veiti markaðsaðilum auðveldan miðlægan aðgang að upplýsingunum sem þeir þurfa á að halda og að eini evrópski aðgangsstaðurinn verði viðmiðunargrundvöllur.

5) Einum evrópskum aðgangsstað ætti að koma á fót með metnaðarfullum tímaramma, jafnframt því að taka milliþrep til að tryggja rekstrarlegt heilbrigði hans og skilvirkni. Einkum ætti að veita nægan tíma fyrir tæknilega framkvæmd á einum evrópskum aðgangsstað og til að safna upplýsingum sem komið verður á í aðildarríkjunum. Uppbygging eins evrópsks aðgangsstaðar ætti að vera með 12 mánaða upphafsáfanga til að veita aðildarríkjum og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]), nægan tíma til að koma á innviðum í upplýsingatækni og prófa þá á grundvelli söfnunar á takmörkuðu upplýsingaflæði. Í framhaldi af því ætti þróun eins evrópsks aðgangsstaðar með tímanum smám saman að taka til aukins upplýsingaflæðis og virkni á þeim hraða sem gerir ráð fyrir heilbrigðri og skilvirkri uppbyggingu eins evrópsks aðgangsstaðar. Meta ætti starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar reglulega á innleiðingar- og starfrækslutímabili hans til að hægt sé að gera breytingar til að uppfylla þarfir notenda hans og tryggja tæknilega skilvirkni.

6) Að því er varðar starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar ætti að tilnefna söfnunaraðila til að safna upplýsingum frá aðilum sem eru mikilvægir fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni. Ef söfnunaraðili, sem þegar hefur verið komið á fót samkvæmt lögum Sambandsins, er ekki til staðar ættu aðildarríki að hafa sveigjanleika við skipulagningu á söfnun upplýsinga innan lögsögu sinnar, tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2023/2859, til að safna og geyma upplýsingar, og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það. Í þeim tilgangi að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað á kostnaðarhagkvæman hátt ætti söfnun, sending og geymsla upplýsinga að byggjast, að því marki sem mögulegt er, á fyrirliggjandi verklagsreglum um söfnun, sendingu og geymslu og innviðum sem eru fyrir hendi á landsvísu, sem og þeim sem eru til staðar til að senda upplýsingar frá söfnunaraðilum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

7) Til að tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður veiti tímanlegan aðgang að upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni, eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2023/2859, ættu aðilar að leggja upplýsingar sínar fram hjá söfnunaraðila um leið og upplýsingarnar eru birtar opinberlega. Söfnunaraðilar ættu á sama hátt að gera upplýsingarnar sjálfvirkt aðgengilegar einum evrópskum aðgangsstað. Söfnunaraðilar ættu, að því marki sem mögulegt er, að nýta sér fyrirliggjandi tilhögun og innviði upplýsingasöfnunar á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að senda upplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar án ótilhlýðilegrar tafar.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

8) Til að upplýsingar á einum evrópskum aðgangsstað séu stafrænt nothæfar ættu aðilar að leggja upplýsingarnar fyrir söfnunaraðila á gagnaútdráttarsniði eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði. Upplýsingum sem aðilar leggja fyrir söfnunaraðila skulu fylgja þau lýsigögn sem söfnunaraðilarnir fara fram á. Framkvæmdastjórninni ætti að vera heimilt að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem voru þróaðir af evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA) og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([5]), af evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) (EIOPA) og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins (ESB) nr. 1094/2010 ([6]), eða af Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (sameiginlega „Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), þar sem lýsigögn eru tilgreind fyrir allar upplýsingar, hvernig upplýsingagögn eigi að vera uppbyggð, þær upplýsingar sem þurfa að vera á tölvulæsilegu sniði og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í slíkum tilvikum. Að því er varðar tæknilegan framkvæmdarstaðal um sjálfbærniupplýsingar ættu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í gegnum sameiginlegu nefndina, að vinna með evrópskri ráðgjafarnefnd um reikningsskil að þróun þessara draga að stöðlum. Innleiðing tölvulæsilegs sniðs ætti að vera rökstutt með greiningu sem tekur tillit til kostnaðar og ávinnings fyrir stofnanir og notendur upplýsinganna og einnig aðra hlutaðeigandi aðila, einkum söfnunaraðila, lögbær yfirvöld og evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

9) Söfnunaraðilar ættu ekki að bera ábyrgð á að sannreyna áreiðanleika innihalds þeirra upplýsinga sem aðilar leggja fram, nema þeir hafi umboð til þess í samræmi við gildandi lagagerðir Sambandsins sem eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/2859. Aðilar sem skylt er að leggja fram upplýsingar ættu að bera ábyrgð á því að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt gildandi lagagerðum Sambandsins sem eru skráðar í þeim viðauka eða samkvæmt landslögum.

10) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([7]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 19. janúar 2022.

11) Seðlabanki Evrópu veitti álit sitt 7. júní 2022 ([8]).

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma birtingarkröfur um upplýsingar til almennings sem ættu að vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

13) Því ætti að breyta eftirfarandi tilskipunum til samræmis við það:

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([9]),

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([8]) Stjtíð. ESB C 307, 12.8.2022, bls. 3.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ([10]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([11]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([12]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB ([13]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([14]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([15]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([16]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([17]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([18]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([19]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([20]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 ([21]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 ([22]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 ([23]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 ([24]).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32),

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfða sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1),

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu vátrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19),

([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á tilskipun 2002/87/EB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2002/87/EB:

*„30. gr. b*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 4. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar leggi eftirlitsskyldir aðilar þær upplýsingar samtímis fram hjá söfnunaraðilanum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á eina evrópska aðgangsstaðnum sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn eftirlitsskylda aðilans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir eftirlitsskyldan aðila, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð eftirlitsskylds aðila eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr., skulu aðildarríki gera kröfu um að eftirlitsskyldir aðilar útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*2. gr.*

**Breyting á tilskipun 2004/25/EB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2004/25/EB:

*„16. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í c-lið 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar leggi félög þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll heiti félagsins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir félagið, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð félagsins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi félagsins tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   vi. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin krefjast þess að félög útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera það yfirvald sem er til þess bært að hafa eftirlit með tilboði og tilnefnt er skv. 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn félagsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila félagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*3. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2004/109/EB**

Tilskipun 2004/109/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 21. gr. a falla brott.

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„23. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. júlí 2026 skulu aðildarríki tryggja að við birtingu eftirlitsskyldra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 21. gr. þessarar tilskipunar leggi útgefandi eða einstaklingur, sem hefur sótt um töku til viðskipta á skipulegum markaði án samþykkis útgefanda, þær eftirlitsskyldu upplýsingar samtímis fram hjá söfnunaraðilanum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsskyldu upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins eða landslög krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefandans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila útgefandans, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð útgefandans eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi útgefandans tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   vi. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin krefjast þess að útgefendur útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Í þeim tilgangi að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðilinn, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera opinbera kerfið sem er tilnefnt skv. 2. mgr. 21. gr. þessarar tilskipunar.

4. Frá og með 10. júlí 2026 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 29. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn einstaklingsins eða lögaðilans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir lögaðilann, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun á eftirlitsskyldum upplýsingum sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum, þ.m.t. hálfsárs fjárhagsskýrslu sem um getur í 1. mgr. 5. gr.,

b) skipulagning gagna og tölvulæsilegt snið sem á við um upplýsingarnar sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar.

Að því er varðar b-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*4. gr.*

**Breyting á tilskipun 2006/43/EB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2006/43/EB:

*„20. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 30. gr. c í þessari tilskipun, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera lögbært yfirvald samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila endurskoðunarfyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 15. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera opinber skrá.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila endurskoðunarfyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*5. gr.*

**Breyting á tilskipun 2007/36/EB**

Eftirfarandi kafli bætist við í tilskipun 2007/36/EB:

*„II. kafli b*

***Einn evrópskur aðgangsstaður***

*14. gr. c*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 3. gr. g (1. mgr.), 3. gr. h (1. og 2. mgr.), 3. gr. j (1. og 2. mgr.), 9. gr. a (7. mgr.), 9. gr. b (5. mgr.), 9. gr. c (2. og 7. mgr.) og 14 gr. (2. mgr.) þessarar tilskipunar leggi stofnanafjárfestar, eignastýringaraðilar, umboðsráðgjafar og félög þær upplýsingar samtímis fram hjá söfnunaraðilanum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn stofnanafjárfestisins, eignastýringaraðilans, umboðsráðgjafans eða félagsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila stofnanafjárfestisins, eignastýringaraðilans, umboðsráðgjafans eða félagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð stofnanafjárfestisins, eignastýringaraðilans, umboðsráðgjafans eða félagsins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi félagsins tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

vi. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin krefjast þess að stofnanafjárfestar, eignastýringaraðilar, umboðsráðgjafar og félög útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*6. gr.*

**Breyting á tilskipun 2009/65/EB**

Eftirfarandi þáttur bætist við í IX. kafla í tilskipun 2009/65/EB:

*„4. ÞÁTTUR*

*AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM Á EINUM EVRÓPSKUM AÐGANGSSTAÐ*

*82. gr. b*

1. Frá og með 10. janúar 2028 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 78. gr. þessarar tilskipunar leggi rekstrarfélög og fjárfestingarfélög þær upplýsingar samtímis fram hjá söfnunaraðilanum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn verðbréfasjóðsins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila verðbréfasjóðsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð verðbréfasjóðsins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að verðbréfasjóðir útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

4. Frá og með 10. janúar 2028 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært landsyfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll heiti rekstrarfélagsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila rekstrarfélagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2028 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 99. gr. b þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn verðbréfasjóðsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila verðbréfasjóðsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*7. gr.*

**Breyting á tilskipun 2009/138/EB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2009/138/EB:

*„304. gr. b*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 256. gr. þessarar tilskipunar leggi trygginga- og endurtryggingafélög þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll heiti trygginga- eða endurtryggingafélagsins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila trygginga- eða endurtryggingafélagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð trygginga- eða endurtryggingafélagsins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að trygginga- eða endurtryggingafélög útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 25. gr. a þessarar tilskipunar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal byggja þær upplýsingar á upplýsingum sem lögbær yfirvöld hafa tilkynnt í samræmi við 25. gr. a í þessari tilskipun vegna gerðar listans sem um getur í 25. gr. a í þessari tilskipun.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll heiti trygginga- eða endurtryggingafélagsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila trygginga- og endurtryggingafélagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 271. gr. og 1. mgr. 280. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll heiti trygginga- eða endurtryggingafélagsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila trygginga- og endurtryggingafélagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*8. gr.*

**Breyting á tilskipun 2011/61/ESB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2011/61/ESB:

*„69. gr. b*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 7. gr. í þessari tilskipun, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun og listi yfir sérhæfða sjóði sem sá rekstraraðili stýrir eða markaðssetur og upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila fyrir rekstraraðila sérhæfðs sjóðs með starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun og lista yfir sérhæfða sjóði sem sá rekstraraðili stjórnar eða markaðssetur, ef það er til staðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*9. gr.*

**Breyting á tilskipun 2013/34/ESB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2013/34/ESB:

*„33. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028 skulu aðildarríki tryggja að þegar fyrirtækin, sem um getur í 19. gr. a, 29. gr. a og 40. gr. a þessarar tilskipunar, birta skýrslu framkvæmdastjórnar, samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar, þ.m.t. fyrir báðar skýrslurnar upplýsingarnar sem krafist er í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, auk árlegra reikningsskila, samstæðureikningsskila, endurskoðunarskýrslu, staðfestingarskjals, sjálfbærniskýrslna varðandi fyrirtæki í þriðju löndum og tengdri umsögn um áreiðanleika, yfirlitið sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 40. gr. a þessarar tilskipunar, skýrslu um greiðslur til stjórnvalda og samstæðuskýrslu um greiðslur til stjórnvalda sem um getur í 30. gr., 40. gr. d og 45. gr. þessarar tilskipunar, leggi þau fram yfirlitin og skýrslurnar á sama tíma hjá söfnunaraðilunum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins eða landslög krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn fyrirtækisins sem upplýsingarnar varða og, ef skýrslugjafarfyrirtækið er undanþegið dótturfyrirtæki eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 29. gr. a, heiti móðurfyrirtækisins sem veitir upplýsingar á samstæðustigi,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir fyrirtækið og, ef skýrslugjafarfyrirtækið er undanþegið dótturfyrirtæki eins og um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 29. gr. a, ef það liggur fyrir, auðkenni lögaðila fyrir móðurfyrirtækið sem veitir upplýsingar á samstæðustigi, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð fyrirtækisins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi fyrirtækisins tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   vi. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Hafi fyrirtæki lagt fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar hjá miðlægu geymslukerfi skv. 23. gr. a tilskipunar 2004/109/EB, til að gera þær upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, skal fyrirtækið teljast hafa uppfyllt skyldur sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að þessar upplýsingar uppfylli allar kröfur um lýsigögn sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að fyrirtæki útvegi sér auðkenni lögaðila.

4. Eigi síðar en 9. janúar 2028 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

6. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*10. gr.*

**Breyting á tilskipun 2013/36/ESB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2013/36/ESB:

*„116. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 68. gr. og 12. mgr. 131. gr. í þessari tilskipun, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í þessu tilliti skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera lögbært yfirvald eða tilnefnt yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn einstaklingsins eða stofnunarinnar sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila stofnunarinnar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*11. gr.*

**Breyting á tilskipun 2014/59/ESB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2014/59/ESB:

*„128. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 45. gr. i þessarar tilskipunar leggi viðkomandi aðili þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn viðkomandi aðila sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila viðkomandi aðila, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð viðkomandi aðila eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að aðilar útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 112. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn viðkomandi stofnunar sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila viðkomandi stofnunar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort þær upplýsingar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 33. gr. a (8. mgr.), 35. gr. (1. mgr.), 83. gr. (4. mgr.) og 112. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera skilastjórnvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn viðkomandi stofnunar sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila viðkomandi stofnunar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*12. gr.*

**Breyting á tilskipun 2014/65/ESB**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2014/65/ESB:

*„87. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 27. gr. (3. og 6. mgr.), 33. gr. (3. mgr.) og 46. gr. (c-, d- og f-lið 2. mgr.) þessarar tilskipunar leggi verðbréfafyrirtæki, rekstraraðili markaðar eða útgefendur þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn þess verðbréfafyrirtækis, rekstraraðila markaðar eða útgefanda sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir verðbréfafyrirtækið, rekstraraðila markaðar eða útgefandann, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð verðbréfafyrirtækisins, rekstraraðila markaðar eða útgefandans eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaðar og útgefendur útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 3. og 6. mgr. 27. gr. og c-, d- og f-lið 3. mgr. 33. gr. þessarar tilskipunar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 46. gr. þessarar tilskipunar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 32. gr. (fyrstu undirgrein 2. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 71. gr. (1. og 2. mgr.) þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn þess verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 5. gr., fjórða málslið 10. mgr. 18. gr. og a-lið 1. mgr. 58. gr. þessarar tilskipunar gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn þess verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr. 29. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera opinber skrá.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn einkaumboðsmannsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila einkaumboðsmannsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

7. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

8. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*13. gr.*

**Breyting á tilskipun (ESB) 2016/97**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun (ESB) nr. 2016/97:

*„40. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 32. gr. í þessari tilskipun, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn aðilans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila fyrir aðilann, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að upplýsingum sem eru aðgengilegar öllum í tengslum við fjármálaþjónustu, fjármagnsmörkuðum og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*14. gr.*

**Breyting á tilskipun (ESB) 2016/2341**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun (ESB) nr. 2016/2341:

*„63. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 23. gr. (2. mgr.), 29. gr. og 30. gr. þessarar tilskipunar leggi stofnanir um starfstengdan lífeyri þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila stofnunar um starfstengdan lífeyri, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð stofnunar um starfstengdan lífeyri eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr. 48. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn aðilans sem var beittur stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum ráðstöfunum og upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila fyrir aðilann sem var beittur stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum ráðstöfunum, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*15. gr.*

**Breyting á tilskipun (ESB) 2019/2034**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun (ESB) nr. 2019/2034:

*„44. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 44. gr. þessarar tilskipunar leggi verðbréfafyrirtæki eða móðurfélag þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á eina evrópska aðgangsstaðnum sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn verðbréfafyrirtækisins eða móðurfélagsins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins eða móðurfélagsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð verðbréfafyrirtækisins eða móðurfélagsins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að verðbréfafyrirtæki eða móðurfélög útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 20. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn verðbréfafyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*16. gr.*

**Breyting á tilskipun (ESB) 2019/2162**

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun (ESB) nr. 2019/2162:

*„26. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 14. gr. þessarar tilskipunar leggi lánastofnanir, sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf, þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn lánastofnana sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf og upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila lánastofnunarinnar, sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð lánastofnunarinnar, sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf, eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að lánastofnanir, sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf, útvegi sér auðkenni lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu aðildarríki tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í 24. gr. og b- og c-lið 1. mgr. 26. gr. þessarar tilskipunar, séu gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn lánastofnana sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf og upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila lánastofnunarinnar, sem er heimilt að gefa út sértryggð skuldabréf, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*17. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. janúar 2026. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin, eigi síðar en 10. júlí 2025, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að hlíta 3. gr. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*18. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*19. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. desember 2023.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| R. METSOLA | P. NAVARRO RÍOS |
| *forseti.* | *forseti.* |

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/2869** **2026/EES/53/06**

**frá 13. desember 2023**

**um breytingu á ákveðnum reglugerðum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Auðveldur og skipulegur aðgangur að gögnum, þ.m.t. að upplýsingum sem veittar eru að eigin frumkvæði, er mikilvægur til að gera þeim sem taka ákvarðanir í hagkerfinu og samfélaginu kleift að taka traustar ákvarðanir sem þjóna skilvirkri starfsemi markaðarins. Slíkur aðgangur er einnig nauðsynlegur til að auka tækifæri lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að vaxa og vera sýnileg og til nýsköpunar. Innleiðing á sameiginlegu evrópsku gagnasvæði í mikilvægum geirum, þ.m.t. í fjármálageiranum, þjónar þeim tilgangi að veita greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum í þessum geirum. Búist er við að fjármálageirinn sjálfur gangist undir stafræna umbreytingu á næstu árum og Sambandið ætti að styðja þessa umbreytingu, einkum með því að efla gagnadrifin fjármál. Einnig er lykilatriði að leggja megináherslu á sjálfbær fjármál í fjármálakerfinu til að koma á grænum umskiptum í hagkerfi Sambandsins. Til að þessi græna umbreyting geti tekist er mikilvægt að fjárfestar hafi greiðan aðgang að upplýsingum sem tengjast sjálfbærni og félagslegum stjórnunarháttum fyrirtækja, svo að þeir séu betur upplýstir þegar þeir taka ákvarðanir um fjárfestingar. Í þeim tilgangi þarf að bæta aðgang almennings að fjárhagslegum, ófjárhagslegum og umhverfis-, félags- og stjórnunartengdum upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila („aðilar“) sem ber sjálfum skylda til að birta slíkar upplýsingar, eða miðla slíkum upplýsingum til söfnunaraðila að eigin frumkvæði. Skilvirk leið til að ná þessu fram á vettvangi Sambandsins er að koma á fót miðlægum vettvangi sem veitir rafrænan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum.

2) Í orðsendingu sinni frá 24. september 2020 undir heitinu „Samband fjármagnsmarkaða fyrir fólk og fyrirtæki – ný aðgerðaáætlun“ lagði framkvæmdastjórnin til að bæta ætti almennan aðgang að fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum frá aðilum með því að koma á einum evrópskum aðgangsstað. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2020 með fyrirsögninni „Áætlun ESB um stafræn fjármál“ var sett fram almennt orðalag um hvernig Sambandið gæti stuðlað að stafrænni umbreytingu fjármögnunar á næstu árum, einkum hvernig ætti að efla gagnadrifið fjármagn. Í orðsendingu sinni frá 6. júlí 2021 sem ber heitið „Áætlun um fjármögnun umskipta yfir í sjálfbært hagkerfi“, lagði framkvæmdastjórnin síðan megináherslu á sjálfbær fjármál innan fjármálakerfisins sem lykilatriði til að ná fram grænum umskiptum á hagkerfi Sambandsins, sem hluta af Grænu samkomulagi í Evrópu sem sett var fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2869, 20.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2025 frá 5. Desember 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 16.4.2026, bls. 91.

([1]) Stjtíð. ESB C 290, 29.7.2022, bls. 58.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. nóvember 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. nóvember 2023.

3) Einum evrópskum aðgangsstað er komið á fót í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 ([3]) til að veita almenningi auðveldan miðlægan aðgang að upplýsingum um aðila og afurðir þeirra sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni, sem yfirvöldum og aðilum er skylt að birta samkvæmt lagagerðum Sambandsins á þessum sviðum. Slík birting ætti að vera í samræmi við meginregluna um að „skila gögnum einu sinni“ án þess að það feli í sér viðbótarkröfur um birtingu upplýsinga umfram þær sem tilgreindar eru í lögum. Að auki ætti sérhver aðili sem fellur undir lög aðildarríkis að geta, að eigin frumkvæði, lagt fram upplýsingar um atvinnustarfsemi sína sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu eða fjármagnsmarkaði fyrir söfnunaraðila, eða sem varða sjálfbærni, með það fyrir augum að gera upplýsingarnar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/2859.

4) Breyta ætti fjölda reglugerða á sviði fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaða og sjálfbærni til þess að einn evrópskur aðgangsstaður geti starfað. Til að einn evrópskur aðgangsstaður geti starfað á traustan, skilvirkan og hóflegan hátt þarf að auka söfnun og afhendingu upplýsinga smám saman. Stefnt er að því að krafan um að gera upplýsingar aðgengilegar einum evrópskum aðgangsstað sé óaðskiljanlegur hluti af þeim sérlögum Sambandsins sem eru talin upp í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/2859 og öðrum lagagerðum Sambandsins sem kveða á um miðlægan aðgang að upplýsingum um einn evrópskan aðgangsstað. Upplýsingarnar, sem gerðar eru aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og söfnunaraðila sem tilnefndir eru til að safna þeim upplýsingum mætti endurskoða sem hluta af endurskoðun á þessum sérlögum Sambandsins, til að tryggja að eini evrópski aðgangsstaðurinn veiti markaðsaðilum auðveldan miðlægan aðgang að upplýsingunum sem þeir þurfa á að halda og að eini evrópski aðgangsstaðurinn verði viðmiðunargrundvöllur.

5) Koma ætti á fót einum evrópskum aðgangsstað með metnaðarfullum tímaramma, jafnframt því að taka milliþrep til að tryggja rekstrarlegt heilbrigði hans og skilvirkni. Einkum ætti að veita nægan tíma fyrir tæknilega framkvæmd á einum evrópskum aðgangsstað og til að safna upplýsingum sem komið verður á í aðildarríkjunum. Uppbygging eins evrópsks aðgangsstaðar ætti að vera með 12 mánaða upphafsáfanga til að veita aðildarríkjum og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]), nægan tíma til að koma á innviðum í upplýsingatækni og prófa þá á grundvelli söfnunar á takmörkuðu upplýsingaflæði. Í framhaldi af því ætti þróun eins evrópsks aðgangsstaðar með tímanum smám saman að taka til aukins upplýsingaflæðis og virkni á þeim hraða sem gerir ráð fyrir heilbrigðri og skilvirkri uppbyggingu eins evrópsks aðgangsstaðar. Meta ætti starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar reglulega á innleiðingar- og starfrækslutímabili hans til að hægt sé að gera breytingar til að uppfylla þarfir notenda hans og tryggja tæknilega skilvirkni.

6) Að því er varðar starfsemi eins evrópsks aðgangsstaðar ætti að tilnefna söfnunaraðila til að safna upplýsingum frá aðilum sem eru mikilvægir fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni. Ef söfnunaraðili, sem þegar hefur verið komið á fót samkvæmt lögum Sambandsins, er ekki til staðar ættu aðildarríki að hafa sveigjanleika við skipulagningu á söfnun upplýsinga innan lögsögu sinnar, tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2023/2859, til að safna og geyma upplýsingar, og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það. Í þeim tilgangi að gera upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað á kostnaðarhagkvæman hátt ætti söfnun, sending og geymsla upplýsinga að byggjast, að því marki sem mögulegt er, á fyrirliggjandi verklagsreglum um söfnun, sendingu og geymslu og innviðum sem eru fyrir hendi á landsvísu, sem og þeim sem eru til staðar til að senda upplýsingar frá söfnunaraðilum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

7) Til að tryggja að einn evrópskur aðgangsstaður veiti tímanlegan aðgang að upplýsingum sem varða fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni, eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2023/2859, ættu aðilar að leggja upplýsingar sínar fyrir söfnunaraðila um leið og upplýsingarnar eru birtar opinberlega. Söfnunaraðilar ættu á sama hátt að gera

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

upplýsingarnar sjálfvirkt aðgengilegar einum evrópskum aðgangsstað. Söfnunaraðilar ættu, að því marki sem mögulegt er, að nýta sér fyrirliggjandi tilhögun og innviði upplýsingasöfnunar á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að senda upplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar án ótilhlýðilegrar tafar.

8) Til að upplýsingar á einum evrópskum aðgangsstað séu stafrænt nothæfar ættu aðilar að leggja upplýsingarnar fyrir söfnunaraðila á gagnaútdráttarsniði eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði. Upplýsingum sem aðilar leggja fyrir söfnunaraðila skulu fylgja þau lýsigögn sem söfnunaraðilarnir fara fram á. Framkvæmdastjórninni ætti að vera heimilt að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem voru þróaðir af evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA) og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([5]), af evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) (EIOPA) og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins (ESB) nr. 1094/2010 ([6]), eða af Evrópsku verbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (sameiginlega „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), þar sem lýsigögn eru tilgreind fyrir allar upplýsingar, hvernig upplýsingagögn eigi að vera uppbyggð, þær upplýsingar sem þurfa að vera á tölvulæsilegu sniði og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í slíkum tilvikum. Að því er varðar tæknilegan framkvæmdarstaðal um sjálfbærniupplýsingar ættu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í gegnum sameiginlega nefnd, að vinna með evrópskri ráðgjafarnefnd um reikningsskil að þróun þessara draga að stöðlum. Innleiðing tölvulæsilegs sniðs ætti að vera rökstutt með greiningu sem tekur tillit til kostnaðar og ávinnings fyrir stofnanir og notendur upplýsinganna og einnig aðra hlutaðeigandi aðila, einkum söfnunaraðila, lögbær yfirvöld og evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

9) Söfnunaraðilar ættu ekki að bera ábyrgð á að sannreyna áreiðanleika innihalds þeirra upplýsinga sem aðilar leggja fram, nema þeir hafi umboð til þess í samræmi við gildandi lagagerðir Sambandsins sem eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/2859. Aðilar sem skylt er að leggja fram upplýsingar ættu að bera ábyrgð á því að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt gildandi lagagerðum Sambandsins sem eru skráðar í þeim viðauka eða samkvæmt landslögum.

10) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([7]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 19. janúar 2022.

11) Seðlabanki Evrópu veitti álit sitt 7. júní 2022 ([8]).

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að samræma birtingarkröfur um upplýsingar til almennings sem ættu að vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

13) Því ætti að breyta eftirfarandi reglugerðum til samræmis við það:

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([9]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 ([10]),

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([8]) Stjtíð. ESB C 307, 12.8.2022, bls. 3.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjtíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 ([11]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 ([12]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([13]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ([14]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([15]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([16]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([17]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 ([18]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([19]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ([20]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ([21]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 ([22]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 ([23]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 ([24]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ([25]),

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8).

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

([24]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([26]),

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 ([27]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1060/2009**

Reglugerð (EB) nr. 1060/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 11. gr. a kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta stök lánshæfismöt sem lögð eru fyrir hana skv. 1. mgr. á vefsíðu („evrópskur matsvettvangur“).

Fella skal miðlæga gagnasafnið sem um getur í 2. mgr. 11. gr. inn í evrópska matsvettvanginn.

Einn evrópskur aðgangsstaður sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*) getur sinnt verkefnum evrópska matsvettvangsins.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„13. gr. a*

**Aðgengileiki upplýsinga á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá 10. janúar 2028, við opinbera birtingu upplýsinga sem um getur í 8. gr. (1. mgr.), 8. gr. (6. og 7. mgr.), 8. gr. a (1. og 3. mgr.), 10. gr. (1. og 4. mgr.), 11. gr. (1. mgr.) og 12. gr. þessarar reglugerðar, skulu lánshæfismatsfyrirtæki leggja fram þær upplýsingar á sama tíma hjá söfnunaraðilanum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar í því skyni að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn viðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila lánshæfismatsfyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð viðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

([26]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar,

vi. landið þar sem skrifstofa lánshæfismatsfyrirtækisins sem upplýsingarnar varða er skráð,

vii. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi lánshæfismatsfyrirtækisins sem upplýsingarnar varða tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu lánshæfismatsfyrirtæki afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

4. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar sem um getur í 5. gr. (3. mgr.), 8. gr. d (2. mgr.), 11. gr. (2. mgr.) og 11. gr. a (1. og 2. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 24. gr. (5. mgr.) og 36. gr. d (1. mgr.) þessarar reglugerðar gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn viðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis og metinnar einingar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila lánshæfismatsfyrirtækis og metinnar einingar eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina eftirfarandi:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.“

*2. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 236/2012**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 236/2012:

*„11. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. júlí 2026, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, skulu einstaklingar eða lögaðilar leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn einstaklingsins eða lögaðilans sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð aðila eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*3. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 345/2013**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 345/2013:

*„17. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. í þessari reglugerð, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal byggja þær upplýsingar á upplýsingum sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur tilkynnt í samræmi við 1. mgr. 16. gr. í þessari reglugerð vegna gerðar miðlæga gagnasafnsins sem um getur í 1. mgr. 17. gr. í þessari reglugerð.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn sjóðsins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila sjóðsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*4. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 346/2013**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 346/2013:

*„18. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 18. gr. í þessari reglugerð, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal byggja þær upplýsingar á upplýsingum sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur tilkynnt í samræmi við 1. mgr. 17. gr. í þessari reglugerð vegna gerðar miðlæga gagnasafnsins sem um getur í 1. mgr. 18. gr. í þessari reglugerð.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn sjóðsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila sjóðsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*5. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 575/2013**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 575/2013:

*„434. gr. b*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í áttunda hluta þessarar reglugerðar, skulu stofnanir leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn stofnunarinnar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila stofnunarinnar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð stofnunarinnar eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu stofnanir afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska bankaeftirlitsstofnunin.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*6. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 537/2014**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 537/2014:

*„13. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar, skal löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn löggilta endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila endurskoðunarfyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð endurskoðunarfyrirtækisins eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu endurskoðunarfyrirtæki sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að höfðu samráði við Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda, til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal framkvæmdastjórnin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*7. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 596/2014**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 596/2014:

*„21. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar, skulu útgefandi eða þátttakandi á markaði með losunarheimildir leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir sem er lögaðili, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir sem er lögaðili eftir flokki, eins og tilgreint er í d -lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu útgefendur og þátttakendur á markaði með losunarheimildir sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2028 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2028, þar sem landslög kveða á um að lögbæru yfirvaldi sé sjálfu heimilt að birta upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar til þess að gera þær upplýsingar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað, skal söfnunaraðilinn sem um getur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 vera lögbæra yfirvaldið.

5. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefandans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila útgefanda, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmda-stjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagns-markaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*8. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 600/2014**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 600/2014:

*„23. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 14. gr. (6. mgr.), 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (annarri undirgrein, 4. mgr.) og 27. gr. (1. mgr.), 34. gr., 40. gr. (5. mgr.), 42. gr. (5. mgr.), 44. gr. (2. mgr.), 45. (6. mgr.) og 48. gr. í þessari reglugerð, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, skal vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn verðbréfafyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*9. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014:

*„29. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028, við opinbera birtingu lykilupplýsingaskjalsins sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, skulu framleiðendur pakkaðra og vátryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta leggja lykilupplýsingaskjalið samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Lykilupplýsingaskjalið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) það sé afhent á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) því fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn framleiðanda pakkaðrar og vátryggingartengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta sem upplýsingarnar varða,

ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila framleiðanda pakkaðra og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. fyrir lögaðila, stærð framleiðanda pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu framleiðendur pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2028 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera lykilupplýsingaskjalið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald skv. 8. lið 4. gr. þessarar reglugerðar.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn framleiðanda pakkaðrar og vátryggingartengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila framleiðanda pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar í gegnum sameiginlegu nefndina, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í gegnum sameiginlegu nefndina, samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*10. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2015/760**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2015/760:

*„25. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 3. gr. í þessari reglugerð, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal byggja þær upplýsingar á upplýsingum sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hafa tilkynnt í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 3. gr. í þessari reglugerð vegna gerðar opinberrar skrár sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 3. gr. í þessari reglugerð.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn evrópsk langtímafjárfestingarsjóðs með starfsleyfi sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila evrópsk langtímafjárfestingarsjóðs með starfsleyfi, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*11. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2015/2365**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2015/2365:

*„32. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, skulu viðskiptaskrár leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn viðskiptaskrár sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila viðskiptaskrár, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð viðskiptaskrár eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu viðskiptaskrár afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar sem um getur í 22. gr. (b-lið 4. mgr.), 25. gr. (3. mgr.) og 26. gr. (1. og 4. mgr.) þessarar reglugerðar gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn aðila sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila aðila, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 8. gr. (3. mgr.), 19. gr. (8. mgr.), 25. gr. (öðrum málslið 1. mgr.) og 25. gr. (öðrum málslið 2. mgr.) þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn viðskiptaskrár sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila viðskiptaskrár, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*12. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2016/1011**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2016/1011:

*„28. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 4. gr. (5. mgr.), 11. gr. (c-lið 1. mgr.), 12. gr. (3. mgr.), 13. gr. (1. mgr.), 25. gr. (7. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 27. gr. (1. mgr.) og 28. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar skal stjórnandi leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn stjórnandans sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni stjórnandans, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð stjórnandans eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu stjórnendur sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

4. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 45. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn stjórnandans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila stjórnanda, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 36. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn stjórnandans sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila stjórnanda, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. og tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmda-stjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*13. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2017/1129**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2017/1129:

*„21. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. júlí 2026, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. gr. (f- og g-lið 4. mgr.), 1. gr. (e- og f-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr.), 8. gr. (5. mgr.), 9. gr. (4. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 17. gr. (2. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 21. gr. (9. mgr.) og 23 .gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, skal útgefandi, tilboðsgjafi eða aðilinn sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, þegar við á, leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, þegar við á, sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, þegar við á, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð útgefanda eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. atvinnugrein eða -greinar sem starfsemi útgefandans tilheyrir, eins og tilgreint er skv. e-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   vi. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem sækja um töku til viðskipta á skipulegum markaði sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald. Lögbæra yfirvaldið skal, að því marki sem mögulegt er, byggja á verkferlum og innviðum sem hannaðir og innleiddir eru til beitingar 6. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

4. Frá og með 10. júlí 2026, til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn útgefanda eða þegar við á, tilboðsgjafa, sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila útgefanda, eða þegar við á, tilboðsgjafa, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*14. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2017/1131**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2017/1131:

*„37. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 7. mgr. 4. gr. í þessari reglugerð, vera aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*). Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal byggja þau gögn á upplýsingum sem lögbær yfirvöld hafa tilkynnt í samræmi við 6. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar vegna gerðar opinberrar skrár sem um getur í 7. mgr. 4. gr. í þessari reglugerð.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn sjóðsins sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila sjóðsins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*15. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2019/1238**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2019/1238:

*„70. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn þess framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila framleiðanda samevrópskrar séreignasparnaðarafurðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2028 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, sem um getur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 6. mgr. 65. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn þess framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Frá og með 10. janúar 2028 skulu upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 63. gr. og 1. og 4. mgr. 69. gr. þessarar reglugerðar gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera lögbært yfirvald.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn þess framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, ef það liggur fyrir,

iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

6. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

7. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*16. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2033**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2019/2033:

*„46. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í sjötta hluta þessarar reglugerðar, skulu verðbréfafyrirtæki leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn verðbréfafyrirtækisins sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila verðbréfafyrirtækisins, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. stærð verðbréfafyrirtækis eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu verðbréfafyrirtæki afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska bankaeftirlitsstofnunin.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*17. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2088**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2019/2088:

*„18. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2028, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 3. gr. (1. og 2. mgr.), 4. gr. (1., 3., 4. og 5. mgr.), 5. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, skulu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn þess aðila á fjármálamarkaði eða fjármálaráðgjafa sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila fyrir aðila á fjármálamarkaði eða fjármálaráðgjafa, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð aðila á fjármálamarkaði eða fjármálaráðgjafa eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar sem eru lögaðilar afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2028 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar í gegnum sameiginlegu nefndina, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir í því skyni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Ef nauðsyn krefur skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í gegnum sameiginlegu nefndina, samþykkja viðmiðunarreglur til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*18. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2023/1114**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2023/1114:

*„110. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030, við opinbera birtingu allra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 88. gr. þessarar reglugerðar, skal útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. þeirrar reglugerðar,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, sem upplýsingarnar varða,

   ii. fyrir lögaðila, auðkenni lögaðila útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

   iii. fyrir lögaðila, stærð útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið b-liðar 1. mgr. skal útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum markaði, afla auðkennis lögaðila.

3. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

4. Frá og með 10. janúar 2030 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 109. og 110. gr. þessarar reglugerðar, gerðar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað. Í því skyni skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) vera lagðar fram á tölvulæsilegu sniði eins og skilgreint er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

   i. öll nöfn útgefanda eignartengdra tóka, útgefanda rafeyristóka og þjónustuveitanda sýndareigna sem upplýsingarnar varða,

   ii. auðkenni lögaðila útgefanda eignatengds tóka, útgefanda rafeyristóka og þjónustuveitanda sýndareignar, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, ef það liggur fyrir,

   iii. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

   iv. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur fyrir stofnanir til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*19. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) 2023/2631**

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (ESB) 2023/2631:

*„15. gr. a*

**Aðgengi að upplýsingum á einum evrópskum aðgangsstað**

1. Frá og með 10. janúar 2030 þegar birt er opinberlega eitthvað af eftirfarandi:

a) upplýsingablað, úttekt fyrir útgáfu sem tengist upplýsingablaðinu, árlegum úthlutunarskýrslum, úttekt eftir útgáfu sem tengist einni eða fleiri árlegum úthlutunarskýrslum, áhrifaskýrslu, úttekt á áhrifaskýrslu sem um getur í 15. gr.,

b) upplýsingagjöf fyrir útgáfu sem um getur í 20. gr. og reglubundin birting upplýsinga eftir útgáfu sem um getur í 21. gr.,

skal útgefandi leggja þær upplýsingar samtímis fram hjá viðeigandi söfnunaraðila sem um getur í 3. eða 4. mgr. þessarar greinar til að gera þær aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 (*).

Upplýsingarnar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þær séu afhentar á gagnaútdráttarsniði, eins og það er skilgreint í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859 eða, ef lög Sambandsins krefjast þess, á tölvulæsilegu sniði eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

b) þeim fylgi eftirfarandi lýsigögn:

i. öll nöfn útgefandans sem upplýsingarnar varða,

ii. auðkenni lögaðila útgefandans, eins og tilgreint er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859,

iii. stærð útgefandans eftir flokki, eins og tilgreint er í d-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

iv. tegund upplýsinga, eins og þær eru flokkaðar skv. c-lið 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar,

v. tilgreining á hvort upplýsingarnar innihaldi persónuupplýsingar.

2. Að því er varðar ii. lið, b-liðar, annarrar undirgreinar 1. mgr. skal útgefandi afla auðkennis lögaðila.

3. Til að gera upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, fyrstu undirgreinar, 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað skal söfnunaraðili, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, vera Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.

4. Eigi síðar en 9. janúar 2030 skulu aðildarríki tilnefna a.m.k. einn söfnunaraðila, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2859, til að gera upplýsingarnar sem um getur í b-lið, fyrstu undirgreinar, 1. mgr. þessarar greinar aðgengilegar á einum evrópskum aðgangsstað og tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það.

5. Til að tryggja skilvirka söfnun og stjórnun upplýsinga sem lagðar eru fram í samræmi við 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) öll önnur lýsigögn sem eiga að fylgja upplýsingunum,

b) samsetningu gagna í upplýsingunum,

c) hvaða upplýsingar krefjist tölvulæsilegs sniðs og hvaða tölvulæsilega snið eigi að nota í þeim tilvikum.

Að því er varðar c-lið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta kosti og galla mismunandi tölvulæsilegra sniða og framkvæma viðeigandi vettvangsprófanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmda-stjórnina.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Ef nauðsyn krefur skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkja viðmiðunarreglur fyrir stofnanir til að tryggja að lýsigögn sem lögð eru fram í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. séu rétt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2859 frá 13. desember 2023 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustu, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni (Stjtíð. ESB L, 2023/2859, 20.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2859/oj).“

*20. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. desember 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | P. NAVARRO RÍOS |
| *forseti.* | *forseti.* |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2246** **2026/EES/53/07**

**frá 7. nóvember 2025**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 að því er varðar lágmarkstíðni eftirlits** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a- og b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Innan ramma eftirlitsáætlunar um aðskotaefni að því er varðar matvæli sem eru sett á markað í Sambandinu er þess krafist að aðildarríki fari að reglum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/932 ([2]) að því er varðar lágmarkstíðni eftirlits fyrir ýmsar vörur.

2) Lágmarkstíðni eftirlits sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 er ákvörðuð á grundvelli áhættu. Reynslan sem hefur fengist af beitingu hennar sýnir að fyrir tilteknar vörur er lágmarkstíðni eftirlits ekki viðeigandi.

3) Einkum sýna gögn sem aðildarríki hafa safnað að óunnið nautgripakjöt, sauðfjárkjöt, geitakjöt, svínakjöt og alifuglakjöt skapi litla áhættu á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 ([3]) Þess vegna ætti að lækka lágmarkstíðni eftirlits fyrir þetta kjöt, þ.m.t. ætan sláturmat, sem fastsett er í a-lið 1. liðar I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932.

4) Gögn sem aðildarríki hafa safnað sýna einnig að egg skapi litla áhættu á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2023/915. Hámarksgildi leifa málma í eggjum er fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]). Þess vegna ætti að lækka lágmarkstíðni eftirlits fyrir ný hænuegg og önnur egg, sem fastsett er í a-lið 1. liðar I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932, og krafan um lágmarkstíðni sýnatöku sem er 10% og mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 fyrir eftirlit með ýmsum málmum ætti ekki að gilda um flokkinn „ný hænuegg og önnur egg“.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2246, 10.11.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/932 frá 9. júní 2022 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar aðskotaefni í matvælum, um sértækt viðbótarinnihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar viðbótarráðstafanir vegna undirbúnings þeirra (Stjtíð. ESB L 162, 17.6.2022, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/932/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtíð. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/915/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj).

6) Þar eð reglurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 eru tengdar við viðkomandi almanaksár ættu breytingarnar sem gera skal á þeirri framkvæmdarreglugerð með þessari reglugerð að gilda í fyrsta sinn um áætlunina fyrir árið 2026. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/932 er breytt sem hér segir:

1) Töflunni í a-lið 1. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir „óunnið nautgripakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur)“, „óunnið sauðfjár- og geitakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur)“ og „óunnið svínakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur)“ kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Óunnið nautgripakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur) | Að lágmarki 0,01% af heildarfjölda slátraðra dýra |
| Óunnið sauðfjár- og geitakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur) | Að lágmarki 0,002% af heildarfjölda slátraðra dýra |
| Óunnið svínakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur) | Að lágmarki 0,0015% af heildarfjölda slátraðra dýra“ |

b) Í stað færslunnar fyrir „óunnið alifuglakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur)“ kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Óunnið alifuglakjöt (þ.m.t. ætur sláturmatur) | Að því er varðar hvern flokk af alifuglum sem er talinn með (holdakjúklingar, hænur sem eru hættar að verpa, kalkúnar og aðrir alifuglar), að lágmarki 1 sýni úr hverjum 5 000 tonnum af árlegri framleiðslu (fallþungi)“ |

c) Í stað færslunnar fyrir „ný hænuegg og önnur egg“ kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Ný hænuegg og önnur egg | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 5 000 tonnum af árlegri eggjaframleiðslu“ |

2) Í stað b-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„b) Aðildarríki skulu árlega inna af hendi eftirlit með „málmum“ í að lágmarki 10% af sýnum sem eru tekin úr hverjum vöruflokki í samræmi við töfluna í þessum viðauka, að undanþegnum vöruflokkunum „ný hænuegg og önnur egg“, „krabbadýr og samlokur“, „feiti og olíur úr dýrum og sjávardýrum“ og „unnar afurðir úr dýraríkinu“.

_____

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/742** **2026/EES/53/08**

**frá 30. mars 2026**

**um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýflúfenamíð, fenasakín og nikótín í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir virku efnin sýflúfenamíð og fenasakín. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir virka efnið nikótín.

2) Að því er varðar sýflúfenamíð var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir steinselju, brómber, hindber (rauð og gul) og „önnur smá aldin og ber“. Að því er varðar fenasakín var slík umsókn lögð fram varðandi paprikur, tómata og eggaldin.

3) Viðkomandi aðildarríki mátu allar þessar umsóknir í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sendi umsóknirnar, matsskýrslurnar og málsskjöl til stuðnings til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Hún sendi þessi álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja og gerði þau aðgengileg almenningi.

5) Að því er varðar allar þessar umsóknir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gögnin væru viðeigandi til að leiða út eða staðfesta tillögur að hámarksgildum leifa fyrir vörurnar sem verið var að meta. Þess vegna þykir rétt að fastsetja þau hámarksgildi leifa sem óskað var eftir fyrir sýflúfenamíð í steinselju, brómberjum, hindberjum (rauðum og gulum) og „öðrum smáum aldinum og berjum“ og fyrir fenasakín í paprikum, tómötum og eggaldinum við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin mælti með. Til glöggvunar ætti að fella neðanmálsgreinina þar sem fram kemur að upplýsingar vanti um prófanir á leifum fyrir fenasakín á tómötum brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/742, 31.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) „Modification of the existing maximum residue levels for cyflufenamid in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(8), e9611, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9611.
„Modification of the existing maximum residue levels for fenazaquin in strawberries, sweet peppers, tomatoes and aubergines.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(7), e9604, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025, 9604.

6) Að því er varðar nikótín í tei var fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa sem nemur 0,5 mg/kg með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/115 ([3]) með fresti til endurskoðunar til febrúar 2026. Eftir þann dag verður hámarksgildi leifa sjálfkrafa lækkað í 0,4 mg/kg nema því verði breytt áður í ljósi nýrra gagna sem lögð eru fram eigi síðar en 30. júní 2025. Gögn um vöktun sem stjórnendur matvælafyrirtækja lögðu fram innan tilskilins frests sýndu að víða er ekki hægt að ná gildi sem nemur 0,4 mg/kg. Tilvist nikótínleifa í matvælum stafar oft af þáttum eins og mengun í umhverfinu og/eða við framleiðslu eða innrænni myndun frekar en af notkun þess sem varnarefni. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að gildi sem nemur 0,5 mg/kg nikótíns í tei sé öruggt fyrir neytendur ([4]) þykir rétt að viðhalda núverandi bráðabirgðahámarksgildi leifa sem nemur 0,5 mg/kg fyrir nikótín í tei til að taka tillit til leifa sem stafa af hugsanlegum öðrum uppsprettum en notkun varnarefna og að framlengja gildi þessa bráðabirgðahámarksgildis leifa til 22. febrúar 2030.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/115 frá 21. janúar 2025 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúxapýroxað, lambda-sýhalótrín, metalaxýl og nikótín í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 2025/115, 22.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2025/115/oj).

([4]) „Statement on the short-term (acute) dietary risk assessment for the temporary maximum residue levels for nicotine in rose hips, teas and capers.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(9), e07566, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022, 7566.

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir sýflúfenamíð og fenasakín í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Sýflúfenamíð (summa sýflúfenamíðs (Z- hverfa) og E-hverfu þess, gefið upp sem sýflúfenamíð) (R) (A) | Fenasakín (F) |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,01 (*) | 0,3 |
| 0110010 | Greipaldin | | (+) |
| 0110020 | Appelsínur | | (+) |
| 0110030 | Sítrónur | | (+) |
| 0110040 | Súraldin | | (+) |
| 0110050 | Mandarínur | | (+) |
| 0110990 | Annað (2) | | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | 0,01 (*) | |
| 0120010 | Möndlur | | 0,02 |
| 0120020 | Parahnetur | | 0,02 |
| 0120030 | Kasúhnetur | | 0,02 |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | | 0,02 |
| 0120050 | Kókoshnetur | | 0,01 (*) |
| 0120060 | Heslihnetur | | 0,02 |
| 0120070 | Goðahnetur | | 0,02 |
| 0120080 | Pekanhnetur | | 0,02 |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | | 0,02 |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | | 0,02 |
| 0120110 | Valhnetur | | 0,02 |
| 0120990 | Annað (2) | | 0,02 |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | 0,06 | 0,15 |
| 0130010 | Epli | | (+) |
| 0130020 | Perur | | (+) |
| 0130030 | Kveði | | (+) |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | (+) |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | (+) |
| 0130990 | Annað (2) | | |
| 0140000 | **Steinaldin** | | 0,01 (*) |
| 0140010 | Apríkósur | 0,06 | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | 0,1 | |
| 0140030 | Ferskjur | 0,06 | |
| 0140040 | Plómur | 0,07 | |
| 0140990 | Annað (2) | 0,06 | |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | 0,2 | 0,01 (*) |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | |
| 0151020 | Vínþrúgur | | |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | 0,04 | 0,4(+) |
| 0153000 | c) **Klungurber** | | 0,01 (*) |
| 0153010 | Brómber | **0,08** | |
| 0153020 | Daggarber | 0,01 (*) | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | **0,08** | |
| 0153990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | **0,09** | 0,01 (*) |
| 0154010 | Aðalbláber | | |
| 0154020 | Trönuber | | |
| 0154030 | Sólber og rifsber (rauð og hvít) | | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | | |
| 0154050 | Rósaldin | | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | | |
| 0154080 | Ylliber | | |
| 0154990 | Annað (2) | | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0161000 | a) ***Ætu hýði*** | | |
| 0161010 | Döðlur | | |
| 0161020 | Fíkjur | | |
| 0161030 | Ólífur til átu | | |
| 0161040 | Gullappelsínur | | |
| 0161050 | Stjörnualdin | | |
| 0161060 | Gallaldin | | |
| 0161070 | Jövuplómur | | |
| 0161990 | Annað (2) | | |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | | |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | |
| 0162020 | Litkaber | | |
| 0162030 | Píslaraldin | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | | |
| 0162990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | | |
| 0163010 | Lárperur | | |
| 0163020 | Bananar | | |
| 0163030 | Mangó | | |
| 0163040 | Papæjualdin | | |
| 0163050 | Granatepli | | |
| 0163060 | Morgunberkjur | | |
| 0163070 | Gvövur | | |
| 0163080 | Ananas | | |
| 0163090 | Brauðaldin | | |
| 0163100 | Dáraaldin | | |
| 0163110 | Nónberkjur | | |
| 0163990 | Annað (2) | | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | | |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | | |
| 0212010 | Kassavarætur | | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | | |
| 0212040 | Örvarrætur | | |
| 0212990 | Annað (2) | | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | | |
| 0213010 | Rauðrófur | | |
| 0213020 | Gulrætur | | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | | |
| 0213040 | Piparrót | | |
| 0213050 | Ætihnúðar | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0213060 | Nípur | | |
| 0213070 | Steinseljurætur | | |
| 0213080 | Hreðkur | | |
| 0213090 | Hafursrætur | | |
| 0213100 | Gulrófur | | |
| 0213110 | Næpur | | |
| 0213990 | Annað (2) | | |
| 0220000 | **Laukar** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | | |
| 0220020 | Laukar | | |
| 0220030 | Skalottlaukar | | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | | |
| 0220990 | Annað (2) | | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | | |
| 0231010 | Tómatar | 0,04 | **0,2** |
| 0231020 | Paprikur | 0,06 | **0,4** |
| 0231030 | Eggaldin | 0,02 (*) | **0,2** |
| 0231040 | Okrur | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0231990 | Annað (2) | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | 0,05 | |
| 0232010 | Gúrkur | | 0,15 |
| 0232020 | Smágúrkur | | 0,01 (*) |
| 0232030 | Dvergbítar | | 0,01 (*) |
| 0232990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | 0,05 | |
| 0233010 | Melónur | | 0,07 |
| 0233020 | Risagrasker | | 0,01 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0233030 | Vatnsmelónur | | 0,07 |
| 0233990 | Annað (2) | | 0,01 (*) |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | | |
| 0241010 | Spergilkál | | |
| 0241020 | Blómkál | | |
| 0241990 | Annað (2) | | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | | |
| 0242010 | Rósakál | | |
| 0242020 | Höfuðkál | | |
| 0242990 | Annað (2) | | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | | |
| 0243010 | Kínakál | | |
| 0243020 | Grænkál | | |
| 0243990 | Annað (2) | | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | | |
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | | |
| 0251020 | Salat | | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | | |
| 0251060 | Klettasalat | | |
| 0251070 | Sinnepskál | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | | |
| 0251990 | Annað (2) | | |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0252010 | Spínat | | |
| 0252020 | Súpugull | | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | |
| 0252990 | Annað (2) | | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | | 0,02 (*) |
| 0256010 | Kerfill | 0,02 (*) | |
| 0256020 | Graslaukur | 0,02 (*) | |
| 0256030 | Blöð af selleríi | 0,02 (*) | |
| 0256040 | Steinselja | **0,4** | |
| 0256050 | Salvía | 0,02 (*) | |
| 0256060 | Rósmarín | 0,02 (*) | |
| 0256070 | Garðablóðberg | 0,02 (*) | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | 0,02 (*) | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | 0,02 (*) | |
| 0256100 | Fáfnisgras | 0,02 (*) | |
| 0256990 | Annað (2) | 0,02 (*) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0260050 | Linsubaunir | | |
| 0260990 | Annað (2) | | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | | 0,01 (*) |
| 0270010 | Sperglar | 0,01 (*) | |
| 0270020 | Salatþistlar | 0,01 (*) | |
| 0270030 | Sellerí | 0,01 (*) | |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 0,01 (*) | |
| 0270050 | Ætiþistlar | 0,04 | |
| 0270060 | Blaðlaukar | 0,01 (*) | |
| 0270070 | Rabarbarar | 0,01 (*) | |
| 0270080 | Bambussprotar | 0,01 (*) | |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,01 (*) | |
| 0270990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0300010 | Baunir | | |
| 0300020 | Linsubaunir | | |
| 0300030 | Ertur | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | |
| 0300990 | Annað (2) | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0401000 | **Olíufræ** | | |
| 0401010 | Hörfræ | | |
| 0401020 | Jarðhnetur | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0401030 | Valmúafræ | | |
| 0401040 | Sesamfræ | | |
| 0401050 | Sólblómafræ | | |
| 0401060 | Repjufræ | | |
| 0401070 | Sojabaunir | | |
| 0401080 | Mustarðsfræ | | |
| 0401090 | Baðmullarfræ | | |
| 0401100 | Risagraskersfræ | | |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | | |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | | |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | | |
| 0401140 | Hampfræ | | |
| 0401150 | Kristpálmafræ | | |
| 0401990 | Annað (2) | | |
| 0402000 | **Olíuríк aldin** | | |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | | |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | | |
| 0402990 | Annað (2) | | |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | | 0,01 (*) |
| 0500010 | Bygg | 0,1 | |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,1 | |
| 0500030 | Maís | 0,01 (*) | |
| 0500040 | Hirsi | 0,01 (*) | |
| 0500050 | Hafrar | 0,1 | |
| 0500060 | Hrísgrjón | 0,01 (*) | |
| 0500070 | Rúgur | 0,04 | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0500080 | Dúrra | 0,01 (*) | |
| 0500090 | Hveiti | 0,04(+) | |
| 0500990 | Annað (2) | 0,01 (*) | |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | 0,05 (*) | |
| 0610000 | **Te** | | 9(+) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | | 0,05 (*) |
| 0630000 | **Jurtate úr** | | 0,05 (*) |
| 0631000 | a) **Blómum** | | |
| 0631010 | Gæsajurt | | |
| 0631020 | Læknakólfur | | |
| 0631030 | Rósir | | |
| 0631040 | Jasmína | | |
| 0631050 | Lindiblóm | | |
| 0631990 | Annað (2) | | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | | |
| 0632010 | Jarðarber | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | | |
| 0632990 | Annað (2) | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | | |
| 0633010 | Garðabrúða | | |
| 0633020 | Ginseng | | |
| 0633990 | Annað (2) | | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | | 0,05 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | | 0,05 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0700000 | **HUMLAR** | 5 | 30 |
| 0800000 | **KRYDD** | | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | | |
| 0810020 | Ilmfrú | | |
| 0810030 | Sellerí | | |
| 0810040 | Kóríander | | |
| 0810050 | Kúmín | | |
| 0810060 | Dill | | |
| 0810070 | Fenníkur | | |
| 0810080 | Grikkjasmári | | |
| 0810090 | Múskat | | |
| 0810990 | Annað (2) | | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | | |
| 0820020 | Kínapipar | | |
| 0820030 | Kúmen | | |
| 0820040 | Kardimommur | | |
| 0820050 | Einiber | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | | |
| 0820070 | Vanilla | | |
| 0820080 | Tamarind | | |
| 0820990 | Annað (2) | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0830010 | Kanill | | |
| 0830990 | Annað (2) | | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | | |
| 0840010 | Lakkrís | 0,05 (*) | 0,05 (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0840020 | Engifer (10) | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | | |
| 0840990 | Annað (2) | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0850010 | Negull | | |
| 0850020 | Kapers | | |
| 0850990 | Annað (2) | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0860010 | Saffran | | |
| 0860990 | Annað (2) | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,05 (*) | 0,05 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | | |
| 0870990 | Annað (2) | | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,01 (*) | 0,01 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | | |
| 0900020 | Sykurreyr | | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | | |
| 0900990 | Annað (2) | | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | |
| 1010000 | **Vörur úr** | 0,02 (*) | |
| 1011000 | a) **Svínum** | | 0,02 (*) |
| 1011010 | Vöðvi | | |
| 1011020 | Fita | | |
| 1011030 | Lifur | | |
| 1011040 | Nýru | | |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1011990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 1012000 | b) **Nautgripum** | | 0,02 (*) |
| 1012010 | Vöðvi | | |
| 1012020 | Fita | | |
| 1012030 | Lifur | | |
| 1012040 | Nýru | | |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1012990 | Annað (2) | | |
| 1013000 | **c) Sauðfé** | | 0,02 (*) |
| 1013010 | Vöðvi | | |
| 1013020 | Fita | | |
| 1013030 | Lifur | | |
| 1013040 | Nýru | | |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1013990 | Annað (2) | | |
| 1014000 | d) **Geitum** | | 0,02 (*) |
| 1014010 | Vöðvi | | |
| 1014020 | Fita | | |
| 1014030 | Lifur | | |
| 1014040 | Nýru | | |
| 1014050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1014990 | Annað (2) | | |
| 1015000 | e) **Hestum** | | 0,02 (*) |
| 1015010 | Vöðvi | | |
| 1015020 | Fita | | |
| 1015030 | Lifur | | |
| 1015040 | Nýru | | |
| 1015050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1015990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 1016000 | f) **Alifuglum** | | 0,01 (*) |
| 1016010 | Vöðvi | | |
| 1016020 | Fita | | |
| 1016030 | Lifur | | |
| 1016040 | Nýru | | |
| 1016050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
| 1016990 | Annað (2) | | |
| 1017000 | g) **Öðrum öldum landdýrum** | | 0,02 (*) |
| 1017010 | Vöðvi | | |
| 1017020 | Fita | | |
| 1017030 | Lifur | | |
| 1017040 | Nýru | | |
| 1017050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | |
5) Framkvæmdastjórnin samþykkti 27. júní 2024 *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla sem grunnefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([7]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Framkvæmdastjórnin samþykkti 22. janúar 2025 kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) sem grunnefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ([8]). Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun efnisins leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur og því er engra hámarksgilda krafist. Því er rétt að færa þetta efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi færslum er bætt við í stafrófsröð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005: *Allium fistulosum*, unnið, lýsat úr *Willaertia magna*, magnesíumhýdroxíð E528, *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla og kjarni úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2024/1768, 27.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1768/oj).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/96 frá 21. janúar 2025 um samþykki fyrir grunnefninu kjarna úr fræi *Vitis vinifera* L. (þrúgufræskjarni) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2025/96, 22.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/96/oj).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/154** **2026/EES/53/11**

**frá 23. janúar 2026**

**um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða til undaneldis, fráfærugrísi, tegundir svína til eldis, laxfiska og kjúklinga til eldis og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir laxfiska og eldiskjúklinga** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnið sepíólítkenndur leir var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263 ([3]).

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um endurmat á sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virku hópana „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um breytingu á skilmálum fyrir leyfinu fyrir sepíólítkenndum leir eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 að því er varðar notkun fyrir laxfiska og eldiskjúklinga. Breytingin varðar aukningu á hámarksinnihaldi í 20 000 mg/kg heilfóðurs í stað þess styrks sem er leyfður nú og nemur 17 600 mg/kg fyrir laxfiska og 10 000 mg/kg fyrir eldiskjúklinga. Viðbótargögn voru lögð fram til að sýna fram á að aukefnið uppfylli skilyrðin fyrir leyfi í tillögðum styrk. Taka skal breytinguna til athugunar með tilliti til endurmats á efninu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/154, 26.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/263 frá 7. febrúar 2023 um leyfi fyrir sepíólítkenndum leir sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr til mjólkurframleiðslu, dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan og til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga (Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/263/oj).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. mars 2025 ([4]) að notkun sepíólítkennds leirs við 20 000 mg/kg heilfóðurs sé örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hvorki augn- né húðertandi. Hins vegar var það talið öndunarfæra- og húðnæmir. Vegna tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar og kísildíoxíðinnihalds þess var það talið valda áhættu við innöndun. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt sem bindiefni og kekkjavarnarefni í fóður fyrir allar dýrategundir við tillögð notkunarskilyrði. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

6) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati sem varðaði aðra umsókn um leyfi fyrir sama aukefni og staðfest af Matvælaöryggisstofnuninni í áliti hennar frá 4. maí 2022 ([5]) séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([6]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að sepíólítkenndur leir uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins fyrir allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis, fráfærugrísi af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiska og eldiskjúklinga. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

8) Auk þess, í ljósi framangreinds, telur framkvæmdastjórnin að leyfi fyrir sepíólítkenndum leir uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar skilmálum þess er breytt að því er varðar notkun fyrir laxfiska og eldiskjúklinga, með því að auka hámarksinnihaldið í 20 000 mg/kg heilfóðurs. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 til samræmis við það.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir sepíólítkenndum leir fyrir laxfiska og eldiskjúklinga þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja breytingu á leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og er tilgreint í I. viðauka, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

*2. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263**

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263 kemur II. viðauki við þessa reglugerð.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9365, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9365.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7344, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7344.
([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

*3. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Efnið sepíólítkenndur leir, sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/263, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru ætluð fyrir laxfiska og eldiskjúklinga og sem eru framleidd og merkt fyrir 15. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið sem um getur í 1. mgr., sem eru ætluð fyrir laxfiska og eldiskjúklinga og eru framleidd og merkt fyrir 15. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

*4. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni** | | | | | | | | |
| 1g563 | Sepíólít-kenndur leir | *Samsetning aukefnis*<br>Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít.<br>Duftform.<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40%<br>CAS-númer: 63800-37-3<br>EINECS-númer: 264-465-3<br>Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$.<br>Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25%<br>CAS-númer: 12173-60-3<br>EINECS-númer: 601-803-4<br>Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$<br>Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35%<br>Laust við asbest (1)<br>Óhreinindi:<br>Nikkel ≤ 20,3 mg/kg | Allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis, fráfærugrísir af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiskar og eldiskjúklingar | | - | 20 000 | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.<br>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels. | 15. febrúar 2036 |

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | *Greiningaraðferð* (2)<br>Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins:<br>— Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og<br>— Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS). | | | | | | |

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni** | | | | | | | | |
| 1g563 | Sepíólít-kenndur leir | *Samsetning aukefnis*<br>Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít.<br>Duftform.<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40%<br>CAS-númer: 63800-37-3<br>EINECS-númer: 264-465-3 | Allar dýrategundir aðrar en jórturdýr til mjólkurfram-leiðslu eða undaneldis, fráfærugrísir af svínategundum, tegundir svína til eldis, laxfiskar og eldiskjúklingar | | - | 20 000 | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. | 15. febrúar 2036 |

| Kenninúmer fóðuraukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$.<br>Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25%<br>CAS-númer: 12173-60-3<br>EINECS-númer: 601-803-4<br>Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$<br>Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35%<br>Laust við asbest (1)<br>Óhreinindi:<br>Nikkel ≤ 20,3 mg/kg<br><br>*Greiningaraðferð* (2)<br>Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins:<br>— Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og<br>— Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS). | | | | | 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels. | |

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

*II. VIÐAUKI*

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni** | | | | | | | | |
| 1g563 | Sepíólít-kenndur leir | *Samsetning aukefnis*<br>Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít.<br>Duftform.<br><br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40%<br>CAS-númer: 63800-37-3<br>EINECS-númer: 264-465-3<br>Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$.<br>Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25%<br>CAS-númer: 12173-60-3<br>EINECS-númer: 601-803-4<br>Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$<br>Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35%<br>Laust við asbest (1)<br>Óhreinindi:<br>Nikkel ≤ 20,3 mg/kg | — Jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis<br>— Fráfærugrísir af tegundum svína<br>— Svínategundir til eldis<br>— Laxfiskar<br>— Eldiskjúklingar | | - | 20 000 | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.<br><br>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels. | 28. febrúar 2033 |

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | *Greiningaraðferð* (2)<br>Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins:<br>— Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og<br>— Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS). | | | | | | |

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

| Kenninúmer fóðuraukefn-isins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni** | | | | | | | | |
| 1g563 | Sepíólít-kenndur leir | *Samsetning aukefnis*<br>Vatnað magnesíumsílíkat sem er upprunnið úr seti, inniheldur ≥ 40% sepíólít og ≥ 25% illít.<br>Duftform.<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Sepíólít (vatnað magnesíumsílíkat): ≥ 40%<br>CAS-númer: 63800-37-3<br>EINECS-númer: 264-465-3 | — Jórturdýr til mjólkurframleiðslu eða undaneldis<br>— Fráfærugrísir af tegundum svína | | - | 20 000 | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. | 28. febrúar 2033 |

| Kenninúmer fóðuraukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Efnaformúla: $Mg_4Si_6O_{15}(OH)_2 \cdot 6H_2O$.<br>Illít (kalíum- og járnálsílíkat): ≥ 25%<br>CAS-númer: 12173-60-3<br>EINECS-númer: 601-803-4<br>Efnaformúla: $(K,H_3O)(Al,Mg,Fe)_2(Si,Al)_4O_{10}[(OH)_2 \cdot (H_2O)]$<br>Karbónöt (dólómít, kalsíum- og magnesíumkarbónat): ≤ 35%<br>Laust við asbest (1)<br>Óhreinindi:<br>Nikkel ≤ 20,3 mg/kg<br>*Greiningaraðferð* (2)<br>Til að greina eiginleika fóðuraukefnisins:<br>— Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og<br>— Röntgenflúrljómunargreining (XRF) eða frumeindagleypnimæling (AAS). | — Svínategundir til eldis<br>— Laxfiskar<br>— Eldiskjúklingar | | | | 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, þ.m.t. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum kristallaðs kísiltvíoxíðs og nikkels. | |

(1) Notuðu aðferðirnar voru: Röntgenbylgjubognunargreining og skimrafeindasmásjá (SEM) með punktgreiningu með dreifinni röntgenorku (EDAX).
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/155** **2026/EES/53/12**

**frá 23. janúar 2026**

**um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir kýr (handhafi leyfis er Volac International Ltd) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og í virka hópinn „þarmaflórustöðgarar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. mars 2025 ([3]) að blandan með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sé áfram örugg fyrir mjólkurkýr, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sé ekki ertandi fyrir húð eða augu en ætti að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir og að öll váhrif um húð og öndunarveg teljist vera áhætta. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnanna. Þess vegna komst hún að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnanna í tengslum við þessa endurnýjun leyfis. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrri leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/155, 26.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (handhafi leyfis er Micro Bio-System Ltd) (Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/502/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9342, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9342.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun leyfis**

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Niðurfelling**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 er felld úr gildi.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer fóðuraukefnisins | Nafn leyfishafa | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.** | | | | | | | | | |
| 4b1871 | Volac International Ltd | *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 | *Samsetning aukefnis*<br>Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem inniheldur að lágmarki $1 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis<br>Fast form<br><br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>*Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404.<br><br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa (CGYE) og útdrætti úr geri – EN 15789<br><br>Sanngreining: Kjarnsýrumögnun (PCR) – (CEN/TS 15790) | Kýr | - | $4{,}4 \times 10^{8}$ | | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.<br>2. Nota skal aukefnið þannig að lágmarksskammtur sé tryggður sem nemur: $1 \times 10^{10}$ CFU fyrir hvert dýr á dag.<br>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | 15. febrúar 2036 |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/164** **2026/EES/53/13**

**frá 26. janúar 2026**

**um endurnýjun á leyfi fyrir vatnslausn kólínklóríðs og blöndu með kólínklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blöndur með kólínklóríði í föstu og fljótandi formi voru leyfðar til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir kólínklóríði í vatnslausn og fyrir blöndu með kólínklóríði og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. janúar 2025 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram sönnunargögn um að notkun kólínklóríðs í fóður sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að virka efnið kólínklóríð ætti að teljast hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir. Öll váhrif um húð eða öndunarveg teljast því vera áhætta. Þó að vatnslausnir með allt að 70% af kólínklóríði teljist ekki ertandi fyrir augu er ekki hægt að komast að niðurstöðu um augnertingarmátt við meiri styrk. Að meginreglu til myndu þessar niðurstöður gilda um allar blöndur sem eru framleiddar með virka efninu. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnanna. Þess vegna komst hún að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnanna í tengslum við þessa endurnýjun leyfis. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/164, 27.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir kólínklóríði sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/795/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9264 (https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9264).

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir kólínklóríð sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013 er kveðið á um að leyft sé að setja kólínklóríð á markað í formi blandna en samsetning slíkra blandna var fyrir mistök ekki tilgreind í skilmálum leyfisins. Gefa ætti nákvæmari lýsingu á blöndunum sem innihalda kólínklóríð með því að tilgreina samsetningu fóðuraukefnanna sem eru leyfð sem blöndur. Einnig ætti að úthluta öðru kenninúmeri til að aðgreina vatnslausnina og blönduna.

7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að vatnslausn kólínklóríðs og blanda með kólínklóríði uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefnunum. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

8) Af endurnýjun leyfis fyrir vatnslausn kólínklóríðs og blöndu með kólínklóríði leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013 úr gildi.

9) Þar eð kenninúmeri aukefnanna hefur verið breytt þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Leyfið fyrir vatnslausninni og blöndunni, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Niðurfelling framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 795/2013**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013 er felld úr gildi.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

*3. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Blöndurnar með kólínklóríði, sem voru leyfðar með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 795/2013, og forblöndur sem innihalda blöndurnar, sem eru framleiddar og merktar fyrir 16. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 16. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 16. febrúar 2028 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. febrúar 2026, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

*4. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun** | | | | | | | | |
| 3a890i | Kólínklóríð | *Samsetning aukefnis*<br>Vatnslausn sem inniheldur a.m.k. 74% af kólínklóríði<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Kólínklóríð<br>$C_5H_{14}Cl \cdot NO$<br>CAS-númer: 67-48-1<br>Fast form, framleitt með efnasmíði<br>Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 99%, miðað við vatnsfrítt form<br>2-klóróetanól: að hámarki 30 mg/kg<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða kólínklóríð í fóðuraukefninu, forblöndum, fóðurblöndu og drykkjarvatni: jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-CD). | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Nota má aukefnið í drykkjarvatn.<br>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni.<br>3. Ekki skal leyfa notkun kólínklóríðs samtímis í fóður og drykkjarvatn.<br>4. Á merkimiða fóðurs fyrir alifugla og svín, sem inniheldur kólínklóríð, skal koma fram:<br>„Ráðlagt er að viðbætt magn kólínklóríðs fari ekki yfir 1 000 mg/kg heilfóðurs fyrir alifugla og svín.“ | 16. febrúar 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | | | | | | 5. Í notkunarleiðbeiningum með fóðri, sem inniheldur kólínklóríð, fyrir alifugla eða svín skal tilgreina eftirfarandi: „Samtímis notkun með drykkjarvatni sem kólínklóríði hefur verið bætt í er ekki leyfð.“<br>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

| Kenninúmer aukefnisins | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun** | | | | | | | | |
| 3a890ii | Kólínklóríð | *Samsetning aukefnis*<br>Blanda með a.m.k. 50% kólínklóríði<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Kólínklóríð<br>$C_5H_{14}Cl{\cdot}NO$<br>CAS-númer: 67-48-1<br>Fast form, framleitt með efnasmíði<br>Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 99%, miðað við vatnsfrítt form<br>2-klóróetanól: að hámarki 30 mg/kg<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða kólínklóríð í fóðuraukefninu, forblöndum, fóðurblöndu og drykkjarvatni: jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-CD). | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Nota má aukefnið í drykkjarvatn.<br>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni.<br>3. Ekki skal leyfa notkun kólínklóríðs samtímis í fóður og drykkjarvatn.<br>4. Á merkimiða fóðurs fyrir alifugla og svín, sem inniheldur kólínklóríð, skal koma fram:<br>„Ráðlagt er að viðbætt magn kólínklóríðs fari ekki yfir 1 000 mg/kg heilfóðurs fyrir alifugla og svín.“ | 16. febrúar 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | | | | | | 5. Í notkunarleiðbeiningum með fóðri, sem inniheldur kólínklóríð, fyrir alifugla eða svín skal tilgreina eftirfarandi: „Samtímis notkun með drykkjarvatni sem kólínklóríði hefur verið bætt í er ekki leyfð.“<br>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/167** **2026/EES/53/14**

**frá 26. janúar 2026**

**um endurnýjun á leyfi fyrir klínoptílólíti sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 651/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Efnið klínoptílólít sem er upprunnið úr seti var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2013 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir klínoptílólíti sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virku hópana „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 19. mars 2025 ([3]) að klínoptílólít sem er upprunnið úr seti sé áfram öruggt fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé hvorki húð- né augnertandi en ætti að teljast húð- og öndunarfæranæmir. Váhrif við innöndun og gegnum húð teljast vera áhætta. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir klínoptílólít sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/167, 27.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2013 frá 9. júlí 2013 um leyfi fyrir klínoptílólíti sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 (Stjtíð. ESB L 189, 10.7.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/651/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9364, (https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9364).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að klínoptílólít sem er upprunnið úr seti uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir klínoptílólíti sem er upprunnið úr seti sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdar-reglugerð (ESB) nr. 651/2013 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun leyfis**

Leyfið fyrir efninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Niðurfelling**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 651/2013 er felld úr gildi.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer fóðuraukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: bindiefni** | | | | | | | | |
| 1g568 | Klínoptílólít sem er upprunnið úr seti | *Samsetning aukefnis*<br>Klínoptílólít sem er upprunnið úr seti ≥ 80% fast form.<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Klínoptílólít (vatnað natríumkalsíumálsílíkat) sem er upprunnið úr seti ≥ 80% og leirsteindir ≤ 20% (laust við trefjar og kvars)<br>CAS-númer 12173-10-3<br>EB-númer 687-562-6<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða klínoptílólít sem er upprunnið úr seti í fóðuraukefninu: Röntgenbylgjubognunargreining (XRD). | Allar dýrategundir | — | — | 10 000 | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.<br>2. Heildarmagn klínoptílólíts úr öllum uppsprettum skal ekki fara yfir hámarksinnihald sem nemur 10 000 mg/kg heilfóðurs.<br>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn. Huga skal sérstaklega að samræmi við löggjöf Sambandsins um verndun starfsfólks gegn áhættu við innöndun í tengslum við váhrif af völdum nikkels. | 16. febrúar 2036 |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

| Kenninúmer fóðuraukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: kekkjavarnarefni** | | | | | | | | |
5) Í bréfi frá 10. apríl 2024 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram viðbótarupplýsingar til að sýna á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á verkun blöndunnar með karvakróli sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi. Í svörum sínum frá 20. og 21. júní 2024 var umsækjandinn ósammála því að Matvælaöryggisstofnunin gæti ekki komist að niðurstöðu um verkun blöndunnar með karvakróli þar eð hann taldi sig hafa lagt rök fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem réttlæta að samþykkja viðbótarrannsókn á verkun og upplýsti framkvæmdastjórnina um að hann væri hvorki reiðubúinn að veita viðbótarupplýsingar né draga umsóknina til baka.

6) Á grundvelli framangreinds hefur umsækjandinn ekki sýnt á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á að blandan með karvakróli hafi a.m.k. einn af eiginleikunum sem settir eru fram í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Einkum í ljósi þess að umsækjandinn óskaði eftir því að blandan yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“ telur framkvæmdastjórnin ekki að umsækjandinn hafi sýnt á viðeigandi og fullnægjandi hátt fram á, í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, að blandan hafi jákvæði áhrif á búfjárframleiðslu, afurðasemi eða velferð búfjár, einkum með áhrifum á maga- og þarmaflóruna eða meltanleika fóðurs, eins og kveðið er á um í f-lið 3. mgr. 5. gr þeirrar reglugerðar.

7) Í ljósi framangreinds er ekki hægt að líta svo á að blanda með karvakróli uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að synja um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi sem tilheyrir flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktar-aukefni“.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Synjun um leyfi**

Synjað er um leyfi fyrir blöndu með karvakróli sem aukefni í fóður sem tilheyrir flokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ til notkunar fyrir fráfærugrísi.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/180** **2026/EES/53/20**

**frá 19. janúar 2026**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/1426, (ESB) 2024/221, (ESB) 2023/1333, (ESB) 2024/1058, (ESB) 2023/1342, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/2177, (ESB) 2019/805, (ESB) 2020/163, (ESB) 2021/1431 og (ESB) 2025/161 að því er varðar heiti leyfishafa fyrir fóðuraukefnum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Serínpróteasi, endó-1,4-betaxýlanasi, endó-1,3(4)-betaglúkanasi og endó-1,4-betaglúkanasi, endó-1,3(4)-betaglúkanasi, endó-1,4-betaxýlanasi, 6-fýtasi, próteasi og múramídasi voru leyfð sem fóðuraukefni (hér á eftir nefnd fóðuraukefni sem um er að ræða) fyrir ólíkar dýrategundir með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1426 ([2]), (ESB) 2024/221 ([3]), (ESB) 2023/1333 ([4]), (ESB) 2024/1058 ([5]), (ESB) 2023/1342 ([6]), (ESB) 2024/778

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/180, 22.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1426 frá 31. ágúst 2021 um leyfi fyrir serínpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 19670, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1426/oj.)

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar ESB) 2024/221 frá 12. janúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Trichoderma reesei* ATCC 74444, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 403/2013 (Stjtíð. ESB L, 2024/221, 15.1.2024, ELI http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/221/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004 (Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1333/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1058 frá 10. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33700, sem fóðuraukefni fyrir alifugla til eldis, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og varphænur, um breytingu á skilmálum leyfisins og leyfi fyrir nýrri notkun á þeirri blöndu sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla og öll svín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1206/2012, (ESB) nr. 2020/995 og (ESB) 2020/1034 (Stjtíð. ESB L, 2024/1058, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1058/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1342 frá 30. júní 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33699, sem fóðuraukefni fyrir alifugla, eldissvín, fráfærugrísi og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 (Stjtíð. ESB L 168, 3.7.2023, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1342/oj).

([7]), (ESB) 2024/2177 ([8]), (ESB) 2019/805 ([9]), (ESB) 2020/163 ([10]), (ESB) 2021/1431 ([11]) og (ESB) 2025/161 ([12]).

2) Leyfishafinn fyrir fóðuraukefnunum sem um er að ræða, DSM Nutritional Products Ltd., hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti leyfishafans fyrir fóðuraukefnum sem um er að ræða í Novozymes A/S.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á fóðuraukefnunum sem um er að ræða. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera Novozymes A/S kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum hlutaðeigandi leyfa.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2021/1426, (ESB) 2024/221, (ESB) 2023/1333, (ESB) 2024/1058, (ESB) 2023/1342, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/2177, (ESB) 2019/805, (ESB) 2020/163, (ESB) 2021/1431 og (ESB) 2025/161 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem eru gerðar með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnunum sem um er að ræða.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

---

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/778 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 33099, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, sem eru aldar til varps og aldar til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) (Stjtíð. ESB L, 2024/778, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/778/oj).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2177 frá 2. september 2024 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33737, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis, gyltur af öllum svínategundum og alla fiska (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L, 2024/2177, 3.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2177/oj).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/805 frá 17. maí 2019 um leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/805/oj).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/163 frá 5. febrúar 2020 um leyfi fyrir blöndu af múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, kjúklinga sem eru aldir til undaneldis og aðrar alifuglategundir sem eru aldar til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 34, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/163/oj).

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1431 frá 1. september 2021 um leyfi fyrir múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) (Stjtíð. ESB L 309, 2.9.2021, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1431/oj).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/161 frá 29. janúar 2025 um leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L, 2025/161, 30.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/161/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1426**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1426 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*2. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/221**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/221 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*3. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1333**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1333 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*4. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1058**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1058 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*5. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1342**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1342 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*6. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/778**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/778 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*7. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2177**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2177 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*8. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/805**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/805 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*9. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/163**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/163 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*10. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1431**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1431 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*11. gr.*

**Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/161**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/161 er breytt sem hér segir:

1) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í titlinum kemur „Novozymes A/S“.

2) Í stað heitisins „DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z.o.o.“ í öðrum dálki viðaukans kemur „Novozymes A/S“.

*12. gr.*

**Umbreytingarráðstöfun**

Fóðuraukefni sem um er að ræða, sem voru framleidd og merkt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar í samræmi við þær reglur sem voru í gildi fyrir þann dag, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

*13. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/348** **2026/EES/53/21**

**frá 17. febrúar 2026**

**um leyfi fyrir blöndu með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. maí 2025 ([2]) að notkun á *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 sem aukefni í votfóður sé örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast hugsanlegir húð- og öndunarfæranæmar og að öll váhrif við innöndun og gegnum húð teljist vera áhætta. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðbót *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 í lágmarksstyrk sem nemur $1 \times 10^8$ CFU/kg fersks plöntuefnis geti bætt framleiðslu votfóðurs úr öllu fersku plöntuefni með því að auka varðveislu næringarefna. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/348, 18.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 23(6), e9458, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9458.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | CFU/kg fersks efnis | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður** | | | | | | | | |
| 1k21702 | *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 | *Samsetning aukefnis*<br>Blanda með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 sem inniheldur að lágmarki $4 \times 10^{11}$ CFU/g aukefnis.<br>Fast form<br>———————<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Lífvænlegar frumur *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424<br>———————<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Sanngreining á *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 í fóðuraukefninu:<br>— Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining.<br>Til að ákvarða heildarfjölda *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 í fóðuraukefninu:<br>— Dreifingaraðferð (eða áhellingaraðferð) með MRS-agar (EN 15787) | Allar dýrategundir | - | - | - | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði.<br>2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: $1 \times 10^8$ CFU/kg fersks plöntuefnis.<br>3. Pólýetýlenglýkól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs.<br>4. Meðal frostvarnarefna sem eru notuð í blöndu með *Lacticaseibacillus huelsenbergensis* DSM 115424 eru m.a.:<br>— natríumsítrat:<br>— mannítól,<br>— natríumglútamatmónóhýdrat. | 10. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | CFU/kg fersks efnis | | | |
| **Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður** | | | | | | | | |
| | | | | | | | 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/352** **2026/EES/53/22**

**frá 18. febrúar 2026**

**um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir og óskað er eftir að aukefnið verði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 21. júlí 2025 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, öruggt fyrir marktegundirnar þegar því er bætt við fæði í hæfilegu magni samkvæmt næringarlegum þörfum þeirra. Hins vegar hefur Matvælaöryggisstofnun áhyggjur varðandi notkun L-arginíns í drykkjarvatn vegna áhættu á næringarójafnvægi og af ástæðum sem varða hollustuhætti. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun L-arginíns, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, í fóður sé örugg fyrir neytendur og umhverfið. Vegna skorts á gögnum gat hún ekki komist að niðurstöðu um hvort efnið geti verið ertandi fyrir húð og/eða augu eða húð- eða öndunarfæranæmir. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-arginíns fyrir fæðu dýra sem eru ekki jórturdýr. Til að viðbætt L-arginín sé jafn áhrifaríkt fyrir jórturdýr og dýr sem eru ekki jórturdýr þarf að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/352, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(8), e9609, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9609.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins sem fóðuraukefni. Framkvæmdastjórnin telur að líta beri á örugga notkun þessarar amínósýru í drykkjarvatn, að því er varðar hugsanlegar áhættur í tengslum við hollustuhætti, innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 ([3]), þar sem mælt er fyrir um kröfur um hollustuhætti sem varða fóður. Þegar L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961, er gefið jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Rétt þykir að gera notandanum aðvart um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-arginíni er bætt við með því að setja það í drykkjarvatn. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/183/oj).

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni** | | | | | | | | |
| 3c366i | L-arginín | *Samsetning aukefnis*<br>L-arginín<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>L-arginín ≥ 98,5% (miðað við þurrt efni), sem er framleitt með *Escherichia coli* CCTCC M 20231961<br>IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-5-(díamínó-metýlídenamínó)pentansýra<br>Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$<br>CAS-númer: 74–79-3<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu:<br>— Food Chemical Codex „L-arginine monograph“<br>Til að ákvarða arginín í fóðuraukefninu:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD eða IEC-VIS) | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun og í drykkjarvatni.<br>2. Nota má aukefnið í drykkjarvatn.<br>3. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að L-arginín sé varið gegn niðurbroti í vömb þegar það er gefið jórturdýrum.<br>4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið.<br>5. Á merkimiða aukefnis og forblöndu skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast næringarójafnvægi.“ | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Til að ákvarða arginín í forblöndum:<br>— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2])<br><br>Til að ákvarða arginín í fóðurblöndum:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009<br><br>Til að ákvarða arginín í drykkjarvatni:<br>— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) | | | | | 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráð-stöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og augnvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | |

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/353** **2026/EES/53/23**

**frá 18. febrúar 2026**

**um leyfi fyrir L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnin yrðu sett í flokkinn „næringaraukefni“ og virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og í flokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnin yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Þess vegna dró umsækjandinn umsóknina til baka að því er varðar drykkjarvatn fyrir virka hópinn „bragðefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. júní 2025 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði séu L-histidín og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, í fóðri örugg fyrir marktegundirnar þegar þeim er bætt við fæði í hæfilegu magni samkvæmt næringarlegum þörfum marktegundanna. Hins vegar hefur Matvælaöryggisstofnun áhyggjur varðandi notkun L-histidíns og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrats í drykkjarvatn vegna áhættu á næringarójafnvægi og af ástæðum sem varða hollustuhætti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun L-histidíns og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrats, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, í fóður sé örugg fyrir neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að L-histidín og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, séu ekki ertandi fyrir húð eða augu og séu ekki húðnæmar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnin teljist vera áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-histidíns fyrir allar tegundir sem eru ekki jórturdýr en til að efnin hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja þau gegn niðurbroti í vömbinni og að þau teljist áhrifarík þegar þau eru notuð sem bragðefni í fóður. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/353, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23(7), e9535, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9535.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að L-histidín og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnanna sem fóðuraukefni. Framkvæmdastjórnin telur að líta beri á örugga notkun þessara aukefna í drykkjarvatn, að því er varðar hugsanlegar áhættur í tengslum við hollustuhætti, innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 ([3]), þar sem mælt er fyrir um kröfur um hollustuhætti sem varða fóður. Þegar L-histidín og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, eru gefin jórturdýrum til notkunar samkvæmt virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ þarf að verja þau gegn niðurbroti í vömbinni. Einnig þykir rétt að gera notandanum aðvart um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati er bætt við með því að setja þau í drykkjarvatn.

6) Framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nauðsynlegt að gera kröfu um fastsetningu hámarksinnihalds af öryggisástæðum fyrir notkun á L-histidíni og L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati, sem eru framleidd með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389, sem bragðefni. Til að auðvelda betra eftirlit ætti að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir fóðuraukefnin. Þegar farið er yfir ráðlagt hámarksinnihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblandna.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Efnin, sem tilheyra flokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og flokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/183/oj).

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni** | | | | | | | | |
| 3c353 | L-histidín | *Samsetning aukefnis*<br>L-histidín<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>L-histidín ≥ 90% (miðað við þurrt efni), sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389<br>Histamín ≤ 100 ppm<br>IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-3-(1*H*-imídasól-5-ýl)própansýra<br>Efnaformúla: $C_6H_9N_3O_2$<br>CAS-númer: 71-00-1<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða histidín í fóðuraukefninu:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS eða IEC-VIS/FLD) eða<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV) | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun og í drykkjarvatni.<br>2. Nota má aukefnið í drykkjarvatn.<br>3. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að L-histidín sé varið gegn niðurbroti í vömb þegar það er gefið jórturdýrum.<br>4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið.<br>5. Á merkimiða aukefnis og forblöndu skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-histidíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast næringarójafnvægi.“ | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Til að ákvarða histidín í forblöndum og fóðurblöndum:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (2)<br>Til að ákvarða histidín í drykkjarvatni:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)<br>Til að ákvarða histamín í fóðuraukefninu:<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV) | | | | | | |
| 3c354 | L-histidínmónó-hýdróklóríð-mónóhýdrat | *Samsetning aukefnis*<br>L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat ≥ 98% með a.m.k. 72% histidíninnihald (miðað við þurrt efni), sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389<br>Histamín ≤ 100 ppm | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun og í drykkjarvatni.<br>2. Nota má aukefnið í drykkjarvatn.<br>3. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu tryggja að L-histidínmónó-hýdróklóríðmónóhýdrat sé varið gegn niðurbroti í vömb þegar það er gefið jórturdýrum. | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-3-(1*H*-imídasól-5-ýl)própansýruhýdrathýdróklóríð<br>Efnaformúla: $C_6H_9N_3O_2 \cdot HCl \cdot H_2O$<br>CAS-númer: 5934-29-2<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða histidín í fóðuraukefninu:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS eða IEC-VIS/FLD) eða<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV)<br>Til að ákvarða histidín í forblöndum og fóðurblöndum:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð (EB) nr. 152/2009<br>Til að ákvarða histidín í drykkjarvatni:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) | | | | | 4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið.<br>5. Á merkimiða aukefnis og forblöndu skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrati er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast næringarójafnvægi.“ | |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Til að ákvarða histamín í fóðuraukefninu:<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV) | | | | | | |
| **Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni** | | | | | | | | |
| 3c353 | L-histidín | *Samsetning aukefnis*<br>L-histidín<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>L-histidín ≥ 90% (miðað við þurrt efni), sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389<br>Histamín ≤ 100 ppm<br>IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-3-(1H-imídasól-5-ýl)própansýra<br>Efnaformúla: $C_6H_9N_3O_2$<br>CAS-númer: 71-00-1<br>*Greiningaraðferð* (1)<br>Til að ákvarða histidín í fóðuraukefninu:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS eða IEC-VIS/FLD) eða<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV) | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.<br>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.<br>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.“<br>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir innihaldið sem um getur í 3. lið. | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | Til að ákvarða histidín í forblöndum:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð (EB) nr. 152/2009<br>Til að ákvarða histamín í fóðuraukefninu:<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófs-mæligreiningu (HPLC-UV) | | | | | 5. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. | |
| 3c354 | L-histidínmónó-hýdróklóríð-mónóhýdrat | *Samsetning aukefnis*<br>L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat<br>Fast form<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>L-histidínmónóhýdróklóríðmónóhýdrat ≥ 98% með a.m.k. 72% histidíninnihald (miðað við þurrt efni), sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80389<br>Histamín ≤ 100 ppm<br>IUPAC-heiti: (2S)-2-amínó-3-(1*H*-imídasól-5-ýl)própansýruhýdr-athýdróklóríð<br>Efnaformúla: $C_6H_9N_3O_2 \cdot HCl \cdot H_2O$<br>CAS-númer: 5934-29-2 | Allar dýrategundir | — | — | — | 1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.<br>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðug-leika við hitameðhöndlun.<br>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.“ | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | *Greiningaraðferð* (1)<br><br>Til að ákvarða histidín í fóðuraukefninu:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS eða IEC-VIS/FLD) eða<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV)<br><br>Til að ákvarða histidín í forblöndum:<br>— Jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009<br><br>Til að ákvarða histamín í fóðuraukefninu:<br>— Háþrýstivökvaskiljun með litrófs-mæligreiningu (HPLC-UV) | | | | | 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenni-númer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða for-blöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir innihaldið sem um getur í 3. lið.<br><br>5. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. | |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/356** **2026/EES/53/24**

**frá 18. febrúar 2026**

**um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, sem fóðuraukefni fyrir gyltur á meðgöngu (leyfishafi er Puratos NV)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1, 4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, sem fóðuraukefni fyrir gyltur á meðgöngu og var óskað eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“ .

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. júní 2025 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, örugg fyrir gyltur á meðgöngu, sem og fyrir neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, í báðum samsetningum, í föstu og fljótandi formi, teljist húð- og augnertandi og öndunarfæranæmir og að öll váhrif af völdum blöndunnar teljist áhætta. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að blandan með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, geti verið áhrifarík sem dýraræktaraukefni hjá gyltum á meðgöngutíma við 10 IU/kg heilfóðurs. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati sem varðaði aðra umsókn um leyfi fyrir sama aukefni og staðfest af Matvælaöryggisstofnuninni í áliti hennar frá 13. júlí 2016 ([3]) séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) var því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/356, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9552, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9552.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(9), 4562. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2016.4562.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar fyrir gyltur á meðgöngu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks-aldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.** | | | | | | | | | |
| 4a1606i | Puratos NV | Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) | *Samsetning aukefnis*<br>Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, með virkni að lágmarki: 400 IU (1)/g.<br>Fast form og vökvaform<br>*Lýsing á eiginleikum virka efnisins*<br>Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136<br>*Greiningaraðferð* (2)<br>Til að magnákvarða virkni xýlanasa í fóðuraukefninu:<br>— litmælingaraðferð sem mælir afoxandi sykrur sem xýlanasi leysir úr hvarfefni úr xýlani úr birkiviði með 3,5-dínítrósalisýlsýru (DNS). | Gyltur á meðgöngu | — | 10 IU | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.<br>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, húð- og augnvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | 11. mars 2036 |

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Heiti aukefnis | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks-aldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| | | | Til að ákvarða virkni xýlanasa í forblöndum og fóðurblöndum:<br>— litmæling, sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt asúríni. | | | | | | |

(1) 1 IU er skilgreint sem magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH-gildið 4,5 og 30 °C

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/361 2026/EES/53/25**

**frá 19. febrúar 2026**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum með innbyggðan vöktunarbúnað fyrir eldsneytis- og orkunotkun** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ([1]), einkum e-lið 4. mgr. 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Þó að í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 ([2]) séu settar fram kröfur vegna viðurkenningar þungra ökutækja með tilliti til losunar og í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2161 ([3]) séu settar fram tæknilegar kröfur um ákvörðun koltvísýringslosunar og innbyggða massavöktun þungra ökutækja á vegum, þá ætti samræmisyfirlýsingin fyrir innbyggða vöktunarbúnaðinn fyrir eldsneytis- og orkunotkun (OBFCM) og innbyggða massavöktunarkerfið (OBMM) að vera hluti af gerðarviðurkenningarkerfinu sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Því er nauðsynlegt að sjá til þess að tengsl séu á milli gerðarviðurkenningar vegna losunar og samræmis við kröfurnar vegna innbyggða vöktunarbúnaðarins fyrir eldsneytis- og orkunotkun og að setja fram ný rittákn fyrir viðurkenningu vegna losunar til að gera kleift að auðkenna ökutæki sem eru búin innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og orkunotkun.

2) Þó að vöktun eldsneytisnotkunar um borð ætti að vera hluti af kerfinu fyrir gerðarviðurkenningu hreyfla sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 582/2011 getur annaðhvort framleiðandi hreyfilsins eða framleiðandinn sem ber ábyrgð á gerðarviðurkenningu ökutækisins uppfyllt kröfuna um ákvörðun á heildarmassa ökutækis um borð í ökutækinu sjálfu. Ef framleiðandi hreyfilsins gerir ekki ráðstafanir til að hægt sé að ákvarða heildarmassa ökutækisins eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/2161 ætti ábyrgðin á innbyggðri massavöktun að vera hjá framleiðandanum sem ber ábyrgð á uppsetningu hreyfilsins í ökutækinu.

3) Þar sem upplýsingar um meðalnotkun ökutækja í raunverulegum akstri á vegum, sem skráðar eru af innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og orkunotkun í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/2161, bætast við gildi fyrir eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun þungra ökutækja sem fengin eru með lögbundnum prófunaraðferðum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ([4]), og þar sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta hvort lögbundnu prófunaraðferðirnar endurspegli á viðunandi hátt meðalkoltvísýringslosun við raunverulegar aðstæður, sem og eldsneytismagn og raforku sem eru notuð, þá ætti að sannprófa nákvæmni þessa innbyggða vöktunarbúnaðar fyrir eldsneytis- og orkunotkun við prófanir á vegum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/361, 20.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/595/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/582/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2161 frá 27. október 2025 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar tæknilegar kröfur um innbyggðan búnað til að vakta og skrá eldsneytis- og orkunotkun sem og akstursvegalengd tiltekinna þungra ökutækja og til að ákvarða og skrá farmþunga eða heildarþyngd þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 2025/2161, 31.10.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/2161/oj).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjtíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/2400/oj).

4) Skrá ætti nauðsynlegar upplýsingar um eldsneytisnotkun og losun úr prófunaraðferðinni með færanlegu mælikerfunum fyrir losun (PEMS) til að meta nákvæmni innbyggðs vöktunarbúnaðar fyrir eldsneytis- og orkunotkun (OBFCM) eins og tilgreint er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/2161.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 582/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 15. og 16. mgr. er bætt við 3. gr.:

„15. Til þess að hljóta ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun eða ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun skal framleiðandinn sjá til þess að þær kröfur sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2161 (*) séu uppfylltar.

Hins vegar skal þess ekki krafist að framleiðandinn lýsi því yfir að kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, séu uppfylltar þegar framleiðandinn tilgreinir, í samræmisyfirlýsingunni sem sett er fram í lið 6.2 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, að ný ökutæki af gerðinni sem á að viðurkenna verði ekki skráð, sett á markað eða tekin í notkun innan Sambandsins á eða eftir viðeigandi dagsetningu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.

16. Til þess að hljóta ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilda tæknieiningu skal framleiðandinn sjá til þess að þær kröfur sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2161 séu uppfylltar.

Hins vegar skal þess ekki krafist að framleiðandi lýsi því yfir að kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, séu uppfylltar þegar framleiðandinn tilgreinir, í samræmisyfirlýsingunni sem sett er fram í lið 6.1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, að nýir hreyflar af gerðinni sem á að viðurkenna verði ekki skráðir, settir á markað eða teknir í notkun innan Sambandsins á eða eftir viðeigandi dagsetningu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2161 frá 27. október 2025 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar tæknilegar kröfur um innbyggðan búnað til að vakta og skrá eldsneytis- og orkunotkun sem og akstursvegalengd tiltekinna þungra ökutækja og til að ákvarða og skrá farmþunga eða heildarþyngd þeirra (Stjtíð. ESB L, 2025/2161, 31.10.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/2161/oj).“

2) Eftirfarandi e-lið er bætt við í 1. mgr. a í 6. gr.:

„e) kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, eru uppfylltar, nema þegar framleiðandinn tilgreindi, í samræmisyfirlýsingunni sem sett er fram í lið 6.1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, að nýir hreyflar af gerðinni sem á að viðurkenna verði ekki skráðir, settir á markað eða teknir í notkun innan Sambandsins á eða eftir viðeigandi dagsetningu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.“

3) Eftirfarandi f-lið er bætt við í 1. mgr. a í 8. gr.:

„f) kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, eru uppfylltar, nema þegar framleiðandinn tilgreinir, í samræmisyfirlýsingunni sem sett er fram í lið 6.2 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, að ný ökutæki af gerðinni sem á að viðurkenna verði ekki skráð, sett á markað eða tekin í notkun innan Sambandsins á eða eftir viðeigandi dagsetningu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.“

4) Eftirfarandi f-lið er bætt við í 1. mgr. a í 10. gr.:

„f) kröfurnar, sem settar eru fram í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, eru uppfylltar, nema þegar framleiðandinn tilgreinir, í samræmisyfirlýsingunni sem sett er fram í lið 6.2 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, að ný ökutæki af gerðinni sem á að viðurkenna verði ekki skráð, sett á markað eða tekin í notkun innan Sambandsins á eða eftir viðeigandi dagsetningu sem sett er fram í töflu 1 í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.“

5) Í stað 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Að beiðni viðurkenningaryfirvaldsins og í kjölfar prófunar á ökutækjum sem eru í notkun í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar eða í kjölfar sannprófana með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og orkunotkun eða innbyggðu massavöktunarkerfi í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161, skal framleiðandinn afhenda viðurkenningaryfirvaldinu áætlun um ráðstafanir til úrbóta eigi síðar en 60 virkum dögum frá móttöku tilkynningar frá viðurkenningaryfirvaldinu. Framlengja skal frestinn ef framleiðandi getur sýnt fram á, svo viðurkenningaryfirvöldum líki, að meiri tíma þurfi til að rannsaka ástæðu misræmisins og til að leggja fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta.“

6) Eftirfarandi 5. og 6. mgr. er bætt við 17. gr. a:

„5. Frá og með 1. júlí 2027 skulu landsyfirvöld, ef um er að ræða ný ökutæki innan gildissviðs framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161 sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/361 (*), líta svo á að samræmisvottorð fyrir þessi ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, og skulu, af ástæðum er varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, boðin fram á markaði og tekin í notkun.

6. Frá og með 29. maí 2029 skulu landsyfirvöld, ef um er að ræða ný ökutæki og hreyfla, líta svo á að samræmisvottorð fyrir þessi ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, og skulu, af ástæðum er varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, boðin fram á markaði og tekin í notkun, nema ef um er að ræða varahreyfla fyrir ökutæki í notkun og hreyfla fyrir ökutæki sem smærri framleiðendur framleiða, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257 (**).

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu landsyfirvöld, frá og með 29. nóvember 2027 ef um er að ræða ný ökutæki í flokki $M_1$ og $N_1$ sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 595/2009, líta svo á að samræmisvottorð fyrir þessi ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, og skulu, af ástæðum er varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, boðin fram á markaði og tekin í notkun.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu landsyfirvöld, frá og með 1. júlí 2030 ef um er að ræða ný ökutæki í flokki $M_1$ og $N_1$ sem eru smíðuð af minni framleiðendum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257, líta svo á að útgefin samræmisvottorð fyrir þessi ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, og skulu, af ástæðum er varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, boðin fram á markaði og tekin í notkun.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu landsyfirvöld, frá og með 1. júlí 2031 ef um er að ræða ný ökutæki í flokki $M_2$, $M_3$, $N_2$ og $N_3$ sem eru smíðið af minni framleiðendum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257, líta svo á að samræmisvottorð fyrir þessi ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858, og skulu, af ástæðum er varða losun, banna að slík ökutæki séu skráð, boðin fram á markaði og tekin í notkun.

---

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/361 frá 19. febrúar 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum með innbyggðan vöktunarbúnað fyrir eldsneytis- og orkunotkun (Stjtíð. ESB L, 2026/361, 20.2.2026, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2026/361/oj).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257 frá 24. apríl 2024 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru fyrir slík ökutæki, með tilliti til losunar frá þeim og endingar rafgeyma (Euro 7), um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 (Stjtíð. ESB L, 2024/1257, 8.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1257/oj).“

*2. gr.*

Ákvæðum I., II. og VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

1) Ákvæðum 9. viðbætis I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðarins kemur eftirfarandi:

„Í 3.lið í EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem gefið er út skv. 6. gr. (1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.), skal koma fram númerið á þeim framkvæmdarstjórnvaldsfyrirmælum eða nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um EB-gerðarviðurkenninguna. Á eftir þessu númeri skal fylgja bókstafur sem auðkennir kröfur sem gerðar eru til innbyggðra greiningarkerfa (OBD) og kerfa fyrir valvísa afoxun með hvata (SCR) í samræmi við töflu 1, eða bókstafur og prenttákn sem endurspeglar kröfurnar sem gerðar eru til innbyggðra greiningarkerfa (OBD), kerfa fyrir valvísa afoxun með hvata (SCR) og innbyggðs vöktunarbúnaðar fyrir eldsneytis- og orkunotkun (OBFCM) í samræmi við töflu 1.“

b) Í töflu 1 kemur eftirfarandi í stað sjöttu línu:

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „E | Línan „almennar kröfur“ í töflu 1 eða töflu 2 | Línan „almennar kröfur“ í töflu 1 | Línan „almennar kröfur“ í töflu 2 | Almennt (13) | Almennt (14) | Já | 10% | Já | 1.1.2021 (15) | 1.1.2022 (15) | 28.5.2029 (15).“ |

c) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 1:

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „E+ | Línan „almennar kröfur“ í töflu 1 eða töflu 2 | Línan „almennar kröfur“ í töflu 1 | Línan „almennar kröfur“ í töflu 2 | Almennt (13) | Almennt (14) | Já | 10% | Já | — | 1.7.2027 (16) | 28.5.2029.“ |

d) Eftirfarandi skýringu er bætt við töflu 1:

„(16) Fyrir ökutæki sem falla innan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2025/2161.“

2) Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 10.1.7.1:

„10.1.7.1a. Lestur kílómetramælis við lok prófunar [km].“

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 10.1.7.7:

„10.1.7.8. Raunmassi ökutækis með farmi fyrir PEMS-prófun (kg).“

c) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10.1.8.17:

„10.1.8a. *Augnabliksmæld gögn úr innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytis- og orkunotkun (ef við á)*

10.1.8a.1. Heildarmagn eldsneytisnotkunar (á endingartíma) (í kílóum).

10.1.8a.2. Heildarvegalengd sem farin er (á endingartíma) (í kílómetrum).

10.1.8a.3. Eldsneytisstreymi hreyfils (g/s).

10.1.8a.4. Eldsneytisstreymi ökutækis (g/s).

10.1.8a.5. Heildarmassi ökutækis (kg).“

d) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10.1.10.12a:

„10.1.10a. *OBFCM-gildi (ef við á)*

10.1.10a.1. Heildarmagn eldsneytisnotkunar (á endingartíma) (í kílóum) við upphaf prófunar.

10.1.10a.2. Heildarmagn eldsneytisnotkunar (á endingartíma) (í kílóum) við lok prófunar.

10.1.10a.3. Heildarvegalengd sem farin er (á endingartíma) (í kílóum) við upphaf prófunar.

10.1.10a.4. Heildarvegalengd sem farin er (á endingartíma) (í kílóum) við lok prófunar.

10.1.10a.5. Uppsafnað eldsneytisstreymi hreyfils (g).

10.1.10a.6. Uppsafnað eldsneytisstreymi ökutækis (g).

10.1.10a.7. Meðaltal heildarmassa ökutækis.“

e) Eftirfarandi línum er bætt við á undan athugasemdunum við töfluna undir lið 2.2 í töflu 1 í 1. viðbæti:

| | | |
|---|---|---|
| „Heildarmagn eldsneytisnotkunar (á endingartíma) (5) | kg | OBFCM-búnaður eða rafstýrieining |
| Heildarvegalengd sem farin er (á endingartíma) (5) | km | OBFCM-búnaður eða rafstýrieining |
| Eldsneytisstreymi hreyfils (5) | g/s | OBFCM-búnaður eða rafstýrieining |
| Eldsneytisstreymi ökutækis (5) | g/s | OBFCM-búnaður eða rafstýrieining |
| Heildarmassi ökutækis (5) | kg | OBFCM-búnaður eða rafstýrieining.“ |

f) Eftirfarandi athugasemd við töfluna er bætt við undir lið 2.2 í töflu 1 í 1. viðbæti:

„(5) Eftir atvikum, fyrir ökutæki búin hreyfli með innbyggðan eldsneytis- og/eða orkuvöktunarbúnað í samræmi við kröfurnar í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/2161.“

g) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 2.2 í 1. viðbæti:

„Upprunalegu óunnu gögnin sem lesin eru af OBFCM-búnaðinum eða rafstýrieiningunni skulu gerð aðgengileg fyrir viðurkenningaryfirvaldið og, sé þess óskað, framkvæmdastjórnina.“

h) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 2.4 í 1. viðbæti:

„2.4.8. *OBFCM-búnaður*

„Ef hreyfli í hreyflahópnum er komið fyrir í ökutæki sem búið er innbyggðum búnaði til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúinna ökutækja í samræmi við kröfurnar sem um getur í 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2025/2161, skal setja slíkan innbyggðan búnað upp í prófunarhreyflinum.“

i) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 2.6.1 í 1. viðbæti:

„Skráning mæliþáttanna sem settir eru fram í töflu 1 og ákvarðaðir með OBFCM-búnaðinum skal, eftir atvikum, hefjast um leið og prófunin.“

j) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 2.6.2 í 1. viðbæti:

„Skráning mæliþáttanna sem settir eru fram í töflu 1 og ákvarðaðir með OBFCM-búnaðinum skal, eftir atvikum, halda áfram á meðan hreyfillinn er í eðlilegri notkun.“

k) Eftirfarandi lið er bætt við í lið 2.6.3 í 1. viðbæti:

„Skráningu mæliþáttanna sem settir eru fram í töflu 1 og ákvarðaðir með OBFCM-búnaðinum skal, eftir atvikum, ljúka um leið og prófuninni. Skrá skal stöðu kílómetramælisins við lok prófunarinnar.“

3) Eftirfarandi k-lið er bætt við í lið 5.1 í 1. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011:

„k) Upplýsingar um augnabliksmæld OBFCM-gildi, eins og lýst er í liðum 10.1.8a.1 til 10.1.8a.5 í II. viðauka og meðaltalsreiknuð og samþætt OBFCM-gildi eins og lýst er í liðum 10.1.10a.1 til 10.1.10a.7 í II. viðauka.“

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/481** **2026/EES/53/26**

**frá 3. mars 2026**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1426 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu sjálfkeyrandi aksturskerfis (ADS) í ökutækjum sem eru sjálfkeyrandi að fullu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Frá því árið 2022 hefur verið leyft, með löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningar, að sett séu á markað ökumannslaus ökutæki fyrir ákveðin notkunardæmi, með kerfi lítilla framleiðsluraða sem gerir kleift að veita undanþágur frá tilteknum reglugerðum um gerðarviðurkenningu ökutækja sem eru sjálfkeyrandi að fullu. Undanþágurnar samkvæmt þessu kerfi lítilla framleiðsluraða gilda að uppfylltu því skilyrði að skráningar tiltekinnar gerðar ökutækis í Sambandinu verði ekki fleiri en 1500 talsins ár hvert.

2) Umtalsverð þróun hefur átt sér stað á sviði tækni og reglusetningar frá 2022, sem greiðir fyrir víðtækri útbreiðslu ökutækja sem eru sjálfkeyrandi að fullu. Lausnir eru þegar fyrir hendi fyrir víðtæka framleiðslu og útbreiðslu ökutækja með sjálfvirka lagningu (e. *automated valet parking, (AVP)*) og samþykkt krafna vegna stýrisbúnaðar og hemlabúnaðar ökutækja með tvíþættan aksturshám hjá Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, einkum með reglugerðum Sameinuðu þjóðanna nr. 79 ([2]) annar vegar og nr. 13/13-H ([3]) hins vegar, gerir kleift að samræma kerfi fyrir sjálfvirka lagningu við rammann fyrir gerðarviðurkenningu fullbúinna ökutækja. Því er það orðið mögulegt og viðeigandi að aflétta takmörkuninni við litlar framleiðsluraðir og byrja með notkunardæminu „sjálfvirk lagning“.

3) Hins vegar er nauðsynlegt, áður en gerðarviðurkenning fullbúinna ökutækja með sjálfvirka lagningu er heimiluð, að mæla fyrir um tæknilegar viðbótarkröfur um öryggisframmistöðu og öryggisgildingu með völdum sviðsmyndum sem taka við af sérstökum eiginleikum notkunardæmisins um sjálfvirka lagningu, þ.e. notkun á bílastæðasvæðum á mjög litlum hraða.

4) Rýmkun gildissviðs núgildandi löggjafar Sambandsins umfram ökutæki með tvíþættan aksturshám og samræming hennar við ramma Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem er í þróun, sem er nauðsynleg til að greiða fyrir samhæfðri túlkun og beitingu á alþjóðavettvangi, krefst þess að samþykktar verði nokkrar skilgreiningar sem fram koma í þessari löggjöf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/481, 4.3.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/2144/oj.

([2]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja að því er varðar stýrisbúnað [2025/3] (Stjtíð. ESB L 2025/3, 10.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2025/3/oj).

([3]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H – Samræmd ákvæði um viðurkenningu fólksbifreiða með tilliti til hemlunar [2023/401] (Stjtíð. ESB L 60, 24.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/401/oj).

5) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1426 ([4]) til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki (TCMV).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1426 er breytt sem hér segir:

1) Í stað c-liðar fyrstu undirgreinar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„c) „sjálfvirk lagning“: ökutæki með sjálfkeyrandi aksturskerfisvirkni til að beita til að leggja ökutækinu innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs (e. *operational design domain (ODD)*). Kerfið getur notað eða ekki notað ytri innviði (þ.m.t., ef við á, staðsetningarmerki og skynjunarnema) til að sinna viðvarandi akstursverkefni.“,

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. „sjálfkeyrandi aksturskerfisvirkni“: hagnýting sjálfkeyrandi aksturskerfis sem er sérstaklega hönnuð til nota innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs.“,

2) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. „starfræksluaðgerð“: geta til að stýra hreyfingum ökutækis í rauntíma, sem felst í því að framkvæma örsmáar breytingar í stýringu, hemlun og hröðun til að viðhalda staðsetningu á akrein eða tilhlýðilegri fjarlægð frá öðrum ökutækjum og tafarlaus viðbrögð til að koma í veg fyrir árekstra við akstursaðstæður þar sem öryggi skiptir sköpum.“,

3) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. „úthugsuð aðgerð“: geta til að skynja umhverfi ökutækisins og stjórna rauntímaáætlanagerð, -ákvarðanatöku og -framkvæmd hreyfinga, þ.m.t. sýnileika ökutækisins og hreyfinga þess og nær til ákvarðana um hvort taka eigi fram úr eða skipta um akreinar, um að gefa merki um fyrirhugaðar hreyfingar, þess að ákveða hvenær hreyfing er hafin, vals á tilhlýðilegum hraða og framkvæmd hreyfingarinnar.“,

3) Í stað 2. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Gerðarviðurkenning sjálfkeyrandi aksturskerfis í ökutækjum sem eru sjálfkeyrandi að fullu skal falla undir tækniforskriftirnar sem settar eru fram í II. viðauka. Viðurkenningaryfirvöld eða tækniþjónusta þeirra skulu meta þær forskriftir í samræmi við III. viðauka.

Gerðarviðurkenning sjálfvirkrar lagningarvirkni í sjálfkeyrandi aksturskerfi skal, auk krafnanna sem settar eru fram í fyrstu undirgrein, fara fram með fyrirvara um tækniforskriftirnar sem eru settar fram í V. viðauka. Viðurkenningaryfirvöld eða tækniþjónusta þeirra skulu meta þær forskriftir í samræmi við V. viðauka.“,

4) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Textinn í II. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem V. viðauki.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1426 frá 5. ágúst 2022 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu sjálfkeyrandi aksturskerfis (ADS) í ökutækjum sem eru sjálfkeyrandi að fullu (Stjtíð. ESB L 221, 26.8.2022, bls. 1, http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1426/oj).

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*


———

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1426 er breytt sem hér segir:

1) Í stað myndar 1 í lið 1.3.3 í 1. hluta kemur eftirfarandi:

„




Mynd 1: Skýringarmynd af fjarlægðum þegar beygt er og þverað.“,

2) Í stað liðar 5.7 í 2. hluta kemur eftirfarandi:

„5.7. Framleiðandi skal sjá til þess að öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins uppfylli kröfurnar í liðum 5.1 (að undanskildum þáttum sem tengjast ökutæki, eins og „starfræksla“ og „úrelding“), 5.2, 5.3 og 5.6 með samkomulagi við öll fyrirtæki sem koma að þróun, framleiðslu eða beitingu sjálfkeyrandi aksturskerfis hans og virkni þess (þ.m.t., ef við á, samningsbundna birgja, þjónustuveitendur eða undirsamtök framleiðenda). Slíkt fyrirkomulag getur, eftir því sem við á, falist í samningsbundnu fyrirkomulagi, skýru viðmóti eða gæðastjórnunarkerfi.“

———

*II. VIÐAUKI*

Eftirfarandi texta er bætt við sem V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1426:

*„V. VIÐAUKI*

**Tækniforskriftir fyrir sjálfvirka lagningu sem um getur í 2. mgr. 3. gr.**

1. HLUTI: SKILGREININGAR

1. **Skilgreiningar**

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „ferð með sjálfvirkri lagningu“: sannprófun á öllum öryggistengdum skilyrðum í sjálfvirkri lagningarvirkni fyrir virkjun sjálfvirkrar lagningar, framkvæmd viðvarandi akstursverkefnis sem á eftir kemur og afvirkjun sjálfvirkrar lagningar.

1.2. „umskiptastaðsetning“: tilgreint svæði innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs sem er viðeigandi til að virkja eða afvirkja sjálfvirka lagningarvirkni.

1.3. „minnsti hlutur sem máli skiptir“: minnsti óvarinn vegfarandi sem sjálfvirka lagningarvirknin getur skynjað og brugðist við meðan á framkvæmd viðvarandi akstursverkefnis stendur.

1.4. „öryggisfjarlægð“: fjarlægð hlutar sem sjálfvirku lagningarvirkninni ber að bregðast við á viðeigandi hátt, þar sem viðbrögð við hlutum fyrir framan, til hliðar eða fyrir aftan getur verið breytileg miðað við fjarlægð þeirra.

1.5. „varanlegur hlutur“: óhreyfanlegur hlutur innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs.

1.6. „kyrrstæður hlutur“: hreyfanlegur hlutur innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs sem hreyfist ekki á viðkomandi tímabili.

1.7. „sívirkur hlutur“: hlutur innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs sem hreyfist í lengdarstefnu og á þverveginn og kann einkum að vera óvarinn vegfarandi eða annað handstýrt ökutæki eða ökutæki sem er sjálfkeyrandi að fullu.

2. HLUTI: KRÖFUR UM FRAMMISTÖÐU

2. **Almennar kröfur**

2.1. Sjálfvirk lagningarvirkni skal vera fær um að framkvæma viðvarandi akstursverkefni eins og tilgreint er og innan afmarkaðs fyrirhugaðs starfrækslusviðs.

2.2. Sjálfvirk lagningarvirkni skal vera hönnuð til að forðast öll neikvæð áhrif á öryggi og umferðarflæði innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs við notkun.

2.3. Hámarkshraði ökutækisins þegar sjálfvirk lagningarvirkni er virk skal ekki vera meiri en 30 km/klst. og skal vera tilgreindur af framleiðanda á grundvelli sérkenna fyrirhugaðs starfrækslusviðs (þ.m.t. gildandi hraðatakmarkana og hversu þröngt bílastæðasvæðið er).

2.6. Framleiðandinn er áfram sá eini sem ber ábyrgð á samræmi við kröfurnar í þessum viðauka án tillits til nokkurra þriðju aðila sem koma að beitingu eða notkun sjálfvirkrar lagningarvirkni.

2.7. Þegar sjálfvirk lagningarvirkni er háð utanaðkomandi upplýsingum skal tryggja framboð, samrýmanleika og öryggi slíkra upplýsinga við notkun sjálfvirkrar lagningarvirkni.

2.8. Ef ökutækið er búið annarri sjálfkeyrandi aksturskerfisvirkni skal tryggja öruggt samspil sjálfvirkrar lagningarvirkni og annarrar sjálfkeyrandi aksturskerfisvirkni.

2.9. Ef leyfilegt er að farþegar séu inni í ökutækinu meðan sjálfvirk lagningarvirkni er virk, í samræmi við lýsingu á fyrirhugaða starfrækslusviðinu í sjálfvirku lagningarvirkninni, skal gera viðeigandi ráðstafanir gegn hugsanlegri rangnotkun farþeganna á því.

2.10. Ef ekki er leyfilegt að farþegar séu inni í ökutækinu meðan sjálfvirk lagningarvirkni er virk, í samræmi við lýsingu á fyrirhugaða starfrækslusviðinu í sjálfvirku lagningarvirkninni, skal sjálfvirka lagningarvirknin vera þannig hönnuð að hún geti einungis virkað þegar engin manneskja eða dýr er staðsett inni í ökutækinu.

2.11. Stýrisbúnaður ökutækis með tvíþættan aksturshams sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni skal samræmast reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79, 04. eða síðari röð breytinga (*).

Hemlakerfi ökutækis með tvíþættan aksturshams sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni skal samræmast reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13 (**), 13. eða síðari röð breytinga, eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13H (***), 01. eða síðari röð breytinga.

3. **Kröfur sem varða virkjun og afvirkjun sjálfvirkrar lagningarvirkni**

3.1. Virkjun og afvirkjun sjálfvirkrar lagningarvirkni í sviðsmyndum við aðstæður sem búist er við skal einungis vera möguleg á umskiptastaðsetningum eða í bílastæðum.

3.2. Öll skilyrði fyrir virkjun og afvirkjun sjálfvirkrar lagningarvirkni skulu sannprófuð við skilyrði fyrirhugaða starfrækslusviðsins (þ.m.t., ef við á, viðurvist eða fjarveru farþega í ökutækinu, bílastæði eða umskiptastaðsetningu þar sem viðeigandi er að stíga inn í eða fara út úr ökutækinu).

3.3. Afvirkjun sjálfvirkrar lagningarvirkni

3.3.1. Þegar sjálfvirk lagningarvirkni hefur lokið vel heppnaðri ferð með sjálfvirkri lagningu, annaðhvort með því að komast á umskiptastaðsetningu eða í bílastæði sem eru innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs, skal sjálfvirka lagningarvirknin stöðva ökutækið sjálfkrafa, halda því kyrru og afvirkja sjálfvirku lagningarvirknina.

3.3.2. Sjálfvirk lagningarvirkni skal haldast virk þar til afvirkjunarferlinu, sem kerfið eða notandinn setti af stað, er lokið eða ökutækið skapar ástand sem miðar að því að lágmarka áhættu.

3.3.3. Ef við á þegar sjálfvirk lagningarvirkni er afvirkjuð skulu stjórntæki ökutækisins, vísar, viðvaranir og gaummerki færast sjálfvirkt í viðeigandi ástand fyrir handstýrðan akstur og hliðar- og lengdarstýringu skal skilað aftur til ökumannsins án þess að nein samfelld akstursaðstoð sé virk.

4. **Viðvarandi akstursverkefni við sviðsmyndir við aðstæður sem búist er við**

4.1. Skipulagning akstursstefnu og hraða

4.1.1. Meðhöndla skal einstaka þætti fyrirhugaðs starfrækslusviðs (þ.m.t., ef við á, skarpar beygjur, skábrautir og sameiningu umferðar í eina akrein) með því að skipuleggja og velja akstursstefnuna á viðeigandi hátt.

4.1.2. Sjálfvirk lagningarvirkni skal lágmarka umhverfisáhrif með því að skipuleggja skilvirka og árangursmikla akstursstefnu til að komast á umskiptastaðsetningar.

4.1.3. Sjálfvirk lagningarvirkni skal ávallt viðhalda öruggri fjarlægð frá öðrum vegfarendum eða hlutum á grundvelli minnsta hlutar sem máli skiptir og aðlaga hraða sinn á fyrirsjáanlegan hátt. Framleiðandi skal tilgreina öryggisfjarlægðina, viðeigandi hámarkshraða í samræmi við lið 6.1, og minnsta hlut sem máli skiptir.

5. **Viðvarandi akstursverkefni við hættulegar sviðsmyndir (neyðarstarfræksla)**

5.1. Þrátt fyrir lið 1.4.1. 1.4.2 og 1.4.3 í 1. hluta III. viðauka skal sjálfvirk lagningarvirkni forðast alla árekstra við vegfarendur og hindranir sem sveigja í veg fyrir ökutækið, þvera eða eru fyrir framan ökutækið í akstursstefnu þess.

6. **Viðvarandi akstursverkefni við mörk fyrirhugaðs starfrækslusviðs**

6.1. Bein yfirfærsla í ástand sem miðar að því að lágmarka áhættu skal eiga sér stað ef borin eru kennsl á rangnotkun og þegar borin eru kennsl á að ökutækið hafi orðið fyrir skemmdum.

6.2. Ef ökutæki sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni virðist einungis yfirgefa fyrirhugað starfrækslusvið (t.d. vegna tímabundinnar ónákvæmni í landfræðilegri staðsetningu ökutækisins) og síðan er aftur staðfest að það sé innan fyrirhugaðs starfrækslusviðs er ekki litið á það sem svo að það hafi vikið fyrir ástandi sem miðar að því að lágmarka áhættu og hægt er að halda ferð með sjálfvirkri lagningu tafarlaust áfram.

6.3. Ökutækið getur farið úr ástandi sem miðar að því að lágmarka áhættu ef það er fært yfir í handstýrðan akstursham og ekið af ökumanni.

7. **Rekstrarhandbók**

Fjalla skal um eftirfarandi atriði í rekstrarhandbók og koma þeim í framkvæmd:

7.1. Skilgreina skal öll hlutverk sem eru nauðsynleg vegna öruggrar notkunar sjálfvirkrar lagningarvirkni, þ.m.t. að tilnefna viðkomandi ábyrgðaraðila og úthluta skipulags- og tækniverkefnum.

7.2. Skrá skal allar úthlutanir verkefna í rekstrarhandbókina.

7.3. Í rekstrarhandbókinni skulu koma fram aðferðir sem á að nota þegar óvænt atvik verða.

7.4. Í rekstrarhandbókinni skulu koma fram atriði sem huga þarf að varðandi breytingar á fyrirhuguðu starfrækslusviði þegar sjálfvirk lagningarvirkni er notuð. Koma skal á ferli og hafa það með til að tryggja mat á fyrirhuguðum breytingum.

3. HLUTI: MAT Á ÞVÍ HVORT KRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR

8. **Prófanir**

8.1. Almenn ákvæði

8.1.1. Prófunardæmi vegna sannprófunar á sjálfvirkri lagningarvirkni skulu ná til allra aðgerða sjálfvirkrar lagningar.

8.1.2. Nota skal sviðsmyndirnar sem lýst er í lið 8.2 í þessum viðauka. Framleiðandi skal velja viðeigandi sviðsmyndir á grundvelli fyrirhugaðs starfrækslusviðs í sjálfvirkri lagningarvirkni.

8.1.3. Viðurkenningaryfirvaldið skal setja fram viðmiðanir fyrir að „standast/standast ekki“ mat á öryggi sjálfvirkrar lagningarvirkni og byggja þær á kröfunum sem settar eru fram í II. viðauka, á sviðsmyndunum sem settar eru fram 1. hluta III. viðauka, og á þessum viðauka.

8.2. Prófunarsviðsmyndir til að meta frammistöðu sjálfvirkrar lagningarvirkni

Þessi skrá yfir sviðsmyndir sem settar eru fram í lið 8.2.1 til 8.2.7 inniheldur einföld prófunardæmi sem skal velja á grundvelli fyrirhugaðs starfrækslusviðs og aðlaga að því og nota til að prófa samræmi sjálfvirkrar lagningarvirkni í sjálfkeyrandi aksturskerfi.

Framkvæma skal aðrar sviðsmyndir sem eru hluti af fyrirhuguðu starfrækslusviði óski viðurkenningaryfirvaldið þess.

Þær sviðsmyndir sem skráðar eru í lið 8.2.1 til 8.2.7 innihalda nokkur aðskilin prófunarþrep sem eru framkvæmd hvert á fætur öðru. Heimilt er að framkvæma þessi aðskildu prófunarþrep í samfelldri röð án þess að afvirkja ferðina með sjálfvirkri lagningu eða gefa út nýja beiðni um ferð með sjálfvirkri lagningu fyrir hvert prófunarþrep.

8.2.1. Afhending og yfirtaka sjálfvirkrar lagningar

8.2.1.1. Lagning (afhending og lagning)

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti framkvæmt ferð með sjálfvirkri lagningu frá umskiptastaðsetningunni yfir í fyrirhugað bílastæði.

Skilyrði: ökutæki búið sjálfvirkri lagningarvirkni er lagt á umskiptastaðsetningunni.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Beiðni um ferð með sjálfvirkri lagningu er stillt upp.

Þrep 2: Ferð með sjálfvirkri lagningu er framkvæmd.

Þrep 3: Beðið er þar til ferð með sjálfvirkri lagningu er lokið.

8.2.1.2. Skil til notanda (yfirtaka)

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti framkvæmt ferð með sjálfvirkri lagningu úr bílastæði yfir á umskiptastaðsetningu.

Skilyrði: ökutæki búið sjálfvirkri lagningarvirkni er kyrrstætt í bílastæði.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Beiðni um ferð með sjálfvirkri lagningu er stillt upp.

Þrep 2: Ferð með sjálfvirkri lagningu er framkvæmd.

Þrep 3: Beðið er þar til ferð með sjálfvirkri lagningu er lokið.

8.2.2. Yfirtaka og afvirkjun kerfis

8.2.2.1. Afvirkjun ökutækis utan frá

Með prófuninni skal sýna fram á að mögulegt sé að yfirtaka kerfið eða afvirkja það utan frá ökutæki sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Yfirtökuaðgerð er framkvæmd.

Þrep 2: Farið er úr ástandi sem miðar að því að lágmarka áhættu.

8.2.2.2. Yfirtaka eða afvirkjun inni í ökutækinu

Með prófuninni skal sýna fram á að mögulegt sé að yfirtaka kerfið eða afvirkja það fyrir tilstilli inngrips manneskju inni í ökutækinu í akstursbúnað eða stjórntæki.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Inngrip skal framkvæmt með samsvarandi akstursbúnaði eða stjórntækjum.

Þrep 2: Viðvarandi akstursverkefni skal haldið áfram í samræmi við yfirlýsta áætlun framleiðandans.

8.2.3. Komið í veg fyrir árekstur

8.2.3.1. Byrjun á ferð með sjálfvirkri lagningu

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti skynjað og brugðist við hlutum mjög nálægt ökutækinu, þannig að komið sé í veg fyrir að ökutækið hefji ferð með sjálfvirkri lagningu.

Skilyrði: Ökutækið er á umskiptastaðsetningu eða í bílastæði og sjálfvirk lagningarvirkni er virkjuð.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Minnsti hlutur sem máli skiptir skal settur upp við ökutækið.

Þrep 2: Minnsti hlutur sem máli skiptir skal fjarlægður.

8.2.3.2. Minnsti hlutur sem máli skiptir í akstursstefnu ökutækis sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti skynjað minnsta hlut sem máli skiptir á akstursleiðinni og stöðvað ökutækið áður en það kemur að honum og haldið áfram þegar fyrirhuguð akstursstefna er aftur í boði.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Minnsti hlutur sem máli skiptir skal settur niður í fyrirhugaða akstursstefnu ökutækisins á öllum eftirfarandi stöðum. Viðurkenningaryfirvaldið getur kosið að krefjast prófana með viðbótarskilyrðum.

a) Þrep 1 skal framkvæmt með minnsta hlut sem máli skiptir settan (ef við á):

i. miðsvæðis í fyrirhugaðri akstursstefnu, í fjarlægð sem nemur minnst einni lengd ökutækis frá bílastæðinu,

ii. miðsvæðis í fyrirhugaðri akstursstefnu, handan við beygju,

iii. á efri hluta skábrautar sem liggur niður á við (á bilinu frá 0-1 metra eftir að skábrautin nær stöðugum halla),

iv. á flata svæðinu handan við skábraut á bílastæði sem liggur niður á við (á bilinu frá 0-1 metra eftir að akstursvæðið er orðið flatt),

v. í miðju bílastæði,

vi. á neðri hluta skábrautar sem liggur upp á við (á bilinu frá 0-1 metra eftir að skábrautin nær stöðugum halla),

vii. á flata svæðinu handan við skábraut á bílastæði sem liggur upp á við (á bilinu frá 0-1 metra eftir að akstursvæðið er orðið flatt),

viii. miðsvæðis í fyrirhugaðri akstursstefnu, handan við beygju, á skábraut.

Þrep 2: Minnsti hlutur sem máli skiptir skal fjarlægður.

8.2.3.3. Kyrrstæðir eða sívirkir hlutir við hlið fyrirhugaðrar akstursstefnu ökutækis sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti skynjað og brugðist með réttum hætti við hlut sem er staðsettur við hlið akstursleiðarinnar og aðlagað hraða ökutækisins í samræmi við það.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Framkvæma skal sviðsmyndina bæði fyrir kyrrstæða og sívirka hluti, í eftirfarandi þrepum:

Fyrsta þrep fyrir kyrrstæðan hlut: Kyrrstæði hluturinn skal settur niður í fjarlægð sem er styttri en leyfileg öryggisfjarlægð, til hliðar við akstursganginn, áður en ökutæki, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, nálgast.

Fyrsta þrep fyrir sívirkan hlut: Færa skal sívirka hlutinn samhliða ökutækinu, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, í láréttri fjarlægð sem er neðan við lárétta viðbragðsfjarlægð, á meðan ökutækið nálgast.

Annað þrep fyrir bæði kyrrstæðan og sívirkan hlut: Hluturinn skal fjarlægður ef sjálfvirka lagningarvirknin hefur stöðvað ökutækið vegna kyrrstæða og/eða sívirka hlutarins.

8.2.3.4. Sívirkir hlutir

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni geti forðast árekstur við sívirka hluti sem eru sýnilegir og ekki sýnilegir.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Framkvæma skal sviðsmyndina fyrir þverun, hreyfingu í átt að hlið eða hreyfingu á móti ökutækinu, í eftirfarandi þrepum:

Fyrsta þrep fyrir þverun: Sívirkur hlutur skal þvera akstursleið ökutækisins, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, utan frá akstursleiðinni og fyrir framan ökutækið, sem er á hreyfingu, og valda þannig mikilli hættu á árekstri.

Fyrsta þrep fyrir hliðarhreyfingu: Sívirkur hlutur skal hreyfast utan frá akstursleiðinni í áttina að hlið ökutækisins, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, og valda þannig mikilli hættu á árekstri.

Fyrsta þrep fyrir hreyfingu á móti ökutæki: Sívirkur hlutur skal hreyfast í áttina að ökutækinu, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, á móti stefnu ökutækisins.

Annað þrep: Sívirki hluturinn skal fjarlægður.

8.2.4. Samræmi við umferðarreglur

8.2.4.1. Ekið út úr bílastæði

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni víki þegar ekið er út úr bílastæði.

Skilyrði: ökutækinu, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, er lagt á umskiptastaðsetningu eða í bílastæði á meðan annað ökutæki býst til að neyta leiðarréttar.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: senda skal beiðni um ferð með sjálfvirkri lagningu og sjálfvirk lagningarvirkni skal virkjuð.

Þrep 2: hinu ökutækinu skal ekið þannig að það fari fram hjá ökutækinu, sem búið er sjálfvirkri lagningarvirkni, á þeim tímapunkti þegar það mundi hefja akstur út úr bílastæðinu.

Þrep 3: hinu ökutækinu skal ekið fram hjá og í burt frá ökutækinu sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni.

8.2.4.2. Biðskylda og leiðarréttur

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni stöðvi eða virði biðskyldu við gatnamót eða þar sem umferð sameinast á akrein, virði leiðarrétt og taki tillit til annarra ökutækja sem nálgast þessi svæði.

Skilyrði: ökutækið ekur með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða og nálgast gatnamót eða stað þar sem umferð sameinast á akrein; annað ökutæki er tilbúið að neyta leiðarréttarins.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Hitt ökutækið skal koma að gatnamótunum eða staðnum þar sem umferðin sameinast í eina akrein á svo til sama tíma og ökutækið sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni.

Þrep 2: Hitt ökutækið skal halda áfram í gegnum gatnamótin eða staðinn þar sem umferðin sameinast í eina akrein.

8.2.5. Virkjun sjálfvirkrar lagningarvirkni

8.2.5.1. Upplýsingagjöf frá ytri innviðum hentar ekki sjálfvirkri lagningarvirkni

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni sé ekki virkjuð þegar upplýsingagjöf frá ytri innviðum er óviðeigandi.

Skilyrði: ökutæki, sem er búið sjálfvirkri lagningarvirkni, er lagt á umskiptastaðsetningu þar sem upplýsingagjöf um ytri innviði er óviðeigandi.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: gera skal tilraun til ferðar með sjálfvirkri lagningu.

8.2.6. Skynjarakerfi

8.2.6.1. Fyrirstaða fyrir nemum

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni bregðist rétt við fyrirstöðu fyrir sviði nema.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: nemi sem vaktar hluta raunverulegrar akstursleiðar ökutækisins skal hulinn.

Þrep 2: Fyrirstaðan skal fjarlægð frá nemanum.

8.2.6.2. Sérstakir hlutir

Með prófuninni skal sýna fram á að nægjanlega sé bætt upp fyrir takmarkanir nemanna sem eru notaðir við greiningu og viðbrögð við hlutum og atvikum, til að tryggja að hægt sé að framkvæma viðvarandi akstursverkefni á öruggan hátt.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Hlutir sem skipta máli fyrir prófun á takmörkunum nema fyrir sjálfvirka lagningu (t.d. sem hafa mjög einsleitt yfirborð, renna saman við bakgrunninn, gefa endurspeglun, o.s.frv.) skulu settir af handahófi í aksturssstefnu ökutækisins.

Þrep 2: Hafi ökutækið stöðvast skal fjarlægja viðkomandi hluti.

8.2.7. Sviðsmyndir í tengslum við bilanir

8.2.7.1. Þýðingarmiklar bilanir í þráðlausri tengingu milli sjálfvirkrar lagningarvirkni og ytri innviða

Með prófuninni skal sýna fram á tekið sé á bilun í þráðlausu tengingunni á öruggan hátt.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Trufla skal þráðlausa merkið.

Þrep 2: Ef þörf krefur skal bíða þar til sjálfvirk lagningarvirkni túlkar truflunina á þráðlausu fjarskiptunum sem varanlegan missi þráðlausu tengingarinnar.

8.2.7.2. Bilun í skynjunarnema

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni skynji bilanir í nemum sem eru nauðsynlegir fyrir greiningu og viðbrögð við hlutum og atvikum (nemar í ökutækinu og/eða ytri innviðum) og bregðist við á viðeigandi hátt.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Gagnatenging nema sem skiptir máli fyrir greiningu og viðbrögð við hlutum og atvikum í raunverulegri aksturssstefnu ökutækisins skal látinn verða fyrir truflun.

8.2.7.3. Bilun innan ytri innviða

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni skynji villur í ytri innviðum og bregðist við á viðeigandi hátt.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Búa skal til þýðingarmikinn annmarka á ytri innviðum.

8.2.7.4. Bilun innan ökutækis

Með prófuninni skal sýna fram á að sjálfvirk lagningarvirkni skynji bilanir innan ökutækisins og bregðist við á viðeigandi hátt.

Skilyrði: ökutæki er ekið með sjálfvirka lagningarvirkni virkjaða.

Sviðsmyndin skal framkvæmd í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1: Framkalla skal atvik sem afvirkjar eða veldur bilun í kerfi ökutækisins sem er mikilvægt fyrir sjálfvirka lagningarvirkni.

---

(*) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) nr. 79 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja að því er varðar stýrisbúnað [2025/3] (Stjtíð. ESB 2025/3, 10.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2025/3/oj).

(**) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja í flokkum M, N og O með tilliti til hemlunar [2016/194] (Stjtíð. ESB L 42, 18.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/194/oj)

(***) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H – Samræmd ákvæði um viðurkenningu fólksbifreiða með tilliti til hemlunar [2015/2364] (Stjtíð. ESB 335, 22.12.2015, p. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2364/oj).

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/340** **2026/EES/53/27**

**frá 16. febrúar 2026**

**um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tékknesku, frönsku og slóvensku tungumálaútgáfunni af viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er villa í fyrsta málslið skilgreiningar á fóðuraukefninu E 163 antósýanín. Villan breytir gildissviði skilgreiningarinnar og hefur þannig áhrif á efni ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta tékknesku, frönsku og slóvensku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem var skilað áður en reglugerð (ESB) nr. 231/2012 var samþykkt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/340, 17.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/oj.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/oj.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/231/oj).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/854** **2026/EES/53/28**

**frá 7. maí 2025**

**um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2026, 2027 og 2028 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 29. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 ([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Áætluninni hefur verið haldið áfram með síðari reglugerðum og sú nýjasta er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu vörur eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili þarf að vakta varnarefnin í þessum vörum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birti vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni ([4]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi vörur væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum. Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin í tengslum við íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Aðildarríki ættu að nota samþykktar leiðbeiningar, s.s. staðlaða sýnalýsingu, 2. útgáfu, og viðmiðunarreglur um skýrslugjöf varðandi vöktun íðefna til að tryggja samræmda afhendingu upplýsinga frá þeim um niðurstöður úr varnarefnaleifagreiningu og gera Matvælaöryggisstofnuninni þannig kleift að vera með samanburðarhæfar niðurstöður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/854, 8.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1213/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 frá 2. apríl 2024 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2025, 2026 og 2027 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 (Stjtíð. ESB L 2024/989, 3.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/989/oj).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Pesticide monitoring program: Design assessment.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4005.

6) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ([5]), sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

7) Í samræmi við vinnuskjal frá stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar fyrir heilbrigði og matvælaöryggi um að leggja saman magngreiningarmörk þegar um er að ræða flóknar skilgreiningar á leifum ([6]), ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

8) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ([7]) og (ESB) 2016/128 ([8]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([9]), séu uppfyllt.

9) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig ættu aðildarríki, þar eð ekki er víst að öll aðildarríki búi yfir þeim fullgiltu greiningaraðferðum sem krafist er, að geta sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að senda sýni til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

10) Til að gera Matvælaöryggisstofnuninni kleift að meta tímanlega og taka saman tilkynntu niðurstöðurnar ættu aðildarríki að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða næstliðið almanaksár.

11) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 úr gildi. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2025.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Aðildarríkin ([10]) skulu, á árunum 2026, 2027 og 2028, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/63/oj).

([6]) „Working Document on the summing up of LOQs in case of complex residue definitions“ (SANCO/12574/2014).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/128/oj).

([9]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/125/oj).

([10]) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. Windsor Framework) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Aðildarríki skulu taka sýni eins og sett er fram í A-hluta II. viðauka og greina öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum og vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap í samræmi kröfurnar um greiningu sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka.

3. Aðildarríki skulu velja framleiðslulotuna, sem á að taka sýni úr, af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2026, 2027 og 2028, eigi síðar en 31. ágúst 2027, 2028 og 2029, eftir því sem við á, á rafrænu skýrslusniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram.

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni og/eða umbrotsefni eða niðurbrotsefni eða myndefni) skal gefa skýrslur um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Skila skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

*3. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda til 1. september 2026 um sýni sem prófuð eru árið 2025.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

A-HLUTI

**Afurðir (1) úr jurtaríkinu (2) sem á að taka sýni úr 2026, 2027 og 2028**

| 2026 | 2027 | 2028 |
|---|---|---|
| a) | b) | c) |
| (0110020) Appelsínur (1) | (0151000) Vínber til neyslu (1) | (0130010) Epli (1) |
| (0130020) Perur (1) | (0163020) Bananar (1) | (0152000) Jarðarber (1) |
| (0162010) Kíví (1) | (0110010) Greipaldin (1) | (0140030) Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar (1) |
| (0241020) Blómkál (1) | (0231030) Eggaldin (1) | Vín (rautt eða hvítt) úr (0151020) vínþrúgum (ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir). |
| (0220020) Laukar (1) | (0241010) Spergilkál (1) | (0251020) Salat (1) |
| (0213020) Gulrætur (1) | (0233010) Melónur (1) | (0242020) Höfuðkál (1) |
| (0211000) Kartöflur (1) | (0280010) Ræktaðir sveppir (1) | (0231010) Tómatar (1) |
| (0300010) Baunir (þurrkaðar) (1) | (0231020) Paprikur (1) | (0252010) Spínat (1) |
| (0500070) Rúgkorn (2) | (0500090) Hveitikorn (2) | (0500050) Hafrakorn (2), (3) |
| (0500060) Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum (4) | Jómfrúarólífuolía úr (0402010) ólífum til olíuframleiðslu (ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir). | (0500010) Byggkorn (2), (5) |

(1) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.
(2) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul.
(3) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.
(4) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul.
(5) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

(1) Vörukóðar í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
(2) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

B-HLUTI

**Afurðir [3] úr dýraríkinu [4] sem á að taka sýni úr 2026, 2027 og 2028**

| 2026 | 2027 | 2028 |
|---|---|---|
| f) | d) | e) |
| (1016020) Alifuglafita [1], [2] | (1012020) Nautgripafita [1], [2] | (1020010) Kúamjólk [3] |
| (1012030) Nautgripalifur [1] | (1030010) Hænuegg [1], [4] | (1011020) Svínafita [1], [2] |

[1] Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.
[2] Einnig má taka sýni úr kjöti í samræmi við töflu 3 í viðaukanum við tilskipun 2002/63/EB.
[3] Greina skal ferska (óunna) mjólk, sem og frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.
[4] Greina skal heil skurnlaus egg.

C-HLUTI

**Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr jurtaríkinu**

| | 2026 | 2027 | 2028 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| 2,4-D | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum, kíví, perum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2027; í og á ferskjum, salati og tómötum árið 2028. |
| 2-fenýlfenól | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum, gulrótum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á greipaldinum og banönum árið 2027; í og á jarðarberjum árið 2028. |
| 4-CPA | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum árið 2026; í og á eggaldinum, melónum, paprikum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á jarðarberjum árið 2028. |
| Abamektín | a) | b) | c) | |
| Asefat | a) | b) | c) | |
| Asetamípríð | a) | b) | c) | |
| Aklónífen | a) | | | Skal eingöngu greina í og á gulrótum árið 2026. |
| Akrínatrín | a) | b) | c) | |
| Aldíkarb | a) | b) | c) | |
| Aldrín og díeldrín | a) | b) | c) | |
| Ametóktradín | a) | b) | c) | |
| Asadíraktín | a) | b) | c) | |

[3] Vörukóðar í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
[4] Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Asínfosmetýl | a) | b) | c) | |
| Asoxýstróbín | a) | b) | c) | |
| Bensalkóníumklóríð | a) | b) | c) | |
| Bífentrín | a) | b) | c) | |
| Bífenýl | a) | b) | c) | |
| Bítertanól | a) | b) | c) | |
| Boskalíð | a) | b) | c) | |
| Brómíðjón | a) | | | Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026. |
| Brómóprópýlat | a) | b) | c) | |
| Búpírímat | a) | b) | c) | |
| Búprófesín | a) | b) | c) | |
| Kaptan | a) | b) | c) | |
| Karbaríl | a) | b) | c) | |
| Karbendasím og benómýl | a) | b) | c) | |
| Karbófúran | a) | b) | c) | |
| Klórantranilípról | a) | b) | c) | |
| Klóröt | a) | b) | c) | |
| Klórfenapýr | a) | b) | c) | |
| Klórmekvat | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á kartöflum, blómkáli, gulrótum, perum, rúgi, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, höfrum og byggi árið 2028. |
| Klóróþalóníl | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, kíví, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á melónum, vínberjum til neyslu, banönum og eggaldinum árið 2027; í og á ferskjum, jarðarberjum, tómötum og salati árið 2028. |
| Klórprófam | a) | b) | c) | |
| Klórpýrifos | a) | b) | c) | |
| Klórpýrifosmetýl | a) | b) | c) | |
| Klófentesín | a) | b) | c) | |
| Klópýralíð | | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu, spergilkáli og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á ferskjum, höfuðkáli, spínati og höfrum árið 2038. |
| Klóþíanidín | a) | b) | c) | |
| Koparefnasambönd | a) | b) | c) | |
| Sýantranilípról | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sýasófamíð | a) | b) | c) | |
| Sýflúfenamíð | a) | b) | c) | |
| Sýflúmetófen | a) | b) | c) | |
| Sýflútrín | a) | b) | c) | |
| Sýmoxaníl | a) | b) | c) | |
| Sýpermetrín | a) | b) | c) | |
| Sýprókónasól | a) | b) | c) | |
| Sýpródiníl | a) | b) | c) | |
| Sýrómasín | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á kartöflum, laukum, gulrótum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á salati og tómötum árið 2028. |
| Deltametrín | a) | b) | c) | |
| Díasínón | a) | b) | c) | |
| Díklórvos | a) | b) | c) | |
| Díklóran | a) | b) | c) | |
| Díkóföl | a) | b) | c) | |
| Dídekýldímetýlamm-óníumklóríð | a) | b) | c) | |
| Díetófenkarb | a) | b) | c) | |
| Dífenókónasól | a) | b) | c) | |
| Díflúbensúrón | a) | b) | c) | |
| Dímetóat | a) | b) | c) | |
| Dímetómorf | a) | b) | c) | |
| Díníkónasól | a) | b) | c) | |
| Dífenýlamín | a) | b) | c) | |
| Díþíanón | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, ferskjum og jarðarberjum árið 2028. |
| Díþíókarbamöt | a) | b) | c) | Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum. |
| Dódín | a) | b) | c) | |
| Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín | a) | b) | c) | |
| Endósúlfan | a) | b) | c) | |
| Epoxíkónasól | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Etefón | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum og perum árið 2026; í og á greipaldinum, melónum, paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, ferskjum, tómötum, byggi og víni árið 2028. |
| Eþíón | a) | b) | c) | |
| Etirímól | a) | b) | c) | |
| Etófenprox | a) | b) | c) | |
| Etoxasól | a) | b) | c) | |
| Etýlenoxíð | a) | | | Skal greina í og á þurrkuðum baunum og brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Famoxadón | a) | b) | c) | |
| Fenamídón | a) | b) | c) | |
| Fenamífos | a) | b) | c) | |
| Fenarímól | a) | b) | c) | |
| Fenasakín | a) | b) | c) | |
| Fenbúkónasól | a) | b) | c) | |
| Fenbútatínoxíð | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum og perum árið 2026; í og á greipaldinum og vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, jarðarberjum og ferskjum árið 2028. |
| Fenhexamíð | a) | b) | c) | |
| Fenítróþíón | a) | b) | c) | |
| Fenoxýkarb | a) | b) | c) | |
| Fenprópatrín | a) | b) | c) | |
| Fenprópidín | a) | b) | c) | |
| Fenpropímorf | a) | b) | c) | |
| Fenpýrasamín | a) | b) | c) | |
| Fenpýroxímat | a) | b) | c) | |
| Fenþíón | a) | b) | c) | |
| Fenvalerat | a) | b) | c) | |
| Fípróníl | a) | b) | c) | |
| Flónikamíð | a) | b) | c) | |
| Flúasífóp-P | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum, gulrótum og laukum árið 2026; í og á eggaldinum, spergilkáli og paprikum árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli og spínati árið 2028. |
| Flúbendíamíð | a) | b) | c) | |
| Flúdíoxóníl | a) | b) | c) | |
| Flúfenoxúrón | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Flúópíkólíð | a) | b) | c) | |
| Flúópýram | a) | b) | c) | |
| Flúpýradífúrón | a) | b) | c) | |
| Flúkinkónasól | a) | b) | c) | |
| Flúsílasól | a) | b) | c) | |
| Flútríafól | a) | b) | c) | |
| Flúxapýroxað | a) | b) | c) | |
| Fólpet | a) | b) | c) | |
| Formetanat | a) | b) | c) | |
| Fosetýl-Al | a) | b) | c) | |
| Fosþíasat | a) | b) | c) | |
| Glúfosínatammóníum | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, kartöflum, kíví, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, banönum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á ferskjum, jarðarberjum, höfuðkáli, eplum og salati árið 2028. |
| Glýfosat | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, kíví, þurrkuðum baunum, brúnum hrísgrjónum, rúgi, gulrótum og appelsínum árið 2026; í og á ræktuðum sveppum, vínberjum til neyslu, greipaldinum, eggaldinum og hveiti árið 2027; í og á eplum, ferskjum, jarðarberjum, höfuðkáli, salati, víni, spínati, höfrum og byggi árið 2028. |
| Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, kartöflum, gulrótum, blómkáli, laukum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á spergilkáli og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2028. |
| Hexakónasól | a) | b) | c) | |
| Hexýþíasox | a) | b) | c) | |
| Imasalíl | a) | b) | c) | |
| Imídaklópríð | a) | b) | c) | |
| Indoxakarb | a) | b) | c) | |
| Ípródíón | a) | b) | c) | |
| Ípróvalíkarb | a) | b) | c) | |
| Ísókarbófos | a) | b) | c) | |
| Ísófetamíð | a) | b) | c) | |
| Ísópróþíólan | a) | | | Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Kresoxímmetýl | a) | b) | c) | |
| Lambda-sýhalótrín | a) | b) | c) | |
| Línúrón | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lúfenúrón | a) | b) | c) | |
| Malaþíón | a) | b) | c) | |
| Malínhýdrasíð | a) | | | Skal eingöngu greina í og á laukum og kartöflum árið 2026. |
| Mandíprópamíð | a) | b) | c) | |
| Mefentríflúkónasól | a) | b) | c) | |
| Mepanípýrím | a) | b) | c) | |
| Mepíkvat | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, blómkáli, kartöflum, þurrkuðum baunum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, paprikum, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027; í og á eplum, víni, jarðarberjum, byggi og höfrum árið 2028. |
| Metaflúmísón | a) | b) | c) | |
| Metalaxýl og metalaxýl-M | a) | b) | c) | |
| Metamítrón | a) | b) | c) | |
| Metamídófos | a) | b) | c) | |
| Metíðaþíón | a) | b) | c) | |
| Metíókarb | a) | b) | c) | |
| Metómýl | a) | b) | c) | |
| Metoxýfenósíð | a) | b) | c) | |
| Metrafenón | a) | b) | c) | |
| Mónókrótófos | a) | b) | c) | |
| Mýklóbútaníl | a) | b) | c) | |
| Nikótín | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, laukum, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og paprikum árið 2027; í og á eplum, ferskjum, jarðarberjum, salati, spínati og tómötum árið 2028. |
| Ómetóat | a) | b) | c) | |
| Oxadixýl | a) | b) | c) | |
| Oxamýl | a) | b) | c) | |
| Oxaþíapíprólín | a) | b) | c) | |
| Oxýdemetónmetýl | a) | b) | c) | |
| Paklóbútrasól | a) | b) | c) | |
| Paraþíónmetýl | a) | b) | c) | |
| Penkónasól | a) | b) | c) | |
| Pensýkúrón | a) | b) | c) | |
| Pendímetalín | a) | b) | c) | |
| Permetrín | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fosmet | a) | b) | c) | |
| Pírimíkarb | a) | b) | c) | |
| Pírimífosmetýl | a) | b) | c) | |
| Próklóras | a) | b) | c) | |
| Prósýmídón | a) | b) | c) | |
| Prófenófos | a) | b) | c) | |
| Própamókarb | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á perum, gulrótum, blómkáli, laukum, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, melónum, banönum, eggaldinum, spergilkáli, papriku, og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2028. |
| Própargít | a) | b) | c) | |
| Própíkónasól | a) | b) | c) | |
| Própýsamíð | a) | b) | c) | |
| Prókínasíð | a) | b) | c) | |
| Prósúlfókarb | a) | b) | c) | |
| Próþíókónasól | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á papriku og hveiti árið 2027; í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2028. |
| Pýmetrósín | | b) | c) | Ekki skal greina það í eða á neinni afurð árið 2026. Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2027; í og á salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2028. |
| Pýraklóstróbín | a) | b) | c) | |
| Pýretrín | a) | b) | c) | |
| Pýridaben | a) | b) | c) | |
| Pýridalýl | a) | b) | c) | |
| Pýrimetaníl | a) | b) | c) | |
| Pýriproxýfen | a) | b) | c) | |
| Kínoxýfen | a) | b) | c) | |
| Spínetóram | a) | b) | c) | |
| Spínósað | a) | b) | c) | |
| Spíródíklófen | a) | b) | c) | |
| Spírómesífen | a) | b) | c) | |
| Spíroxamín | a) | b) | c) | |
| Spírótetramat | a) | b) | c) | |
| Súlfoxaflór | a) | b) | c) | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Táflúvalínat | a) | b) | c) | |
| Tebúkónasól | a) | b) | c) | |
| Tebúfenósíð | a) | b) | c) | |
| Tebúfenpýrað | a) | b) | c) | |
| Teflúbensúrón | a) | b) | c) | |
| Teflútrín | a) | b) | c) | |
| Terbútýlasín | a) | b) | c) | |
| Tetrakónasól | a) | b) | c) | |
| Tetradífón | a) | b) | c) | |
| Þíabendasól | a) | b) | c) | |
| Þíaklópríð | a) | b) | c) | |
| Þíametoxam | a) | b) | c) | |
| Þíódíkarb | a) | b) | c) | |
| Þíófanatmetýl | a) | b) | c) | |
| Tólklófosmetýl | a) | b) | c) | |
| Tríadímefón | a) | b) | c) | |
| Tríadímenól | a) | b) | c) | |
| Tríasófos | a) | b) | c) | |
| Trísýklasól | a) | | | Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026. |
| Trífloxýstróbín | a) | b) | c) | |
| Tríflúmísól | a) | b) | c) | |
| Tríflúmúrón | a) | b) | c) | |
| Trímetýlsúlfónplúsjón | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum, perum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, banönum, eggaldinum, paprikum, höfuðkáli, laukum, höfrum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á eplum, ferskjum og jarðarberjum árið 2028. |
| Trínexapak | a) | b) | c) | Skal eingöngu greina í og á appelsínum og rúgi árið 2026; í og á hveiti og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á eplum, jarðarberjum, byggi og höfrum árið 2028. |
| Vínklósólín | a) | b) | c) | |
| Soxamíð | a) | b) | c) | |

D-HLUTI

**Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr dýraríkinu**

| | 2026 | 2027 | 2028 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| Aldrín og díeldrín | f) | d) | e) | |
| Bensalkóníumklóríð | f) | d) | e) | |
| Bífentrín | f) | d) | e) | |
| Klóröt | f) | d) | e) | |
| Klórdan | f) | d) | e) | |
| Klórmekvat | f) | d) | e) | |
| Klórpýrifos | f) | d) | e) | |
| Klórpýrifosmetýl | f) | d) | e) | |
| Koparefnasambönd | f) | d) | e) | |
| Sýpermetrín | f) | d) | e) | |
| DDT | f) | d) | e) | |
| Deltametrín | f) | d) | e) | |
| Díasínón | f) | d) | e) | |
| Dídekýldímetýlammóníumklóríð | f) | d) | e) | |
| Endósúlfan | f) | d) | e) | |
| Famoxadón | f) | d) | e) | |
| Fenvalerat | f) | d) | e) | |
| Fípróníl | f) | d) | e) | |
| Glúfosínatammónium | f) | d) | e) | |
| Glýfosat | f) | d) | e) | |
| Heptaklór | f) | d) | e) | |
| Hexaklóróbensen | f) | d) | e) | |
| Hexaklórósýklóhexan (HCH, alfa-hverfa) | f) | d) | e) | |
| Hexaklórósýklóhexan (HCH, beta-hverfa) | f) | d) | e) | |
| Indoxakarb | | | e) | Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2028. |
| Lindan | f) | d) | e) | |
| Mefentríflúkónasól | f) | d) | e) | |
| Mepíkvat | f) | d) | e) | |
| Metoxýklór | f) | d) | e) | |
| Paraþíón | f) | d) | e) | |
| Pendímetalín | f) | d) | e) | |
| Permetrín | f) | d) | e) | |
| Pírimífosmetýl | f) | d) | e) | |

*II. VIÐAUKI*

A-HLUTI

**Fjöldi sýna og sýnataka úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap og matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum**

1. Lágmarksfjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka (á ári úr hverri vöru) skal vera eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| BE | 15 | LT | 12 |
| BG | 15 | LU | 12 |
| CZ | 15 | HU | 15 |
| DK | 12 | MT | 12 |
| DE | 106 | NL | 20 |
| EE | 12 | AT | 15 |
| IE | 12 | PL | 51 |
| EL | 15 | PT | 15 |
| ES | 55 | RO | 22 |
| FR | 78 | SI | 12 |
| HR | 12 | SK | 12 |
| IT | 75 | FI | 12 |
| CY | 12 | SE | 15 |
| LV | 12 | UK(NI) (1) | 12 |

HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683

(1) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. Windsor Framework) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Til viðbótar við 1. lið skal hvert aðildarríki taka og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í C- og D-hluta I. viðauka eftirfarandi:

| 2026 | 2027 | 2028 |
|---|---|---|
| Fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum | Tíu sýni úr barnamat með korn sem uppistöðu | Tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn, öðrum en ungbarnablöndum, stoðblöndum og unnum barnamat með korn sem uppistöðu |

3. Sýni úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap skulu tekin, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vara í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki og greind með tilliti til varnarefna sem eru skráð í C- og D-hluta I. viðauka.

4. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skulu aðildarríki meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/127, 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/128 og 7. gr. tilskipunar 2006/125/EB, séu uppfyllt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005. Við greiningu sýna úr vörum sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda skal taka tillit til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipun 2006/125/EB og framseldu reglugerðunum (ESB) 2016/127 og (ESB) 2016/128. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld.

B-HLUTI

**Kröfur varðandi greiningu**

1. Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við 1. lið A-hluta. Ef eigindlegar aðferðir til skimunar eru notaðar skal greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

   Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

2. Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríki sent sýni sem skal taka og greina í samræmi við 1. lið A-hluta til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

3. Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([1]).

_____

([1]) Skjal SANTE/11312/2021 v2.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/373** **2026/EES/53/29**

**frá 20. febrúar 2026**

**um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 11 og 13 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1) (HPT) fyrir vöruflokka 2, 11 og 13.

2) HPT hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 2 (sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar), vöruflokki 11 (varnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi) og vöruflokki 13 (varnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu), eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvara vöruflokki 2 (sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr), vöruflokki 11 (rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi) og vöruflokki 13 (rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir við vinnslu eða skurð) eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald Austurríkis lagði matsskýrslu ásamt niðurstöðum sínum fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) 29. september 2016. Að lokinni framlagningu matsskýrslunnar fóru fram umræður á tæknifundum skipulögðum af Efnastofnuninni.

4) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar að því er varðar umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, með hliðsjón af 1. og 4. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 29. júní 2017 fyrir hvern vöruflokk sem er metinn (hér á eftir nefnd álitin frá 29. júní 2017 ([4]) ([5]) ([6])) með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/373, 23.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/528/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1 ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2014/1062/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1998/8/oj).

([4]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 2 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 2), ECHA/BPC/161/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([5]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 12 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 11), ECHA/BPC/337/2022, samþykkt 29. júní 2017.

([6]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 13), ECHA/BPC/164/2017, samþykkt 29. júní 2017.

5) Samkvæmt álitunum frá 29. júní 2017 er HPT flokkað sem krabbameinsvaldandi efni í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]) og uppfyllir því viðmiðunina fyrir útilokun sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Samkvæmt álitunum frá 29. júní 2017 uppfyllti HPT ekki viðmiðanir um flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á ælxun í 2. undirflokki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og taldist því ekki hafa innkirtlatruflandi eiginleika í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 meðan þess var beðið að framseldar gerðir, þar sem vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika eru tilgreindar, væru samþykktar.

7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 ([8]) um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 öðlaðist gildi 7. desember 2017 og kom til framkvæmda 7. júní 2018.

8) Meðan beðið er eftir beitingu nýju vísindalegu viðmiðananna sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100 og til að veita skýrleika að því er varðar hættulega eiginleika og áhættur sem stafa af notkun HPT fór framkvæmdastjórnin fram á það við Efnastofnunina ([9]) 26. apríl 2018, skv. g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að hún endurskoðaði álit sín frá 29. júní 2017 og skýrði nánar hvort HPT hafi einnig innkirtlatruflandi eiginleika á grundvelli vísindalegu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.

9) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti endurskoðuðu álit sín 8. júní 2022 (hér á eftir nefnd álitin frá 8. júní 2022) ([10]) ([11]) ([12]). Samkvæmt álitunum frá 8. júní 2022 var á grundvelli fyrirliggjandi gagna ekki hægt að komast að niðurstöðu um hvort HPT hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif á menn og umhverfið (lífverur utan markhóps) á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100. Með tilliti til þekktra alvarlegra hættulegra eiginleika þessa efnis, sem uppfyllir þegar viðmiðun fyrir útilokun sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og á grundvelli vísindalegra ástæðna óskaði Efnastofnunin hins vegar ekki eftir frekari gögnum.

10) Hinn 18. júlí 2023 fór framkvæmdastjórnin fram á það við Efnastofnunina, skv. g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ([13]), að hún endurskoði álit sín varðandi vöruflokk 13 þar eð verkun dæmigerðu sæfivörunnar hafði ekki verið metin með fullnægjandi hætti samkvæmt gildandi leiðbeiningarskjali um verkun ([14]) og þetta var ekki nægilega vel greint af lögbæra matsyfirvaldinu við matið né af Efnastofnuninni í jafningjarýninni. Það hefði átt að vera óskað eftir gögnum úr 2. þrepi sem sýna raunveruleg skilyrði og þau metin. Sæfivörunefndin samþykkti endurskoðað álit Efnastofnunarinnar fyrir vöruflokk 13 hinn 29. maí 2024 ([15]).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 frá 4. september 2017 um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 301, 17.11.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/2100/oj).

([9]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) – „Evaluation of the Endocrine disrupting properties of certain biocidal actives substances according to the new scientific criteria“.

([10]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 2 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 13), ECHA/BPC/330/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([11]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 11 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 13), ECHA/BPC/332/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([12]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product-type: 13), ECHA/BPC/333/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([13]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) - „Examination of efficacy tier 2 data on specific active substances acting as preservatives (product-types 6-13)“.

([14]) Tæknilegar leiðbeiningar til stuðnings VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna: „Common principles and practical procedures for the authorization and registration of products“, stutt yfirskrift: „TNsG on Product Evaluation“, febrúar 2008.

([15]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu: formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance: Formaldehyde released from the reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1); Product type: 13), ECHA/BPC/427/2024, samþykkt 29. maí 2024.

11) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að samþykkja virk efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir útilokun ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. og a.m.k. eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

12) Frá 5. september til 4. nóvember 2017 hafði framkvæmdastjórnin með aðstoð Efnastofnunarinnar samráð við almenning til að taka þátt í söfnun upplýsinga um það hvort skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 væru uppfyllt.

13) Samkvæmt g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 fór framkvæmdastjórnin 17. febrúar 2023 fram á það við Efnastofnunina ([16]) að hún legði fram álit um tiltækileika og hentugleika staðgöngukosta fyrir HPT að því er varðar tengda vöruflokka. Sæfivörunefndin samþykkti tengt álit Efnastofnunarinnar 23. nóvember 2023 (hér á eftir nefnt álitið frá 23. nóvember 2023) ([17]). Í því áliti breytti Efnastofnun heiti HPT í formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1) (RP 1:1).

14) Álitið frá 23. nóvember 2023 og framlag til samráðsins við almenning voru rædd við fulltrúa aðildarríkja í fastanefndinni um sæfivörur. Einnig var óskað eftir því að fulltrúar aðildarríkja tilgreini hvort aðildarríki þeirra telji að minnst eitt þeirra skilyrða sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 yrði uppfyllt og að þau leggi fram rökstuðning fyrir þeirri afstöðu.

15) Greining á öllum gögnum sem aflað var úr umsóknargögnunum, samráði við almenning ásamt sjónarmiðum aðildarríkjanna benda til þess að RP 1:1 sé sem stendur nauðsynlegt í öllum aðildarríkjum fyrir tiltekna notkun.

16) RP 1:1 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur i vöruflokki 2 fyrir notkun í iðnaði og í atvinnuskyni sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 1:1 til slíkrar notkunar: virkur klór sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, virkur klór sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti, virkur klór sem er leystur úr klór, virkur klór sem er leystur úr undirklórsýru, virkur klór sem er leystur úr natríumhýpóklóríti, amín, N-C10-16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klóróediksýru (amfólýt), bífenýl-2-ól, kalsíumdíhýdroxíð/kalsíumhýdroxíð/brennt kalk/vatnað kalk/leskjað kalk, kalsíummagnesíumoxíð/kalk úr dólómíti, kalsíummagnesíumtetrahýdroxíð/kalsíummagnesíumhýdroxíð/vatnað kalk úr dólómíti, kalsíumoxíð/kalk/brennt kalk/óleskjað kalk, klórókresól, sítrónusýra, fimmvatnað kúprísúlfat, dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC), formaldehýð, glútaraldehýð, saltsýra, vetnisperoxíð, L-(+)-mjólkursýra, blanda með 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (blanda með CMIT/MIT), nónansýra, óson sem er búið til úr súrefni, perediksýra, perediksýra sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkabónati, própan-1-ól, própan-2-ól, hvarfmassi perediksýru og peroxýoktansýru, edik, 5-klóró-2-(4-klórfenoxý)fenól (DCPP), formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2) (RP 3:2). Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert þessara virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 1:1 fyrir rannsakaða notkun vegna skorts á verkun eða vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 1:1 í sæfivörur í vöruflokki 2. Sótthreinsun á málmvinnslukerfum er nauðsynleg til að þessi kerfi virki sem skyldi vegna hugsanlegra skemmda á búnaði (ílát, rör, síur) og mengunar málmvinnsluvökva sem fylgir í kjölfarið. Starfsfólk í málmvinnslu er einnig í meiri áhættu vegna hugsanlegrar mengunar af völdum sýkla í vökva og búnaði til endanlegrar notkunar.

([16]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g. lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) – „Evaluation of the availability and suitability of alternatives to RP 1:1 (PT 2, 6, 11, 13) and RP 3:2 (PT 2, 6, 11, 12, 13)“.

([17]) Sæfivörunefndin, Álit á beiðni skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. um mat á tiltækileika og hentugleika staðgöngukosta fyrir formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1) og (hlutfall 3:2), stutt yfirskrift: RP 1:1 og RP 3:2 fyrir vöruflokka 2, 6, 11, 12 (eingöngu RP 3:2) og 13 (Opinion on a request according to Article 75(1)(g) on the evaluation of the availability and suitability of alternatives to Formaldehyde released from the reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1) and (ratio 3:2), short: RP 1:1 and RP 3:2 for PT 2, 6, 11, 12 (only RP 3:2) and 13), ECHA/BPC/405/2023, samþykkt 23. nóvember 2023.

17) RP 1:1 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum og sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 1:1 til slíkrar notkunar: 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (MIT), 1,2-bensísóþíasólín-3-ón (BIT), 2,2',2''-(hexahýdró-1,3,5-tríasín-1,3,5-tríýl)tríetanól (HHT), 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA), glútaraldehýð, blanda með CMIT/MIT, perediksýra, pólýhexametýlenbígúaníðhýdróklóríð með meðalsameindaþyngd (Mn) sem nemur 1600 og meðalfjöldreifni (PDI) sem nemur 1,8 (PHMB), óson sem er búið til úr súrefni, tetrakis(hýdroxýmetýl)fosfóníumsúlfat (2:1) (THPS), tetrahýdró-1,3,4,6-tetrakis(hýdroxýmetýl)imídasó[4,5-d]imídasól-2,5(1H,3H)-díón (TMAD) og RP 3:2. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 1:1 fyrir rannsakaða notkun vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 1:1 í sæfivörur í vöruflokki 11. Vegna hugsanlegrar tæringar og ásætna þarf að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi í lokuðum kerfum til að þau virki sem skyldi og til að koma í veg fyrir umhverfismengun, t.d. ef leiðslur rofna vegna tæringar.

18) RP 1:1 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 1:1 til slíkrar notkunar: 3-joðó-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC), BIT, bífenýl-2-ól, klórókresól, DBNPA, díamín, HHT, MBIT, MIT, blanda með CMIT/MIT, fenoxýetanól, TMAD og RP 3:2. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 1:1 fyrir rannsakaða notkun vegna skorts á verkun eða vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 1:1 í sæfivörur í vöruflokki 13. Vegna hugsanlegra skemmda er nauðsynlegt að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð til að þessi kerfi virki sem skyldi og að eftirnotendur geti nálgast vörurnar. Án viðeigandi rotvarnar er starfsfólk í málmvinnslu einnig í meiri áhættu vegna hugsanlegrar mengunar af völdum sýkla í vökva til endanlegrar notkunar.

19) Því sýnir greiningin á þeim upplýsingum sem safnað var að það að samþykkja ekki RP 1:1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 11 og 13 hefði óhófleg neikvæð áhrif á samfélagið samanborið við áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið sem hlýst af notkun efnisins sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi (sæfivörur í vöruflokki 2), til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum (sæfivörur í vöruflokki 11) og til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð (sæfivörur í vöruflokki 13). Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt varðandi þá notkun.

20) Efnastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé fyrir hendi nein óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og umhverfið vegna notkunar á sæfivörum sem innihalda RP 1:1 í vöruflokkum 2, 11 og 13 þegar litið er framhjá því að niðurstöður vantar um hvort RP 1:1 hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem gætu haft skaðleg áhrif á menn og umhverfið (lífverur utan markhóps) á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100 og þegar ráðstöfunum til að draga úr áhættu er beitt til að takmarka váhrif á menn, dýr og umhverfið af völdum RP 1:1 eins og framast er unnt. Vegna upplýsinganna sem vantar hefur Efnastofnunin þó ekki komist að niðurstöðu um áhættustig fyrir heilbrigði manna og umhverfið við notkun á RP 1:1 að teknu tilliti til innkirtlatruflandi eiginleika þess.

21) Á grundvelli fyrirliggjandi gagna í umsóknunum hefur þess vegna ekki verið sýnt endanlega fram á, að gera megi ráð fyrir að dæmigerðar sæfivörur sem innihalda RP 1:1 fyrir vöruflokka 2, 11 og 13 hafi sjálfar eða leifar þeirra ekki óviðunandi áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og að búast megi við að þær uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

22) Hins vegar ætti að taka þáttinn sem settur er fram í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með í reikninginn þegar skilyrðin fyrir samþykki, sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, eru tekin til athugunar. Í samræmi við 5. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og þrátt fyrir 1. og 4. mgr. þeirrar greinar má veita leyfi fyrir sæfivöru þótt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. þeirrar greinar, sé ekki fullnægt að fullu, svo fremi að ákvörðun um að samþykkja ekki sæfivöruna myndi valda óhóflegum neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið sem hlytist af notkun sæfivörunnar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu, sem eru svipuð og skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Þar eð skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar er uppfyllt varðandi tiltekna notkun RP 1:1 fyrir hvern vöruflokk sem er metinn telst skilyrðið sem sett er fram í 5. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar einnig uppfyllt fyrir sömu notkun. Af þessum sökum teljast skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, í tengslum við skilyrðin sem sett eru fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, uppfyllt.

23) Því er rétt að samþykkja RP 1:1 til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 11 og 13 með fyrirvara um samræmi við tiltekin skilyrði.

24) Þar eð RP 1:1 uppfyllir viðmiðunina um útilokun sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti samþykkið ekki að gilda lengur en í fimm ár eins og sett er fram í öðrum málslið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

25) Samkvæmt 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti mat á sæfivörum að innihalda mat á því hvort skilyrðið í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar sé uppfyllt á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Kveða ætti á um að aðeins megi veita leyfi fyrir sæfivörum í vöruflokki 2, 11 og 13 sem innihalda RP 1:1 til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt.

26) Enn fremur ætti, skv. d- og g-lið 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 528/2012, setning vara sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1 af ásetningi að vera háð takmörkunum og skilyrðum til að tryggja hátt öryggisstig fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra og umhverfið og til að tryggja jafna meðferð meðhöndlaðra vara sem eru framleiddar í Sambandinu og innfluttra meðhöndlaðra vara. Í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykkinu fyrir leyfi fyrir sæfivörum í vöruflokkum 2, 11 og 13 sem innihalda RP 1:1 eru einu meðhöndluðu vörurnar sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1 sem ætti að vera heimilt að setja á markað einkum þær vörur þar sem RP 1:1 hefur verið notað sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi, þar sem R 1:1 hefur verið notað til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi - eingöngu í lokuðum kerfum og vökva sem eru notaðir í málvinnslu eða -skurð.

27) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 11 og 13, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Völuflokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxý-própýlamíns<br>(hlutfall 1:1)<br>(RP 1:1) | IUPAC-heiti:<br>Myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýpróþýlamíns (hlutfall 1:1)<br>EB-nr.: á ekki við<br>CAS-númer: á ekki við | Líta verður á virka efnið sem efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu eða flókin mynd-efni eða efni af lífrænum uppruna (UVCB-efni). Því er lágmarkshreinleiki 1 000 g/kg (100% miðað við þyngd). | 1. júní 2027 | 31. maí 2032 | 2 | RP 1:1 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 1:1 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 1:1 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 1:1 að því marki sem mögulegt er,<br>e) eingöngu er heimilt að leyfa vörur til iðnaðanota eða í atvinnuskyni sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi,<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfis-hólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 1:1 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöruflokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br>a) eingöngu má setja meðhöndlaðar vörur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1, á markað ef RP 1:1 hefur verið notað sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 1:1, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 11 | RP 1:1 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 1:1 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 1:1 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 1:1 að því marki sem mögulegt er,<br>e) einungis má leyfa vörur til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum, sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöruflokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfishólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 1:1 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja meðhöndlaðar vörur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1, á markað ef RP 1:1 hefur verið notað til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 1:1, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 13 | RP 1:1 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 1:1 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Véruflokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 1:1 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 1:1 að því marki sem mögulegt er,<br>e) einungis má leyfa vörur til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla,<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfis-hólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 1:1 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 1:1, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja á markað vökva sem eru notaðir við málmvinnslu eða -skurð sem hafa verið meðhöndlaðir með eða innihalda RP 1:1,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 1:1, á markað sér til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem boðin er fram á markaði má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/385** **2026/EES/53/30**

**frá 20. febrúar 2026**

**um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), (MBO) fyrir vöruflokka 2, 6, 11, 12 og 13.

2) MBO hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 2 (sótthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar), vöruflokki 6 (rotvarnarefni fyrir vörur í ílátum), vöruflokki 11 (varnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi), vöruflokki 12 (slímvarnarefni) og vöruflokki 13 (varnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu), eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvara vöruflokki 2 (sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr), vöruflokki 6 (rotvarnarefni fyrir vörur meðan á geymslu stendur), vöruflokki 11 (rotvarnarefni fyrir vökvakæli- og vinnslukerfi), vöruflokki 12 (slímvarnarefni) og vöruflokki 13 (rotvarnarefni fyrir vökva sem eru notaðir við vinnslu eða skurð) eins og flokkunum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Austurríki var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald Austurríkis lagði matsskýrslu ásamt niðurstöðum sínum fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) 29. september 2016. Að lokinni framlagningu matsskýrslunnar fóru fram umræður á tæknifundum skipulögðum af Efnastofnuninni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/385, 23.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/528/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1 ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2014/1062/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1998/8/oj).

4) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar að því er varðar umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, með hliðsjón af 1. og 4. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 29. júní 2017 fyrir hvern vöruflokk sem er metinn (hér á eftir nefnd álitin frá 29. júní 2017 ([4]) ([5]) ([6]) ([7]) ([8])) með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt álitunum frá 29. júní 2017 er MBO flokkað sem krabbameinsvaldandi efni í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([9]) og uppfyllir því viðmiðunina fyrir útilokun sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Samkvæmt álitunum frá 29. júní 2017 uppfyllti MBO ekki viðmiðanir um flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og taldist því ekki hafa innkirtlatruflandi eiginleika í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 meðan þess var beðið að framseldar gerðir, þar sem vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika eru tilgreindar, væru samþykktar.

7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 ([10]) um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 öðlaðist gildi 7. desember 2017 og kom til framkvæmda 7. júní 2018.

8) Meðan beðið er eftir beitingu nýju vísindalegu viðmiðananna sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100 og til að veita skýrleika að því er varðar hættulega eiginleika og áhættur sem stafa af notkun MBO fór framkvæmdastjórnin fram á það við Efnastofnunina ([11]) 26. apríl 2018, skv. g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að hún endurskoðaði álit sín frá 29. júní 2017 og skýrði nánar hvort MBO hafi einnig innkirtlatruflandi eiginleika á grundvelli vísindalegu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð.

9) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti endurskoðuðu álit sín 8. júní 2022 (hér á eftir nefnd álitin frá 8. júní 2022) ([12]) ([13]) ([14]) ([15]) ([16]). Samkvæmt álitunum frá 8. júní 2022 var á grundvelli fyrirliggjandi gagna ekki hægt að komast að niðurstöðu um hvort MBO hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif á menn og umhverfið (lífverur utan markhóps) á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100. Með tilliti til þekktra alvarlegra hættulegra eiginleika þessa efnis, sem uppfyllir þegar viðmiðun fyrir útilokun sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, og á grundvelli vísindalegra ástæðna óskaði Efnastofnunin hins vegar ekki eftir frekari gögnum.

---

([4]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 2 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 2), ECHA/BPC/156/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([5]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 6 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 6), ECHA/BPC/157/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([6]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 11 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 11), ECHA/BPC/158/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([7]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 12 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 12), ECHA/BPC/159/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([8]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 13), ECHA/BPC/160/2017, samþykkt 29. júní 2017.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2100 frá 4. september 2017 um vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 301, 17.11.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2017/2100/oj).

([11]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) – „Evaluation of the Endocrine disrupting properties of certain biocidal actives substances according to the new scientific criteria“.

([12]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 2 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 2), ECHA/BPC/334/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([13]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 6 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 6), ECHA/BPC/335/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([14]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 11 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 11), ECHA/BPC/336/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([15]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 12 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 12), ECHA/BPC/337/2022, samþykkt 8. júní 2022.

([16]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance Reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product-type: 13), ECHA/BPC/338/2022, samþykkt 8. júní 2022.

10) Hinn 18. júlí 2023 fór framkvæmdastjórnin fram á það við Efnastofnunina, skv. g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ([17]), að hún endurskoði álit sín varðandi vöruflokka 6 og 13 þar eð verkun dæmigerðu sæfivörunnar hafði ekki verið metin með fullnægjandi hætti samkvæmt gildandi leiðbeiningarskjali um verkun ([18]) og þetta var ekki nægilega vel greint af lögbæra matsyfirvaldinu við matið né af Efnastofnuninni í jafningjarýninni. Það hefði átt að vera óskað eftir gögnum úr 2. þrepi sem sýna raunveruleg skilyrði og þau metin. Sæfivörunefndin samþykkti endurskoðuð álit Efnastofnunarinnar fyrir vöruflokka 6 og 13 hinn 29. maí 2024 ([19]) ([20]).

11) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er einungis hægt að samþykkja virk efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir útilokun ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. og a.m.k. eitt af skilyrðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

12) Frá 5. september til 4. nóvember 2017 hafði framkvæmdastjórnin með aðstoð Efnastofnunarinnar samráð við almenning til að taka þátt í söfnun upplýsinga um það hvort skilyrðin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 væru uppfyllt.

13) Samkvæmt g-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, fór framkvæmdastjórnin 17. febrúar 2023 fram á það við Efnastofnunina ([21]) að hún legði fram álit um tiltækileika og hentugleika staðgöngukosta fyrir MBO að því er varðar tengda vöruflokka. Sæfivörunefndin samþykkti tengt álit Efnastofnunarinnar 23. nóvember 2023 (hér á eftir nefnt álitið frá 23. nóvember 2023) ([22]). Í því áliti breytti Efnastofnun heiti MBO í formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2) (RP 3:2).

14) Álitið frá 23. nóvember 2023 og framlag til samráðsins við almenning voru rædd við fulltrúa aðildarríkja í fastanefndinni um sæfivörur. Einnig var óskað eftir því að fulltrúar aðildarríkja tilgreini hvort aðildarríki þeirra telji að minnst eitt þeirra skilyrða sem sett eru fram í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 yrði uppfyllt og að þau leggi fram rökstuðning fyrir þeirri afstöðu.

15) Greining á öllum gögnum sem aflað var úr umsóknargögnunum, samráði við almenning ásamt sjónarmiðum aðildarríkjanna benda til þess að RP 3:2 sé sem stendur nauðsynlegt í öllum aðildarríkjum fyrir tiltekna notkun.

16) RP 3:2 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur i vöruflokki 2 fyrir notkun í iðnaði og í atvinnuskyni sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 3:2 til slíkrar notkunar: virkur klór sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, virkur klór sem er leystur úr kalsíumhýpóklóríti, virkur klór sem er leystur úr klór, virkur klór sem er leystur úr undirklórsýru, virkur klór sem er leystur úr natríumhýpóklóríti, amín, N-C10-16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klóróediksýru (amfólýt), bífenýl-2-ól, kalsíumdíhýdroxíð/kalsíumhýdroxíð/brennt kalk/vatnað kalk/leskjað kalk, kalsíummagnesíumoxíð/kalk úr dólómíti, kalsíummagnesíumtetrahýdroxíð/kalsíummagnesíumhýdroxíð/vatnað kalk úr dólómíti, kalsíumoxíð/kalk/brennt kalk/óleskjað kalk, klórókresól, sítrónusýra, fimmvatnað kúprísúlfat, dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC), formaldehýð,

([17]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) - „Examination of efficacy tier 2 data on specific active substances acting as preservatives (product-types 6-13)".

([18]) Tæknilegar leiðbeiningar til stuðnings VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna: „Common principles and practical procedures for the authorization and registration of products", stutt yfirskrift: „TNsG on Product Evaluation", febrúar 2008.

([19]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu: formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 6 (Opinion on the application for approval of the active substance: Formaldehyde released from the reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product type: 6), ECHA/BPC/428/2024, samþykkt 29. maí 2024.

([20]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu: formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2), vöruflokkur 13 (Opinion on the application for approval of the active substance: Formaldehyde released from the reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 3:2); Product type: 13), ECHA/BPC/429/2024, samþykkt 29. maí 2024.

([21]) Umboð til að óska eftir álitum Efnastofnunarinnar skv. g. lið 1. mgr. 75. gr. Sæfivörureglugerðarinnar (BPR) – „Evaluation of the availability and suitability of alternatives to RP 1:1 (PT 2, 6, 11, 13) and RP 3:2 (PT 2, 6, 11, 12, 13)".

([22]) Sæfivörunefndin, Álit á beiðni skv. g-lið 1. mgr. 75. gr. um mat á tiltækileika og hentugleika staðgöngukosta fyrir formaldehýð, sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 1:1) og (hlutfall 3:2), stutt yfirskrift: RP 1:1 og RP 3:2 fyrir vöruflokka 2, 6, 11, 12 (eingöngu RP 3:2) og 13 (Opinion on a request according to Article 75(1)(g) on the evaluation of the availability and suitability of alternatives to Formaldehyde released from the reaction products of paraformaldehyde and 2-hydroxypropylamine (ratio 1:1) and (ratio 3:2), short: RP 1:1 and RP 3:2 for PT 2, 6, 11, 12 (only RP 3:2) and 13), ECHA/BPC/405/2023, samþykkt 23. nóvember 2023.

glútaraldehýð, saltsýra, vetnisperoxíð, L-(+)-mjólkursýra, blanda með 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (blanda með CMIT/MIT), nónansýra, óson sem er búið til úr súrefni, perediksýra, perediksýra sem er búin til úr tetraasetýletýlendíamíni og natríumperkarbónati, própan-1-ól, própan-2-ól, hvarfmassi perediksýru og peroxýoktansýru, edik, 5-klóró-2-(4-klórfenoxý)fenól (DCPP) og formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýpropýlamíns (hlutfall 1:1) (RP 1:1). Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert þessara virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 3:2 fyrir rannsakaða notkun vegna skorts á verkun eða vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 3:2 í sæfivörur í vöruflokki 2. Sótthreinsun á málmvinnslukerfum er nauðsynleg til að þessi kerfi virki sem skyldi vegna hugsanlegra skemmda á búnaði (ílát, rör, síur) og mengunar málmvinnsluvökva sem fylgir í kjölfarið. Starfsfólk í málmvinnslu er einnig í meiri áhættu vegna hugsanlegrar mengunar af völdum sýkla í vökva og búnaði til endanlegrar notkunar.

17) RP 3:2 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 til að rotverja eldsneyti sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 3:2 til slíkrar notkunar: 1,2-bensísóþíasólín-3-ón (BIT), 2-brómó-2-(brómómetýl)pentandínítríl (DBDCB), 2,2-díbrómó-2-sýanóasetamíð (DBNPA), 2,2',2''-(hexahýdró-1,3,5-tríasín-1,3,5-tríýl)tríetanól (HHT), 3-joðó-2-própýnýl-bútýlkarbamat (IPBC), 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (CIT), bífenýl-2-ól, klórókresól, glútaraldehýð, vetnisperoxíð, L-(+)-mjólkursýra, MBIT, blanda með CMIT/MIT, N-(tríklórómetýlþíó)þalimíð (fólpet), perediksýra, natríumbensóat, tetrahýdró-1,3,4,6-tetrakis(hýdroxýmetýl)imídasó[4,5-d]imídasól-2,5(1H,3H)-díón (TMAD) og RP 1:1. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 3:2 fyrir rannsakaða notkun vegna skorts á verkun eða vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 3:2 í sæfivörur í vöruflokki 6. Samanborið við RP 1:1 er RP 3:2 talið hentugra virkt efni fyrir þá tilteknu notkun þar eð eldsneyti er rotvarið með eins litlu vatnsinnihaldi og hægt er og því myndi notkun RP 1:1 til að rotverja eldsneyti hafa þveröfug áhrif. Nauðsynlegt er að rotverja eldsneyti til að vélar virki sem skyldi, t.d. í lestum, vörubifreiðum, langferðabifreiðum, sjóflutningum og fyrir öryggi í starfsstöðvum, t.d. rafstöðvum í mikilvægum mannvirkjum á borð við sjúkrahús og kjarnorkuver.

18) RP 3:2 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 11 til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum og sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 3:2 til slíkrar notkunar: 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (MIT), BIT, DBNPA, glútaraldehýð, HHT, blanda með CMIT/MIT, perediksýra, pólýhexametýlenbígúaníðhýdróklóríð með meðalsameinda-þyngd (Mn) sem nemur 1600 og meðalfjöldreifni (PDI) sem nemur 1,8 (PHMB), óson sem er búið til úr súrefni, tetrakis(hýdroxýmetýl)fosfóníumsúlfat (2:1) (THPS), TMAD og RP 1:1. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 3:2 fyrir rannsakaða notkun vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 3:2 í sæfivörur í vöruflokki 11. Vegna hugsanlegrar tæringar og ásætna þarf að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi í lokuðum kerfum til að þau virki sem skyldi og til að koma í veg fyrir umhverfismengun, t.d. ef leiðslur rofna vegna tæringar.

19) RP: 3:2 var metið vegna notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 til að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðarstöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 3:2 til slíkrar notkunar: DBNPA, glútaraldehýð, HHT, MIT, blanda með CMIT/MIT, perediksýra, THPS og TMAD. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 3:2 fyrir rannsakaða notkun vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 3:2 í sæfivörur í vöruflokki 12. Vegna hugsanlegra skemmda er nauðsynlegt að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðarstöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju til að þessi kerfi virki sem skyldi og þar af leiðandi vegna öryggis starfsmanna í þessum stöðvum.

20) RP 3:2 var metið með tilliti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla. Nokkur virk efni voru rannsökuð sem hugsanlegir staðgöngukostir fyrir RP 3:2 til slíkrar notkunar: BIT, bífenýl-2-ól, klórókresól, DBNPA, díamín, HHT, MBIT, MIT, IPBC, blanda með CMIT/MIT, fenoxýetanól, TMAD og RP 1:1. Samkvæmt greiningu á upplýsingunum sem safnað var gæti hins vegar ekkert fyrrgreindra virku efna orðið hentugur staðgöngukostur fyrir RP 3:2 fyrir rannsakaða notkun vegna skorts á verkun eða vegna vandamála varðandi tæknilegt samhæfi eða hættu. Engir staðgöngukostir án notkunar íðefna fundust fyrir rannsakaða notkun á RP 3:2 í sæfivörur í vöruflokki 13. Vegna hugsanlegra skemmda er nauðsynlegt að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð til að þessi kerfi virki sem skyldi og að eftirnotendur geti nálgast vörurnar. Án viðeigandi rotvarnar er starfsfólk í málmvinnslu einnig í meiri áhættu vegna hugsanlegrar mengunar af völdum sýkla í vökva til endanlegrar notkunar.

21) Því sýnir greiningin á þeim upplýsingum sem safnað var að það að samþykkja ekki RP 3:2 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13 hefði óhófleg neikvæð áhrif á samfélagið samanborið við áhættu fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið sem hlýst af notkun efnisins sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi (sæfivörur í vöruflokki 2), til að rotverja eldsneyti (sæfivörur í vöruflokki 6), til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum (sæfivörur í vöruflokki 11), til að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðarstöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju (sæfivörur í vöruflokki 12) og til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð (sæfivörur í vöruflokki 13). Þess vegna er skilyrðið, sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, uppfyllt varðandi þá notkun.

22) Efnastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé fyrir hendi nein óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og umhverfið vegna notkunar á sæfivörum sem innihalda RP 3:2 í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13 þegar litið er framhjá því að niðurstöður vantar um hvort RP 3:2 hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem gætu haft skaðleg áhrif á menn og umhverfið (lífverur utan markhóps), á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/2100, og þegar ráðstöfunum til að draga úr áhættu er beitt til að takmarka váhrif á menn, dýr og umhverfið af völdum RP 3:2 eins og framast er unnt. Þar eð Efnastofnunin komst ekki að niðurstöðu um hvort RP 3:2 hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif á menn og umhverfið (lífverur utan markhóps) var þó ekki hægt að komast að niðurstöðu um hvort áhætturnar, sem varða heilbrigði manna og umhverfið í tengslum við notkun á dæmigerðum sæfivörum sem innihalda RP 3:2, væru viðunandi.

23) Á grundvelli fyrirliggjandi gagna í umsóknunum hefur þess vegna ekki verið sýnt endanlega fram á að gera megi ráð fyrir að dæmigerðar sæfivörur sem innihalda RP 3:2 fyrir vöruflokka 2, 6, 11, 12 og 13 hafi sjálfar, eða leifar þeirra, ekki óviðunandi áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og að búast megi við að þær uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

24) Hins vegar ætti að taka þáttinn sem settur er fram í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með í reikninginn þegar skilyrðin fyrir samþykki, sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, eru tekin til athugunar. Í samræmi við 5. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og þrátt fyrir 1. og 4. mgr. þeirrar greinar má veita leyfi fyrir sæfivöru þótt skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. þeirrar greinar, sé ekki fullnægt að fullu, svo fremi að ákvörðun um að samþykkja ekki sæfivöruna myndi valda óhóflegum neikvæðum samfélagsáhrifum í samanburði við þá áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið sem hlytist af notkun sæfivörunnar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í leyfinu, sem eru svipuð og skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Þar eð skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar er uppfyllt varðandi tiltekna notkun RP 3:2 fyrir hvern vöruflokk sem er metinn telst skilyrðið sem sett er fram í 5. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar einnig uppfyllt fyrir sömu notkun. Af þessum sökum teljast skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, í tengslum við skilyrðin sem sett eru fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, uppfyllt.

25) Því er rétt að samþykkja RP 3:2 til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13, með fyrirvara um samræmi við tiltekin skilyrði.

26) Þar eð RP 3:2 uppfyllir viðmiðunina um útilokun sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti samþykkið ekki að gilda lengur en í fimm ár eins og sett er fram í öðrum málslið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

27) Samkvæmt 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti mat á sæfivörum að innihalda mat á því hvort skilyrðið í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar sé uppfyllt á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Kveða ætti á um að aðeins megi veita leyfi fyrir sæfivörum í vöruflokki 2, 6, 11, 12 og 13 sem innihalda RP 3:2 til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt.

28) Enn fremur ætti, skv. d- og g-lið 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) 528/2012, setning vara sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2 af ásetningi að vera háð takmörkunum og skilyrðum til að tryggja hátt öryggisstig fyrir heilbrigði manna, heilbrigði dýra og umhverfið og til að tryggja jafna meðferð meðhöndlaðra vara sem eru framleiddar í Sambandinu og innfluttra meðhöndlaðra vara. Í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykkinu fyrir leyfi fyrir sæfivörum í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13 sem innihalda RP 3:2 eru einu meðhöndluðu vörurnar sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2 sem ætti að vera heimilt að setja á markað einkum þær vörur þar sem RP 3:2 hefur verið notað sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi, eldsneyti, þar sem RP 3:2 hefur verið notað til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi - eingöngu í lokuðum kerfum, þar sem RP 3:2 hefur verið notað til að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðarstöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju og vökva sem eru notaðir í málvinnslu eða -skurð.

29) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

30) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxýprópýlamíns (hlutfall 3:2) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 6, 11, 12 og 13, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Formaldehýð sem er leyst úr myndefnum paraformaldehýðs og 2-hýdroxý-própýlamíns (hlutfall 3:2)<br><br>(RP 3:2) | IUPAC-heiti:<br>Myndefni paraformaldehýðs og 2-hýdroxýpróþýlamíns (hlutfall 3:2)<br>EB-nr.: á ekki við<br>CAS-númer: á ekki við | Líta verður á virka efnið sem efni af óþekktri eða breytilegri samsetningu eða flókin myndefni eða efni af lífrænum uppruna (UVCB-efni). Því er lágmarkshreinleiki 1 000 g/kg (100% miðað við þyngd). | 1. júní 2027 | 31. maí 2032 | 2 | RP 3:2 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 3:2 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 3:2 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 3:2 að því marki sem mögulegt er,<br>e) eingöngu er heimilt að leyfa vörur til iðnaðanota eða í atvinnuskyni sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi,<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfishólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 3:2 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br>a) eingöngu má setja meðhöndlaðar vörur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, á markað ef RP 3:2 hefur verið notað sem hreinsiefni fyrir málmvinnslukerfi,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 3:2, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 6 | RP 3:2 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 3:2 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 3:2 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 3:2 að því marki sem mögulegt er,<br>e) einungis má leyfa vörur til að rotverja eldsneyti sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfis-hólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 3:2 viðeigandi notkunar-leiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja meðhöndlaðar vörur, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, á markað ef RP 3:2 hefur verið notað til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 3:2, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 11 | RP 3:2 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 3:2 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 3:2 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 3:2 að því marki sem mögulegt er,<br>e) einungis má leyfa vörur til að rotverja vökvakæli- og vinnslukerfi, eingöngu í lokuðum kerfum, sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla,<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfishólfinu,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 3:2 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja eldsneyti, sem hefur verið meðhöndlað með eða inniheldur RP 3:2, á markað ef RP 3:2 hefur verið notað sem rotvarnarefni fyrir eldsneyti,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu eldsneytis, sem hefur verið meðhöndlað með eða inniheldur RP 3:2, á markað sér til þess að á merkimiða eldsneytisins séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 12 | RP 3:2 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 3:2 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 3:2 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 3:2 að því marki sem mögulegt er,<br>e) eingöngu má leyfa vörur til að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðar-stöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla.<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. sjó,<br>g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 3:2 viðeigandi notkunar-leiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja meðhöndlaðar vörur, sem eru meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, á markað ef RP 3:2 var notað til að koma í veg fyrir eða verjast slímmyndun á efniviðum, búnaði og mannvirkjum í olíuiðnaðarstöðvum á hafi úti sem komast í snertingu við borleðju, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 3:2, á markað skal sjá til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |
| | | | | | 13 | RP 3:2 er efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Leyfi fyrir sæfivörum þar sem RP 3:2 er notað sem virkt efni er með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:<br><br>a) í mati á vörum er hugað sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í matinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins,<br>b) mat á vörum skv. 10. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 inniheldur mat á því hvort skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt,<br>c) aðeins má veita leyfi fyrir vörum til notkunar í aðildarríkjunum þegar skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er uppfyllt,<br>d) notkun sæfivara sem innihalda RP 3:2 skal háð viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að dregið sé úr váhrifum á menn og dýr og á umhverfið af völdum RP 3:2 að því marki sem mögulegt er,<br>e) einungis má leyfa vörur til að rotverja vökva sem eru notaðir í málmvinnslu eða -skurð sem notendur í iðnaði eða atvinnuskyni meðhöndla,<br>f) í mati á vörum er hugað sérstaklega að:<br>i. notendum í atvinnuskyni og iðnaði,<br>ii. skólphreinsistöðvum, yfirborðsvatni og landræna umhverfis-hólfinu, |

| Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Kenninúmer | Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki gildir til og með | Vöru-flokkur | Sérstök skilyrði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | g) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilgreina í samantekt á eiginleikum sæfivöru sem inniheldur RP 3:2 viðeigandi notkunarleiðbeiningar og varúðarráðstafanir sem eiga að koma fram á merkimiða meðhöndluðu varanna skv. e-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.<br><br>Setning meðhöndlaðra vara á markað, sem hafa verið meðhöndlaðar með eða innihalda RP 3:2, er háð eftirfarandi skilyrðum:<br><br>a) eingöngu má setja á markað vökva sem eru notaðir við málmvinnslu eða -skurð sem hafa verið meðhöndlaðir með eða innihalda RP 3:2,<br>b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndlaðrar vöru, sem hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur RP 3:2, á markað sér til þess að á merkimiða meðhöndluðu vörunnar séu upplýsingarnar sem eru tilgreindar í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. |

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem boðin er fram á markaði má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/351** **2026/EES/53/31**

**frá 18. febrúar 2026**

**um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu spínósaði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Spínósaði var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu spínósaði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2026.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu spínósaði var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Holland (Niðurland) og meðskýrslugjafaraðildarríkið Frakkland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 30. mars 2017. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir spínósaði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/351, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum metrafenóni, *Bacillus subtilis*, spínósaði og þíametoxami (Stjtíð ESB L 43, 15.2.2007, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2007/6/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að spínósað uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 4. apríl 2018.

9) Í niðurstöðum sínum lagði Matvælaöryggisstofnunarinnar til að spínósað væri flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]). Enn fremur komu í ljós skaðleg áhrif á mörg líffæri, þ.m.t. innkirtlalíffæri. Á þessum grundvelli komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðaviðmiðanirnar fyrir mat á innkirtlatruflandi eiginleikum að því er varðar heilbrigði manna í lið 3.6.5 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og sú reglugerð var á þeim tíma, gætu verið uppfylltar og skapað þannig verulegt áhyggjuefni.

10) Framkvæmdastjórnin lagði drög að endurnýjunarskýrslunni um spínósað fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 24. október 2018.

11) Þar eð áhættustjórnendur gátu ekki komist að niðurstöðu um hvort spínósað væri innkirtlatruflandi efni í samræmi við nýjar vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem eru settar fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, sem komið var á með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([8]), óskaði framkvæmdastjórnin eftir því 14. janúar 2019 að Matvælaöryggisstofnunin endurmæti fyrirliggjandi upplýsingar, færi fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum ef þörf er á og uppfærði niðurstöður sínar um hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika spínósaðs samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

12) Í júlí 2024 gerði skýrslugjafaraðildarríkið uppfærð drög að matsskýrslu um endurnýjun aðgengileg fyrir Matvælaöryggisstofnunina, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í uppfærðum drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun tók skýrslugjafaraðildarríkið, að beiðni Matvælaöryggisstofnunarinnar, viðbótarupplýsingarnar um viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika til athugunar og lagði til að samþykkið fyrir spínósaði yrði endurnýjað.

13) Matvælaöryggisstofnunin lagði uppfærðar niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórnina 12. desember 2024 ([9]) þar sem greint var frá því, að teknu tilliti til viðmiðananna fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, að búast megi við því að plöntuverndarvörur sem innihalda spínósað uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli vísindalegra gagna, að spínósað uppfylli ekki viðmiðanir fyrir innkirtlatruflanir.

14) Framkvæmdastjórnin lagði fram uppfærða endurnýjunarskýrslu 11. mars 2025 og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 9. júlí 2025.

15) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

([6]) „Conclusion on pesticides peer review of the pesticide risk assessment of the active substance spinosad“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16:e5252, aðgengilegt á netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5252).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([9]) „Updated conclusion on pesticides peer review of the pesticide risk assessment of the active substance spinosad“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025, 23:e9193, aðgengilegt á netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2025.9193).

16) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur spínósað, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir spínósaði.

17) Áhættumatið vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu spínósaði byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun en þetta takmarkar þó ekki þá notkun sem leyfa má á plöntuverndarvörum sem innihalda spínósað. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem skordýraeitur.

18) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar sem og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði.

19) Einkum er rétt að aðildarríkin gefi sérstakan gaum að mati á inntöku neytenda, að teknu tilliti til leifa umbrotsefna spínósaðs og með tilliti til áhrifa af geymslu og vinnslu, vernd notenda, einkum að því er varðar notkun búnaðar sem er borinn í hendi á lágvaxnar nytjaplöntur og vernd villtra spendýra, lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps.

20) Til að auka tiltrú á ákvörðuninni ætti umsækjandinn enn fremur að leggja eftirfarandi upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina: samanburðarefnaskiptarannsókn í glasi milli tegunda, heildarmat á taugaeiturhrifum á þroskun, þ.m.t. framlagning gagna úr prófunarlotu í glasi á taugaeiturhrifum á þroskun, eiturhrif og umfang leifa í efnivið úr plöntum og dýrum af spínósýni B og K, PsA og MET A-Li-4(5b) til að staðfesta skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat, áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, sem og upplýsingar er varða langvinn áhrif á býflugur (fullorðnar flugur og lirfur).

21) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

22) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/99 ([10]) var samþykkistímabilið fyrir spínósað framlengt til 31. október 2026 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykkið fyrir virka efninu spínósaði, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/99 frá 21. janúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Aureobasidium pullulans* (stofnar DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. plantarum D747, benalaxýl-M, sýpródiníl, díklórpróp-P, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, ímasamox, milbemektín, fenmedífam, pírimíkarb, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýrimetaníl, pýríófenón, pýroxsúlam, spínósað, brennistein, *Trichoderma harzianum Rifai* af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður T. *harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður T. *harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður T. *viride*) af stofni ICC080, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L, 2025/99, 22.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/99/oj)

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Spínósað<br>CAS-nr.: Spínósað: 168316-95-8<br>Spínósýn A: 131929-60-7<br>Spínósýn D: 131929-63-0<br>CIPAC-nr.: 636 | Spínósýn A: (50–95%) (2R,3aS,5aR,5bS,9S,13S,14R,16aS,16bR)-2-(6-deoxý-2,3,4-trí-O-metýl-α-L-mannópýranósýloxý)-13-(4-dímetýlamínó-2,3,4,6-tetradeoxý-β-D-erýtrópýranósýloxý)-9-etýl-2,3,3a,5a,5b,6,7,9,10,11,12,13,14,15,16a,16b-hexadekahýdró-14-metýl-1H-as-indasenó[3,2-d]oxasýklódódesín-7,15-díón<br>Spínósýn D: (50–5%) (2S,3aR,5aS,5bS,9S,13S,14R,16aS,16bS)-2-(6-deoxý-2,3,4-trí-O-metýl-α-L-mannópýranósýloxý)-13-(4-dímetýlamínó-2,3,4,6-tetradeoxý-β-D-erýtrópýranósýloxý)-9-etýl-2,3,3a,5a,5b,6,7,9,10,11,12,13,14,15,16a,16b-hexadekahýdró-4,14-dímetýl-1H-as-indasenó[3,2-d]oxasýklódódesín-7,15-díón | ≥ 850 g/kg<br>með 50–95% af spínósýni A og 5–50% af spínósýni D | 1. apríl 2026 | 1. apríl 2041 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni frá 11. desember 2025 um spínósað, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— mati á inntöku neytenda, að teknu tilliti til leifa umbrotsefna spínósaðs og með tilliti til áhrifa af geymslu og vinnslu,<br>— vernd notenda, einkum að því er varðar notkun búnaðar sem er borinn í hendi á lágvaxnar nytjaplöntur,<br>— vernd villtra spendýra, lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar:<br>1) samanburðarefnaskiptarannsókn í glasi milli tegunda,<br>2) heildarmat á taugaeiturhrifum á þroskun, þ.m.t. framlagning gagna úr prófunarlotu í glasi á taugaeiturhrifum á þroskun, |

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3) eiturhrif og umfang leifa í efnivið úr plöntum og dýrum af spínósýni B og K, PsA og MET A-Li-4(5b) til að staðfesta skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat,<br>4) áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni,<br>5) langvinn áhrif á býflugur (fullorðnar flugur og lirfur).<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 1., 3. og 4. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 11. mars 2028.<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 2. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina innan tveggja ára frá samþykkt leiðbeiningarskjals um mat á taugaeiturhrifum á þroskun. Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 5. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina innan tveggja ára frá samþykkt leiðbeiningarskjals með endurskoðuðum aðferðum fyrir áhættumat fyrir býflugur. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 139 um spínósað brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „177 | Spínósað<br>CAS-nr.:<br>Spínósað: 168316-95-8<br>Spínósýn A: 131929-60-7<br>Spínósýn D: 131929-63-0<br>CIPAC-nr.: 636 | Spínósýn A: (50–95%) (2R,3aS,5aR,5bS,9S,13S,14R,16aS,16bR)-2-(6-deoxý-2,3,4-trí-O-metýl-α-L-mannópýranósýloxý)-13-(4-dímetýlamínó-2,3,4,6-tetradeoxý-β-D-erýtrópýranósýloxý)-9-etýl-2,3,3a,5a,5b,6,7,9,10,11,12,13,14,15,16a,16b-hexadekahýdró-14-metýl-1H-as-indasenó[3,2-d]oxasýklódódesín-7,15-díón<br>Spínósýn D: (50–5%) (2S,3aR,5aS,5bS,9S,13S,14R,16aS,16bS)-2-(6-deoxý-2,3,4-trí-O-metýl-α-L-mannópýranósýloxý)-13-(4-dímetýlamínó-2,3,4,6-tetradeoxý-β-D-erýtrópýranósýloxý)-9-etýl-2,3,3a,5a,5b,6,7,9,10,11,12,13,14,15,16a,16b-hexadekahýdró-4,14-dímetýl-1H-as-indasenó[3,2-d]oxasýklódódesín-7,15-díón | ≥ 850 g/kg<br>með 50–95% af spínósýni A og 5–50% af spínósýni D | 1. apríl 2026 | 1. apríl 2041 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni frá 11. desember 2025 um spínósað, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— mati á inntöku neytenda, að teknu tilliti til leifa umbrotsefna spínósaðs og með tilliti til áhrifa af geymslu og vinnslu,<br>— vernd notenda, einkum að því er varðar notkun búnaðar sem er borinn í hendi á lágvaxnar nytjaplöntur,<br>— vernd villtra spendýra, lagarlífvera, býflugna og liðdýra utan markhóps.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar:<br>1) samanburðarefnaskiptarannsókn í glasi milli tegunda, |

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 2) heildarmat á taugaeiturhrifum á þroskun, þ.m.t. framlagning gagna úr prófunarlotu í glasi á taugaeiturhrifum á þroskun,<br>3) eiturhrif og umfang leifa í efnivið úr plöntum og dýrum af spínósýni B og K, PsA og MET A-Li-4(5b) til að staðfesta skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat,<br>4) áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni,<br>5) langvinn áhrif á býflugur (fullorðnar flugur og lirfur).<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 1., 3. og 4. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 11. mars 2028.<br>Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 2. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina innan tveggja ára frá samþykkt leiðbeiningarskjals um mat á taugaeiturhrifum á þroskun. Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar sem um getur í 5. lið fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina innan tveggja ára frá samþykkt leiðbeiningarskjals með endurskoðuðum aðferðum fyrir áhættumat fyrir býflugur.“ |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/355** **2026/EES/53/32**

**frá 18. febrúar 2026**

**um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýrimetaníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Pýrimetaníli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu pýrimetaníli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. júní 2026.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýrimetaníli var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Tékkland og meðskýrslugjafaraðildarríkið Austurríki í samræmi við 1. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 31. ágúst 2017. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir pýrimetaníli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/355, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli, pýrimetaníli og tríklópýri (Stjtíð ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/74/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Hinn 16. desember 2019 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjendunum um innkirtlatruflandi eiginleika pýrimetaníls samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Umsækjendurnir lögðu fram upplýsingar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lokið matinu á því hvort að vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([6]), voru uppfylltar.

9) Í september 2022 gerði skýrslugjafaraðildarríkið uppfærð drög að matsskýrslu um endurnýjun aðgengileg fyrir Matvælaöryggisstofnunina, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í þeirri skýrslu tók skýrslugjafaraðildarríkið viðbótarupplýsingarnar um viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika til athugunar og lagði til að samþykkið fyrir pýrimetaníli yrði endurnýjað.

10) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórnina 3. september 2024 ([7]) þar sem greint var frá því, að teknu tilliti til viðmiðananna fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, að búast megi við því að plöntuverndarvörur sem innihalda pýrimetaníl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

11) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 1. október 2025 og drög að þessari reglugerð 10. desember 2025.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra.

13) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið pýrimetaníl, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

14) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pýrimetaníli.

15) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði og takmarkanir.

16) Einkum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir sýanamíð, anilín og asetýlaseton, sem eru eiturefnafræðileg óhreinindi sem skipta máli sem geta verið fyrir hendi í tæknilega efninu, eins og það er framleitt, til að tryggja að virka efnið pýrimetaníl, sem er notað í plöntuverndarvörur, leiði ekki til skaðlegra áhrifa á heilbrigði manna.

17) Á grundvelli niðurstaðnanna úr áhættumatinu er einnig nauðsynlegt að gera þá kröfu að aðildarríki gefi sérstakan gaum að vernd notenda, vegfarenda, íbúa, lagarlífvera, býflugna og frjóbera við framkvæmd mats vegna leyfis fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda pýrimetaníl. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, mæla fyrir um notkun persónuhlífa til að minnka váhrif á notendur og aðrar ráðstafanir til að draga úr áhættu til að minnka váhrif á vegfarendur, íbúa, lagarlífverur, býflugur og frjóbera.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([7]) „Conclusion on pesticides peer review of the pesticide risk assessment of the active substance pyrimethanil“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024, 22:e8998, aðgengilegt á netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.8998).

18) Bráðabirgðaskilgreiningum á leifum að því er varðar áhættumat fyrir neytendur fyrir tilteknar vörur úr plöntu- eða dýraríkinu, sem og fyrir tilteknar unnar vörur, hefur verið komið á vegna eyðu í gögnum um eiturhrif umbrotsefna pýrimetaníls sem geta verið fyrir hendi í þessum vörum: umbrotsefni M605F004 og tilsvarandi afleiða og umbrotsefni M605F007. Umsækjendurnir ættu að leggja fram frekari upplýsingar um eiturhrif umbrotsefnisins M605F004, þ.m.t. tilsvarandi afleiður, og umbrotsefnisins M605F007 þannig að unnt sé að fastsetja endanlegar skilgreiningar á leifum í tengslum við viðkomandi vörur.

19) Til að auka tiltrú á þá niðurstöðu að umbrotsefnið U2 finnist ekki í jarðvegi í því magni sem krefst auðkenningar þess samkvæmt kröfum um gögn varðandi virk efni ([8]) og að því sé ekki þörf á síðara váhrifa- og áhættumati fyrir umbrotsefnið U2 í jarðvegi, yfirborðsvatni, seti og grunnvatni, ættu umsækjendurnir enn fremur að leggja fram upplýsingar til staðfestingar um niðurbrot pýrimetaníls í jarðvegi.

20) Í ljósi þess að ný vísinda- og tækniþekking um mat á hugsanlegum áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á leifar virkra efna eða umbrotsefna þeirra í vatni, sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni, var þróuð í matsferlinu, sem lá ekki fyrir þegar viðbótarmálsskjölin fyrir pýrimetaníl voru lögð fram, einkum leiðbeiningarskjal ([9]), ættu umsækjendur að lokum að leggja fram upplýsingar til staðfestingar á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á leifar pýrimetaníls eða umbrotsefna þess sem kunna að finnast í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni.

21) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pýrimetaníli að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

22) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/99 ([10]) var samþykkistímabilið fyrir pýrimetaníl framlengt til 30. júní 2026 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni**

Samþykkið fyrir virka efninu pýrimetaníli, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([8]) Sjá lið 7.1.1 í A-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi virk efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/283/oj).

([9]) Efnastofnun Evrópu og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Hofman-Caris, R., Dingemans, M., Reus, A., Shaikh, S. M., Muñoz Sierra, J., Karges, U., aus der Beek, T., Nogueiro, E., Lythgo, C., Parra Morte, J. M., Bastaki, M., Serafimova, R., Friel, A., Court Marques, D., Uphoff, A., Bielska, L., Putzu, C., Ruggeri, L., og Papadaki, P., „Guidance document on the impact of water treatment processes on residues of active substances or their metabolites in water abstracted for the production of drinking water“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8),1-108, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8194).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/99 frá 21. janúar 2025 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Aureobasidium pullulans* (stofnar DSM 14940 og DSM 14941), *Bacillus amyloliquefaciens* undirteg. plantarum D747, benalaxýl-M, sýpródiníl, díklórpróp-P, formetanat, fosetýl, halósúlfúrónmetýl, ímasamox, milbemektín, fenmedífam, pírimíkarb, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýrimetaníl, pýríófenón, pýroxsúlam, spínósað, brennistein, *Trichoderma harzianum Rifai* af stofnum T-22 og ITEM 908, *Trichoderma asperellum* (áður T. *harzianum*) af stofnum ICC012, T-25 og TV-1, *Trichoderma atroviride* (áður T. *harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður T. *viride*) af stofni ICC080, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L, 2025/99, 22.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/99/oj)

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

***Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda***

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Pýrimetaníl<br>CAS-nr.: 53112-28-0<br>CIPAC-nr.: 714 | N-(4,6-dímetýlpýrimidín-2-ýl)anilín | ≥ 975 g/kg<br>Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi gildi í tæknilega efninu:<br>— sýanamíð: 0,5 g/kg,<br>— anilín: 4 g/kg,<br>— asetýlaseton: 0,1 g/kg. | 1. maí 2026 | 30. apríl 2041 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um pýrimetaníl, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— vernd notenda og tryggja að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum,<br>— vernd vegfarenda og íbúa og að tryggja að ráðstöfunum til að draga úr reki sé beitt, ef nauðsyn krefur,<br>— vernd lagarlífvera, býflugna og annarra frjóbera.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:<br>1) eiturhrifum umbrotsefnisins M605F004, þ.m.t. tilsvarandi afleiða þess, og umbrotsefnisins M605F007 til að staðfesta viðeigandi skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat,<br>2) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á leifar pýrimetaníls eða umbrotsefna þess sem finnast í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni, í samræmi við leiðbeiningarskjal Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og Efnastofnunar Evrópu um áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á leifar virkra efna eða umbrotsefna þeirra í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni, |

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3) niðurbroti pýrimetaníls í jarðvegi, þ.m.t. auðkenning og lýsing á eiginleikum umbrotsefna, ef við á. Ef upplýsingarnar gefa til kynna mikilvægi umbrotsefnisins U2 skal leggja fram váhrifa- og áhættumat fyrir umbrotsefnið U2 í jarðvegi, yfirborðsvatni, seti og grunnvatni.<br><br>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í lið 1.2 og 3. lið eigi síðar en 11. mars 2028. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 135 um pýrimetaníl brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „179 | Pýrimetaníl<br>CAS-nr.: 53112-28-0<br>CIPAC-nr.: 714 | N-(4,6-dímetýlpýrimidín-2-ýl)anilín | ≥ 975 g/kg<br>Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi gildi í tæknilega efninu:<br>— sýanamíð: 0,5 g/kg,<br>— anilín: 4 g/kg,<br>— asetýlaseton: 0,1 g/kg. | 1. maí 2026 | 30. apríl 2041 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um pýrimetaníl, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— vernd notenda og tryggja að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum,<br>— vernd vegfarenda og íbúa og að tryggja að ráðstöfunum til að draga úr reki sé beitt, ef nauðsyn krefur,<br>— vernd lagarlífvera, býflugna og annarra frjóbera.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:<br>1) eiturhrifum umbrotsefnisins M605F004, þ.m.t. tilsvarandi afleiða þess, og umbrotsefnisins M605F007 til að staðfesta viðeigandi skilgreiningar á leifum fyrir áhættumat,<br>2) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á leifar pýrimetaníls eða umbrotsefna þess sem finnast í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni, í samræmi við leiðbeiningarskjal Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og Efnastofnunar Evrópu um áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á leifar virkra efna eða umbrotsefna þeirra í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni, |

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 3) niðurbroti pýrimetaníls í jarðvegi, þ.m.t. auðkenning og lýsing á eiginleikum umbrotsefna, ef við á. Ef upplýsingarnar gefa til kynna mikilvægi umbrotsefnisins U2 skal leggja fram váhrifa- og áhættumat fyrir umbrotsefnið U2 í jarðvegi, yfirborðsvatni, seti og grunnvatni.<br><br>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í lið 1.2 og 3. lið eigi síðar en 11. mars 2028.“ |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/398** **2026/EES/53/33**

**frá 18. febrúar 2026**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar að úthluta til aðildarríkjanna mati á metkónasóli og kínólín-8-óli í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) er mati á virkum efnum úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á tímabilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, var úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/543 ([3]).

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 ([4]) var samþykkið fyrir virka efninu metkónasóli endurnýjað til 31. ágúst 2031 og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1152 ([5]) var samþykkið fyrir virka efninu kínólín-8-óli endurnýjað til 30. júní 2032. Engin úthlutun skýrslugjafaraðildarríkja eða meðskýrslugjafaraðildarríkja hefur enn átt sér stað fyrir mat á þessum tveimur virku efnum. Því er rétt að slík úthlutun fari fram.

3) Úthlutunin ætti að tryggja að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/398, 19.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/686/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/543 frá 9. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar úthlutun til aðildarríkjanna á mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á bilinu frá 31. janúar 2029 til 1. október 2035, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 73, 10.3.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/543/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 frá 24. júní 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 2024/1749, 25.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1749/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1152 frá 11. júní 2025 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kínólín-8-óli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 (Stjtíð. ESB L 2025/1152, 12.6.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1152/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „Metalaxýl-M“:

| Virkt efni | Skýrslugjafaraðildarríki | Meðskýrslugjafaraðildarríki |
|---|---|---|
| „Metkónasól | SE | BE“ |

2) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „Pýriproxýfen“:

| Virkt efni | Skýrslugjafaraðildarríki | Meðskýrslugjafaraðildarríki |
|---|---|---|
| „Kínólín-8-ól | NL | BE“ |

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/747** **2026/EES/53/34**

**frá 31. mars 2026**

**um samþykki fyrir virka efninu bixlósóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 2. júlí 2018 barst Hollandi (Niðurlandi) umsókn frá FMC International Switzerland Sarl (hér á eftir nefndur umsækjandinn) skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 um samþykki fyrir virka efninu bixlósóni.

2) Holland (Niðurland) tilkynnti, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 28. ágúst 2018 í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Hinn 31. ágúst 2021 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að bixlósón uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í drögum sínum að matsskýrslu lagði skýrslugjafaraðildarríkið til að hægt yrði að samþykkja bixlósón sem virkt efni.

4) Matvælaöryggisstofnunin dreifði drögum að matsskýrslunni til umsækjandans og annarra aðildarríkja. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór Matvælaöryggisstofnunin fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 31. október 2023.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið bixlósón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 2. október 2024. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 2. október 2025 og 10. desember 2025, eftir því sem við á.

7) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, endurskoðunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem voru athugaðar vandlega.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/747, 1.4.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) „Conclusion on pesticides peer review of the pesticide risk assessment of the active substance bixlozone“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024, 22:e9054, aðgengilegt á netinu: https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024.9054.

9) Því er rétt að samþykkja bixlósón.

10) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að setja hámarksgildi fyrir ein óhreinindi (TBAB) í framleidda, virka efninu. Til að staðfesta að tillögð viðmiðunarforskrift sé tæk er þar að auki krafist upplýsinga til staðfestingar um tækniforskrift fyrir virka efnið sem framleitt er sem verslunarvara, um mikilvægi einna af óhreinindunum og um samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif. Enn fremur þykir rétt, til að staðfesta þá niðurstöðu að ekki sé búist við áhyggjuefnum vegna váhrifa með fæðu, að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar um tilvist nokkurra umbrotsefna bixlósóns, eiturhrif þeirra og mikilvægi og um áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar það er notað til töku drykkjarvatns.

11) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Samþykki fyrir virku efni**

Virka efnið bixlósón, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2026.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

*I. VIÐAUKI*

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Bixlósón<br>CAS-nr.: 81777-95-9<br>CIPAC-nr.: Ekki úthlutað | 2-(2,4-díklóróbensýl)-4,4-dímetýlísoxasólídín-3-ón | ≥ 960 g/kg<br>Óhreinindin TBAB skulu ekki vera meiri en 2 g/kg í tæknilega efninu. | 21. apríl 2026 | 21. apríl 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bixlósón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— meðefnum sem eru fyrir hendi í plöntuverndarvörum sem innihalda bixlósón, einkum að teknu tilliti til viðmiðana fyrir sanngreiningu á óviðunandi meðefnum eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/574 (2),<br>— áhættumati fyrir neytendur, einkum vegna efnaleifa sem eru fyrir hendi í nytjaplöntum í síðari ræktun, þ.m.t. að fastsetja viðeigandi plöntunarhlé,<br>— vernd lagarlífvera og landplantna utan markhóps.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:<br>1. tækniforskrift fyrir framleitt virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), mikilvægi einna af óhreinindunum og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif,<br>2. 2,2-dímetýl-3-OH-própansýra og dímetýlmalónsýra sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi,<br>3. hugsanleg erfðaeiturhrif og almenn eiturhrif af völdum dímetýlmalónsýru (óbundin og tilsvarandi afleiða), 2,2-dímetýl-3-OH-própansýru (óbundin og tilsvarandi afleiða), F9600-dímetýlmalónamíðs, F9600-hýdroxýísóbútýramíðs og F9600-3-OH-própanamíðs,<br>4. mikilvægi umbrotsefnanna dímetýlmalónsýru, F9600-dímetýlmalónamíðs og F9600-3-OH-própanamíðs hjá búfé, |

| Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 5. áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns.<br><br>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í 1. til 5. lið fjórðu undirgreinar eigi síðar en 21. apríl 2028. |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/574 frá 13. mars 2023 um ítarlegar reglur um sanngreiningu á óviðunandi meðefnum í plöntuverndarvörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtíð. ESB L 75, 14.3.2023, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/574/oj).

*II. VIÐAUKI*

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „178 | Bixlósón<br>CAS-nr.: 81777-95-9<br>CIPAC-nr.: Ekki úthlutað | 2-(2,4-díklóróbensýl)-4,4-dímetýlísoxasólídín-3-ón | ≥ 960 g/kg<br>Óhreinindin TBAB skulu ekki vera meiri en 2 g/kg í tæknilega efninu. | 21. apríl 2026 | 21. apríl 2036 | Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bixlósón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.<br>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:<br>— meðefnum sem eru fyrir hendi í plöntuverndarvörum sem innihalda bixlósón, einkum að teknu tilliti til viðmiðana fyrir sanngreiningu á óviðunandi meðefnum eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/574,<br>— áhættumati fyrir neytendur, einkum vegna efnaleifa sem eru fyrir hendi í nytjaplöntum í síðari ræktun, þ.m.t. að fastsetja viðeigandi plöntunarhlé,<br>— vernd lagarlífvera og landplantna utan markhóps.<br>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.<br>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á:<br>1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), mikilvægi einna af óhreinindunum og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif,<br>2. 2,2-dímetýl-3-OH-própansýra og dímetýlmalónsýra sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi,<br>3. hugsanleg erfðaeiturhrif og almenn eiturhrif af völdum dímetýlmalónsýru (óbundin og tilsvarandi afleiða), 2,2-dímetýl-3-OH-própansýru (óbundin og tilsvarandi afleiða), F9600-dímetýlmalónamíðs, F9600-hýdroxýísóbútýramíðs og F9600-3-OH-própanamíðs,<br>4. mikilvægi umbrotsefnanna dímetýlmalónsýru, F9600-dímetýlmalónamíðs og F9600-3-OH-própanamíðs hjá búfé, |

| Nr. | Almennt heiti, kenninúmer | IUPAC-heiti | Hreinleiki (1) | Dagsetning samþykkis | Samþykki rennur út | Sértæk ákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5. áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns.<br><br>Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvæla-öryggisstofnunina upplýsingarnar sem um getur í lið 1. til 5. lið fjórðu undirgreinar eigi síðar en 21. apríl 2028.“ |

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2293** **2026/EES/53/35**

**frá 10. nóvember 2025**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 að því er varðar kröfur sem gilda um fyrirtæki sem falla undir yfirlýsingu og um leiðréttingu á reglugerðum (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 139/2014, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) 2015/340 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 17. gr. (b-lið 1. mgr.), 27. gr. (a-lið 1. mgr.), 31. gr. (b-lið 1. mgr.), 43. gr. (b-lið 1. mgr.) 53. gr. (a-lið 1. mgr.) og 62. gr. (c-lið 15. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að tryggja að kröfurnar, sem innleiddar voru með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 ([2]) og gilda um fyrirtæki sem falla undir yfirlýsingu, séu í samræmi við aðrar kröfur sem gilda um þessi fyrirtæki ætti að breyta II. viðauka við þá reglugerð til að fjarlægja samþykkið sem krafist er af þeim.

2) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var g-lið bætt við ARA.GEN.300 í VI. viðauka (ARA-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 ([3]). Í þessum viðbótarlið er röng tilvísun sem ætti að leiðrétta.

3) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([4]) breytt með því að bæta g-lið við 21.B.221 í þeim viðauka. Nýi liðurinn inniheldur ranga tilvísun. Enn fremur var nýjum d-lið bætt við 21.B.431 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Þar er einnig röng tilvísun. Leiðrétta ætti báðar tilvísanirnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2293, 11.11.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1139/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 frá 27. október 2022 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og fyrir lögbær yfirvöld sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340 og (ESB) nr. 139/2014, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 139/2014, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) 2015/340, og framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664 (Stjtíð. ESB L 31, 2.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/203/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/1178/oj).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun eða samræmisyfirlýsingu fyrir loftför og tilheyrandi framleiðsluvörur, hluta, búnað, stýri- og vöktunareiningar og íhluti stýri- og vöktunareininga og varðandi kröfur um getu hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. L 224, 21.8.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/748/oj).

4) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var g-lið bætt við ARO.GEN.300 í II. viðauka (ARO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 ([5]). Í þessum nýja lið er röng tilvísun sem ætti að leiðrétta.

5) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var ADR.AR.C.005 í II. viðauka (ADR.AR-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 ([6]) einnig breytt með því að bæta við hann f-lið. Í þessum nýja lið er röng tilvísun sem ætti að leiðrétta.

6) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var einnig bætt við g-lið í 145.B.300 í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 ([7]). Nýi liðurinn inniheldur ranga tilvísun. Enn fremur var g-lið bætt við CAMO.B.300 í V. viðauka c (CAMO-hluta). Nýi liðurinn inniheldur ranga tilvísun. Þessar tilvísanir ætti að leiðrétta.

7) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var f-lið bætt við ATCO.AR.C.001 í II. viðauka (ATCO.AR-hluta) við reglugerð (ESB) 2015/340 ([8]). Í þessum nýja lið er röng tilvísun sem ætti að leiðrétta.

8) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 var II. viðauka (ATM/ANS.AR-hluta) við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([9]) breytt með því að bæta d-lið við ATM/ANS.AR.C.010. Í þessum nýja lið er röng tilvísun sem ætti að leiðrétta.

9) Til að tryggja samfelldan lagaramma ætti að samræma framkvæmdardagsetningu þessarar reglugerðar við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Ákvæði VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/965/oj).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/139/oj).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2014/1321/oj).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 frá 20. febrúar 2015 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/340/oj).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/373/oj).

*3. gr.*

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eru leiðrétt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

*5. gr.*

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 eru leiðrétt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

*6. gr.*

Ákvæði II. og V. viðauka c við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

*7. gr.*

Ákvæði II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/340 eru leiðrétt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

*8. gr.*

Ákvæði II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 eru leiðrétt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

*9. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 22. febrúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar IS.I.OR.250:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfuna af handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar og varðveita afrit af henni. Ekki skal krafist samþykkis fyrir yfirlýst fyrirtæki. Breyta skal handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar eftir þörfum til að hún sé jafnan uppfærð lýsing á upplýsingaverndarstjórnunarkerfi fyrirtækisins. Lögbæra yfirvaldið skal fá afrit af öllum breytingum á handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar.

c) Meðhöndla skal breytingar á handbókinni um stjórnun upplýsingaverndar í samræmi við verklagsreglu sem fyrirtækið hefur komið á. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið þeirrar verklagsreglu, sem og allar breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í b-lið IS.I.OR.255. Ekki skal krafist samþykkis fyrir yfirlýst fyrirtæki.“

2) Í stað IS.I.OR.255 kemur eftirfarandi:

„***IS.I.OR.255 Breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfi***

a) Meðhöndla má breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfinu og tilkynna þær lögbæru yfirvaldi samkvæmt verklagsreglu sem fyrirtækið hefur þróað. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja þessa verklagsreglu nema þegar um er að ræða yfirlýst fyrirtæki.

b) Að því er varðar breytingar á upplýsingaverndarstjórnunarkerfinu, sem falla ekki undir verklagsregluna sem um getur í a-lið, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út, nema þegar um er að ræða yfirlýst fyrirtæki, þar sem samþykkis er ekki krafist fyrir þau.

Að því er varðar þessar breytingar gildir eftirfarandi:

1) umsóknin skal lögð fram áður en slík breyting er gerð til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort ákvæðum þessarar reglugerðar sé áfram hlítt og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja,

2) fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té allar upplýsingar sem það óskar eftir til að meta breytinguna,

3) breytingin skal aðeins koma til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins, nema að því er varðar yfirlýst fyrirtæki en þeim er heimilt að koma breytingunni tafarlaust í framkvæmd,

4) fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um meðan á framkvæmd slíkra breytinga stendur.“

———

*II. VIÐAUKI*

Í stað g-liðar ARA.GEN.300 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar ORA.GEN.200A í þessum viðauka skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til f-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 (*) í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/203 frá 27. október 2022 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og fyrir lögbær yfirvöld sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) 2015/340 og (ESB) nr. 139/2014, framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664, og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011, (ESB) nr. 748/2012, (ESB) nr. 965/2012, (ESB) nr. 139/2014, (ESB) nr. 1321/2014, (ESB) 2015/340, og framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 og (ESB) 2021/664 (Stjtíð. ESB L 31, 2.2.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/203/oj).“

———

*III. VIÐAUKI*

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað g-liðar 21.B.221 kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar 21.A.139A í þessum viðauka skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til f-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.D.OR.200 í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 (*) í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1645 frá 14. júlí 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 að því er varðar kröfur um stjórnun upplýsingaverndaráhættu með möguleg áhrif á flugöryggi fyrir fyrirtæki sem fjallað er um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 og (ESB) nr. 139/2014 (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/1645/oj).“

2) í stað d-liðar 21.B.431 kemur eftirfarandi:

„d) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar 21.A.239A í þessum viðauka skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til c-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.D.OR.200 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

———

*IV. VIÐAUKI*

Í stað g-liðar ARO.GEN.300 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar ORO.GEN.200A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til f-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

———

*V. VIÐAUKI*

Í stað f-liðar ADR.AR.C.005 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 139/2014 kemur eftirfarandi:

„f) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar ADR.OR.D.005A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til e-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.D.OR.200 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2022/1645 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

———

*VI. VIÐAUKI*

Ákvæði II. og V. viðauka c við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) í stað g-liðar 145.B.300 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar 145.A.200A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til f-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

2) í stað g-liðar CAMO.B.300 í V. viðauka c kemur eftirfarandi:

„g) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar CAMO.A.200A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til f-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

———

*VII. VIÐAUKI*

Í stað f-liðar ATCO.AR.C.001 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/340 kemur eftirfarandi:

„f) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar ATCO.OR.C.001A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til e-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

———

*VIII. VIÐAUKI*

Í stað d-liðar ATM/ANS.AR.C.010 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 kemur eftirfarandi:

„d) Að því er varðar vottun og eftirlit með því að fyrirtækið fari að ákvæðum liðar ATM/ANS.OR.B.005A skal lögbæra yfirvaldið, til viðbótar við að uppfylla ákvæði a- til c-liðar í þessum lið, fara yfir öll samþykki sem veitt eru skv. e-lið IS.I.OR.200 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/203 í kjölfar viðeigandi úttektarlotu eftirlits og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á verksviði fyrirtækisins.“

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2335** **2026/EES/53/36**

**frá 20. nóvember 2025**

**um að setja viðmiðunargildi fyrir koltvísýringslosun fyrir skýrslutímabil ársins 2019** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að viðmiðunargildin fyrir koltvísýringslosun, sem sett eru fram í II. viðauka við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/781 ([2]), verði lagalega bindandi fyrir framleiðendur, sem ákvæði þeirrar ákvörðunar beindust ekki að, þar sem framleiðendurnir komu ekki inn á markað Sambandsins fyrr en eftir að skýrslutímabili ársins 2019 lauk með því að skrá ökutæki sem falla undir undirhópa ökutækjanna sem um getur í II. viðauka við þá ákvörðun, ætti í þessari reglugerð að samþykkja þau viðmiðunargildi að nýju fyrir koltvísýringslosun.

2) Til að ákvarða markmið um sértæka losun koltvísýrings og ferla fyrir samdrátt í koltvísýringslosun ættu viðmiðunargildi fyrir koltvísýringslosun frá undirhópum ökutækja, þar sem viðmiðunin er skýrslutímabil ársins 2019, að byggjast á gögnum sem gefin er skýrsla um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Viðmiðunargildi fyrir koltvísýringslosun**

Viðmiðunargildin fyrir koltvísýringslosun, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242, frá undirhópum ökutækja, þar sem viðmiðunin er skýrslutímabil ársins 2019, eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2335, 21.11.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1242/oj.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/781 frá 10. maí 2021 um að birta skrá þar sem tilgreind eru tiltekin koltvísýringslosunargildi fyrir hvern framleiðanda sem og sértæk gildi fyrir meðalkoltvísýringslosun frá öllum nýjum þungum ökutækjum, sem eru skráð í Sambandinu, og viðmiðunargildi fyrir koltvísýringslosun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 fyrir skýrslutímabil ársins 2019 (Stjtíð. ESB L 167, 12.5.2021, bls. 47, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2021/781/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stjtíð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/956/oj).

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2025.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

Viðmiðunargildin fyrir koltvísýringslosun, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242, fyrir skýrslutímabil ársins 2019:

| Undirhópur *sg* | $rCO_{2sg}$ í g/tkm |
|---|---|
| 4-UD | 307,23 |
| 4-RD | 197,16 |
| 4-LH | 105,96 |
| 5-RD | 84,00 |
| 5-LH | 56,60 |
| 9-RD | 110,98 |
| 9-LH | 65,16 |
| 10-RD | 83,26 |
| 10-LH | 58,26 |